



Bændablaðið

12. tölublað 2023 • Fimmtudagur 22. júní • Blað nr. 636 • 29 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Bændur heyja nú víða um land. „Maður óskar þess stundum að maður hefði aðra atvinnu – þá myndi maður njóta þess betur þegar það er gott veður,“ segir Herdís Magna Gunnarsdóttir, bóndi á Egilsstöðum, en á meðan eiginmaðurinn, Sigbjörn Þór Birgisson, sló heimatúnið 17. júní naut bóndasonurinn, Pálmar Flóki, einstakrar veðurlíðunnar sem ríkt hefur á Austurlandi að undanförunu.

Mynd / Herdís Magna Gunnarsdóttir

Hérað: Vonast eftir rigningu

Á Austurlandi hefur verið hlýtt og þurrt það sem af er sumri. Herdís Magna Gunnarsdóttir, kúabóndi á Egilsstöðum á Völlum, segir túngrösin komin að skriði og er fyrri sláttur í fullum gangi. Á stöku stað, þar sem jarðvegsdýpt er lítil, eru túnin farin að skrælna.

Heyskapur hófst 14. júní og segir Herdís það fyrr en gengur og gerist. Oftast hafa þau byrjað að slá eftir 17. júní. Þegar Bændablaðið hafði samband í byrjun vikunnar var úrkoma í kortunum. Herdís segir viðbúið að um leið og komi einhver væta þá missi þau grösín í skrið og þau spretti úr sér, sem myndi þýða næringarminna föður. Herdís segir varnarviðbragð hjá grasinu í svona þurrkum að beina vextinum sem fyrst í að mynda fræ, sem kallast að fara í skrið. Við þennan hita bættist mikið rok snemmsumars, sem hafi þurrkað jarðveginn enn frekar. Vegna þess versu sólríkt hefur verið, má reikna með að heyið verði mjög lystugt, þar sem grasið framleiðir mikinn sykurlaugar. Herdís er því bjartsýn á að heyrforði vetrarins verði af miklum gæðum, þar sem þau náðu að slá í tæka tíð.

Slæppur í dýpri mold

Nokkur jarðvegsdýpt er á mörgum túnanna á Egilsstöðum, sem þýðir

að moldin hefur náð að halda raka. Þar er uppskeran ágæt, þó grösín séu ekki eins blaðmikil og þau gætu orðið. Þar sem moldin er þynnri ber aðeins á að túnin séu byrjuð að skrælna. Herdís telur tjónið þó vera óverulegt á Egilsstöðum.

Túnin voru snemma fær fyrir vélar og komust þau því árla í vorverkin. Byggi var sáð í kringum mánaðamótin apríl-maí, og grasfræi og grænófóðri í lok fyrstu viku maí. Enn fremur báru þau túnaburðinn á um þetta leyti. Herdís vonast til að fá einhverja úrkoma til að kornið taki betur við sér.

Tíðarfarir ótrúlegt

Örlítil hitaskúr kom um þar síðustu helgi, en Herdís segir að vegna hitans gufaði vatnið upp á augabragði. Búið hennar stendur í jaðri byggðarinnar á Egilsstöðum og segir Herdís bæjarbúa hafa verið léttkledda þrátt fyrir skúrana.

„Maður óskar þess stundum að maður hefði aðra atvinnu – þá myndi maður njóta þess betur þegar það er gott veður,“ segir Herdís. Hún vill ekki kvarta, enda sé dásamlegt að fá svona sumarblíðu svona snemma í júní, en reiknar með að hún muni fagna meira en hinn almenni íbúi þegar fer að rigna.

/AL

Horft fram á hringrás næringarefna á Íslandi:

Sjálfbær áburðarframleiðsla innan seilingar

Fiskeldismykja verður mjög mikilvægt hráefni til áburðargerðar í framtíðinni. Með því að blanda saman kúamykju og ammoníum nitrati og nota sem áburð verður hægt að fá meiri uppskeru í akuryrkju og minnka kostnað í landbúnaði í samanburði við notkun á tilbúnum áburði.

Þetta eru meðal helstu niðurstaðna úr samstarfsverkefni sem er nú formlega lokið og hefur haft þau meginmarkmið annars vegar að kortleggja allt lífrænt hráefni á Íslandi sem hæft er til áburðargerðar og hins vegar að prófa virkni nokkurra áburðartegunda sem hafa verið settar saman með mismunandi lífrænu hráefni.

Svipað magn næringarefna

Verkefnið, sem heitir *Sjálfbær áburðarframleiðsla, heildstæð nálgun á hringrásarhagkerfi*, var sett á laggirnar í byrjun árs 2021 og voru niðurstöður úr fyrri hluta verkefnisins birtar í nóvember það sama ár. Helstu niðurstöður voru þær að sama heildarmagn næringarefna væri í öllu nýtanlegu lífrænu efni sem fellur til á Íslandi og er í öllum innfluttum tilbúnum áburði en þó vantar talsvert af nitri.

Jónas Baldursson, verkefnisstjóri hjá Mátis, segir að það sem sé hvað markverðast í niðurstöðunum nú sé meðal annars að mikil tækifæri muni liggja í nýtingu á fiskimykju til lífrænnar áburðarframleiðslu á næstu árum.

„Bæði er það vegna þess að hún kemur sérlega vel út í uppgræðslutilraunum og var á pari við kjúklingaskít og kjötmjöl, sem hvort tveggja hafa reynst góð efni til uppgræðslu. En einnig vegna hins aukna magns sem mun falla til á landinu í nánustu framtíð.“

Einnig var mjög jákvætt að sjá að í akuryrkjutilraunum, þar sem áhrif áburðar þurfa að koma fram hratt, var það kúamykja blönduð með ammoníum nitrati [sem er venjulega um 30 prósent nitur] sem skilaði hvað mestri uppskeru og raun meiri en tilbúinn áburður yfir tveggja ára tímabil.“

Fiskeldismykjan erfiðari í notkun

Þó svo að fiskeldismykjan hafi komið vel út, þá leggur Jónas áherslu á að hún verði erfiðari í notkun heldur en kjúklingaskítur og kjötmjöl til dæmis, þar sem hún sé vatnsmikil, innihaldi mikið magn af salti og sé dýr í flutningi.

„Nýsköpunarfyrirtækið Atmonia hefur náð að þróa umhverfisvæna leið til að framleiða nitur úr andrúmsloftinu og vinnur að því að skala hana upp. Fyrirtækið var einmitt samstarfsaðili okkar í þessum tilraunum. Því var þetta góð niðurstaða að með viðbót af umhverfisvænu nitri frá Atmonia er hægt að auka uppskeru og minnka kostnað í landbúnaði,“ segir Jónas.

Hann bætir því við að með auknu framboði á umhverfisvænu nitri verði fræðilega séð hægt að loka hringrásinni þar sem nóg er af fosfór og kalí í lífrænum úrgangi sem fellur til á Íslandi.

„Það kom í ljós í tilraunum okkar, sem stóðu yfir sumrin 2021 og 2022, að lífræna áburðarefni henta



Jónas Baldursson.

almennt mjög vel í langtíma uppgræðsluverkefnum þar sem lengri tíma tekur fyrir næringarefnið að losna úr þeim og verða aðgengileg plöntum en úr tilbúna áburðinum. Afrakstri verkefnisins er ætlað að nýtast sem þekking fyrir alla hagsmunaaðila til að auka nýtingu lífræna áburðarefna sem til falla á Íslandi og minnka notkun á innfluttum tilbúnum áburði. Gróðurþekja varð mest á fyrri árinu með tilbúna áburðinum, en lífrænu efnin tóku forskotið á því seinna.“

Kjötmjöl og kúamykja góð blanda

Í niðurstöðum verkefnisins kemur fram að uppskeru á tilraunum þar sem kjötmjöl var blandað við kúamykju og notað í akuryrkju var sambærileg og með tilbúnum

áburði og segir Jónas því verðugt að kanna áhrif slíkrar blöndu áfram. Aðrar blöndur gáfu einnig vænlegan árangur. Kjúklingaskítur er talinn umhverfisvænn kostur með tilliti til næringarefna og þurrefnisinnihalds en á móti kemur að nýting hans er talin geta aukið hættu á salmonellusmiti.

Að sögn Jónasar hefur byggst upp gríðarlega mikil þekking um þetta gífurlega magn næringarefna sem fellur til á Íslandi og er ekki nýtt eins og staðan er í dag.

Helstu hindranir við að koma þessum efnunum í nýtingu sé kostnaður við söfnun, flutning og dreifingu þeirra frá framleiðandanum til þeirra sem nota þau. Hann bendir einnig á að ekki sé hægt að nýta öll efnin beint sem áburð og meðhöndlun á hráefninu oft nauðsynleg til að koma í veg fyrir smit og mengun.

Mátis stýrði verkefnið, sem stutt var af Markáætlun Rannís. Samstarfsaðilar voru Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðslan, Hafrannsóknastofnun, Landsvirkjun og Atmonia. /smh

FRÉTTIR



Eypór Einarsson er hér í vettvangsferðinni á Urðum í Svarfaðardal með Christine Fast frá Þýskalandi, sérfræðingi í prion-sjúkdómum, sem stýrir alþjóðlega hópnum. Myndir / Karólína Elisabetardóttir

Riðuveiki:

Nær 1.000 lömb talin bera verndandi arfgerð

Um 600 lömb á Íslandi bera hina alþjóðlegu viðurkennda arfgerð ARR samkvæmt nýjustu tölum.

Þar af eru 11 lömb arfhrein. Arfgerðin T137, sem talin er vera verndandi gegn riðusmiti, hefur fundist í 356 lömbum og þar af eru 14 arfhrein.

Þetta kemur fram í upplýsingum frá Eypóri Einarssyni, sauðfjárræktarráðunauti hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Hann segir að um ný prósent fullorðinna gripa á Íslandi sem skráðir eru í skýrsluhaldskerfið Fjárvis hafi verið arfgerðagreindir.

„Af þeim eru 21 prósent sem teljast með lítið næma eða vendandi arfgerð. Áhersluverkefnið fram undan er að lækka hratt þetta hlutfall sem telst hlutlaust, sem eru 74 prósent gripa, og útrýma áhættuarfgerðinni, sem fimm prósent gripa bera,“ segir Eypór.

Upplýsingafundur í Skagafirði um riðuveiki

Hugðist Eypór kynna þessar niðurstöður á upplýsingafundum um riðuveiki sem halda átti í gærkvöldi í Varmahlíð í Skagafirði, eftir að Bændablaðið fór í prentun.

Hópur riðusérfræðinga frá Englandi, Frakklandi, Ítalíu, Spáni og Þýskalandi er staddur á Íslandi í tengslum við fundarhöldin í Skagafirði og fór hópurinn ásamt íslenskum riðusérfræðingum í vettvangsferðir á riðuslóðir á Norðurlandi vestra fyrri part vikunnar.

Að sögn Eypórs hefur góður gangur verið í arfgerðargreiningum upp á síðkastið. Frá því í vor hafa um 7.500 sýni verið send til greiningar. Niðurstöður liggja fyrir úr um 5.400 sýnum. Af þeim 11 lömbum sem eru arfhrein og bera ARR arfgerðina



Ítalinn Romolo Nonno á Stóru-Hámundarstöðum á Árskógsströnd við Eyjafjörð.

eru fimm hrútlömb. Af þeim 14 arfhreinu lömbum með T137 eru sjö hrútar. Þá eru komin fram fimm lömb arfhrein fyrri breytileikanum C151, sem talin er mögulega verndandi.

T137 algeng í einu helsta sauðfjárkyni Ítala

Arfgerðin ARR er alþjóðlega viðurkennd sem fullkomlega verndandi arfgerð og hefur verið grunnur að útrýmingu riðu í mörgum löndum. Kind með arfhreint ARR getur hvorki smitast af riðu né smitað annað fé og kind með arfblandið ARR smitast örsjaldan og smitar ekki annað fé.

Samkvæmt upplýsingum á vef RML kemur arfgerðin T137 frekar oft fyrir í einu helsta sauðfjárkyni á Ítalíu, Sarda-sauðfé, og hefur reynst fullkomlega verndandi í þremur umfangsmiklum rannsóknum þar.

Hins vegar er arfgerðin ekki alþjóðlega viðurkennd sem verndandi gegn riðu og ekki verið sóst eftir því, þar sem ARR er víða mjög algeng arfgerð. /smh

Kornrækt á Vesturlandi:

Bændur kaupa þurrkstöð

– Mikil hugur í bændunum sem vilja efla sína kornrækt

Bændur á fimm bæjum á Vesturlandi hafa í sameiningu keypt kornþurrkstöðina í landi Hrossholts í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Um öfluga þurrkstöð er að ræða, sem talið er að geti afkastað um 1.200 tonnum árlega. Félagið Yrkjar var fyrri eigandi stöðvarinnar.

Jákvæð umræða um kornrækt var hvatning

Bæirnir sem um ræðir eru Hundastapi, Snorrastaðir, Kaldárþakki og Brúarhraun í Borgarbyggð og loks Stakkhamar í Eyja- og Miklaholtshreppi. Allt eru þetta kúabændur, nema bændurnir á Brúarhrauni, sem voru áður með sauðfé en átla að hefja kornrækt.

Karen Björg Gestsdóttir, bóndi á Kaldárþakka, segir að skrifað hafi verið undir kaupsamning mánudaginn 12. júní og reiknað sé með að bændurnir taki við stöðinni í ágúst og þurki þar sitt korn, verði einhver uppskera í haust. „Hér var klaki í jörð lengi vel og síðan mikil vætutíð,“ segir Karen.

„Stöðin hefur verið í einhverri notkun síðustu ár en kornrækt á svæðinu hefur sveiflast aðeins á milli ára. Jákvæð umræða um kornrækt síðustu misserin sem og skýrslan [Bleikir akur – aðgerðaáætlun um aukna kornrækt] hefur virkað hvetjandi á bændur þrátt fyrir að vorið hafi verið fullt af áskorunum. Bændurnir sem standa að hópnum vildu ekki að hætt yrði að þurka korn á svæðinu og þar með var tekin ákvörðun um að stofna félag til að kaupa stöðina, sem hafði verið auglýst til sölu nokkru áður,“ bætir hún við.

Einn þurrkari og stór skemma

Í áður nefndri skýrslu er lagt til að fjárfestingarstuðningur verði í boði fyrir stöðvar og geymslur sem anni að lágmarki 1.000 tonna uppskeru árlega með áætlun um stækkun upp í 2.000 tonn. Karen segir að stöðin í Hrossholti sé full af möguleikum. „Ég held að það sé alveg ljóst að grundvöllurinn fyrir eflingu kornræktar hér á svæðinu og nágrenni felist í því að hægt sé að



Kornþurrkstöðin í landi Hrossholts í Eyja- og Miklaholtshreppi. Mynd / Aðsener

þurka kornið. Bændur hér vilja ekki eingöngu sýra kornið og þurkunin býður upp á fleiri möguleika.

Í stöðinni er einn þurrkari en stór skemma fylgir sem mun auðvelda vinnslu og geymslu á korninu sem kemur þangað til þurrkunar. Ég held að til viðmiðunar sé gert ráð fyrir að það séu 60 dagar á hverju hausti til þurrkunar – sem er reyndar dálítið langur tími til þreskingar ef tekið er mið af veðurfari, þar sem vond veður og úrkoma geta valdið því að stuttur tími gefist. Hins vegar er hægt að þreskja meira í einu og geyma ef kornið er kælt. Það er búnaður í stöðinni nú þegar til kælingar. Í framtíðinni má síðan bæta þar við svo hægt sé að taka á móti meira magni af korni í einu.“

Vinnsla á hálm

Mikill hugur er í bændunum varðandi möguleika kornræktarinnar – ekki einungis um aukna uppskeru á byggi heldur horfa þeir einnig til Eyfirðinga með vinnslu á hálm til undirburðar í fjósum sínum. „Þó hann yrði bara nýttur fyrir okkur þá væri það mjög til bóta, en mögulega er hægt að fara í átt að meiri framleiðslu síðar.

Svo viljum við bæta talsvert í okkar ræktun enda er það í takti við alla umræðu á undanförunum misserum og áætlanir stjórnvalda um að styðja vel við greinina á næstu árum. Við viljum taka þátt í þessari



Karen Björg Gestsdóttir, kúa- og kornbóndi á Kaldárþakka.

auknu innlendu framleiðslu – það er mjög mikilvægt að innlendir kornbirgðir séu hlutfallslega miklu meiri. Við höfum séð það að undanförunu að brugðið getur til beggja vona með aðfangæðryggið. Í stöðinni verður líka hægt að þurka sáðkorn sem er þó nokkur búþót,“ segir Karen. Hún bætir við að fyrst um sinn verði stöðin ekki rekin sem sérstakt kornsamlag, eins og hugmyndir eru uppi um á Suðurlandi og í Borgarfirði, en hins vegar sé vilji til þess að skoða þau mál og taka þátt í þeirri uppbyggingu síðar. Fyrirtækið sem stofnað hefur verið utan um kaupin heitir Gullkorn þurrkun ehf. /smh

Dýravelferð:

Svínarækt undir miklu eftirliti

– Notkun koltvíoxíðs viðurkennd aðferð út frá dýravelferðarsjónarmiðum

Ingví Stefánsson, formaður deildar svínabænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir notkun koltvíoxíðs við deyfingu svína vera viðurkennda aðferð út frá dýravelferðarsjónarmiðum.

Mbl.is greindi frá því í liðinni viku að sláturhús Stjórnugriss á Kjalarnesi noti gas við slátrun svína. Nokkur umræða hefur verið um málið í fjölmiðlum, eftir að Guardian birti myndbönd sem sýna svín líða miklar þjáningar í gasklefum í bresku sláturhúsi.

Ingví leggur áherslu á að svínaræktin sé sú búgrein sem sé undir mestu eftirliti hérlendis, bæði á búum og í sláturhúsum. Dýralæknar frá Matvælastofnun séu alltaf í húsi við slátrun.

„Ég er alveg klár á því að þar fer allt fram eftir bókinni. Mér er ekki kunnugt um neinar kvartanir eða frávik sem viðkemur þessu hér á Íslandi. Það kemur mér rosalega á óvart ef það væri einhver handvömm



Ingví Stefánsson, formaður deildar svínabænda hjá BÍ. Mynd / HKr

í gangi,“ segir Ingví.

Hann telur líklegt að í sláturhúsinu í Bretlandi hafi eitthvert frávik átt sér stað. Gösunin þarf að fara fram með réttum styrk á réttum tíma og ekki sé sama hvernig staðið er að verkinu. „Einhver myndbönd utan úr heimi eru ekki endilega að gefa raunsanna mynd af því hvernig þetta fer almennt fram. Ég ímynda mér að þarna hafi eitthvað farið úrskeiðis – og það er auðvitað slæmt,“ segir Ingví, en tekur

fram að hann hafi ekki séð áður nefnt myndband.

Kostir og gallar aðferða

Ingví segir kosti og galla felast bæði í notkun rafstöðs og gasdeyfingar. Svín eru hjarðdýr og stressast upp þegar þau fara ein í rafskaut. Í gasklefunum eru þau fleiri saman og haldi meiri ró. Ingví segist ekki vita til þess að til séu betri aðferðir til að slátra svínum.

Hann segir bagalegt að það sé gert að fréttafni hér heima þegar einhverjum verði mislagðar hendur úti í hinum stóra heimi. Það sé ekki endilega hægt að heimfæra það á svínaræktina á Íslandi

Hérlendis eru fjögur svínasláturhús. Þrjú af þeim notast við rafklemmur, á meðan sláturhús Stjórnugriss í Saltvík er útbúið gasklefum. Svínin eru sett í klefa sem fyllist af koltvísyringi. Þar missa þau meðvitund og eru þau blóðguð strax á eftir. /ÁL

Hestaferðin byrjar í Líflandi

Þú færð allt fyrir hestaferðina í verslunum Líflands



Skannaðu kóðann til að sjá hvaða búnað getur verið gott að taka með í hestaferðina.

LÍFLAND



TOYOTA RAV4 HYBRID

SPORTJEPPI FJÖLSKYLDUNNAR



Toyota RAV4 verð frá: 6.450.000 kr.
Toyota RAV4 Hybrid verð frá: 7.850.000 kr.
Toyota RAV4 plug-in Hybrid verð frá: 9.950.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga
Toyota RAV4, verð frá: 154.000 kr. á mánuði.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is



TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

FRÉTTIR



Arney frá Ytra-Álandi og aðstandendur. Úlfhildur Ída Helgadóttir, eigandi og ræktandi Arneyjar, Ragnar Skúlason, maður Úlfhildar og þjálfari Arneyjar, og Agnar Þór Magnússon, sýnandi Arneyjar. Mynd / Aðsend

Kynbótahross:

Heimsmethafinn Arney

Vorsýningar kynbótahrossa fóru rólega af stað en fjögurra vetra hryssa sló heimsmet.

Níu sýningar voru áætlaðar en aðeins náðist víðeigandi skráning á sex af þeim. Þremur sýningum er lokið, tveimur á Hellu og einni á Hólum, en þrjár sýningar eru eftir; á Selfossi, Hellu og á Hólum. Nú þegar hefur 331 hross hlotið dóm, þar af 295 fullnaðardóm.

Ef rennt er yfir efstu hross það sem af er vori er réttast að byrja á heimsmethafanum Arneyju frá Ytra-Álandi. Arney er fjögurra vetra og var sýnd á Hólum af Agnari Þór Magnússyni. Arney hlaut í aðaleinkunn 8,62 sem er hæsti dómur fjögurra vetra hryssu hingað til. Hlaut hún 8,78 fyrir hæfileika og 8,31 fyrir sköpulag. Hún hlaut m.a. 9,5 fyrir samstarfsvilja og 9,0 fyrir tölt og fegurð í reið. Arney er undan Ský frá Skálakoti og Álfadótturinni Erlu frá Skák. Úlfhildur Ída Helgadóttir er eigandi og ræktandi Arneyjar.

Efsti fjögurra vetra hesturinn er Kristall frá Jarðbrú en hann hlaut 8,22 í aðaleinkunn. Kristall var einnig sýndur af Agnari og er undan Kiljani frá Steinnesi og Gleði frá Svarfhóli.

Hljómur frá Auðsholtshjáleigu er efsti fimm vetra hesturinn með 8,65 í aðaleinkunn. Hann er undan Organista frá Horni I og Tíbrá frá Auðsholtshjáleigu. Hann var sýndur af Árna Birni Pálssyni.

Efsti fimm vetra hryssan er Ársól frá Sauðanesi undan Spuna frá Vesturkoti og Sóllilju frá Sauðanesi.

Hún hlaut 8,51 í aðaleinkunn og var sýnd af Aðalheiði Önnu Guðjónsdóttur.

Glampi frá Skeiðháholti stendur efstur 6 vetra hesta en hann hlaut í aðaleinkunn 8,58.

Glampi var sýndur af Guðmundi Björgvínssyni og er undan Draupni frá Stuðlum og Hrefnu frá Skeiðháholti. Landsmótssigurvegari 5 vetra hryssna í fyrra, Hildur frá Fákshólum, er efsta sex vetra hryssan. Hún hlaut í aðaleinkunn 8,65 og var sýnd af Helgu Unu Björnsdóttur. Hildur er undan Gnýpu frá Leirulæk og Ölni frá Akranesi.



Seiður frá Hólum á sýningunni Fákur og fjör á Akureyri sl. vetur. Knapi er Konráð Valur Sveinsson.

Í elsta flokki stóðhesta er efstur Seiður frá Hólum, sýndur af Konráði Val Sveinssyni. Seiður, sem er undan Trymbli frá Stóra-Ási og Ösp frá Hólum, hlaut í aðaleinkunn 8,83 sem er hæsti dómur sem hross hefur hlotið í vor.

Grá frá Hofi á Höfðaströnd er efsta hryssan í flokki 7 vetra og eldri. Hún hlaut 8,51 í aðaleinkunn en það var Þórarinn Eymundsson sem sýndi hana. Grá er undan Gangster frá Árgerði og Sefju frá Úlfjótvatni.

/hf

Uppfærðar norrænar næringarráðleggingar

– Tekur tillit til lýðheilsu og umhverfisáhrifa

Ný útgáfa af Norrænu næringarráðleggingunum (NNR) hefur verið gefin út af Norrænu ráðherranefndinni og var kynnt í Hörpu á Þriðjudaginn.

Mælt er með auknu hlutfalli matvæla úr jurtaríkinu, á meðan hlutfall kjöts og mjólkurvara lækkar.

Þetta er í fyrsta skipti sem næringarráðleggingarnar taka bæði tillit til lýðheilsu- og umhverfissjónarmiða síðan fyrsta útgáfan var gefin út árið 1980. Þær eru vísindalegur grunnur fyrir næringarráð norrænu landanna og Eyrstrasaltsríkjanna.

Rune Blomhoff, verkefnastjóri næringarráðlegginganna og prófessor við Háskólann í Osló, segir ráðleggingarnar ekki taka tillit til staðbundinna atriða, eins og svæðisbundinnar matvælaframleiðslu, sjálfbærni, matvælaöryggi, fæðuöryggi, dýravelferð og menningarlegra atriða.

Það sé stjórnvalda á hverjum stað að aðlaga ráðleggingarnar að þessum atriðum. Hann er þó bjartsýnn á að Norðurlöndin geti auknið framleiðslu á jurtafæði til að ná frekari sjálfbærni.

Vísindi fram yfir stjórnmál

Blomhoff segir helstu áskorunina hafa verið að velja vísindi fram yfir stjórnmál. Fjölmargir þrýstihópar reyndu að hafa áhrif á ráðleggingarnar. Samantektin sem gefin var út 20. júní er 400 síður, en síðar í haust kemur ítarleg 2.000 blaðsíðna skýrsla, þar sem hægt er að sjá þær bakgrunnsupplýsingar sem stuðst var við. Settar voru strangar kröfur á þau gögn sem nýtt voru og allt reynt til að forðast slagsíðu.

NNR mun hafa ýmis áhrif, eins og á innkaup hjá ríki og sveitarfélögum og stefnu stjórnvalda í landbúnaði. Björn Gimming, formaður norsku bændasamtakanna, segir í samtali við Aftenposten gagnrýnivert að NNR horfi bara á loftslags- og lýðheilsuáhrif, ekki sjálfbærni.

Hann segir að ráðleggingarnar um minna en 350 grömm af kjöti á viku leiði til þess að Noregur verði ekki eins sjálfbær í sinni matvælaframleiðslu. Mataræðið ætti að ákvarðast af þeim auðindum sem eru á hverjum stað.



Mælt er með auknu hlutfalli matvæla úr jurtaríkinu.

Mynd / Luisa Brimble

Hvað skal borða?

Samanborið við fyrri næringarráðleggingar, þá mæla þær nýju með aukningu á neyslu matvæla úr plönturíkinu. Enn fremur er hvatt til aukinnar neyslu á fiskmeti úr sjálfbærum fiskstofnum, eða 300–450 grömm vikulega. Lagt er til að neysla á rauðu og hvítu kjöti sé takmörkuð við 350 grömm á viku, þar sem hættan á ristilkrabbameini eykst við meiri neyslu. Tekið er fram að neysla hvíts kjöts, eins og kjúklings, hafi lítil slæm áhrif á heilsu, en framleiðsla þess hefur neikvæð áhrif á umhverfi og líffræðilegan fjölbreytileika.

Lagt er til að fólk borði daglega 500–800 grömm af grænmeti, ávöxtum og berjum. Dagleg neysla kornmetis skal vera minnst 90 grömm, þó meiri neysla sé í lagi. Kornmeti, fyrir utan hrisgrjón, sé ein lykilmæðan í umskiptunum yfir í umhverfisvænni matvæli. Neysla mjólkurvara sem innihalda litla fitu skal vera á bilinu 350–500 millilítrar á dag. Enn fremur er lagt til verulegrar neyslu á kartöflum, þar sem framleiðsla þeirra hefur takmörkuð áhrif á umhverfið.

Lagt er til 20–30 gramma daglegrar neyslu á hnetum. Jafnframt er hvatt til aukinnar neyslu á fræjum, þó ekki séu til vísindaleg gögn til að leggja til ákveðið magn. NNR hvetur til að halda neyslu uninna matvara sem innihalda mikið magn sykurs, fitu og salts í lágmarki. Ekki var þó hægt að gefa skýrar leiðbeiningar, þar sem sum unnin matvæli geta verið holl.

Í skýrslunni er lagt til að sleppa

allri áfengisneyslu. Sé áfengi hins vegar neytt, skal það vera í algjöru lágmarki. Það er vegna þess að nýjar rannsóknir hafa hrakið fyrri kenningar sem héldu fram jákvæðum áhrifum áfengis á heilsu.

Frekari gagnrýni

Í Aftenposten kemur fram gagnrýni á að ekki séu neinar ráðleggingar hvað varðar mettaða fitu, sem finnst meðal annars í mjólkurvörum. Þar er bent á að nýjar safngreiningar bendi til þess að neikvæð áhrif af neyslu þessarar gerðar fitu séu ekki eins mikil og áður var talið. Enn fremur er lagt til að takmarka neyslu eggja við eitt á dag, þó undanfarið hafi komið fram gögn sem benda til að þau hafi jákvæð heilsufarsáhrif.

Alþjóðlegt lof

Svandís Svavarsdóttir matvæla-ráðherra sagði við kynninguna að þessi skýrsla væri skýrt ákall til aðgerða. Matvælaframleiðendur þyrftu að svara áskoruninni með framleiðslu á heilbrigðum og næringarríkum matvælum sem lágmarka umhverfisáhrif.

Theodor Ghebreyesus, framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), tók í sama streng í sínu ávarpi. Nýju ráðleggingarnar hvetji til öflugra tengsla milli heilbrigðs lífs og heilbrigðrar plánetu. WHO vinnur að nýjum næringarráðleggingum sem eru á margan hátt sambærileg og NNR.

/ÁL

Búðardalur:

Fræhöll vænlegur vaxtarsproti

Fræhöll í Búðardal hlaut nýlega hálfjar milljónar krónar styrk úr frumkvæðissjóði Brothættra byggða, DalaAuði. Hefja á framkvæmdir næsta sumar.

„Markmið verkefnisins er að koma á fót þekkingu og aðstöðu fyrir stórfraðlegu á Hrym lerkikynblendingi í Búðardal,“ segir Franz Jezorski, forsvarsmáður verkefnisins. „Hrymur er öflugasta trjátegund sem nú er í boði fyrir íslenska skógrækt og kolefnisbindingu á Suður- og Vesturlandi. Skortur er á hrym en mikil eftirspurn og stór markaður því fyrirhugað.“ Vonast er til að í kjölfar deiliskipulags- og aðalskipulagsvinnu verði starfsemin byggð upp í áföngum og fyrsta gróðurhúsið reist næsta sumar.

Fræhöllinni er ætlað að framleiða fræ af hrym (*Larix decidua* x *sukaczewii*), blendingi af rússnesku og evrópsku lerki. Hrymur er afkastur kynbótastarfs



Evrópulerki, helmingur hryms.

á vegum Skógræktar ríkisins sem hófst skömmu fyrir síðustu aldamót. Hrymur er beinvaxinn, með miðlungsbreidda krónu, hraðvaxta og þykir þola umhleyginga, frost og rýran jarðveg vel. Hann henti því víða og sé öflugur til kolefnisbindingar, bindi 20–25 tonn/ha/ári.

„Skógræktin er eini aðilinn á landinu sem hefur reynslu af ræktun sem þessari, og gildir það bæði fyrir fræframleiðsluna sem og fyrir græðlingaframleiðslu frá

stiklingum,“ heldur Franz áfram. „Aðstandendur verkefnisins hafa verið í góðu samstarfi við Skógræktina og er ætlunin að fá starfsmenn hennar til þess að leiða þann hluta verkefnisins sem snýr að nánari þarfagreiningu fyrir aðstöðu, þekkingu og gangsetningu starfseminnar.“ Franz býst við að starfsemin verði mjög atvinnuskapandi fyrir byggðarlagið.

Ætlunin er að skipta starfseminni í Búðardal í tvennt, annars vegar fræframleiðslu og hins vegar beina framleiðslu á græðlingum út frá stiklingum, sem klipptir eru af ungum plöntum. „Kosturinn við þessa nálgun er annars vegar að dreifa áhættunni með tveimur framleiðslulínunum, og hins vegar að flýta plöntuframleiðslunni, þar sem með réttari aðstöðu væri hægt að hefja framleiðslu á hrym-plöntum fyrir gróðursetningu mun fyrr en frá fræi, eða um leið og gróðurhúsið tekur til starfa,“ segir Franz. /sá

Hagkvæmar glugga- og hurða heildarlausnir

Fáðu tilboð í viðhaldslitla REHAU Nordic Design Plus PVC/plast eða ál glugga- og hurðakerfi frá þýsku framleiðendunum REHAU og SCHUCO, á hagstæðu verði.

gluggalausnir.is - tilboð@gluggalausnir.is - 5197787 - Glugga lausnir ehf.

TIL Á LAGER!

OUTLANDER 570 XT



650cc mótör

Spil

Stál stuðarar

Götuskráð

2.170.000 kr. +vsk

Fullt verð: 2.690.000 kr. m/vsk

can-am



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins. Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23 tölublað) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

SKOÐUN

Í orði og á borði

Nýjar norrænar næringarráðleggingar (NNR23) voru kynntar í vikunni, en þær leggja grunninn að opinberri stefnu um mataræði og grundvallar t.d. ákvörðun yfirvalda á Norðurlöndum um opinber innkaup, s.s. í skólasmótuneyti og sjúkrastofnanir.

Núna byggja ráðleggingarnar ekki eingöngu á áhrif mataræðis á heilsufar manna, heldur heyrir til tíðinda að þær taka einnig til áhrifa matvæla á umhverfi. Niðurstaðan er að mælt er með meira mataræði úr jurtafari og minni neyslu á kjöti, mjólkurvörum og eggjum en áður var. Í aðdraganda útgáfu ráðlegginganna vöktu formenn bændasamtaka allra Norðurlanda athygli Norrænu ráðherranefndarinnar á skorti á vísindalegum grunni og gagnsæi við vinnslu NNR23. Helsta gagnrýni þeirra er að þær taki ekki til sjálfbærni landanna. Minnst er á misræmi á stöðlum þeirra greina og rannsókna sem teknar eru til greina þegar verið er að ná utan um hina yfirgripsmiklu þekkingu sem ráðin byggja á. Í öllu kynningarefni um NNR23 er hins vegar staðhæft að vinna þess sé byggð á gagnsæju ferli og vísindalegum aðferðum.

Benda gagnrýnendur hins vegar á undarlega mikil áhrif breskrar hugveitu á umhverfiskafla ráðlegginganna, en sú starfsemi hefur talað fyrir róttækum breytingum á matvælaferfum. Gagnrýnendur segja að í vísindarýni höfundahóps ráðlegginganna hafi t.d. verið dregnar ályktanir út frá meðaltalstölum á heimsvísu í stað þess að byggja á vísindalegri þekkingu út frá landfræðilegri legu Norðurlanda og Balkanskaga. Martín Haaskjöld Inderhaug hjá Animalia AS bendir til dæmis á það í norska miðlinum *Forskersonen* að við greiningu á útblæstri á neyslu landbúnaðarafurða sé miðað við meðaltalslosunartölur á heimsvísu, sem eru á bilinu 3–5 sinnum hærra en raunlosunartölur dýraafurðaframléiðslu í Noregi. Losun gróðurhúsalofttegunda frá matvælum sé mjög mismunandi eftir svæðum og framleiðsluferfum. Martín staðhæfir að í Noregi sé umtalsvert minni losun frá dýraafurðum eins og kjöti og mjólk en flestum öðrum löndum. Norsku tölurnar sé að finna í birtum vísindagreinum sem auðvelt er að nálgast og erfitt sé að skilja hvers vegna þessar heimildir séu ekki hluti af þeim greinum sem liggja til grundvallar NNR23. Peter Kullgren, landsbyggðarráðgjafi Svíþjóðar, er harðorður í aðsendri grein í *Aftonbladet* þar sem fram kemur að sænska ríkisstjórnin muni eingöngu taka tillit til heilsufarslega hluta næringarráðanna. Hún ætli að stuðla að meiri sjálfbærni landsins og taka mið af náttúrulegum aðstæðum Svíþjóðar til matvælaframléiðslu. Í því felst t.d. aukin kjötramléiðsla og gengur sú stefna þar með í berhög við NNR23.

Miðað við þá miklu áherslu sem lögð er á neyslu grænmetis, berja, fræja, belgiurta og ávaxta í NNR23 væri æskilegt að velja fyrir sér, hvernig getum við útvegað okkur þessa næringu án þess að treysta um of á innflutning þeirra? Fyrsta skrefið er augljóst: Að skapa þau skilyrði að grænmetis- og ávaxtarekt geti aukist hér á landi til muna. Eins og fram hefur komið í fyrri tölublaðum Bændablaðsins hafa garðyrkjubændur ekki fengið hljómgrunn hjá samninganefnd stjórnvalda við endurskoðun búvörusamninga um aukinn stuðning við íslenska grænmetisframléiðslu, þrátt fyrir að stjórnarsáttmálinn kveði á um 25% vöxt hans á fáeinum árum. Gjörðir hafa ekki fylgt stóryrtri stefnu. Fram er nú komið leiðandi skjal sem liggur til grundvallar ákvörðun yfirvalda á Norðurlöndum um opinber innkaup. Ef ráðleggingarnar eru þær að auka neyslu úr jurtafari, er þá ekki næsta skref að hérland stjórnvöld vinni að því að matvælaframléiðendur á Íslandi hafi þau tækifæri að efla slíka starfsemi?

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.

Garðyrkjunám að Reykjum

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Í upphafi liðins skólaárs var nám í garðyrkju fært undir Fjölbautaskóla Suðurlands. Starfið hefur gengið vel og nemendur una hag sínum vel í því umhverfi sem Reykir bjóða upp á.

Í samkomulagi um tilfærslu starfsmenntanámis í garðyrkju og skyldum greinum frá Landbúnaðarháskóla Íslands til Fjölbautaskóla Suðurlands, kemur fram „að frá 1. ágúst 2022 verða fjárveitingar vegna starfsmenntanámis í garðyrkju og skyldum greinum á grundvelli reiknilíkans háskóla fluttar á milli ráðuneyta, þ.e. frá HVIN (háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneytinu) [...] til MRN (mennta- og barnamálaráðuneytisins).“

En þar með ekki öll sagan sögð, því enn hafa fjármunir ekki borist til Fjölbautaskólans, þrátt fyrir að meira en ár er liðið frá undirritun samkomulagsins.

Í mínum huga og allra sem starfa í greininni er að standa verður vörð um starfsnámið sem er greininni mjög mikilvægt. Með þessum orðum vil ég hvetja þá sem fara með þessi málefni að tryggja náminu fjármögnun til framtíðar svo markmið stjórnvalda um aukna grænmetisframléiðslu verði að veruleika og við getum staðið undir þeirri ósk neytenda að kaupa íslenska framléiðslu, hvort sem er blóm eða grænmeti.

Innflutningur á garðplöntum

Annað sem snýr að garðyrkjunni er eftirlit innflutnings á afurðum sem virðast vera í algeru skötulíki.

Fagfólk í greininni verður vart við tilboð á garðplöntum sem hafa verið fluttar til landsins sem geta engan veginn staðist



Tryggja þarf garðyrkjunáminu fjármögnun til framtíðar svo markmið stjórnvalda um aukna grænmetisframléiðslu verði að veruleika.
Mynd / ghp

skoðun á því verði sem samsvarandi vörur kosta erlendis og hér á landi. Því má velja vöngum yfir hvort verði sé að greiða viðeigandi gjöld af innflutningi eins og samningar við ESB hljóma.

Það er gríðarlega mikilvægt að starfs- umhverfi sé tryggt í þessu umhverfi framléiðslu innanlands í mjög svo hörðum heimi innflutnings, þetta er gríðarlega mikilvægt málefni og brennur á framleiðendum hvernig eftirliti er háttá af hálfu tollsins. Þá þreytist ég ekki á að nefna endurskoðun á reglugerð um innflutning á plöntum og plöntuafurðum sem hefur verið á borði matvælaframléiðslu í mörg ár og ekkert bólar á niðurstöðunni. Það er sérstaklega mikilvægt að niðurstaða fái

svo standa megi vörð um flóru Íslands.

Bændafundur

Þessa dagana er verið að leggja lokahönd á undirbúning að heimsókn stjórnar og starfsfólks skrifstofu Bændasamtakanna um landið. Fyrirhugað er að fundaherferðin hefjist þann 21. ágúst næstkomandi. Ég hvet alla bændur til þess að nýta sér þessa fundi til samtals um málefni íslensks landbúnaðar og framtíðaráherslur komandi ára hvernig við getum gert starfsumhverfið betra og áherslur til framtíðar á grundvelli frumframléiðslunnar. En þetta verður auglýst sérstaklega í þessum ágætta miðli og öðrum miðlum þegar nær dregur.

GAMLA MYNDIN



Hugsanlegt er að einhverjir þekki þessi andlit. Börn í rútu á leiðinni á búvinnunámsskeið á vegum Æskulýðsráðs Reykjavíkur og Búnaðarfélags Íslands. Það var haldið í Saltvík á Kjalarnesi, þar sem höfuðstöðvar Stjórnugriss eru í dag. Líklega árið 1964.

Mynd / Agnar Guðnason – Úr ljósmyndasafni Bændasamtakanna



Stjórn Íslandrover við myndarlegt safn jeppa að Völlum. Pétur Emil Júlíus Gunnlaugsson, Bjarni Sigurðsson, Davíð Garðarsson, Haukur Jensson og Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson. Myndir / ÁL



Átján bílar slógust með í för.



Nýir og gamlir Land Roverar af öllum gerðum við Bása.



Davíð Garðarsson, ritari Íslandrover, fer yfir ferðaplan dagsins.

Pórsmerkurferð:

Íslandrover 20 ára

Félag Land Rover eigenda, efndi til hópferðar í Þórsmörk 13. maí. Tílfnið var 75 ára afmæli Land Rover annars vegar og tuttugu ára afmæli Íslandrover hins vegar.

Slagregn kom ekki að sök, enda farartækin að mestu vatnsheld. Nokkrar ár eru á leiðinni upp í Bása, sem reyndust mátulega mikil áskorun. Leiðin er fær óbreyttum jeppum, enda ekki ekið yfir Krossá. Í lok ferðar var grillveisla að Völlum, skammt frá Hvolsvelli.

Íslandrover mun svo efna til sumarhátíðar 7.–9. júlí að Árbliki í Dölum. /ÁL



Hópurinn safnaðist saman á Hvolsvelli fyrir átök dagsins.



Einn bíll bilaði, en með þekkingu og reynslu var því snarlega kippt í lag.



Mikil rigning var í Þórsmörk og því rétt stoppað til að teygja úr sér.



Hundar og menn nutu ferðalagsins.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Kristján skáld frá Djúpalæk hélt einhverju sinni andlegt erindi á kirkjuviku, og orti af því tilefni:

*Við helgidóms helgar ristur
heiðnin var burtu ræk,
þar mættust kirkjan og Kristur
og Kristján frá Djúpalæk.*

Nú eru og fram undan sumarferðalög landsmanna, útihátíðir og allra handa gleðistundir. Ærið yrði þakklæti mitt ef einhver vissi höfund næstu tveggja vísna, sem bera hið rómantíska samheiti „Tjaldgleði“:

*Bæði gjalda gæði hins,
gleði halda sinni,
undir valdi ásta og kyns
innar tjaldskörinni.*

*Ofsakysst er enn á ný,
örnum gist í sterkum.
Tjaldið hristist, hrikir í
holdsins listaverkum.*

Þættinum barst nýverið verðmætt erindisbréf ofið nokkrum snjóllum vísu. **Guðmundur Stefánsson á Selfossi**, áður alinn í Hraungerði, vék þessari snilli að þættinum. Til að allt komist til skila, verður bréfið hér birt í heild sinni: „Á 19. öld og lengur var aðeins kosið á einum stað í hverju kjördæmi, sem þá voru að mestu bundin við sýslur. Í Borgarfjarðarsýslu var oftast kosið til skiptis á Hvítárvöllum og á Leirá. Við kosningar 1892 voru þar í framboði **Grímur Thomsen**, skáld á Bessastöðum, sem setið hafði á þingi frá 1869 og Björn Bjarnarson frá Vatnshorni, þá bóndi í Reykjakoti í Mosfellssveit en síðar Grafarholti. Kosið var á Hvítárvöllum. Andrés Fjeldsteð bóndi og laxveiðimaður þar var stuðningsmaður Björns. Grímur Thomsen féll í þessum kosningum, og taldi hann að stuðningur Andrésar við Björn hafi átt þátt í því.“ Grímur orti þá:

*Laxa kom þar mikil mergð
en margir voru þeir smáir.
Svo voru net úr garði gerð
að gegnum smugu fáir.*

Þegar Andrés Fjeldsteð frétti af þessari vísu Gríms Thomsen, sendi hann honum forkunnarstóran reyktan lax. Grímur sendi þá Andrésí þessar vísur til baka:

*Munntamur að morgni dags
matarlyst að glæða.
Rekkum þykir reyktur lax
ríkismannafæða.*

*En þegar ég bergði á þessum lax
þá varð súrt í broti.
Mig hann reyktur minnti strax
á mann frá Reykjakoti.*

*Annað var þó efni brags
að er betur gáði.
Þakkar fyrir þennan lax
þingmaðurinn smáði.*

Þegar **Valdimar Óskarsson**, sveitarstjóri á Dalvík, flutti búferlum til Reykjavíkur beið hann á Akureyrarflugvelli fram yfir sólsetur. Hann orti þá:

*Ánægður ég er af því,
engan kvíða ber ég:
Er sólin rís úr sæ á ný
Sunnlendingur er ég.*

Almennt um hjónabandið orti **Björn Guðmundsson** frá Bæ á Selströnd:

*Saman tvinna líffs í lið,
leyndu finna ráðin.
Eðlið vinnur ívafið,
ástín spinnur þráðinn.*

Engin leið er að telja með vissu öll þau lög sem samin hafa verið við ljóð Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Þessa snjóllu vísu orti **Magnús frá Skógi**:

*Hve glæst er yfir Geysis snjalla kór,
það gerði Ingimundar víða svið.
Og ekki væri Akureyri stór
ef eigi hefði Davíðs notið við.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Matvælastofnun:

Gildandi reglur um flutninga yfir varnarlinur

Staðfestar hafa verið breytinga-reglugerðir vegna landbúnaðar-tengdra flutninga milli varnarhólfa með hliðsjón af mismunandi stöðu þeirra vegna riðuveiki.

Í tilkynningu frá Sigurbjörgu Bergsdóttur, sérgreinadýralæknis nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá Matvælastofnun, segir að fram hafi komið óskir um upplýsingagjöf um gildandi reglur.

„Eins og þekkt er gilda strangar reglur um flutning á lifandi jörturdýrum, tækjum og ýmsum varningi yfir varnarlinur til þess að varna útbreiðslu dýrasjúkdóma, einkum riðu í sauðfé. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 er Matvælastofnun heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða, telji stofnunin að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra. Í reglugerð 651/2001 um riðuveiki og útrýmingu hennar koma fram helstu reglur sem gilda um flutninga:

- 4. gr. Óheimilt er að flytja sauðfé til lífs milli sóttvarnarsvæða nema með leyfi yfirdýralæknis (Matvælastofnunar).
- 4. gr. Af sýktu svæði og innan þess er almennt óheimilt að flytja sauðfé til lífs milli hjarða. Hægt er að sækja um sérstakt leyfi til Matvælastofnunar ef um er að ræða kindur með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir.
- 4. gr. Þá er óheimilt, nema með leyfi héraðsdýralæknis að flytja milli bæja innan sýktra svæða og áhættusvæða hvaðeina, sem getur borið smitefni milli staða svo sem hey, heykögglar, og hálm, húsdýraáburð, túnþokur og gróður mold nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a. Hey sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllum.

b. Þökur séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að.

Þetta þýðir að ef versla skal með ofangreinda efnisflokka eða heyja tún í öðru varnarhólfi skal ávallt sækja um leyfi héraðsdýralæknis.

- 9. gr. Óheimilt er að flytja fjárklippur, markatengur, lyfjadelur og annan tækjabúnað, sem óhreinkast hefur af fé eða hugsanlega smitmengast á annan hátt á sýktu svæði til nota í landbúnaði á ósýktu svæði, án vottorðs frá héraðsdýralækni um að fullnægjandi sóttþreinsun hafi átt sér stað. Þetta þýðir að ekki er leyfilegt að fara með þau tæki sem talin eru upp að ofan yfir varnarlinu nema með leyfi héraðsdýralæknis og að undangengnum þrifum og sóttþreinsun.

- 9. gr. Aðilar sem fara milli sóttvarnarsvæða, sýktra svæða, áhættusvæða eða ósýktra svæða með tækjabúnað til landbúnaðarstarfa skulu fá leyfi héraðsdýralæknis og vottorð um að fullnægjandi sóttþreinsun hafi átt sér stað. Þetta þýðir að aðilar s.s. jarðvinnsluverktakar og heyrinnuvertakar mega ekki fara með tæki sín yfir varnarlinur nema með leyfi héraðsdýralæknis og að undangengnum þrifum og sóttþreinsun á tækjunum.

Hafa ber í huga að héraðsdýralæknir vinnur úr öllum umsóknunum í samráði við sérfræðinga stofnunarinnar í riðumálum og er ákvörðun tekin með hliðsjón af sjúkdómastöðu í viðkomandi varnarhólfi,“ segir í tilkynningunni. /ghp



Skútustaðir við Mývatn. Soffía Kristín Björnsdóttir stundar þar ferðapjónustu meðfram blönduðum búskap.

Gistinætur:

Fjölgun bænda í ferðapjónustu

Færst hefur í aukana að þeir standa í búskap færri sig yfir á vettvang ferðapjónustu.

Samkvæmt mælingum Hagstofunnar er hlutur ferðapjónustu í landsframleiðslu ársins 2022 áætlaður 6,1% samkvæmt fyrstu bráðabirgðatölum ferðapjónustureikninga samanborið við 3,9% árið á undan og því ljóst að þessi atvinnugrein er síður en svo að dala.

Félag ferðapjónustubænda vinnur að sameiginlegum hagsmunum þeirra er selja hvers konar ferðapjónustu á landsbyggðinni með ábyrga ferðapjónustu að leiðarljósi, og samkvæmt Einari Frey Elínarssyni, ritara félagsins og sveitarstjóra Víkur í Myrdal, er þess að gæta hversu mikill fjöldi erlendrar ferðamanna heimsækir landið til móts við aðbúnað og umfang opinberrar þjónustu.

Einari tekur stöðuna á sínum heimabæ og segir ljóst að þar fái utanaðkomandi aðilar ekki gistingu fyrr en í fyrsta lagi í nóvember, svo þétt sé setið um gistiþláss. Pantanir hafa þegar borist fyrir sumarið 2024 og er nær lagi að allt sé að fyllast. Gríðarlega mikil traffík sem fór í raun af stað hraðar eftir Covid en nokkur þorði að vona. Um 900 íbúar séu í sveitarfélaginu en nokkur þúsund manns njóti gistinatta á svæðinu sem er afar vinsælt.

Þriðja kynslóð ferðapjónustu

Einari er ekki ókunnur atvinnugreinininni en fjölskyldahans hefur í rúm



Einar Frey Elínarsson.

fjörutíu ár rekið ferðapjónustu á bænum Sólheimahjáleigu, amma hans og afi ein fyrstu ferðapjónustubænda á landinu. Sjálfur tók hann við keflinu um tíma en hefur nú nógu að sinna í sveitarstjórnarstörfum.

„Þetta var ákveðin bylting í sveitinni hjá okkur, segir Einar, það eru ljós á öllum bæjum og mörg tækifæri bæði hvað varðar afþreyingu jafnt sem gistingu. Mjög margir bæir í þessari sveit hafa flutt sig úr hefðbundnum búskap og byggt upp einhvers konar ferðapjónustu.“

Hversu hátt hlutfall tekna hvers bús fyrir sig er honum ekki fullljóst en aðspurður segist hann persónulega hafa einhverja hugmynd um hver sín eigin staða sé. Hins vegar vilji hann ekki einblíma á þá tölu heldur njóta þess búreksturs og þeirra skeppna sem hann heldur, það séu um 250 fjár, ekki sist vegna áhuga og hugsjónar

er kemur að því að nýta landið á jákvæðan hátt.

Óhefðbundinn búskapur algengari en ella

Meðstjórnandi Félags ferðapjónustubænda, Soffía Kristín Björnsdóttir frá Skútustöðum við Mývatn, tekur í sama streng hvað varðar mikinn fjölda ferðamanna og fullbókað sumar auk bókana fyrir komandi sumar að ári.

Soffía og fjölskylda hennar standa í búskap meðfram ferðapjónustunni, eiga líkt og fjölskylda Einars 250 kindur, þá hænur og 25 mjólkurkúr, enda framleiða þau og reka ísbúð á staðnum. Að sama skapi hefur fjölskylda Soffíu verið lengi í óhefðbundnum búskap, en foreldrar hennar hófu ferðapjónustu á Skútustöðum árið 1989.

Soffía telur skipta máli nú orðið – á landsvísi – að reka ferðapjónustu samhliða búskap enda telji virkilega þegar kemur að innkomunni. Hún sér ákveðna aukningu í þessari grein árlega, og í kringum sig fleiri en færri sem hafa nú þegar tekið skrefið í gistibransanum eins og hún orðar það.

Það má því álíta að horfur séu á enn frekari vöntun og jafnframt aukningu gistirýma á komandi árum, auk þess sem annar vettvangur ferðapjónustu á borð við afþreyingu vindi enn upp á sig. Er rétt að líta til þess, ef áhugi er á að stökkva á vagninn, að kynna sér lög og reglur Félags ferðapjónustubænda, en þær má finna á vefsíðu félagsins. /SP

Kornrækt:

48 bú fengu fyrir fram

Greiddar hafa verið út fyrirframgreiðslur til umsækjenda um jarðræktarstyrki sem sáðu fyrir korni.

Samtals fengu 48 bú fyrirframgreiðslu sem samanlagt eru með 1.048 hektara lands í kornrækt. Greiddar voru 9.946 kr. á hektara sem jafngildir 25% af jarðræktarstyrki árið 2022.

Næsta greiðsla vegna jarðræktarstyrkja verður greidd út í desember að lokinni úttekt á vegum búnaðarsambanda, að því er fram kemur í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu.



Uppspera er forsenda fyrir greiðslu jarðræktarstyrkja. /ghp

TILBOÐ Á GARÐHÚSUM!
TIL Á LAGER

BREKKA 34 - 9 fm 25% afsláttur
Tilboðsverð **489.000 kr.**
VANTAR ÞIG PLASS?

FÁANLEGT Í VEFVERSLUN

STAPI - 14,98 fm 25% afsláttur
Tilboðsverð **779.000 kr.**

NAUST - 14,44 fm 30% afsláttur
Tilboðsverð **539.000 kr.**

www.kofaroghus.is
Sími 553 1545

KOFAR OG HÚS


Bandaríkin:

Helmingur kúnna sæddur með kyngreindu sæði

Tæknin við kyngreiningu á nautasæði hefur nú verið í notkun í nærri þrjú áratugi.

Það var þó ekki fyrr en fyrir nærri 20 árum að tæknin var orðin það góð og afköstin næg að kynbótafyrirtæki víða um heim fóru að taka tæknina virkilega til sín. Nú er svo komið að flestum kúabændum um heim allan stendur til boða að kaupa kyngreint sæði, þ.e. sæða kýrnar sínar þá annaðhvort með sæði sem gefur að öllum líkindum kvígur nú þá eða naut.

Nýlegt yfirlit frá NAAB, sem eru samtök ræktenda í Bandaríkjunum, sýna að um það bil annað hvert selt sæðisstrá í landinu er nú kyngreint. Svo virðist sem bændur þar í landi hafi þann háttinn á, að minnsta kosti miðað við skráningu sæðinga, að þeir sæða betri kýrnar



og kvígurnar með sæði sem gefur kvígur en virðast nota sæði sem gefur holdanaut í slakari gripina. Þannig ná þeir hámarks árangri og afköstum kúnna. Samkvæmt tölum frá 2021 þá framleiddu bandarísk kynbótafyrirtæki 69 milljónir sæðisskammta það ár og þar af fór 66% til útflutnings. /SNS

Kreativ Dental Ísland



25 ára reynsla

Rúmlega 4000 Íslendingar hafa notið þjónustu okkar frá árinu 2016

Nýtt bros
-
Nýtt líf

Nokkrar af fjölmörgum umsögnum af samfélagsmiðlum tannlæknastofunnar Kreativ Dental í Búdapest

„Ástandsskoðun. Fyrsta árs skoðun. Ég er búin að fara í tannmyndatöku hjá Tannlæknadeildinni í Háskóla Íslands. 3 nemar fóru yfir ástandið þar á meðal erlendur tannlæknir sem er á endurmatsnámskeiði hér og leist mjög vel á verkeið og tók fram hvað tennurnar væru fallegar. Síðan fór lektor yfir ástandið á tönnunum og skoðunina hjá nemunum. Mér hefur alltaf fundist einn plantinn laus og hef farið til tannlæknis til að láta athuga það en hann er alveg fastur, bara bil á milli tannana. [Mín hræðsla] Ég verð að segja ykkur að lektorinn var mjög ánægður með ástandið á tönnunum, gerðina og efnid sem ég hafði valið, handverkið væri til fyrirmyndar og liturinn passaði vel. Talaði um að flögurnar sem halda gömnum uppi væru í góðu ástandi og ég þyrfti að passa upp á þær því þær væru svo finlegar. Hann spurði hvar ég hefði fengið þetta fina verk og vildi gjarnan fá að fylgjast með hvað þær entust lengi. Ég fór náttúrulega í sælu út frá þeim. Langaði til að láta ykkur vita af þessari frábæru umsögn. Mig langar til að fresta ferð út þangað til á næsta ári svo ég sendi myndirnar til Gríms og tannlæknirinn minn úti fór yfir þær og þau segja að þetta gildi fullkomlega sem ábyrgðarskoðun þetta árið.“

„Hvað skal segja þegar varla eru til lýsingarorð til að lýsa þjónustu framkomu og öllu sem varðar þessa stofu Er hæst ánægð með allt Fyrir utan það að vera yfir mig ástfangin af Búdapest.“

„Fór í febrúar og fékk krónur og brýr. Ég er mjög ánægður með Grím umboðsmann okkar og einnig frábærir Hjalti og Atli sem veittu mér mikinn stuðning í ferli mínu. Frábærir fagmenn hjá Kreativ Dental og þjónustan til mikillar fyrirmyndar. Eina sem ég þurfti að gera sjálfur var að panta flugmiða og mæta í flug. Annað sá Grímur um að skipuleggja fyrir mig, fyrsta tímabókun hjá tannlækni, allar ferðir og pöntun á hóteli. Verð mjög hagstæð fyrir kunnann. Ábyrgðir fylgja og verð stóðust frá tilbodsgerð til loka vinnu. Ég fékk flotta vinnu við minar tennur og gæti ekki verið ánægðari með tannlækni. Mæli með Kreativ Dental.“

„Ein af mínum uppáhaldsstundum lífsins, að standa upp úr stólum hjá þeim og brosa framan í heiminn.“

„Fagmennskan í fyrirrúmi. Undirritaður þurfti í síðasta mánuði að nýta sér þjónustu Kreativ Dental Klinik í Búdapest. Eftir að hafa notið sérfræðinganna hjá Kreativ Dental er mér efst í huga þakklæti til þeirra sem að mínum málum komu. Það er ekki að ástæðulausu að Kreativ Dental hefur marg oft hlotið viðurkenningu sem besta tannlæknastofa á evrópska efnahagssvæðinu og víðar. Fagmennska og hlýlegt viðmót allra þeirra sem starfa þarna er gefin hæsta einkunn. Ég get ekki lokið þessum skrifum án þess að þakka þeim Grími Axelssyni og Attila Korsos [Atla] fyrir þeirra aðstoð sem þeir veittu mér er ég varð fyrir því óhappi að þurfa að leggjast inn á spítala í Búdapest. Aðstoð þeirra beggja verður seint endurgoldin en sýnir hvað það er mikilvægt að hafa góða menn og öflugra tannlæknastofu til staðar ef eitthvað kemur fyrir í þessum tannlæknaferðum til Búdapest.“

„Ég og maðurinn minn höfum lokið meðferð hjá Kreativ Dental að mestu og erum mjög sátt. Fengum plan og verðtilboð sem stóðst að mestu fyrir utan smá sem hægt var að sleppa og annað sem bættist við eins og búast mátti við. Við upplifðum mikla fagmennsku og erum ánægð með tannlækinn, hina sérfræðingana sem komu að okkar meðferð, þjónustufólkið og íslensku tengiliðina. Skiljum núna af hverju þessi stofa hefur fengið viðurkenningar á heimsvísu á sínu sviði itrekað.“



„Öll framgangna ykkar og viðmót er til mikillar þrýði og mun ég ekki líta á aðrar leiðir til að laga minar tennur. Enn og aftur kærar þakkar, bið að heilsa öllum.“

„Mjög miklir fagmenn. Mæli sannarlega með Kreativ Dental! Grímur sá um að bóka herbergi á samstarfshóteli Kreativ Dental, mjög gott hótél með útsýni yfir Dóná. Var sótt og ekið á flugvöllinn að kosnaðarlausu sem er náttúrulega frábær þjónusta. Einnig eru friar ferðir á milli hótels og tannlæknastofu. Frábærir tannlæknar sem starfa í notalegu umhverfi. Ég hef alltaf verið stressuð/kvíðin að fara til tannlæknis en það hvarf bara alveg þegar ég kom þarna inn. Biðstofan var búin hægindastólum og fiskabúri. Engin borhljóð eða truflun þar. Viðmót starfsmanna var hlýlegt og notaleg nærvera allra á stofunni fékk manni til að líða vel. Grímur og Attila voru boðnir og búnir að aðstoða við allt sem maður óskaði sér. Takk fyrir mig.“

„Hvar á ég að byrja...“

Fagleg og persónuleg þjónusta alla leið og það að hafa íslenskan umboðsmann auðveldar öll samskipti. Tannlæknateymi sem hefur mikla reynslu af umfangsmiklum og flóknum tannviðgerðum. Fullkomið tannsmiðaverkstæði á staðnum búið nýjustu tækni frá Þýskalandi og Japan. Viðtækasta ábyrgð sem í boði er frá Austur-Evrópskum tannlæknastofum og toppar líka þær íslensku. Allt þetta á verði sem er 50-70% lægra en á Íslandi. Aukabónusinn er að fá í leiðinni að kynnst Búdapest einni fegurstu borg Evrópu.“



„Takk fyrir góða þjónustu. Flott þjónusta og miklir fagmenn.“

„Frábært. Elska að fara þarna alltaf verið hrædd við tannlækna e ekki þarna.“

„Komin á staðinn upplifði ég algjört öryggi. Þar var tekið vel á móti manni frá fyrstu stundu. Frábært hótél með útsýni yfir Dóná fjótið. Var skutlað til og frá og allir í öryggisbúnaði hjá tannlæknunum. Ég hef aldrei hitt jafn færa tannlækna eins og á Kreativ Dental. Það tekur enga stund, þú finnur varla til og samt er þetta allt mjög vel og vandlega gert. Ég er rosalega ánægð með allt sem fyrir mig var gert og mæli með Kreativ Dental hundrað prósent!“

„Það er hugsað fyrir öllu maður sóttur á flugvöllinn, keyrður á hótelið og skutlað á tannlæknastofuna. Hlýlegar og notalegar tannlæknastofur, fagfólk hvert sem lítið er sem vill allt fyrir mann gera, fékk frábæra þjónustu og toppurinn að hafa íslenska eðalpilta til aðstoðar. Kærar þakkar fyrir mig.“

„Við hjónin fórum í apríl í fyrsta skipti og svo aftur í ágúst til að klára. Frábærir tannlæknar og starfsfólk. Allt stóðst fullkomlega. Grímur og Atli voru alltaf til staðar til að aðstoða okkur. Mæli 100% með Kreativ Dental.“

Takk kærlega fyrir okkur.“

„Takk fyrir mig. Móttökur og allt utanumhald við fólk þarna er frábært. Og hafa fólk sem talar okkar mál er bara æðislegt þannig að það verður allt miklu auðveldara að koma þarna.“



„Við hjónin höfum nú lokið tannmeðferð hjá Kreativ Dental og erum hæst ánægð. Viðmót starfsfólks og þjónusta við okkur var til fyrirmyndar. Ekki þótti okkur heldur slæmt að greiða sanngjarnt verð fyrir meðferðina og fá þar að auki 5 ára ábyrgðarskrifteini þar sem Kreativ Dental ábyrgist krónur og brúargerð „sjúklinga“ sinna. Takk fyrir okkur!“

„Það er endalaust hægt að hlaða lofi á Kreativ Dental en orð eru máttvanna í samanburði við upplifunina við það að koma til þeirra í aðgerð. Fyrir mér var þetta eins og ég væri kominn langt inn í framtíðina, öll nýjustu tækni til staðar á staðnum, umhverfið þegar inn var komið hjá þeim var bæði rólegt og aðlaðandi, sérfræðingar á öllum sviðum tannlækninga á staðnum og viðmót allra starfsmanna óaðfinnanlegt! Það sem síðan vekur furðu manns, eftir að hafa fengið þarna faglega þjónustu sem ég held að ómögulegt sé að toppa, er verðidi!!! Núna, fimm mánuðum eftir að hafa komið til þeirra í byrjun maí, brosi ég mínu fallegasta brosi til margra ára en finnst jafnvel að ég hafi ekki borgað fyrir að fullu. Svo hagstætt er verðlagið hjá þeim fyrir okkur Íslendinga. Flugðið með WizzAir er einnig mjög ódýrt, sem og hótelið í Búdapest.“

„Ég verð nú að segja að ég hefði ekki að öreyndu trúað því að það væri hægt að skipuleggja tannlækningaferðir með svona nákvæmni og góðu kostnaðarplani. Öll þjónusta er í efsta gæðaflokki og gott að geta fengið aðstoð hjá Grími Axelssyni til að fá skýringar og leiðbeiningar á íslensku um öll mál sem kunna að koma upp á í sambandi við þjónustuna hvort sem er út af tannlækningunum, breytingum á hóteli eða flugi ef vill. Það ánægjulega við þetta allt er að þú getur fengið nákvæma ástandslýsingu og aðgerðaráætlun eftir fyrstu skoðun fyrir utan það að það er hægt að sjá hver kostnaðurinn er í byrjun, því það er fastur verðlisti sem farið er eftir sem liggur fyrir þegar aðgerð er ákveðin. Endilega athugaðu verðlistann sem er á heimasíðu Kreativ Dental og berðu hann saman við verðlistana á Íslandi. Flott fólk og góð þjónusta þarna. Takk fyrir mig.“

„Vel að öllu staðið. Allir Íslendingar sem ég hitti í þessum erindagerðum voru jafn ánægðir og ég.“

Kreativ Dental Ísland

Heimasíða: kreativdental.is | Facebook: [kreativdentalisland](https://www.facebook.com/kreativdentalisland)

Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir: grimur@kreativdentalclinic.eu | Sími: (+354) 859 9403 (frá 9-13)

FRÉTTIR

Vestmannaeyjar:

Gjald fyrir að góma fé

Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyjabæjar ræddi lausagöngu búfjár á fundi sínum í byrjun mánaðar.

Annars vegar var samþykkt gjaldskrá fyrir handsömun eða afskipti af lausagöngufé. Hins vegar var tekin fyrir kvörtun nokkurra íbúa sem telja mælinn fullan eftir ágang sauðfjár á lóðum sínum undanfarin ár. Í áður nefndri gjaldskrá kemur fram að bæjarsjóður skuli innheimta gjöld sem eru ætluð til að standa undir kostnaði af lausagöngu búfjár. Við handsömun eða önnur afskipti af búfé þurfa búfjáreigendur, annars vegar að greiða 14.500 krónur fyrir hvert handsamað dýr, og hins vegar að láta af hendi 3.500 krónur í vörslugjald fyrir hvern byrjaðan sólarhring. Gjaldskráin hefur þegar tekið gildi.

Í kvörtuninni segir að lausaganga hafi verið látin viðgangast síðastliðin fjögur til fimm ár, „Íbúum til mikils ama“. Þeir sem standa á bak við kvörtunina segjast ekki geta sett niður tré eða plantað blómum. Jafnframt hefur lausagönguféð valdið miklum sóðaskap á lóðum íbúanna. Búpeningurinn hefur oft mikið og skitið á palla og stéttir þegar hann leitast skjóls við húsin. Við Gvendarhús mun hafa orðið varanlegt tjón á stétt þar sem skíturinn hefur skilið eftir sig varanlega græna slíkju, sem ekki hefur tekið að hreinsa.

Íbúarnir fara fram á að eigendur búfénaðarins geri girðingar fjárheldar,



Fjársektir verða innheimtar vegna lausagöngu búpenings í Vestmannaeyjum. Mynd / Pétur Steingrímsson

en þær eiga að halda sig á beitilandi „austur við Dali“. Enn fremur er gerð krafa til bæjarins að svipta eigendur heimild til búfjárhalds ef úrbætur verða ekki gerðar. Í samþykkt um búfjárhald í Vestmannaeyjum segir: „Lausaganga búfjár er óheimil á Heimaey nema annað sé tekið fram.“ Með kvörtuninni fylgja myndir sem sýna skít, ullartægjur og áður nefnda græna slíkju. /ÁL

Mannabreytingar hjá Líflandi

Arnar Þórisson tekur við sem forstjóri Líflands frá og með 1. júlí næstkomandi. Þórir Haraldsson, faðir Arnars, lætur af daglegum störfum eftir rúm tuttugu ár sem forstjóri.

Í fréttatilkynningu frá Líflandi kemur fram að Þórir muni halda áfram að sinna verkefnum fyrir félagið. Arnar er iðnaðar- og rekstrarverkfræðingur að mennt en hefur starfað hjá Líflandi síðan árið 2013. Áður starfaði hann sem framleiðslustjóri hjá Plastprenti.

Jafnframt hefur Lífland gengið frá ráðningum á tveimur nýjum stjórnendum. Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir er ráðin framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs og Halldór Berg Sigfússon mun taka við starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs.



Arnar Þórisson, forstjóri Líflands.

Þau Ingibjörg og Halldór munu bæði taka sæti í framkvæmdastjórn Líflands, en í henni sitja einnig þau Rannveig Hrólfssdóttir, mannaúts- og gæðastjóri, og Stefán Már Símonarson, framkvæmdastjóri Nesbúeggja. /ghp

70% Ódýrari tannviðgerðir í Budapest

- Þjónusta í gegnum allt ferlið
- nútímaleg stofa í hjarta Budapest
- Bestu gæði og tækni
- Enginn auka kostnaður

www.tannland.is
tannland@tannland.is

Hestaípróttir:

Vilja fá sem flesta hesta og knapa til leiks

Fjórðungsmót Austurlands 2023 verður haldið dagana 6.-9. júlí nk. á Egilsstöðum. Hestamannafélagið Freyfaxi stendur að mótnu og verður það haldið á félagssvæði þeirra á Stekkhólma.

Fjórðungsmót Austurlands eru haldin á fjögurra ára fresti og eru þau haldin til skiptis á Hornafirði og á Egilsstöðum. Síðasta Fjórðungsmót Austurlands var haldið árið 2019 á Hornafirði og nú er komið að Freyfaxamönnum að standa að mótnu. Formaður framkvæmdanefndar er Brynja Rut Borgarsdóttir, framkvæmdastjóri mótsins er Magnús Benediktsson og mótsstjóri er Bjarki Þorvaldur Sigurbjartsson.

„Það er allt að verða klárt og við hlökkum mikið til að taka á móti hestum og mönnum hér á Stekkhólma. Stefnt er að því að mótið hefjist á opinni kynbótasýningu, sem er ein af miðsumarssýningum RML, svo tekur við gæðingakeppnin í öllum flokkum. Við munum bjóða upp á 100 metra fljúgandi skeið og þrjá mismunandi flokka í töltili en keppni í þessum greinum er opin öllum. Svo er að sjálfsgöngu sýning ræktunarbúa, kvöldvaka á föstudagskvöldi og ball á laugardagskvöldi. Við munum halda hér hefðbundið fjórðungsmót með léttu yfirbragði þar sem gleðin mun ráða för.“ segir Magnús.

Þau hestamannafélag sem staðsett eru austan megin við Tröllaskaga í norðri og austan megin Þjórsár í suðri hafa keppnisrétt í gæðingakeppni mótsins. Það eru eftirtalin félög; Blær, Feykir, Funi, Freyfaxi, Geisli, Geysir, Glófaxi, Grani, Hornfirðingur, Hringur, Kópur, Léttir, Sindri, Snæfaxi, Þjálfí, Þráinn og Glampi.

Úrtöku frestað vegna veðurbliðu

„Við viljum að sem flestir mæti á mótið og eigi möguleika á að taka þátt í keppninni. Við munum bjóða upp á þrjá mismunandi flokka í töltili; töltil T1, töltil T3 fyrir áhugamenn og töltil T3 fyrir keppendur 17 ára og yngri. Ákveðið var að auka þann fjölda keppenda sem hvert félag má senda til leiks í gæðingakeppninni og er sá fjöldi nú orðinn allt að 18 keppendur í hverjum flokki frá hverju félagi.“

Það var ákveðið að fara þessa leið því við vitum hvað það getur verið mikil hvatning og haft góð áhrif á unga knapa að taka þátt í stórmóti og við viljum fá sem flesta hesta og knapa til leiks.“ segir Magnús.

Bjarki Þorvaldur Sigurbjartsson er mótsstjóri fjórðungsmótsins í ár. „Við höfum verið að vinna í mótssvæðinu og höfum nú skipt um efni á völlumun, snúnað allt upp á nýtt og bætt við upphitunarhring svo allt ætti að geta gengið sem best fyrir sig þegar mótið hefst. Við áætluðum að um 200–300 hross mæti hingað austur á hérað og við hlökkum til að taka á móti þeim. Á undanförunum fjórðungsmótum hefur B-flokkurinn verið fjölmennastur ásamt töltilinu en aðrir flokkar minni.“

Við ákváðum því að bæta við B-flokki áhugamanna. Okkar markmið er að mótið verði fyrst og síðast skemmtilegt.“ segir Bjarki.

Úrtökur fyrir fjórðungsmótið eru nú þegar hafnar og héldu Freyfaxamenn sína úrtöku laugardaginn 17. júní. Það þurfti þó að fresta úrtökunni um hálfan sólarhring vegna óvenjulegra aðstæðna. „Úrtaka fyrir fjórðungsmótið átti að hefjast snemma á laugardegi en



Framkvæmdanefnd Fjórðungsmóts Austurlands ásamt framkvæmdastjóra mótsins, Magnúsi Benediktssyni, klæddur í fagurgrænan félagssjakka Freyfaxamanna. Mynd / Hestamannafélagið Freyfaxi



Mótasvæði Sleipnis á Selfossi.

Mynd / Hestamannafélagið Sleipnir

45 ár frá fyrsta Íslandsmótnu

Magnús Benediktsson er einnig framkvæmdastjóri Íslandsmótsins ungmenna og fullorðinna sem fer fram á Brávöllum á félagssvæði hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi daganna 28. júní til 2. júlí nk.

Fyrsta Íslandsmótið í hestaípróttum var einmitt haldið á Selfossi fyrir 45 árum síðan. „Þá voru skráningar á mótnu öllu 105 talsins og keppt var eingöngu í unglíngaflokki og fullorðinsflokki. Í fullorðinsflokkum varð Sigfús Guðmundsson Íslandsmeistari í töltili á þyt frá Hamarshjáleigu, Trausti Þór Guðmundsson sigraði fjórgang á Svarta-Blesa frá Hindisvík og Reynir Aðalsteinsson stóð efstur á Penna frá Skollagróf í fimmgangi.“ segir Magnús.

Þá var einnig keppt í gæðingaskreiði og þar sigraði Sigurbjörn Bárðarson á Garpi frá Oddstöðum í Lundarreykjadal. „Keppnisvöllurinn frá því á Íslandsmótnu 1978 stendur enn á Brávöllum og er staðsettur á milli húsaradana við félagsheimilið. Þá var engin skeiðbraut til, heldur var bílvegurinn eða hesthúsvegurinn bara snúnaður upp og nýttur sem skeiðbraut fyrir keppni í gæðingaskreiði.“ segir Sigurbjörn, spurður um þátttöku sína á þessu fyrsta Íslandsmótnu sem haldið var.

Ný keppnisgrein – gæðingalist

Á Íslandsmótnu í ár verður keppt í fyrsta sinn í nýrri keppnisgrein Landssambands hestamannafélaga, gæðingalist, og því ljóst að krýndur verður Íslandsmeistari í gæðingalist í fyrsta sinn á Íslandsmótnu á Selfossi 2023.

„Á mótnu í ár eru einkunnalágmark í allar greinar mótsins, ólíkt því sem var til dæmis í fyrra, þá voru stöðulistar sem giltu inn á mótið og 30 efstu í hverri grein var boðin þátttaka. Stærð mótsins og fjöldi hesta sem mun taka þátt í mótnu er því óljós eins og staðan er núna en ætti að skýrast á næstu dögum þegar þeim mótum sem gilda inn á Íslandsmót lýkur. Íslandsmótið í hestaípróttum verður í beinni útsendingu á aðalrás RUV sunnudaginn 2. júlí og stefnt er að því að sýna frá öllum átta úrslitum mótsins.“ segir Magnús.

Íslandsmótið í hestaípróttum er einnig síðasta ípróttamótið sem haldið er áður en landslið Íslands í hestaípróttum verður valið. „Íslandsmótið er síðasta mótið sem knapar hafa til að sýna sig og sanna. Að því loknu verður landsliðið endanlega valið og það verður svo tilkynnt formlega föstudaginn 7. júlí.“ segir Sigurbjörn Bárðarson, landsliðseinvaldur í hestaípróttum.

kvöldið áður var ákveðið að fresta mótnu fram eftir degi á laugardegi vegna einstakrar veðurbliðu og mikils hita. Veðrið á sunnudegi var ívið þægilegra, bara 20 gráður og andvari, vonandi getum við boðið mótsgestum upp á slíkt veður þá daga sem fjórðungsmótið fer fram.“ segir Bjarki.

Ferðaþjónustuaðilar úr héraði bakhjarlar mótsins

Verðlaun mótsins verða með óhefðbundnum hætti en móts-haldarar ákváðu að leita eftir stuðningi frá ferðaþjónustuaðilum í héraðinu. „Allir sigurvegarar í öllum greinum mótsins munu fá verðlaun frá ferðaþjónustuaðilum

hér úr héraðinu. Þannig mun t.d. sigurvegari A-flokks mögulega fá hótélgestingu hér á Austurlandi sem viðkomandi getur nýtt sér seinna meir. Þannig erum við bæði að reyna að auka vitund fólks hér heima um fjórðungsmótið og hestaípróttina almennt og vonandi einnig að auka hag ferðaþjónustunnar hér með því að bjóða sigurvegurum að koma aftur seinna, eyða tíma sínum hér með fjölskyldu og vinum og kynnast fegurð Austurlands.“ segir Magnús.

Að lokum bendir Magnús á að upplýsingar um mótið er að finna á Fb.-síðu mótsins, Fjórðungsmót á Austurlandi 2023, og ef einhverjar fyrirspurnir eru til mótshaldara er hægt að senda póst á fm@freyfaxi.is. /þag

HÁ verslun ehf tók við umboði
Husqvarna byggingavörum
á Íslandi þann 11. júní 2021

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K4000
Rafmagns steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K770 14"
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfsgög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna Trowel
BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna FS400
LV gólfsgög
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005
230 mm plata, 69 kg



Husqvarna W 70 P
Fyrir vatn og blautan steypuúrgang.
Auðveld í notkun.

FRÉTTIR

Vísindi:

Bóndasonur frá Refsstað rannsakar byltingarkennd fræði RNA í Ástralíu

– „Þessi nýju vísindi eru líkleg til að valda mikilli umbreytingu bæði í landbúnaði og læknisfræðum“

Páll Þórðarson, prófessor við Háskólann í Sydney, ættaður frá Refsstað í Vopnafirði, er einn forsvarsmanna alþjóðlegrar ráðstefnu efnafraeðinga sem haldin verður í Hörpu 25.–29. júní.

Páll er virtur vísindamaður á heimsvísu, margverðlaunadur fyrir vísindastörf sín og hefur m.a. birt greinar í Nature og áhrifamiklum efnafraeðitímaritum. Hann nam efnafraeði við Háskóla Íslands og hélt til Ástralíu í doktorsnám árið 1997. Hlaut Marie Curie-styrk 2001 til að vinna með prófessorum í háskólanum í Nijmegen í Hollandi og hélt aftur til Ástralíu 2003. Síðan hefur hann starfað við Háskólann í Sydney og verið prófessor frá 2017, auk þess að leiða rannsóknasetur um RNA. Hann er forseti Hinnar konunglegru áströlsku efnafraeðistofnunar – The Royal Australian Chemical Institute.

Um það hver séu hans helstu viðfangsefni þessa dagana segir Páll að líklega sé það að vera í forsvari fyrir UNSW RNA Institute. „Það er rannsóknasetur um RNA sem við settum upp 2021,“ segir Páll. „Háskólinn setti 2,5 milljarða í þetta setur fyrstu 4 árin. Við erum m.a. búin að setja upp nokkurs konar þróunarframleiðsluver til að búa til ýmis RNA-efni, þar með talið mRNA, handa vísindafólki sem er að þróa alls konar lyf og meðferðir byggðar á RNA. Þá ekki aðeins bóluvefir heldur líka veiru- og krabbameinslyf. Við erum mest að vinna með fólki sem er í forþróun, þ.e. ekki byrjað á prófunum á fólki,“ segir Páll.

Sú vinna tengist starfi hans með fylkisstjórninni í New South Wales-fylki (NSW), fjölmennasta fylki Ástralíu með átta milljónum íbúa og Sydney sem fylkishöfuðborg. „Ég byrjaði að vinna með NSW-stjórnvöldum að þessu 2019 en síðan fór þetta í yfirgír 2021. Stjórnvöld hér í NSW eru núna búin að leggja yfir 20 milljarða í þau plön sem komu út úr þessari vinnu sem ég byrjaði á fyrir fjórum árum. Þessar áætlanir innihalda m.a. fjárveitingu til byggingar á RNA-lyfjapróunarverksmiðju hér í Sydney, sem framleitt getur RNA-lyf í þeim gæðum sem þarf til lyfjaprófana á fólki. Og hugsanlega mun þessi verksmiðja líka framleiða lyf fyrir fyrirtæki þegar þau verða vonandi

búin að þróa lyfin til enda og koma þeim á markað,“ segir hann.

Þegar Covid-19 reið yfir heiminn var farið að ræða framleiðslu bóluvefnis í Ástralíu. Páll átti þá í samskiptum við Gladys Berejiklian, þáverandi forsætisráðherra NSW, og héldu þau sameiginlegan blaðamannafund þar sem lýst var yfir áformum um RNA-lyfjaverksmiðjuna í Sydney. „Í og með var það jú áætluin að slík verksmiðja gæti hlaupið undir bagga ef þjóðin þyrfti á bóluvefni að halda í snatri til að eiga við faraldur,“ segir Páll. Hann vakti heimsathygli þegar hann í færslu á samfélagsmiðlum útskýrði hvernig almennilegur handþvottur með sápu bryti kórónaveiruna á bak aftur.

Þróar bóluvefni gegn búfjárjúkdómum

Páll segir eitt það alskemmtilegasta fyrir sveitamanninn sig, í allri þessari RNA-vinnu, vera að síðla árs 2021 hafi hann kynnst forstöðumanni Elizabeth Macarthur Agriculture Institute (EMAI), Jim Rothwell, en EAMI er stærsta rannsóknarstöð landbúnaðarráðuneytis NSW-fylkis (Department of Primary Industries). „EAMI er með yfir 200 vísindamenn í vinnu og mikil áhersla er lögð á smitsjúkdóma í búfé og varnir gegn því,“ segir Páll og heldur áfram: „Þau eru meðal annars með fullkomna 3-stígs veiritilraunastofu. Jim og samstarfsfólk hans á EAMI hafði samband við mig því þau voru þá byrjuð að þróa nokkur mRNA-bóluvefni gegn búfjárjúkdómum í samvinnu við vísindafólk í Kanadíska matvælaeftirlitinu (Canadian Food Agency) í Winnipeg og síðan RNA-líftæknifyrirtækið Tiba í Boston.

Í upphafi snýst vinnan um þrjú sjúkdóma: bitlaveiki (border disease) í sauðfé sem er landlægur hér í Ástralíu og veldur lambaláti, húðþrimlaveiki (lumpy skin disease) í nautgripum sem er enn ekki hér en ein mesta hættan fyrir Ástralíu þar sem þessi sjúkdómur berst nú hratt frá Suðaustur-Asíu í gegnum Indónesíu-eyjaklasann og stefnir hingað. Og síðan er það gin- og klaufaveiki (foot and mouth disease) sem leggst helst á nautgripi eins og frægt var í Bretlandi fyrir nokkru en getur líka valdið usla í öðru búfé. Ástralía er enn laus við gin- og klaufaveiki og þó að til sé



Páll Þórðarson á ferðalagi í Townville í Norður-Queensland í Ástralíu. Magnetic Island í bakgrunni. Mynd / Aðsenv

Hvað er RNA?

RNA er kjarnasýra sem er afar mikilvæg fyrir allar lífverur líkt og erfðaeefni DNA, en RNA er hins vegar túlkandi erfðaboða og m.a. ómissandi fyrir starfsemi gena. RNA er einnig erfðaeefni vissra veira.

mRNA (messenger RNA) kemur skilaboðum um myndun amínósýra frá DNA til ríbósóm sem eru n.k. prótínverksmiðjur frumna.

Heimild: Vísindavefurinn.



Páll kemur að þróun bóluvefnis gegn bitlaveiki í sauðfé sem er landlæg í Ástralíu, húðþrimlaveiki í nautgripum og gin- og klaufaveiki. Mynd / Pixabay

bóluvefni við gin- og klaufaveiki telur rannsóknarteymið á EAMI að hægt sé að búa til mun betra bóluvefni gegn því með mRNA og verja þannig landið betur gegn þessum vágæsti,“ segir Páll.

Úr þessu varð 350 milljóna króna samningur og mun UNSW RNA Institute sjá, að minnsta kosti til að byrja með, um framleiðslu á mRNA-bóluvefnum fyrir þessum búfjárjúkdómum. „Það er skemmtilegt frá því að segja að fyrstu tilraunir Jims og samstarfsfólks hans lofa góðu – fyrstu ærnar í tilraunum á bitlaveikisbóluvefninu sýna bæði mjög góða mótstöðu og mótefnaframleiðslu eftir að þær voru fyrst bólusettar og síðan smitaðar með bitlaveikiveirunni,“ segir Páll, spenntur fyrir verkefninu.

Munaði minnstu að hann yrði bóndi

Þetta er ekki það eina sem Páll starfar að. Hann segir raunar það mikilvægasta vera að ala ásamt eiginkonu sinni upp tvö börn sem brátt verði unglingar. Litlu munaði að hann yrði bóndi í Vopnafirði. „Ég man enn að ég var að moka heima hjá mér um vetur eftir að klára menntaskólann og undi bara frekar vel við mitt. Fórsvo að hugsa: ja, ég er víst góður námsmaður og ég mun líklega sjá eftir því ef ég prófa ekki að fara í háskólann og þá helst í vísindin. En ég var ekki viss hvort það myndi ganga upp og var alltaf tilbúinn að fara aftur í sveitina ef svo færi. En svo bara gekk þetta einhvern veginn upp og ég fékk vísindabakteríuna!“

Hann hefur vitjað heimahaganna á 3-5 ára fresti síðastliðinn rúma áratug og að þessu sinni til að sækja efnafraeðiverðlaunina. Hana sækja um 500 manns frá 37 löndum úr öllum heimsálfum.

Hugmyndin um alþjóðlega ráðstefnu efnafraeðinga á Íslandi kviknaði einhvern tíma upp úr 2015. Ráðstefnan er á einu sviði efnafraeðinnar og kallast á ensku „International Symposia on Macrocyclic and Supramolecular Chemistry“ (ISMSC) og var síðast haldin í Quebeq í Kanada. Páll segir ráðstefnuna á Íslandi ekki einvörðungu sína hugmynd heldur hafi fleiri lagst á árar. „Síðan hafði Krishna Damaduran, prófessor í Háskóla Íslands, samband við mig því við vinnum á sama sérsviði efnafraeðinnar. Krishna vildi koma í námsleyfi til mín í Sydney og það varð úr. Okkar samvinna hefur gengið mjög vel. En ég minnst líka á þessa hugmynd við Krishna og á sama tíma við Þorfinn Gunnlaugsson við University College í Dublin. Þorfinnur er upp að einhverju marki þekktur sem „hinn Íslendingurinn“ í mínu sérfagi.“ Þessi þrjú munu annast fundarstjórnina í sameiningu.

ISMSC-ráðstefnan fjallar um stórhringja- og millisameindaefnafræði (macrocyclic and supramolecular chemistry). „Þetta er í raun sú undirgrein efnafraeðinnar sem snýr að skilningi á því hvernig efnasambönd virka hvert á annað í gegnum veik efnatengi (weak reversible molecular interactions),“ útskýrir Páll. „Svleiðis veik efnatengi skipta mjög miklu máli á ýmsum sviðum, t.d. við hönnun á betri efnafraeðingum/mælitatekjum, ýmsum nýstárlegum nanóefnum en ekki síst fyrir skilning okkar á líffefnum og líffræðilegum ferlum. Nanótæknin á margt að þakka þessum fræðum og meðal fyrirlesara á ráðstefnunni er Nóbelsverðlaunahafinn Sir Fraser Stoddart. Hann vann efnafraeðiverðlaunina 2016 fyrir uppgötvun sína á efnafraeðivélum (molecular machines) en hönnun hans byggir einmitt á

grundvallarlögmálum í stórhringja- og millisameindaefnafræði.“ Páll segist hafa miklar mætur á Fraser enda séu þeir búnir að þekkja í tvo áratugi. „Hann segir líka ávallt frá því með stolti í fyrirlestur sínum að hann hafi fæðst á bóndabýli nálægt Edinborg í Skotlandi, þar sem ekkert rafmagn var fyrir en hann varð 7 ára. Hann segist hafa lært margt á býli foreldra sinna sem hafi gert hann að þeirri stjörnu sem hann er núna í vísindaheiminum,“ segir Páll og vísar að þeir Fraser Stoddart eiga þá sitthvað sameiginlegt.

Lykillinn að betri skilningi á miðtaugakerfinu og heilanum

Páll segist mjög spenntur fyrir því að fylgja eftir því nýjasta í RNA-vísindunum sem snúist um að skilja hlutverk ókóðaðs RNA (non-coding RNA). „Stór hluti af DNA-erfðaefninu okkar umskrifast nefnilega ekki í mRNA sem síðan býr til eggjahvítuefni, heldur eru þessi ókóðuðu RNA með alls konar önnur hlutverk í frumunni og lífinu þar með. Fólk hélt einu sinni að þetta RNA væri bara drasl (junk RNA) en það er rangt. Það er greinilegt að þessi RNA-efni skipta miklu í frumbyggingu, vörnum frumunnar gegn áreiti, erfðaefnisstjórnun og hugsanlega þróun vefja.

Sumir ganga svo langt að segja að RNA-efni séu lykillinn að betri skilningi á miðtaugakerfinu og heilanum og margt bendir líka til að misstjórnun á þessum efnum sé hugsanlega grunnrót ýmissa taugahrönnunarsjúkdóma eins og Parkinson og Alzheimer. Líffræðingar segja mér líka að þessi ókóðuðu RNA skipti miklu í vexti plantna og húsdýra. Þannig að þessi nýju vísindi eru líkleg til að valda mikilli umbreytingu í bæði landbúnaði og læknisfræðum. /sá

Vetrarsól er umboðsaðili



Sláttuvél
& sláttuorfi

STIGA
Gulltryggð gæði



Sláttutraktorar

40 ár
á Íslandi



Snjóblásarar

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

VETRARSÓL



STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Eitt mesta úrval landsins af legsteinum
Grafskrift og uppsetning innifalin
á Norðurlandi og
höfuðborgarsvæðinu
eða frí sending um allt land
Allar upplýsingar á heimasíðu okkar



Sett eins og á ljósmynd 663.000



465.000



695.000



280.000



385.000



580.000



595.000



210.000



440.000




165.000



190.000



385.000



410.000



VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR ÚR GRANÍT

Hægt að grafa skrift
í bak og sessu
130 cm breiðir
ca 140 kg
3 litir

249.000

FRÉTTIR



Stjórn NOVA, fulltrúar stjórnsýslu og nemenda frá samstarfsskólunum áttu tveggja daga vel heppnaðan fund á Hvanneyri á dögunum. Mynd / Aðsend

Leiða norrænt háskólasamstarf

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur tekið við formennsku NOVA University Network til næstu þriggja ára.

NOVA University Network er samstarf norrænna háskóla á sviði landbúnaðar, dýralækninga, skógræði og skyldra greina með áherslu á sameiginleg námskeið fyrir doktorsnema. Sjö norrænir háskólar standa að samstarfinu, en það eru LbhÍ, Lífvísindaháskólinn í Noregi (NMBU), Háskólinn í Helsinki, Háskólinn í Austur-Finnlandi (UEF), Kaupmannahafnarháskóli, Háskólinn í Árósum og Landbúnaðarháskólanum í Svíþjóð (SLU). LbhÍ tekur nú við formennsku af þeim síðastnefnda að því er fram kemur í tilkynningu frá skólunum.

Þar segir enn fremur að stjórn NOVA, fulltrúar stjórnsýslu og nemenda frá samstarfsskólunum hafi átt tveggja daga vel heppnaðan fund á Hvanneyri. „Á fundinum tóku Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, og Christian Schultze rannsókn- og alþjóðafulltrúi formlega við keflinu af Ylva Hilbur og Geir Loe frá SLU. Ylva og Geir var þakkað fyrir sitt

góða starf á undanförunum árum, en NOVA samstarfið hefur styrkt mjög undir þeirra stjórn.

Farið var yfir stefnu NOVA og áherslur til næstu ára. Áfram verður lögð áhersla á samstarf um doktorsnámskeið og gæði námsins, fjölgun námskeiða og að námskeiðin séu auglýst með góðum fyrirvara. Þá var einnig rætt um matskerfið sem notað er til að fylgjast með gæðum NOVA námskeiða og hvernig megi bæta það enn frekar með aðstoð nemenda. Nemendur samstarfsháskólanna eru virkir þátttakendur í NOVA og fer Anna Mariager, doktorsnemi við Landbúnaðarháskóla Íslands, fyrir nemendahópi NOVA.“

NOVA var stofnað árið 1995. Aðildarháskólarnir vinna á sviði landbúnaðar, dýravísinda, skógræktar, dýralækninga, matvæla, umhverfsvísinda, fiskeldis og skyldra lífvísindagreina. Háskólarnir eiga það sameiginlegt að stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, þróun í matvælaframleiðslu, heilsu- og velferðarvernd manna og dýra og að efla getu til nýtingar lands, vatns, plantna og dýra samkvæmt sjálfbærum meginreglum. /ghp

Samgönguáætlun í samráðsgátt:

Áætla 909 milljarða til samgangna á 15 árum

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra kynnti á dögunum tillögu að samgönguáætlun til árunna 2024–2038.

Þar er lögð áhersla á að auka öryggi í samgöngum, fjárfestingu í flugvöllum og forgangsroðun jarðganga. Hægt er að senda inn umsögn eða ábendingar til og með 31. júlí. Mælt verður fyrir samgönguáætlun á Alþingi næsta haust.

Í áætluninni er lagt til að 80 kílómetrar af stofnvegum verði breikkaðir og akstursstefnur aðskildar. Á Hringvegnum verði uppbygging um Suðurfirði og Lagarfljót, um Lón og við Skaftafell. Enn fremur skuli hefjast uppbygging á Skógarstrandavegi, Vestfjarðavegi, Vatnsnesvegi, Norðausturvegi um Brekknaheiði og Skjálfafljót og á Bárðardalsvegi.

Fyrir árið 2038 verði lagt bundið slitlag á 619 kílómetra af vegum sem í dag eru malarvegir. Á þjóðvegum landsins er 651 einbreið brú og mun þeim fækka um 79, gangi áætlunin eftir. Þar af er stefnt á að allar einbreiðar brýr á Hringvegnum verði orðnar tvöfaldar í lok tímabilsins, en þær eru 29 í dag. 68 milljörðum króna verður varið til viðhalds vega á tímabilinu 2024–2028. Í áætluninni kemur fram að Vegagerðin áætli um uppsöfnuð viðhaldsþörf á þjóðvegakerfinu sé á bilinu sjötíu til áttatíu milljarðar kr.

Allt að 14 jarðgöng

Í áætluninni kemur fram tillaga að forgangsroðun tíu jarðganga til næstu 30 ára, sem má sjá á meðfylgjandi töflu. Jafnframt muni eftirfarandi fjórir kostir vera teknir til síðari skoðunar: Reynisfjall; Lónsheiði; Hellsheiði eystri; ásamt Berufjarðargöngum og Breiddalsheiðargöngum.

Stefnt verði að lagningu bundins slitlags á Kjalvegi, frá Gullfossi að Kerlingarfjallavegi.

Jafnframt verði unnið að greiningu á kostum varðandi þróun samgöngukerfisins á miðhálandinu, með tilliti til hvaða vegir þjóna samgöngum og hverjir séu mikilvægir fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu. Í áætluninni er lögð til áframhaldandi uppbygging á



Mynd / Job Savelsberg

Tillaga að forgangsroðun jarðganga

1.	Fjarðarheiðargöng
2.	Siglufjarðarskarðsgöng
3.	Tvöföldun Hvalfjarðarganga
4.	Göng milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur
5.	Göng milli Ísafjarðar og Súðavíkur
6.	Breikkun Breiddadalsleggs Vestfjarðarganga
7.	Seyðisfjarðar- og Mjóafjarðargöng
8.	Miklidalur og Hálfán
9.	Klettsháls
10.	Öxnadalshéiði

göngu-, hjólreiða- og reiðstígum. Hvað síðastnefnda atriðið varðar, skulu reiðvegir fá hundrað milljón króna framlag árlega. Jafnframt er lagt til að sextíu milljónum króna verði varið í viðhald girðinga meðfram vegum á ári hverju.

Meðalhraðaefirliti verði komið upp á þremur köflum: Í Hvalfjarðargöngum, Dýrafjarðargöngum og á Hringvegi í grennd við Kúðafljót.

Unnið verði að endurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkisins af ökutækjum, í ljósi þess að tekjur hafa dregist saman vegna orkuskipta. Í áætluninni er gert ráð fyrir að innheimta veggjalda muni standa undir fjármögnun nokkurra framkvæmda, að hluta eða í heild.

Þar má nefna nýjan veg yfir Hornafjarðarfljót, nýja brú yfir Ölfusá og jarðgöng samkvæmt jarðgangaaætlun.

Aukin framlög til flugvalla

Varaflugvellir á Akureyri, Egilsstöðum og Reykjavík verði styrktir.

Á Egilsstöðum verði uppbygging á flughlaði og akbraut. Á Akureyri verði flugstöðin stækkuð og stefnt er að byggingu nýrrar flugstöðvar á Reykjavíkflugvelli, á sama reit og núverandi flugstöð.

Framlög til viðhalds flugvalla muni aukast ásamt því sem innleitt verði nýtt varaflugvallagjald. Hvergi er minnst á framlög til endurbóta vegna slitlagsskemmda á Þingeyrarflugvelli.

Hafnir og Sundabraut

Alls á að verja 7,7 milljörðum kr. til uppbygginga hafna fyrir árið 2028. Þar má nefna framkvæmdir í Njarðvík, á Sauðárkróki, í Þorlákshöfn og á Ísafirði. Lagt er til að umhverfissvænni orkugjafar verði notaðir til að knýja ferjur ríkisins.

Stefnt skuli að því að framkvæmdir við Sundabraut hefjist árið 2026 og opnað verði fyrir umferð árið 2031. Framkvæmdir brautarinnar verði fjármagnaðar í samvinnu ríkis og einkaaðila. /ÁL

RÍKISKAUP

Borgartúni 26, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.ríkiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is



AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:



BREKKUR 3, MÝRDALSHREPPI

Eignin verður sýnd laugardaginn 1. júlí, milli kl. 13:00 – 16:00.

Jörðin er á góðum stað, staðsett á milli Péturseyjar og Vík í Mýrdal. Mikil nálægð við náttúruna, Dyrhólaey, Reynisfjöru og Þjóðveg 1. Frábært tækifæri til uppbyggingar á ferðaþjónustu.

Heildarstærð jarðarinnar er 86,1 ha. en ræktað land er 42,6 ha., auk þess er 39 ha. land í sameign með tveimur öðrum bæjum.

Nánari upplýsingar um eignina má finna á heimasíðu Ríkiskaupa: www.ríkiskaup.is/is/utbod-kaup-og-sala

Verð: 52,0 mkr

Bekkir umhverfis Mývatn

Félag eldri Mývetninga hyggst setja upp bekkir á fyrirhuguðum göngu- og hjólastíg umhverfis Mývatn en húið er að leggja um 5 km af honum nú þegar.

Hjóla- og gönguleiðin, alls um 36 km löng, á að gera fólki sem velur þann ferðamáta kleift að fara umhverfis vatnið með öruggum hætti en oft og tíðum eru malarvegirnir þröngir og taka illa við mikilli umferð akandi, hjólandi og gangandi. Bekkirnir sem Félag eldri Mývetninga safnar nú fé til að kaupa eru framleiddir hjá Steinsmiðju Akureyrar og er markmiðið að fyrirtæki og einstaklingar kaupir bekkir sem verða þá merktir viðkomandi og þeir settir með reglulegu millibili umhverfis vatnið. Tólf bekkir hafa þegar verið pantaðir og verið að komja þeim fyrstu fyrir þessa dagana. Ásdís Illugadóttir í Reykjavík heldur utan um verkefnið fyrir hönd félagsins og segist ánægð



Hér má sjá sýnishorn af þeim bekkjum sem á að setja niður við Mývatn á næstu dögum. Þeir eru frá Steinsmiðju Akureyrar. Mynd / Steinsmiðja Akureyrar

með viðbrögðin. Hún upplýsir að þegar sé húið að ganga frá um 5 km af stígunum með bundnu slitlagi, frá Reykjavík að Geiteyjarströnd og undirbyggja næstu 10 km langleiðina að Skútustöðum. Vegagerðin greiði 80% kostnaðar við stíginn en sveitarfélagið Þingeyjarsveit 20%.

„Við í Félagi eldri Mývetninga

hófum átakið með því að gefa tvo bekkir á stíginn,“ segir Ásdís. „Við skrifuðum m.a. fyrirtækjum í Mývatnssveit beiðni um að styrkja verkefnið.“ Hún segir um langtímaverkefni að ræða og fleiri bekkir vanti til að setja á þá 15 km af stígunum sem séu þegar í auglýsingu og svo áfram allan hringinn. /sá



sláttuvélar til afgreiðslu fljótt!



EasyCut F320 M upphengd

Miðjuhengd framsláttuvél.

Vinnslubreidd 3.16 m.

2.599.000 + vsk.

Framsláttuvélar
til afgreiðslu
STRAX!

Miðjuhengdar
sláttuvélar
til afgreiðslu
í júlí!

EasyCut R miðjuhengdar

Vinælustu Krone sláttuvélarnar.

Vinnslubreidd 3.16 m - 2.299.000 + vsk.

Vinnslubreidd 4.04 m - 2.699.000 + vsk.



Fjór hjól til afgreiðslu strax!



Næst mest seldu hjólin í sínum flokki á síðasta ári!

Enda virkilega vel útbúin 570 cc. hjól sem hafa komið einstaklega vel út á Íslandi.

Sem dæmi um staðalbúnað má nefna rafmagnsstýri, spil, dráttarkúlu, mismunadriif bæði að framan og aftan með rafmagnsdriflæsingum, 14" beadlock felgur, 26" dekk og handahlífar.

Grunnverð aðeins
1.899.000 m/vsk.
dráttarvélaskráning

Sumartilboðspaki: Farangursbox og 10 l. bensínbrúsi að aftan,
farangursbox að framan og aksturstölva - **1.999.000 m/vsk.**

**Þú finnur allt um Segway
fjór hjól og buggybíla á hesja.is**



HESJA

hesja.is | hesja@hesja.is | Kópavogur: 546-0415 | Akureyri: 415-6415

NYTJAR HAFSINS

Arthur Bogason
arthur@smabatar.is



Þeir sem haft hafa fyrir því að lesa pistlana sem ég hef ritað í Bændablaðið hafa án vafa orðið þess áskynja að ég hef flest á hornum mér varðandi kvótakerfið, ráðgjöf Hafró og fleira varðandi stefnu stjórnvalda í sjávarútvegsmálum.

Það væri lítið mál í þetta skipti að skeyta skapi sínu á nýjustu tíðindum frá Hafró. Stofnunin leggur til rúmlega 1,2% aukningu í þorski. Hjálpi mér allir heilagir! Þvílík nákvæmni sem vísindin hafa náð!

Nú er genginn í garð tími sumarfría og því ætla ég að láta af hinu hefðbundna háttalagi og fjalla um allt annað þó mér takist nú örugglega að koma einhverju tuði að um fiskveiðistjórnunina. Engu að síður tengist þetta veiðiskap og er eflaust „heitasta kartaflan“ hvað varðar stangaveiðar.

Það er stutt síðan að „Veiða/Sleppa“ (V/S) var tekið upp á Íslandi, fyrst og fremst við stangaveiðar á laxi og í vaxandi mæli á silungi.

Því fer þó fjarri að V/S sé nýtt af nálíni. Til eru heimildir sem greina frá því að á annað hundráð ár eru síðan farið var að beita þessari aðferð í Bretlandi í tilfellum vatnafiska þegar svo virtist sem þeir ættu á brattann að sækja. Telja verður líklegt að veiðimenn hafi, löngu fyrir þann tíma, talið sér til hagsbóta að drepa ekki allt sem þeir klöfestu.

Það er með ólíkindum hversu öfgakennð umræðan hérlendis hefur verið. Annars vegar eru þeir sem fordæma athéfið og kalla þá sem sleppa fiski að lokinni viðureign öllum blótsyrðum sem fyrirfinnast í íslensku orðasafni og hins vegar þeir sem telja það nánast villimennsku að drepa einn einasta fisk veiddan á stöng.

Þeir sem fordæma V/S eru þá væntanlega þeirrar skoðunar að allir fiskar sem menn hafa hendur á skuli drepnir og það valdi minni röskun á lífshlaupi fiskanna en að drepa þá.

Hinn hópurinn sem grætur hvern drepinn fisk, er að mínu mati ekki hótinu skárrí. Það eru þessar öfgar sem ég þoli ekki. Allt í hófi best.

Eitt af því sem haldið hefur verið fram er að um hreint og klárt dýranið sé að ræða þegar fiski er sleppt – þeir séu sárþjáðir, sjokkeraðir og



Er hegðan fiskveiðimanna, sem sleppa hluta af því sem þeir veiða, eitthvað frábrugðin hegðan bændanna?

Mynd / Jörundur Guðmundsson.

upp til hópa dauðvona eftir að hafa glapst á öngul og barist um. Sem fiskimaður í hartnær hálfa öld, bæði sem atvinnumaður til sjós og „sport“veiðimaður til lands gef ég nákvæmlega ekkert fyrir þennan málf lutning. Hann er byggður á yfirgripsmáli vanþekkingu.

Í tilefni allra fullyrðinga þess eðlis að ekkert bíði slepptra fiska annað en dauðinn vil ég taka til tvö dæmi.

1. Árið 2008 tók Kristinn Ólafur Kristinsson að sér það verkefni í samvinnu við bændur við Laxá í Aðaldal og Orra Vigfússon (báðir fallnir frá) að festa senditæki í bak 60 hrygna fyrir neðan Æðarfossa. Senditækin gerðu Kristni kleift að fylgjast með ferðum þeirra fram í veturinn. Aðeins ein þessara hrygna drapst, sú fyrsta sem var merkt og Kristinn áttaði sig strax á því hvað fór úrskeiðis. Allar hinar lifðu og hrygndu um haustið.

2. Í Sandá í Þistilfirði fór af stað verkefni sama ár sem fólst í því að safna lögum í kistur fyrir neðan Sandárfoss, sem er ólaxgengur, tæpa

10 km frá sjó. Fyrir ofan foss er u.þ.b. 20 km búsvæði þar sem urriðar á stangli ráða ríkjum. Á árabílinu 2008–2020 var 302 lögum safnað í þar til gerðar kistur fyrir neðan fossinn og fluttir á svæðið fyrir ofan. Aðeins einn lax drapst í kistu, sá eini sem var með maðköngul í kokinu.

V/S er stundað í fiskveiðum úti um allan heim. Þeir sem hafa fylgst með sjónvarpsþáttum á National Geographic á borð við „Deadliest Catch“ og „Wicked Tuna“ sjá veiðimennina henda hluta aflans í hafið í nafni þess að veiða betur síðar. Af sjónvarpsþáttunum að dæma er ekki að sjá að þeir líti á þetta sem tækifæri til að fá útrás fyrir annarlegar hvarir til að niðast á fiskum né kröbbum.

Reyndar er það svo að flestar ef ekki allar veiðar á skelfiski í heiminum eru háðar stærðartakmörkum. Hringinn í kringum hnöttinn er að finna reglur sem skylda veiðimenn til að sleppa fiskum, skeldýrum og fleiri sjávardýrum undir tilteknum stærðarviðmiðunum eða kyni.

Það er svo annað mál hvort þetta sé ætíð það skynsamlegasta í stöðunni. Í því sambandi bendi ég á grjótharða stefnu Hafró til áratuga (allt frá „Svörtu skýrslunni“ 1972) að vernda beri smáfisk með öllum ráðum svo veiða megi þá stóra nokkrum árum síðar.

Það vantar ekkert upp á að í áratugi hefur skyndilökunum verið beitt, hólfum lokað og veiðarfærum breytt með reglugerðum. Árangurinn

er glæsilegur! Við erum að veiða mun minna af þorski í dag en í upphafi kvótakerfisins árið 1984.

Hin stóra spurningin varðandi V/S er siðferðileg.

Hvers konar hegðun veiðimanna er það eiginlega að draga fisk á land og sleppa honum?

Er ekki markmiðið með veiðum að skaffa í matinn, drepa og draga björg í bú? Vissulega og í fiskveiðum heimsins er það höfuðreglan.

Mér er í fersku minni hversu ókvæða ég brást við þegar ég fyrst heyrði af þessu V/S „kjaftæði“. Þvílíkt óeðli! Til hvers að veiða fisk og sleppa honum!? Ég gætti þess reyndar ekki að líta sjálfum mér nær.

Ég veiddi minn fyrsta lax árið 1976 og hef frá þeim tíma veitt rúma 1.000 laxa. Svo vildi til árið 1980 að ég veiddi vel á Staðartorfunni í Laxá í Aðaldal og lét Kristján heitinn, bónda á Hólmavaði vita af því. Ástæðan var sú að ég hafði frétt að illa gengi að ná í klakfisk fyrir Norðurlax, seiðaeidisstöðina við Laxamýri. Úr varð innileg vinátta og til margra ára skaffaði ég fiska í þetta verkefni bænda. Ég komst jafnframt að því að ég hafði mun meiri ánægju af því að vita af fiskunum sem ég veiddi lifandi en ekki í plastpoka í frystikistunni.

Ég hef áratuga reynslu af því að eiga fleiri laxa í frystikistunni að vori en ég hef not fyrir. Hvort er siðlegra? Að safna meiru en maður nýtir eða sleppa hluta aflans?

Sú hæfni mannsins að safna upp reynslu og þekkingu forveranna leiddi til hjarðbúskapar. Þetta er ein stórtækasta umbreytingin í framvindu mannkynssögunnar.

Í stað þess að einstaka veiðimenn færu út á mörkina í leit að bráð áttuðu forfeður okkar sig á því að hægt var að brjóta vilja tiltekinna dýrategunda til undirgefni. Svín, geitur og sauðfé lágu beinast við og fjölmargar dýrategundir fylgdu í kjölfarið.

Fiskimenn nútímans eru í raun að fylgja sama mynstrinu. Þeir eru að færast á stig bóndans, þ.e. að nýta/drepa hluta hjarðarinnar en láta hinn hluta hennar lifa til uppskeru morgundagsins.

Dæmið sem Íslendingum er nærtækast er sauðfjárbúskapur. Bændur reka fé síðla hausts til byggða og færa lömbin frá til slátrunar. Þeir „veiða“ rollur og lömb á fjalli en sleppa umtalsverðum hluta „veiðinnar“ við akstur í slátruhúsið.

Eru bændur með þessari hegðan að stunda níðingshátt gagnvart skepnum? Varla. Ég þekki engan bónda sem hefur af því ánægju að færa í sundur. Það mætti frekar segja mér að þeir gleðjist fyrir hönd þeirra lamba sem fá að lifa. Er hegðan fiskveiðimanna, sem sleppa hluta af því sem þeir veiða eitthvað frábrugðin hegðan bændanna?

Arthur Bogason
Formaður Landssambands
smábátateigenda



Svansson ehf

SeaRanger og Rescue Runner
eru trúlega ein mögnuðustu björgunartæki
sem í boði eru í dag.
Getum boðið nýja báta á góðu verði.
Leitið tilboða hjá okkur.

Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími 697 4900, Netfang : sala@svansson.is

Hvalveiðar:

Deilt um réttmæti hvalveiðibanns

Mikill styr stendur um þá ákvörðun matvælaráðherra að stöðva hvalveiðar fram til ágústloka.

Ágreiningur er innan ríkisstjórnarinnar vegna málsins og stjórnsýslufræðingar telja að ríkið geti verið bótaskýlt vegna ákvörðunarinnar, auk þess sem lagastöð hennar er dregin í efa.

Tilkynnt var um veiðibannið 20. júní en veiðar áttu að hefjast daginn eftir. Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra sagði að lagagrundvöllur ákvörðunarinnar væri skýr og ekki hafi verið unnt að bregðast við á annan hátt eftir niðurstöðu fagráðs um velferð dýra um að veiðiaðferðir standist ekki lög um velferð dýra.

„Í ljósi þeirrar niðurstöðu er nauðsynlegt að fresta upphafi hvalveiðivertíðarinnar þannig að ráðrúm gefist til þess að kanna hvort unnt sé að tryggja að veiðarnar fari fram í samræmi við ákvæði laga um velferð dýra,“ segir á vef Stjórnarráðsins. Kannaðar verði mögulegar úrbætur og lagaleg skilyrði til að setja frekari takmarkanir á veiðarnar á komandi

mánuðum og leitað álits sérfræðinga og leyfishafa. Fulltrúi Bændasamtaka Íslands í fagráði um velferð dýra stendur að niðurstöðu þess en lét bóka sérálit:


„Með þeirri afstöðu eru samtökin hins vegar ekki að taka afstöðu til hvalveiða en BÍ telja mikilvægt að standa vörð um sjálfbæra nýtingu auðlinda til matvælaframleiðslu. Það álitamál sem lagt var fyrir fagráð sneri einvörðungu að því hvort hvalveiðar samrýmist lögum um velferð dýra, en fulltrúi BÍ setur þann áskilnað við málið að um hvalveiðar gildi sérlæg og því lögfræðilegt álitamál hvort að gildissvið laga um velferð dýra hafi verið ætlað að ná yfir hvali.“

Hvalur hf. var í startholunum að hefja veiðar á langreyðum á miðvikudag. Verkalýðsforystan á Akranesi og fleiri fordæma ákvörðunina, enda hafi hún afar neikvæð áhrif fyrir það fólk sem hefur atvinnu og þar með tekjur af hvalveiðunum.

Um 200 manns hafa unnið hjá Hval ehf. þegar hæst stendur, í Hvalfirði og Hafnarfirði, auk afleiddra starfa.



STEINULLAR- EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn



- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótt- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS



Aðfangaverð í landbúnaði leitar niður á við

Hagstofur og bændasamtök ýmissa landa hafa tekið upp á því að mæla breytingar í aðfangaverði landbúnaðar og nota þær mælingar til að gera grein fyrir stöðu framleiðslugreinarinnar hverju sinni og hvernig ytri aðstæður hafa áhrif á rekstrarkostnað.

Rétt eins og með aðrar verðlagsmælingar er framsetningin yfirleitt í formi vísitölu. Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, hefur verið framfarlega

í þessum greiningum en birtir niðurstöður sínar þó aðeins árlega og því nýtast þau gögn ekki alltaf vel. Svíþjóð, Írland og Slóvenía eru dæmi um þrjú ólík lönd sem hafa tekið upp á að birta aðfangavísitölu byggða á aðferðafræði Eurostat en þó birt sín gögn mánaðarlega.

Eins og fjallað hefur verið um margsinnis undanfarin misseri voru öfgakenndar hækkunar á aðfangaverði úti um allan heim í framhaldi af Úkraínustríðinu og heimsfaraldrinum. Þegar rýnt er



í mælingarnar sést skýrt að þessi ólíku lönd, sem öll eru staðsett hvort á sínum enda Evrópu, eru

á sama hagsvæði þegar kemur að landbúnaðaraðföngum. Til að mynda ná vísitölurnar þrjár lágpunkti sínum á nánast sama tíma og á það einnig við um hápunkt sinn. Leiðréttingin á verði frá þeirri skörpu hækkun sem byrjaði 2021 er þó komin mislangt hjá þeim. Í nýjustu mælingum, sem eru frá því í mars, er vísitalan í Svíþjóð búin að lækka um 9% frá sínum hæsta punkti en í Írlandi aðeins búin að lækka um 3%.

Samband aðfangaverðs og matvælavæðs er einnig sífellt til umræðu og sýna þessar tölur hvernig sambandið þar á milli hefur minnkað á undanförunum árum. Á árunum 2017 til 2020 hélst verðþróun aðfangaverðs í landbúnaði og matvælavæð nánast alveg hönd í hönd, mánuð eftir mánuð. Á árunum 2021 og 2022 jókst verðbólga í aðfangaverði umfram matvælavæð sem mánaðarlega nam 1,3% í Írlandi, 0,9% í Slóveníu og 0,8% í Svíþjóð. Nú þegar aðfangaverð eru farin að leita niður á við er áhugavert hvernig matvælavæð mun þróast á næstu tveim til þremur mánuðum.

Ekki er til aðfangavísitala fyrir íslenskan landbúnað en lögð hafa verið fram drög að þeirri vinnu. Í Verðlagsgrundvelli Kúabús, sú greining sem kemst næst því að vera aðfangavísitala íslensks landbúnaðar, var metið að breytilegur kostnaður þann 1. mars hafi verið 3% hærri en í desember árið á undan. Er það ekki í samræmi við þær breytingar sem farnar eru að sjást erlendis. Aðeins eru nokkrir dagar þar til að næsta útgáfa grundvallarins fær að líta dagsins ljós og vonandi verða betri fréttir í honum. /SFB

Markaðir

Evra
↓ €
149,1 kr.

USD
↓
136,38 kr.

Pund
↓ £
173,97 kr.

95 okt bensín
↓
308,1779 kr.

Díesel
↓
305,6494 kr.

Mjól (USD/100 pund)
↓
14,93 USD

Korn (USD/sekkur)
↑
7,06 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)
↓
23,5 EUR

Ull (AUD/100 kg)
↓
1149 AUD

Ostur (USD/pund)
↓
1,65 USD

Smjör (EUR/tonn)
↓
4825 EUR

Rafhlöðuknúin sláttuvél frá SKIL á frábæru verði

40V PWRCore40 2x2.0Ah rafhlaða,
Kolalaus mótör,
32 cm sláttubreidd,
35 lítra poki,
sláttuhæð 25-75 mm (6 stillingar)

Verð 49.569



VERKFÆRA
LAUSNIR

verkfæralausnir.is

Skútuvoði 1E - Opíð virka daga 8:00-17:00

BÍLABÚÐ BENNA LÆKKAR VEXTI!

3.9%

ÓVERÐTRYGGÐIR FASTIR VEXTIR Á VÖLDUM NOTUÐUM BÍLUM



**Chevrolet
Spark**

2016 / Bensín / Beinskiptur / 115 þ.km.
VERÐ: 750.000 KR. ¹

DÆMI:
Útborgað 476.628 kr.
Fjöldi greiðslna 24
Greiðsla á mánuði ... 13.844 kr.



**Nissan
Leaf 40kWh**

2021 / Rafmagn / Sjálfskiptur / 18 þ.km.
VERÐ: 4.490.000 KR. ²

DÆMI:
Útborgað 1.847.463 kr.
Fjöldi greiðslna 36
Greiðsla á mánuði ... 81.574 kr.



**Renault
Captur**

2019 / Dísel / Sjálfskiptur / 80 þ.km.
VERÐ: 2.590.000 KR. ³

DÆMI:
Útborgað 1.072.799 kr.
Fjöldi greiðslna 36
Greiðsla á mánuði ... 47.402 kr.



**Opel
Corsa**

2016 / Bensín / Sjálfskiptur / 115 þ.km.
VERÐ: 1.290.000 KR. ⁴

DÆMI:
Útborgað 543.450 kr.
Fjöldi greiðslna 36
Greiðsla á mánuði ... 24.021 kr.



**Nissan
Micra Tekna**

2019 / Bensín / Beinskiptur / 59 þ.km.
VERÐ: 2.490.000 KR. ⁵

DÆMI:
Útborgað 990.000 kr.
Fjöldi greiðslna 36
Greiðsla á mánuði ... 46.607 kr.



**Opel
Grandland X**

2019 / Bensín / Sjálfskiptur / 89 þ.km.
VERÐ: 3.190.000 KR. ⁶

DÆMI:
Útborgað 1.317.114 kr.
Fjöldi greiðslna 36
Greiðsla á mánuði ... 57.823 kr.



**Opel
Astra**

2016 / Bensín / Sjálfskiptur / 123 þ.km.
VERÐ: 1.790.000 KR. ⁷

DÆMI:
Útborgað 749.000 kr.
Fjöldi greiðslna 36
Greiðsla á mánuði ... 32.954 kr.



**SsangYong
Tivoli**

2018 / Dísel / Sjálfskiptur / 87 þ.km.
VERÐ: 2.590.000 KR. ⁸

DÆMI:
Útborgað 1.049.000 kr.
Fjöldi greiðslna 36
Greiðsla á mánuði ... 48.124 kr.

3,9 prósent vextir. Hámarkslán fyrir einstakling 2.000.000 kr. og fyrir hjón 4.000.000 kr. miðað við 39% innborgun. Lánstími allt að 36 mánuðir.

Árlegur hlutfallskostnaður/Heildarverð:

¹⁾ 20,8%/824.575 kr. • ²⁾ 8,6%/4.783.120 kr. • ³⁾ 10,0%/2.779.264 kr. • ⁴⁾ 13,3%/1.480.205 kr. • ⁵⁾ 8,6%/4.786.482 kr. • ⁶⁾ 9,4%/3.412.061 kr. • ⁷⁾ 11,4%/1.935.355 kr. • ⁸⁾ 9,9%/2.781.459 kr.

VIÐ LÆKKUM VEXTI!

Við leggjum okkar að mörkum fyrir heimilin og bjóðum 3.9% vexti við fjármögnun á völdum notuðum bílum í takmarkaðan



tíma og þú ferð áhyggjulaus til Tene.

Nánari upplýsingar á
notadir.benni.is

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Krókhálsi 9, Reykjavík
590 2035

**Bílabúð
Benna**

FRÉTTASKÝRING

Umhverfis- og skipulagsmál:

Smærri sveitarfélög í dauðafæri við innleiðingu blágrænna innviða

– Meiri úrkomuákefð kallar á frelsun fráveitukerfanna frá því að veita ofanvatni út í sjó

Blágrænir innviðir gætu létt á fráveitukerfum og búið til áhugavert grænt þéttbýlisumhverfi. Hugsanlega munu smærri sveitarfélög þurfa að lúta strangari reglum um fráveitur innan tíðar og því er ekki seinna vænna en að huga heildstætt að þeim framkvæmdum sem fylgja slíku regluverki. Ofanvatnslausnir munu spila þar lykilhlutverk.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Fráveitur eru skilgreindar sem öll þau mannvirki sem reist eru til meðhöndlunar, flutnings eða hreinsunar á skólpi. Kerfið flytur frárennsli frá heimilum, stofnunum, fyrirtækjum sem og ofanvatn af yfirborði og götum. Kerfið safnar því saman, hreinsar í einhverjum tilfellum, áður en því er svo hleypt út í víðtaka sem í flestum tilfellum hér á landi er sjór, en getur einnig verið vatn eða á.

Loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á veðurfar á Íslandi. Talið er að úrkoma muni aukast um að minnsta kosti 1,5% fyrir hverja gráðu sem hlýnar. Vísbendingar eru um að úrkomuákefð geti aukist enn frekar og rigningar muni verða æ algengari.

Vatn sem fellur í þéttbýli er vanalega leitt burt úr byggð í fráveiturörum. Slíkt ofanvatn, sem hefur til að mynda fallið á umferðargötu, inniheldur mengun og er m.a. talin ein algeng uppspretta örplasts. Því þéttara sem yfirborð hins manngerða svæðis er því herra hlutfall ofanvatns endar í fráveitukerfum.

Í erindi sínu á fræðslufundi um fráveitumál á Vesturlandi, sem haldinn var á Hótel Stykkishólmi þann 25. maí sl., sagði Hlöðver

Stefán Þorgeirsson, sérfræðingur vatns- og fráveitu Veitna, að víðast hvar um land séu til staðar vatnsveitur sem anna eftirspurn samfélagsins öllum stundum. Öðru máli gegnir um fráveitur og þá sérstaklega þar sem byggðir búa við svokölluð blönduð fráveitukerfi, þar sem skólp og regnvatn renna um sama lagnakerfi. Slíkt fyrirkomulag var meginreglan við uppbyggingu fráveitukerfa fram yfir miðja 20. öld og búum við því við hundruð kílómetra af slíkum lagnakerfum víða um land.

„Lagnirnar eru opnar fyrir því að taka regnvatnið inn í niðurföll og má þá segja að almættið, með sínum úrhellisrigningum, bætist í hóp þjónustuþegna. Tímabundið álag á kerfið getur verið margfalt á við þurrviðrísálag og engin leið er að hanna og byggja kerfi sem ráða við slíkt.“

Til þess að svo gæti orðið þyrftu flutningskerfi og hreinsistöðvar annaðhvort að vera tröllaukin og kostnaðarsöm mannvirki – eða að samfélagið yrði að setta sig við að losað sé óhreinsað skólp með reglulegu millibili samhliða úrkomutoppum líft og algengt er á svæðum sem búa við blandkerfi og ráðist hefur verið í uppbyggingu skólphreinsunar.

Þó hreinsistöðvar séu til staðar og þær hannaðar til að afkasta miðað við fjölda notenda, svokallaðra



Blágrænir innviðir kalla á að við leiðum regnvatnið niður í jarðveginn, eins nálægt þeim stað og það fellur. Yfirborð skal vera eins gegndræpt og kostur er. Fundnir eru farvegir og svæði á yfirborði fyrir ofanvatnið sem geta verið aðlaðandi gróðurgeirar. Vatnið rennur þá á öruggum svæðum. Þetta þýðir aukna notkun á gróðri og grænum svæðum innan lóða og í almenningsrymum. Regnvatninu er þannig beint niður af t.d. grænum húspökum í regnbeð og svelgi. Ofanvatni af götum er veitt í græna geira, regnbeð og trjábeð meðfram þeim. Þegar rigningarakefðin er mikil fer yfirfall í lautir meðan það seytlar niður í jarðveginn. Loftmynd úr Urríðaholtinu, sem sýnir leiksvæði, lóðir og stiga, gróðursæl svæði og þök, sem urðu fleiri en ella hefði orðið, vegna innleiðingar blágrænna ofanvatnslausna þar.

Mynd / Alta

persónueininga, þá gera þær sem sagt ekki ráð fyrir gífurlegu magni rigningar. Bygging og viðhald fráveitukerfa eru kostnaðarsamar aðgerðir sem sveitarfélög bera ábyrgð á. Skiljanlega óar þeim yfir hugmyndum um stórtækar fjárfestingar og framkvæmdir og

hafa hugmyndum um blágræna innviði því verið tekið fagnandi. Því þeim fylgir oftast en ekki minni kostnaður og umstang en stækkun leiðslulagna og uppsetning hreinsistöðva með öllu tilheyrandi.

Í umræðum framsögumanna á fyrrnefndum fræðslufundi kom enda

fram að smærri sveitarfélög væru núna í dauðafæri við innleiðingu blágrænna innviða, þeim til hagræðingar, fráveitukerfum til frelsunar og umhverfinu til hagsbóta.

Blágrænar lausnir

Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri ráðgjafarfyrirtækisins Alta, er manna kunnust um náttúruvænar lausnir – þar með talið blágræna innviði.

„Blágrænir innviðir eru nýjar og spennandi leiðir við að skipuleggja gróðursælli og umhverfisvænni byggð, græn bylting í raun. Það er verið að breyta því hvernig við förum með regnvatnið sem fellur í byggðina okkar, á fagmáli kallað ofanvatn. Þar sem við nýtum blágræna innviði í staðinn – stundum kallaðar blágrænar ofanvatnslausnir.“

Blágrænir innviðir nota leiðir náttúrunnar. Við leiðum regnvatnið niður í jarðveginn og nýtum það og njótum í byggðinni á öruggan hátt. Með því að gera því kleift að síga niður í jarðveginn eins nálægt þeim stað sem það fellur hugum við að öllu lífi, hvort sem er plantna, dýra eða okkar sjálfrá, auk þess sem við auðgum umhverfi okkar.

Við nýtum þjónustu vistkerfanna. Plöntur, vatn og jarðvegur draga í sig vatnið, hluti þess sígur niður í jarðveginn og grunnvatnið. Jarðvegurinn síar set og mengunarefni úr vatninu.

Þetta er „win-win“ því jarðvegur og gróður hreinsar regnvatnið, hann er ótrúlega seigur við að brjóta niður mengunarefni og hreinsa mengunina af götum og bílum, plastagnir, olíu og fleira.

Blágrænir innviðir vinna með hringrás vatnsins. Við reynum að breyta henni eins lítið og kostur er. Leyfum vatninu að leika um jarðveg og gróður sem hreinsar. Breytingin er ótrúleg og í raun einföld en leiðir til grænni og heilsusamlegri bæja,“ segir Halldóra.

Innleiðing slíkra innviða er einföld að sögn Halldóru en hún





Umsóknarfrestur er til 3. júlí 2023

Orkusjóður auglýsir til umsóknar verkefnastyrki sem ætlað er að stuðla að leit og/eða nýtingu jarðhita til almennrar húshitunar á svæðum þar sem nú er notuð raforka.


Áhersla er lögð á að styðja við verkefni sem hagnýta fyrirliggjandi rannsóknir, sem gefa vísbendingar um jarðhita og sem nýta má til hitaveitu.


Heildarupphæð úthlutunar til næstu þriggja ára er allt að 450 milljón kr.

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: gattin.os.is

Nánari upplýsingar um áherslur og reglur um úthlutun má nálgast á orkusjodur.is

orkusjodur.is





Umsóknarfrestur er til 11. júlí 2023

Orkusjóður veitir tækjakaupastyrki fyrir þungaflytningabifreiðar sem ganga að öllu leyti fyrir rafmagni eða endurnýjanlegu eldsneyti.


Styrkur er veittur eftir þyngdarflokki, allt að 1 milljón kr. fyrir hvert tonn tækja á bilinu 5–16 tonn. Fyrir tæki yfir 16 tonn er heildar stuðningur allt að 20 milljón kr.

Heildarupphæð úthlutunar að þessu sinni er allt að 400 milljón kr.

Við mat á umsóknum er horft til árangurs við að draga úr olíunotkun og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar:

orkusjodur.is



Myndin sýnir fjórar byltingar í meðferð ofanvatns. Innleiðing blágrænna innviða tryggir náttúrulega hreinsun ofanvatns með jarðvegi og gróðri, um leið og dregið er úr álagstoppum á veitukerfi. Mynd / Herborgdraws.com, Alta

Fjórar byltingar í meðferð ofanvatns

Í grein um blágræna innviði í blaði umhverfis- og byggingarfræðinema, *Upp í vindinn*, tiltekur Halldóra Hreggviðsdóttir fjórar mikilvægar byltingar sem orðið hafa varðandi meðferð ofanvatns í byggð á síðustu áratugum.

#1 Þegar skólpl og ofanvatn af götum var leitt í sameiginlega fráveitu út í næsta viðtaka. Þetta var bylting í lýðheilsu í borgum, en fylgífiskurinn var mengun í viðtökum, sjó, ám og vötnum sem væntanlega var ekki fyrir séð í upphafi og lækun grunnvatnsborðs þegar vatnið var flutt á brott.

#2 Þegar skólpl og ofanvatn var aðskilið í sérstökum lögnum. Ofanvatninu var safnað saman af tilteknum svæðum í eina útrás og það síðan leitt óhreinsað út í næsta vatnshlot eins og t.d. Elliðaárnar, en skólpið leitt annað.

#3 Þegar ekki þótti lengur ásættanlegt að veita menguðu ofanvatni með olíu, málmum og örplasti af götum beint í ár og vötn. Þá voru settjarnir settar undir útrásaropin til að hreinsa mengunarefni úr ofanvatninu, eins og dæmi er um í Elliðaárdalnum. Settjarnir þarf að hreinsa og iðulega erfitt og kostnaðarsamt að viðhalda þeim, auk þess sem þær geta skapað óþarfa hættu í umhverfinu ef ekki er vel að gætt.

#4 Innleiðing blágrænna innviða. Með þeim hverfa ofanvatnstopparnir úr regnvatnslögnunum, upprunalegu grunnvatnsborði er viðhaldið að mestu og við nýtum jarðveg og gróður til að hreinsa ofanvatnið og andrúmsloftið. Athyglisvert er að sýnt hefur verið fram á að bakteríur og sveppir í jarðvegi geta brotið niður mengunarefni í ofanvatni og skilað því hreinu út í næsta viðtaka. Hönnun blágræna innviðanna þarf að tryggja að svo verði.

segir þó mikilvægt að sveitarstjórnir móti langtímasýn í skipulags- og veitumálum og að sýnin birtist í skipulagsáætlunum.

Grundarfjörður

Í Grundarfirði hefur verið hafist handa við að umbreyta og endurnýja götur, gangsvæði, göngutengingar og almenningsrymi, þar sem kominn var tími á viðhald, endurnýjun og endurbætur. Blágrænar ofanvatnslausnir eru nýttar samhliða þessum framkvæmdum og þannig unnið í haginn hvað fráveitumálin snertir.

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, hélt erindi á fyrrnefndum fræðslufundi þar sem hún kynnti verkefni bæjarins samkvæmt stefnu aðalskipulags 2019–2039 en ráðgjafarfyrirtækið Alta aðstoðaði bæinn við skipulagsgerðina og innleiðingu.

„Mjög víða í smærri bæjarfélögum, eins og hjá okkur, er ekki búið að tengja útrásir og setja upp hreinsistöð fyrir fráveitu. Við erum með einfalt holræsakerfi, sem þýðir að bæði skólpl og regnvatn fer í sömu rásina, sömu lagnirnar. Allt sem við gerum núna, til að minnka ofanvatnið, regnvatn, sem fer í lagnirnar, það léttir á og einfaldar allt sem við þurfum að gera þegar kemur að því að vinna með skólpið og hreinsun þess í framtíðinni,“ segir Björg.

Í tilfelli Grundarfjarðarbæjar voru endurbætur á gangstéttum orðnar tímabærar og því var þeim í lófa lagt að innleiða blágrænar lausnir við hönnun þeirra. Stefnan er að koma ofanvatni niður í jörð sem næst þeim stað sem það fellur. Það er gert með því að fjölga náttúrulegum viðtökum og fjölga gegndræpum svæðum.

Með þessu er einnig verið að nýta hæfileika jarðvegs til að sía mengunarefni úr vatninu.

Í erindi sínu á fræðslufundinum sagði Björg að bærin vildi fjárfesta í grænum innviðum á yfirborði, sem hefði ýmsan aukalegan ávinning samhliða, í stað þess að þurfa í framtíðinni að stækka lagnakerfið neðanjarðar og eiga við flóknari hreinsun síðar meir.

Framkvæmdir í Grundarfirði beinast að götum, göngusvæðum og göngutengingum eða aðgengi. Götur eru almennt breiðar og því tækifæri til að nýta göturýmið vel, breikka göngusvæði og fleira. Nú er í vinnslu að bæta við gróðursvæðum sem taka við regnvatni á tveimur breiðum aðalgötum bæjarins. Geti slík græn svæði þjónað sem svelgir sem taka við regnvatni og léttu þar með á holræsakerfum bæjarins.

Smærri og stærri birtingarmyndir


Fleiri dæmi eru um innleiðingu blágrænna innviða hér á landi.

Nýlegt hverfi Urriðaholts í Garðabæ er hannað og skipulagt með vistvænum áherslum, þar sem hugað er að flæði vatnsins niður hverfið með slíkum lausnum til verndar Urriðavatni, því vitað er að vatnsborð myndi lækka til muna ef vatninu hefði verið veitt úr hverfinu með fráveitu. Urriðaholt er fyrsta umhverfisvottaða hverfi Íslands.

Smærri framkvæmdir eru líka mögulegar. Við Óðingsgötu og Týsgötu í Reykjavík hafa verið sett gróðurbeð kringum niðurföll sem grípa úrkomu og tempra afrennsli þess niður í fráveitukerfið. Einnig þjóna grænhúspök tilgangi við að taka við úrkomu í stað þess að veita úrkomu beint í rennur. Þá er algengt að það ofanvatn sem fellur á þjóðvegi landsins rati á gegndræpan malarbratta og þannig geta blágrænar ofanvatnslausnir birst nokkuð hversdagslega í hinu manngerða umhverfi.

Tækifæri smærri byggða

Fyrir liggur endurskoðun tilskipunar um fráveitumál hjá Evrópuþinginu en Ísland hefur innleitt fyrri tilskipun um málið að mestu leyti, þó töluvert vanti enn upp á framkvæmd hennar. Í dag falla 28 sveitarfélög undir tilskipunina og þurfa þau að mæta tilteknum kröfum um fráveitu, þegar kemur að hreinsun skólps, útrásum og eftirlitsmælingar og vöktun verða að vera til staðar. Samkvæmt Stöðuskýrslu fráveitumála 2020



Blágræn ofanvatnslausn í Malmö.



Hlöðver Stefán Þorgeirsson.

sem Umhverfisstofnun gefur út á tveggja ára fresti uppfyllti aðeins eitt af þessum 28 sveitarfélögum allar kröfur.

Ef nýja tilskipunin verður samþykkt óbreytt munu fleiri sveitarfélög lúta strangari reglum um hreinleika yfirborðs- og grunnvatns og meðferð og hreinsun skólps frá þéttbýli. Bíður því lítilla sveitarfélaga kostnaðarsamar fjárfestingar, ef af verður.

Hlöðver Stefán bendir þó á að fyrirséðar áskoranir bíði minni þéttbýliskjarna felast í þeim spennandi tækifæri.

„Litlar byggðir gætu frelsað skólperfin undan ofanvatnsálaginu og búið til áhugaverðara



Grundarfjarðarbær hefur hafið innleiðingu á blágrænum ofanvatnslausnum til að minnka það í fráveitukerfum bæjarins.

Myndir / Aðsend



Framkvæmdirnar í Grundarfirði beinast að götum, göngusvæðum og almenningsrymum.



Björg Ágústsdóttir.

bæjarumhverfi um leið. Þannig yrðu gamlar fjárfestingar varðveittar, með því að fjarlægja úr fráveitukerfinu úrkomutoppa. Við erum von að vistkerfi þéttbýlis séu einsleit. En ef þú getur séð það sem jákvætt að blanda inn vistkerfum þar sem vatn



Halldóra Hreggviðsdóttir.

er til staðar þá getur bærin einnig verið að búa sér til ákveðna sérstöðu. Þá gæti jafnframt þessi stóri biti, fjárfesting í skólphreinsun, orðið viðráðanlegri því þá þarf ekki að stærðarákvarða mannvirki miðað við úrkomutoppa,“ segir Hlöðver.

Midea Varmadæla

Arctic Series

-Loft í vatn-

Nýtt útlit - tekur lítið gólfpláss
Innbyggður neystluvatnstankur
Wifi tenging - hægt að stjórna og fylgjast með úr snjalltæki

Hafðu samband við okkur og við finnum réttu dæluna fyrir þig

Frábær verð



Kaelitækni

www.kaelitaekni.is

VIÐTAL



Systurnar Kristín og María Marta Einarsdóttir með Haganeslandið í baksýn. Þeim finnst nauðsynlegt að komast norður í æðarvarpið vor hvert.

Mynd / Eyrún Jónsdóttir

Dúntekja:

Erfið en yndisleg iðja

– Undanfarin vor hafa verið æðarbændum erfið vegna ótíðar

Dúntekja er iðkuð víða um land. Hún er oft lýjandi en skapar mikil verðmæti því íslenski æðardúnninn þykir einhver sá allra best.

Systurnar Kristín og María Marta Einarsdóttir hafa farið í æðardúntekju í Haganesi um árabíl, einkum þó Kristín, sem er yngri þeirra systra. María Benediktsdóttir, amma þeirra, var frá Haganesi II sem stendur í Haganesvík í Fljóttum, fyrir opnu hafi norðanvert á Tröllaskaga. Brautarholt, Haganes I og II vinna saman við æðarvarpið. Afkomendur Maríu Benediktsdóttur annast varpið í þrjú ár af hverjum tíu en aðrir afkomendur í Haganesi II vinna hin sjö árin. Kristín fór því ung að sinna æðarvarpinu og gerir það enn af og til ásamt Maríu Mörtu.

Bændablaðið náði tali af þeim systur þar sem þær dvelja í bústað sínum, Birkilundi í Haganesvík. Þær segjast hafa gengið varpið í fyrri en þetta sumarið séu þær á staðnum sér til yndis og hvíldar. Haganes er fremur flatlent, þýft og mýrlent, liggur að sjó og er milli tveggja vatna, Hópsvatns og Miklavatns.

Æðarvarpið nær yfir stórt landsvæði. Aðspurðar um verklag við dúntekju lýsa þær systur því svo að í byrjun varps sé farið af stað miðmorguns og tekin með hamar, heftibysa, flögg og prik. Flaggprik eru þá reist við hvert hreiður, og endurnýjuð eftir þörfum frá fyrra ári, og felld aftur í síðustu göngu, en æðarvarpið er gengið í allt að fimm skipti. Í fyrstu göngu er jafnframt hreinsað upp úr gömlum hreiðrum. „Þegar kollurnar eru komnar þá göngum við svæðið og teljum hreiðrin og ef dúnn er kominn og hann farinn að brúska svolítið út fyrir hreiðrið þá byrjum við að tína dúnninn.“ segir Kristín. Þrjá til fjóra daga taki að ganga allt svæðið.

„Til að byrja með tökum við bara klípu, það sem „flöffar“ upp úr hreiðrinu.“ segi hún. „Í næstsíðustu göngu tökum við mikinn dún en skiljum botndúnninn eftir.“ „En í síðustu göngunni tökum við allt ef farið er að springa út á eggjunum og kollurnar byrjaðar að unga út. Þá reytum við gras undir þær og setjum ungana þar og eggin. Þá erum við með tvo poka, einn fyrir botndún

og annan fyrir betri dúnninn.“ hnýtir María Marta við.

Systurnar segjast aldrei ganga í roki og þaðan af síður í rigningu. „Sumar kollurnar fljúga af hreiðrunum þegar við komum og þá gæti dúnninn fokið því hann er svo léttur. Og ekki göngum við heldur í rigningu því þá blotnar allt hjá þeim, greyjunum, og það viljum við ekki.“ segir María Marta.

Tímabrekk dútl

Gangan um varpið getur verið erfið. Ýmist eru það þúfur eða mýrin, sem hæglega er hægt að sökkva í upp að hnjám. „Maður er svo þreyttur þegar maður kemur heim eftir daginn að bakpokinn er bara látinn detta og maður fleygir sér flötum til að hvíla sig.“ segir María Marta og útskýrir að einnig þurfi að bera með sér talsvert af drykkjarvatni því svæðin sem gengin eru séu það víðáttumikil og hætt við vökvatapi í mikilli sól.

Notaðir eru hanskar úti í varpinu því kollurnar skíta á eggin ef þær fara af hreiðrunum. Lyktin af skitnum sé

Æðarfugl

lat. *Somateria mollissima*, sem er staðfugl á Íslandi en upprunninn frá norðurheimskautssvæðinu, hefur verið friðaður hérlendis frá árinu 1847 en er matfugl erlendis. Æðarfugl verður jafnan saman í byggðum á litlum eyjum með fram ströndum. Fuglinn er stærsta önd norðurhvels og getur orðið rúmlega tuttugu ára gamall. Yfirleitt eru 4-6 egg í hverju hreiðri og liggja kollurnar á í 25 til 26 daga og fara þá aðeins af hreiðri til að drekka. Ungar fara sólarhringsgamlir úr hreiðri og á sjó og þeir sem lifa af verða kynþroska eftir 2-3 ár. Æðarfugl getur kafað niður á 20-30 metra dýpi og notar, ólíkt öðrum andartegundum, vængina til að synda í kafi eins og svartfuglar og mörgæsir. Æðardúnn er, ólíkt dúni annarra fugla, alsettur örfínunum þráðum með fingurðum krókum sem allir krækjast saman og veldur það samloðun hans og miklu einangrunargildi. Æðardúnn er talinn einhvern besti dúnn sem fyrirfinnst.

Heimild: eider.is

svo sterk að engin sápa dugi til að ná henni burtu. Þær gera þetta með gamla laginu: smíða sér kassa með neti utan um, langan og stóran, og búa til grindur. Dúnninn er hent upp á þær og tættur til að fá loft í hann. Sé sólbjart og gola er hann hafður úti frá morgni og fram á dag, því sólarljósið sprengir skítinn úr dúnninum upp að einhverju marki, en tekinn inn fyrir kvöldið svo ekki setjist saggi í hann. Þá er hafist handa við að hreinsa hann og fjarlægðar stórar greinar og lyng, einnig fjaðrir eftir föngum. Þetta sé tímabrekk iðja og mikið dútl segja þær, þreytandi að standa og bogra og ekki fyrir alla. Auk þess kemur afar fínt ryk úr dúnninum og þótt þær hafi reynt að vinna með grímu fyrir vitunum hafi það ekki gefist vel.

Dúnninn er svo sendur áfram í fullhreinsun. „Einu sinni fórum við alltaf með dúnninn til Hafsteins út í Flatey, það var mjög skemmtilegt.“ segir Kristín og bætir við að síðast hafi þær skipt við Íslenskan æðardún ehf. í Stykkishólmi.

Vargur í véum

Kristín rifjar upp að fyrr á árum hafi þurft að standa tófuvaft meira og minna allan sólarhringinn. Ef sást til tófu var vafningalaust hringt í tófubana sveitarinnar, Jón á Þrasastöðum, sem kom þá og skaut.

Svæðið milli Hópsvatns og Miklavatns var girt fyrir fáeinum árum, með loðnunót, og hlið sett á veginn. Hefur það orðið til þess að tófuvaftir eru heldur minni. „Vandamálið hjá okkur er að kambur er milli sjávar og vatns; þar er gamli vegurinn ásamt brú yfir ósinn og tófan gæti komist yfir.“ bendir Kristín á.

„Við vorum að fréttu að það er tófa í varpinu núna.“ segir María Marta. „Þær voru tvær og tófubaninn náði annarri en missti af hinni. Ef hann nær ekki þeirri sem eftir er þá þurfa þær sem eru í varpinu núna að vakta það og kalla Þrasastaðabónða út ef til tófunnar sést.“

SUZUKI FJÓRRHJÓL

LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG!

KINGQUAD 750AXI 4X4
VERÐ KR. 2.590.000

Suzuki fjórhjól eru með power stýri og 100% driflæingu. Þau eru létt, lipur og meðfærlig. Traust, ódýr í rekstri og þægileg í notkun.

Suzuki á Íslandi
Skeifunni 17
Sími 568 5100
www.suzuki.is



Æðarungar og egg í hreiðri. Systurnar láta eggin yfirleitt vera því afföll hafa verið mikið í varpinu vegna ótíðar undanfarin vor.

Vargur er einnig í lofti og er það mávurinn og hrafinn. Þær segja afkomendur sem eigi ríffla frá Haganesi I koma að vori og skjóta þá eftir föngum. Krían er hins vegar þeirra besti vinur og ver varpið. Ef kríurnar fljúga upp í hópum og steypi sér niður til ársárs viti þær að eitthvað sé á seyði.

Kollurnar hafa karakter eins og mannfólkið að sögn systranna. Sumar séu ársargjarnar og reyni að fljúga með manneskjuna sem ætlar að fara að bauka við hreiðrið í burtu. Aðrar standi upp úr hreiðri sínu, skíti yfir eggjum með þóttasvip og gangi svo hnarreistar í burtu. Komu svo til baka þegar hreiðurplokki er lokið, lagi til og kvarti hástöfum yfir trufluninni. Enn aðrar liggja kyrrar og þá þurfi beinlínis að lyfta þeim af hreiðri, tylla þeim niður við hliðina á því og flytja þær svo til baka. Þær haldi þá áfram að liggja á eins og ekkert hafi í skorist.

Undir náttúrunni komið

Á því svæði sem tilheyrir Haganesebæjum og Brautarholti voru hreiðrin áður tólf til þrettán hundruð talsins en telja nú um átta til níu hundruð. Tvö til þrjú þúsund hreiður kallast stórt varp.

Þær taka ekkert af eggjum og segjast nískar á það, því þær hafi orðið fyrir svo miklum skakkaföllum í varpinu á undanföllum árum. „Það er einkum út af veðurfari, aðallega rigningum,“ segir Kristín. Ef snjóar þá liggja kollurnar á hreiðrunum þangað til að hausinn fer á kaf, þær geta teygst hausinn dálítið langt, en um leið og þær sjá ekki upp fyrir snjóinn þá yfirgefa þær hreiðrin og við höfum lent í því. Það var alveg skelfilegt því við þurfum að moka upp mörg hreiður.“

María Marta bætir við að í fyrra hafi verið langvarandi vætutíð. „Í síðustu göngunni var maður með tárin í augunum því ungarnir voru rétt að skríða úr eggjum, allt dautt og kollan farin vegna kulda. Það var ansi sorglegt.“ Þær segja tíðina hafa farið versnandi. „Undanfarin vor hafa verið nokkuð köld og blaut. Þetta getur því verið erfitt og mikil áskorun í sjálfa sér. En við erum undir náttúrunni komnar með hvernig þetta er,“ segir Kristín.

Þær segjast hitta sömu kollurnar ár eftir ár og Kristín telur þær flestar staðbundnar. „Á tímabili hitti ég iðulega þá sömu, hún var niðri á Sandi sem við köllum, kambinum milli sjávar og vatns, og ég lenti alltaf á henni. Hún beit í skálmína á buxunum hjá mér og reyndi að fljúga með mig í burtu. Réðist á mig. En þær bíta ekki fast, eru náttúrulega ekki með tennur, en þær geta marið mann. Ég hef fengið smá skrámur. En þá tekur maður bara um hálsinn á þeim og heldur þeim svolítið frá meðan maður er að athafna sig við hreiðrið.“ Aðspurð um tilfinningu þeirra fyrir stöðu æðarstofsins segja þær telja hann vera í lægð. „Ég hef enga sönnun fyrir því, bætir Kristín við, „en þetta er mín tilfinning. Miðað við fjöldann hjá okkur hlýtur hann að vera minni hjá öðrum líka.“

Ungviðið yndislegast

„Það besta við þetta allt saman finnst mér þegar ungarnir eru að koma út,“ svarar Kristín þegar hún er spurð um hvað henni þyki standa upp úr í dúntekjunni. „Ég tek alltaf neðan í bolinn hjá mér, bý til svona vasa og set ungana þar ofan í á meðan ég er að athafna mig og reyta. Svo set ég ungana aftur á og legg höndina yfir til að róa þá niður. Annars þarf maður að hlaupa á eftir þeim út um allt!“ Hún rifjar upp sögu af tófuvaktinni eitt árið.

„Innan varpsins er höll sem heitir Helgahaugur. Ég fór upp á hann, sem ég gerði annars mjög sjaldan, og skimaði eftir tófu því af hólum er gott útsýni. Ég sá tófu og hringdi í tófubann.“



Æðarkollan situr á eggjum sínum í um eða yfir 25 daga og fer helst ekki á nema stundarkorn til að drekka og svo ef dúntekjufólk á erindi við hana.

Hann kom og skreið til að komast í færi við hana. Tófan sá hann og stökk af stað, hljóp upp á Helgahauginn til mín og straukt við mig. Fór svo niður hinum megin á hárðaspretti og reigði sig upp til að gá hvort enn væri hættu. En þá var bara mættur annar gamall tófubani héðan úr sveitinni, sem hafði læðst að og skaut hana, greyið. Þetta var alveg ótrúlegt.“

María Marta hefur mest yndi af að vera í varpinu og innan um ungana en einnig að handfjatla dúninn. Hún hafi þó átt erfitt með hreinsunina framan af. „Ég var hér áður fyrir svo pöðuhrædd, það er náttúrulega fló á þessu,“ segir hún og hlær.

Hún muni eftir því að Kristín hafi skilið hana eftir við að velta dúninum og hreinsa hann meðan hún fór sjálf út í æðarvarpið.

„Ég gat ekki hugsað mér að koma við dúninn því ég hefði getað fengið á mig pöddu. Ég brá því á það ráð að ná mér í hrífu til verksins. Þegar Kristín kom til baka horfði hún upp á mig að kraka með hrifunni í dúninum og þótti það nú ekki góð vinnubrögð!“

Að hugsa sér – kerlan að hræra í dúni með hrífu – það var kostulegt, enda sprakk Kristín úr hlátri!“

Þær eru sammála um að það að vera úti í náttúrunni sé forréttindi og dúntekjan sé yndisleg þegar á heildina er litið. /sá

MF 5711M

Dyna 4 Essential



MASSEY FERGUSON



Af lager í júní frá
10.990.000 kr án vsk.

með MF ámoksturstækjum frá
11.990.000 kr. án vsk.

- 110 Hp 4,4 ltr AGCO 455 Nm við 1500 sn.

- Dyna 4 skipting, 4 milligírar og 4 rafgírar 16x16

- Vendigír með bremsustoppi

- VISIO glerþak aukið sjónsvið

- 98 lítra vökvadæla

- 3ja hraða aflúttak 540-540e-1000

- Mjög gott ökumannshús með fjöðrun og hljóðlát (73dB)

TIL AFHENDINGAR STRAX

Rafstýripinni
í armhvílu fyrir
gírskiptingu og
ámoksturstæki



Sumargjöf frá Massey Ferguson

MF verksmiðjurnar bjóða €4000 (u.p.b. 600þ. kr.) afslátt af öllum nýjum dráttarvélum skráðum af Búvélum í júní



MASSEY FERGUSON

Búvélur ehf, Selfossi
Sími 4800080, sala@buvelar.is
www.buvelar.is





Miðnætursólin séð frá Grimsey.

Mynd / Markaðsstofa Norðurlands

Viðburðadagatal:

- Frá og með 22. júní–6. júlí

Austurland & Austfirðir

- 22.–25. júní **Humarhátíðin á Höfn.** Þrjátíu ára afmæli hátíðarinnar í ár og því mikið um skemmtan, gleði og húllumhæ fyrir alla fjölskylduna.
24. júní **Skógardagurinn mikli.** Árleg skógarhátíð Félags skógarbænda á Austurlandi, Barra, Héraðs- og Austurlandsskóga, Skógrættarfélag Austurlands og Skógrættar ríkisins verður haldin í Mörkinni í Hallormsstaðaskógi.
- 23.–25. júní **Bakkafjörður Bakkafest, tónlist og allir hressir!**
- 23.–25. júní **Sólstöðuhátíð Kópaskers**
24. júní–1. júlí. **Gönguvikan „Á fætur í Fjarðabyggð“.** Einn stærsti útivistarviðburður ársins, fjölskylduvænar gönguferðir og afþreying
30. júní–2. júlí **Vopnfirski bæjarhátíðin Vopnaskak**

Norðurland & Norðausturland

- 23.–25. júní **Bæjarhátíðin Hofsóss heim – mikið stuð í gangi.** Til dæmis, þann 24. júní mæta Bjartmar og Bergisarnir og syngja vel þekktu smelli á borð við *Ég er ekki alkí*, *Týnda Kynslóðin*, *Fimmtán ára á föstu o.fl.*
22. júní **Sólstöðuhátíð Grimseyjar**
- 5.–9. júlí **Þjóðlagahátíðin á Siglufirði**

Reykjanes, Suðurland, Suðaustur- & Suðvesturland

- 23.–25. júní **Hvalfjarðardagar**
- 23.–25. júní **Jónsmessuhátíð Eyrarbakka**
30. júní–2. júlí **Bryggjuhátíð Stokkseyrar verður haldin**
- 3.–9. júlí **Goslokahátíð Vestmannaeyja**

Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

17. til 21. júní **Tónlistarhátíðin Við Djúpið stendur yfir á Ísafirði**
- 22.–25. júní **Danskir dagar á Jónsmessu í Stykkishólmi auk Landsmóts UMFÍ 50+**
- 23.–25. júní **Brákarhátíð, fjölskylduhátíð í Borgarnesi**
1. júlí **Skotthúfan í Stykkishólmi**
29. júní–2. júlí **Írskir dagar á Akranesi**
29. júní–2. júlí **Ólafsvíkurvaka**
29. júní–2. júlí **Fjölskylduhátíð Bildudals grænar baunir**

Auðvitað hefur eitthvað ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.



Stórfenglegt samspil ljóss og skugga.

Myndir / Markaðsstofa Norðurlands

Raufarhöfn:

Við heimskautsbaug

Norður á Melrakkasléttu, örfáum kílómetrum sunnan við heimskautsbaug, nyrst allra þéttbýlisstaða á Íslandi, situr sjávarþorpið Raufarhöfn sem telur tæpa 200 íbúa.

Raufarhöfn er einn fegursta staður landsins þar sem dagurinn er hvað stytstur að vetri og lengstur að sumarlagi. Sest sólin ekki í nokkrar vikur í kringum sólstöðurnar, 20.–22. júní enda þorpið hvað næst heimskautsbaug og birtan því dýrðleg og ekkert sem skyggir á sólrís og setur að því gefnu að himinn sé ekki það þéttur.

Sjónarspil ljóss og skugga varð til þess að Erlingur Thoroddsen, hóteltjóri bæjarins, fór að velja því fyrir sér hvernig mætti fanga þessa dýrð og jafnvel nýta í þágu ferðaþjónustu. Fyrstu vangaveltur Erlings voru hvort hægt væri að setja upp sólúr með mögnuð áhrif



miðnætursólarinnar í huga. Eftir að hafa rætt við ýmsa aðra hugsuði var niðurstaðan sú að aðstæður Melrakkasléttu gætu boðið upp á eitthvað enn þá öflugra. Samtal við listamanninn Hauk Halldórsson vatt upp á sig og þeir félagar sáu fyrir sér að hægt væri að fanga miðnætursólina í gegnum gáttir eða hlið, til að auka áhrifin af því sjónarspili sem hún er. Reisa mætti virki á borð við Stone Henge þar sem blönduð yrði fortíð við nútíð og fært yrði dvergatal Völuspár til dagsins í dag.

Var hugmyndin styrkt af Nýsköpunarsjóði árið 2003 þegar Raufarhafnarhreppur hlaut 750.000 krónur vegna verkefnisins „Heimskautsgerði, áttak í atvinnu-málum á Raufarhöfn“ undir flokknum „Áttak til atvinnusköpunar“. Þá úthlutaði Raufarhafnarhreppur landi undir gerðið og veitti aðgang að grjótnámu hreppsins endurgjaldslaut. Sumarið 2005 ákváðu heimamenn á Raufarhöfn og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga að sækja um styrkveitingu til verkefnisins frá Nýsköpunarsjóði námsmanna enda um heilmiklar framkvæmdir að ræða, bæði hvað varðaði byggingu gerðisins svo og vegafarmkvæmda sem óhjákvæmilega fylgdu með. Kom fram í umsókn um styrkveitingu lýsing á verkinu og í henni segir m.a. að: Heimskautsgerðið við Raufarhöfn skuli rísa á Melrakkaás, hæð einni rétt fyrir ofan Raufarhöfn. Um sé að ræða hring, 54 m að þvermáli, girtur með hlöðnum vegg og hliði sem opnast mót höfuðáttum. Neðra lag hleðslunnar er um 2,5 m hátt og ofan á það eru myndaðar 68 gáttir og samfelld hleðsla ofan á þeim. Með þessu móti mun hleðslan fljóta í geislum miðnætursólar og við sólrís og sólsetur á öðrum tímum ársins. Í miðju hringins verður 8-10 m há súla sem hvílir á fjórum stöplum. Bilin milli stöplanna fjögurra vísa að hliðunum

og mun miðnætursólin birtast í gegnum bilið sem snýr að norðurhliðinu. Þá er horft til jafndægra og þegar sól er lægst á lofti. Fjórar súlur eru í kringum miðjuna hver með sínu sniði. Geislasteinn, holur að innan með átta gáttum, stendur á 2 m háum stöpli og endurvarpar sólarljósi í allar áttir. Bendisteinninn er til hliðar við hann og mun gegna hlutverki sólar. Hádegissteinn er að ofan, hringlaga með u.þ.b. 70 cm. gati, sem lagt verður að innan með speglum, sem munu endurvarpa sólarljósi í vissri stöðu og hann mun einnig boða sumarkomu. Pólstjórnumsteinninn er súla, þar sem sjá má staðsetningu Pólstjórnumnar með því að horfa í gegnum gat sem stíll er með ákveðnum halla í rauf. Við hönnun þessara fjögurra steina verður haft að leiðarljósi að gera þá sérkennilega og eftirminnilega og tengja þá framleiðslu minjagripa.

Dvergatal Völuspár leikur þarna stórt hlutverk. Þeir sem eru kunnugir fornþekkingunum vita að þarna er um að ræða 72 dverga sem allir hafa hlutverk og sín séreinkenni. Hefur steinum, í þeirra stað, verið ráðað á þann hátt að hver um sig tákna fimm daga viku – áhringur dverga er myndaður sem eins konar almanak. Hægt er að tengja þá við afmælisdaga auk þess sem þeir eru hluti af tímabilum goðanna sem eru gömlu mánuðirnir. Þegar á árið er litið sést að það eru 6 dvergar sem tilheyra hverjum (gamla) mánuði og hver mánuður tilheyrir ákveðnu goði. Hliðin, Austri, Vestri, Norðri og Suðri, á milli stöplanna vísa mót höfuðáttum.

Heimskautsgerðið er mikilfenglegt á að líta en allt grjótnótad í hleðsluna kemur úr grjótnámu Raufarhafnarhrepps, stærstu steinarnir allt að 3 tonn þungir. Þarna er um að ræða leik á ljósi í bland við fornsögu- og menningarlegar hugmyndir þar sem sólarljósið skartar sínu fegursta. /SP

NY SENDING **SAVAGE ARMS** ACCUTRIGGER ACCUSTOCK

Axis XPII Sett með 3-9x Weaver sjónauka til í cal 223 og 243 **kr 116.900**

110 Apex Predator XP Sett M 4-12x44 Vortex fluted hlaup snittað F/hljóðdeyfi. Cal 223,- 6,5 creed - 308 **kr 179.900**

Markil FXP sett 22 cal M/3-9x40 Bushnell stillanlegur Gikkur **kr. 79.900**

Savage Sett cal 17 Hmr með 3-9x40 sjónauka **kr. 89.900**

Rascal Target XP 22 cal sett M/4x32 sjónauka, þungt hlaup og tvífotur **kr.89,900**

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturröst.is



Setning á Austurvelli og hátíðarsamkoma fyrsta kvenréttindadagsins 19. júní 1915, auk smámeyja með nýja íslenska fánann sem var fyrst opinberlega staðfestur með konungsúrskurði sama dag. Myndir / Tímarit.is

19. júní:

Dagur kvenréttinda

Nýverið var fagnað hátíðis- og baráttudegi kvenna á Íslandi, kvenréttindadeginum, en fyrir rúmri öld var því fyrst fagnað að konur fengju kosningarétt og kjörgengi til Alþingis, þann 19. júní árið 1915.

Baráttu kvenna fyrir jöfnum kosningarétti hafði þó staðið frá árinu 1885. Fyrsta opinbera krafan um sameiginlegan kosningarétt kynjanna var lögð fram árið 1895 og voru lög samþykkt á Alþingi árið 1911. Þau lög hlutu þó ekki náð fyrir Danakonungi fyrr en fjórum árum síðar og þá með aldurskilyrðunum „40 ára og eldri“. Áttu lögin einnig við vinnumenn, sem upp að því höfðu heldur ekki notið kosningaréttar.

Árið 1918 var þetta aldursákvæði numið úr lögum með Sambandslagasamningi Dana og Íslendinga sem kvað á um jafnrétti íslenskra og danskra ríkisborgara, jafnt kvenna sem karla.

Var kvenréttindadeginum vel fagnað þetta fyrsta sinn, þá reyndar við setningu Alþingis þann 7. júlí 1915. Segir svo í Íslensku almanaki: „Austurvöllur var skreyttur hinum nýja íslenska fána og 200 smámeyjar fóru fyrir skrudgöngu í gegnum miðbæinn. Alþingi fékk skrautritað ávarp og þingmenn hrópaðu hurra fyrir konum. Kvennakór söng á Austurvelli og Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Ingibjörg H. Bjarnason (fyrsta íslenska konan til að taka sæti á Alþingi) héldu ræður. Ingibjörg tilkynnti í ræðu sinni að næsta baráttumál kvenna muni verða stofnun Landspítala.“

Rétt er að minnast þess, eins og kemur fram á vefsíðu Kvennasögusafns, að Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856–1940) kvaddi sér hljóðs fyrst íslenskra kvenna á opinberum vettvangi og átti stærstan þátt í að hrinda af stað fyrstu bylgju kvenréttindabaráttu hérlendis er kom að lágmarksréttindum. Kosningarétti, kjörgengi og rétti til menntunar og atvinnu. Hún átti frumkvæði að stofnun Kvenréttindafélags Íslands, var formaður félagsins í tvo áratugi og átti mestan þátt í að íslenskar konur urðu hluti af alþjóðlegri kvenréttindabaráttu.

Ingibjörg H. Bjarnason (1867–1941) var fyrsta íslenska konan til að taka sæti á alþingi. Hún sat á Alþingi 1922–1930 fyrir Kvennalistann (eldri), Íhaldsflokkinn, Sjálfstæðisflokkinn. Ingibjörg starfaði sem kennari og skólastjóri Kvennaskólans í Reykjavík um árabil og var formaður Landspítalásjóðs sem stóð að byggingu Landspítalans.

Hefur kvenréttindadeginum verið fagnað árlega og samtök kvenna minnst dagsins með ýmsum hætti. Helsta baráttumál í tilefni þess dags hefur verið bygging Landspítalans sem varð að veruleika árið 1930, en annars hefur verið brýnt á ýmsum réttindamálum kvenna í gegnum tíðina. /SP



Kúskerpi
Kúskerpi ehf



Hartmann Bragi Stefánsson & Ólöf Rún Skúladóttir
Sólbakki

1. Blönduhlíð í Skagafirði.
2. Kúskerpi ehf á jarðirnar Kúskerpi, Úlfsstaði og Sólheima. Saman eru þær 1124 hektarar og ræktað land á þeim jörðum ásamt leigulandi er í kringum 150 hektarar
3. Mjólkur- og kjötframleiðsla.
4. Að muna að rúlla einn hektara á keppnisspildunni því restin fer í staðu.
5. Vallarfoxgras Snorri - 35 - 10.0 kg, Vallarfoxgras Rakel - 20 - 6.0 kg, Hávingull Revanch - 20 - 6.0 kg, Rauðsmári Yngve - 10 - 3.0 kg, Hvítmári Undrom - 10 - 3.0 kg, Vallarrýgresi Grasslands NUI - 5 - 1.0 kg
6. Já 2 tonn á hektara af Dolomit kalki frá SS.
7. Staðuverkun og almennt glens og gaman.

1. Í Víðidal, Vestur Húnavatnssýslu.
2. Jörðin er um 230 ha, þar af 65 ha í rækt og fer ört fjölgandi.
3. Mjólkurframleiðsla, fé og merar í mýflugumynd.
4. Það sem við getum ekki stjórnað, eins og veðrið. Vætutið og vindar í vor töfðu dreifingu á tilbúnum áburði og nú krossum við fingur fyrir góðri tíð við hirðingu.
5. Smáratún – SLÆGJA frá Líflandi, sem telur: Vallarfoxgras Snorri - 35 - 8.0 kg og Rakel - 20 - 5.0 kg, Hávingul Revanch - 20 - 5.0 kg, Rauðsmára Yngve - 10 - 2.0 kg, Hvítmára Undrom - 10 - 2.0 kg og Vallarrýgresi Grasslands NUI - 5 - 1.0 kg
6. Nei, ekki ennþá.
7. Blessunarlega er búskapurinn áhugamál útaf fyrir sig hjá okkur. Eitthvað týnist til annað sem þó er illa sinnt þessi árin, s.s. skotveiði hjá Hartmanni, en allar lausar stundir fara í samveru með strákunum okkar tveim, 1 árs og 4 ára.

Spurningalistinn

1. Hvar er bærinn?
2. Stærð jarðar og þar af ræktað land?
3. Gerð bús?
4. Hvað telur þú vera stærstu áskorunina í keppninni?
5. Hvert er sáðgresi keppnisspildunnar?
6. Hefur keppnisspildan verið kölluð? Ef svo er þá með hvaða kalkgjafa og hve mikið?
7. Áhugamál?

Búnaðarsamband Eyfirðinga:

Bændablaðið hlaut hvatningarverðlaun

Bændablaðið hlaut hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyfirðinga á dögunum.

Birgir Heiðmann Arason, bóndi á Gullbrekku og formaður BSE, færði starfsmönnum blaðsins handverk Beate Stormo, eldsmiðs og bónda.

Í ræðu við afhendingu verðlaunanna fór Birgir yfir ástæður þess að Bændablaðið varð fyrir valinu í ár: „Fyrir 28 árum voru nokkur umbrot í félagsmálum bænda, eins og reyndar í öll þau ár sem má rekja þá sögu að bændur hittist á fundum til að berja sér á brjóst og ígrunda með hvaða hætti sé hægt að bæta hag framleiðenda, efla framfarir og stuðla að uppbyggingu sveitanna.

En á Búnaðarþingi fyrir þessum 28 árum, sem var hið fyrsta eftir sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, barst þingfulltrúum í hendur blað í svarthvítu, þann 14. mars 1995, sem var fyrsta eintak Bændablaðsins. Fram að því höfðu verið gefin út árleg rit fyrir hverja búa, eins og t.d. Nautgriparáktin, Sauðfjárráktin og síðan Freyr sem var fagrit bænda og nánast þeir einir lásu.

En hvað varð til þess að ákvörðun var tekin um að gefa út blað á tveggja vikna fresti í dagblaðsformi? Þar er best að vitna í Jón Helgason, alþingismann og ráðherra, og þá fráfarandi formann Búnaðarfélags Íslands, „að sjálfsgöðu hinar miklu þjóðfélagsbreytingar, sem orðið hafa á síðustu árum“.

Frá því Bændasamtökin hófu útgáfu Bændablaðsins 1995 hefur blaðið dafnað og eflst mjög. Að jafnaði er það nú gefið út í 33 þúsund eintökum 23 sinnum á ári og blaðsíðufjöldinn vaxið jafnt og þétt. Lengi var það 56-64 síður en er í dag 72 blaðsíður. Því er dreift frítt með pósti á öll lögbýli landsins og liggur auk þess frammi á meira en 400 stöðum til dreifingar.



Birgir Heiðmann Arason, formaður BSE, færir Guðrúnu Huldu Pálsdóttur hvatningaverðlaunin á skrifstofu blaðsins í Borgartúni. Á innfelldu myndinni má sjá verðlaunin, pizzaskera smíðaðan af eldsmiðnum Beate Stormo. Mynd / ÖPÓ

Það er snúið að meta til fulls hvaða áhrif blaðið hefur haft á umræðu og afstöðu almennings til landbúnaðar, en ljóst er að þau eru mikil og ómetanleg, auk þess að efla skoðanaskipti og kynningu á fleiru en landbúnaði.

Ekki má gleyma vef Bændablaðsins, bbl.is, sem var hleypt af stokkunum árið 2007 og endurnýjaður eftir þörfum síðan.

Fjórir ritstjórar hafa starfað við Bændablaðið. Áskell Þórisson var sá fyrsti, þá Þróstur Haraldsson, síðan Hörður Kristjánsson og núverandi ritstjóri er Guðrún Hulda Pálsdóttir. Allir hafa ritstjórnir haldið vel á spilum og blaðið dafnað í þeirra höndum undir leiðsögn og eftirfylgni eigandans, Bændasamtaka Íslands.

Allt sem gert er byggir á sínum grunni og þar á meðal okkar góða og verðmæta blað og enginn hlutur er

betri en þeir sem að hlúa. Starfsfólk Bændablaðsins undir stjórn Guðrúnar Huldu halda vel á þessum verðmætum sem í höndum þeirra er og samkvæmt skoðanakönnunum, m.a. hjá Gallup á liðnum vetri, er Bændablaðið nú um stundir mest lesna blað landsins.

Bændablaðið hlýtur Hvatningarverðlaun BSE fyrir frábæra kynningu á mikilvægi landbúnaðar og á störfum bænda og fyrir að vera sá öflugri umræðuvettvangur sem dæmin sanna.“

Bændablaðið þakkar Búnaðarsambandi Eyfirðinga kærlega fyrir verðlaunin sem munu hvetja okkur áfram í þeirri vegferð að vera sterkur málsvari bænda og landsbyggðar. Mun þetta vera í annað sinn sem BSE færir þau aðila utan Eyjafjarðar, en í fyrra hlaut Karólína Elísabetardóttir í Hvammshlíð verðlaunin. /ghp



Mr. Iceland tekur á móti ferðafólki, sem klæðist skikkjum og verður strax hluti af sögunni. Riðið er á slóðir Gunnars og Njáls þar sem náttúran og íslenski hesturinn fá að njóta sín til fulls. Myndir / Aðsendar

Mr. Iceland heiðraður

Ferðaþjónustubóndinn og hvítlauksræktandinn Hörður Bender á Efri-Úlfstöðum í Landeyjum var á dögunum útnefndur Sproti ársins 2022 á aðalfundi Markaðsstofu Suðurlands.

„Auðvitað er jákvætt að fá viðurkenningu og gaman að fá hvatningu frá greininni. Það er gaman að ferðaiðnaðurinn taki svona vel á móti nýjum aðilum í greininni,“ segir Hörður.

Á Njáluslóðum

Starfsemi Harðar og fjölskyldu hans gengur undir nafninu Mr. Iceland. „Mr. Iceland býður upp á hestatengdar menningarferðir þar sem erlendir ferðamenn koma og fá reiðkennslu, hestaferð og íslenska máltíð í hesthúsinu. Þar sem við erum á Njáluslóð segi ég frá nágrönnum mínum, Njáli og Gunnari, og til að gera reynsluna skemmtilegri klæðum við okkur öll í skikkjur áður en við ríðum af stað. Ferðirnar hafa notið mikilla vinsælda og valdi tímaritið Vanity Fair okkur sem bestu ferðamannauplifun á Íslandi,“ segir Hörður.

Hvítlaukurinn í hagli og roki

Hörður ræktar líka hvítlauk en vorið reyndist honum erfið.

„Við erum enn í hvítlauksbaráttunni og settum niður hvítlauk í fyrrihaust sem er kominn upp núna. Vorið í ár var hins vegar ekki til að hjálpa og þegar ég stóð úti í akri og horfði á hvítlaukinn barinn niður af hagli og roki varð ég enn staðfastari í því að ef við ætlum vera betri að rækta grænmeti þá verðum við að byggja upp betri aðstæður með skjóli,“ segir Hörður hlajandi.

Gulrætur og lífræn ræktun

Það er meira en nóg að gera á Efri-Úlfstöðum við alls konar ræktun.

„Við erum að klára núna að gróðursetja sex þúsund tré í skjólbelti ásamt því að hefja okkar lífrænu ræktun á gulrótum.

Við höfum tekið frá um það bil 20 hektara af ökrum sem verða lífrænt svæði. Í ár setjum við niður í 5 hektara og hvílum hina akrana en það er svokölluð skiptiræktun,“ segir Hörður.

/mhh



Hörður nýtir lystisemdir nærumhverfisins þar sem sagan, menningin, náttúran, maturinn og hestarnir eru allt í öllu.

TUDOR rafgeymar

Stórir traustir TUDOR rafgeymar fyrir öll atvinnutæki

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • Nýtt! vefverslun: www.skorri.is

Hvað er ... Fosfór?

Fosfór er frumefni númer 15 í lotukerfinu, með efnatáknið P. Hann er nauðsynlegur öllum lífverum og eitt mikilvægasta áburðarefnið.

Fosfór er mjög hvarfgjarn og finnst ekki í náttúrunni nema í efnasambandi við önnur frumefni. Algengasta birtingamynd hans er á formi fosfats, sem er efnasamband fosfórs og súrefnis. Jafnframt er hann í öllum lífandi frumum. Við stofuhita er hreinn hvítur fosfór með vaxkennda áferð og glóir í myrki.

Fosfór var fyrst uppgötvaður af þýska gullgerðarmanninum Henning Brand árið 1669. Fosfór er þrettánda frumefnið sem var uppgötvað, en fram að uppgötvun Brand hafði ekkert nýtt frumefni verið einangrað frá fornöld. Við rannsóknir sínar eimaði hann þvag, sem inniheldur fosfór í miklu magni. Markmið hans var ekki að einangra fosfór, heldur að finna aðferð til að búa til viskustein.

Fosfór gegnir mikilvægu hlutverki í kjarnsýrum, eins og í erfðefninu DNA. Einnig er fosfór í fosfólípðum, sem er sérstök gerð fituefna sem mynda meginuppistöðu allra frumuhimna. Jafnframt er Fosfór í ATP, sem er orkumiðill fruma.

Fosfór er nauðsynlegt áburðarefni í landbúnaði, þar sem hann nýtist plöntum til orkuflutnings, uppbyggingu rötarkerfis og sprota, ljóstillifunnar, myndum fræja o.fl. Fosfór getur bundist fast í jarðvegi og verið óaðgengilegur plöntum, en á það sérstaklega við í eldfjallajarðvegi, eins og á Íslandi. Það getur leitt til fosfórsskorts í plöntum – þó efnið sé sannarlega til staðar.

Fosfórsbirgðir heimsins eru af skornum skammti, á meðan eftirspurn eykst með aukinni landbúnaðarframleiðslu. Talið er að hann gæti klárast fyrir lok 21. aldarinnar. 95 prósent þess fosfórs sem seldur er á heimsmarkaði er notaður til áburðarframleiðslu.

Stærstu námur heims er að finna í Kína, Marokkó, Bandaríkjunum og Rússlandi. Eftir að viðskiptahömlur voru settar á Rússland hafa Evrópuþjóðir þurft að flytja inn stærstan hluta síns fosfórs frá Marokkó. Stærstu fosfórnámur Evrópusambandsins eru í Finnlandi, en það land nær þó ekki inn á topp tíu listann yfir stærstu framleiðendur.

Dýr þurfa að taka upp sinn fosfór í gegnum fæðu, en hann finnst í einhverju magni í flestum mat. Meira magn fosfórs er í dýraafurðum en flestum plöntuafurðum. Líkaminn á jafnframt auðveldara með að taka upp þann fosfór sem er í dýraafurðum, samanborið við grænmeti. Fræ, hnetur og blaðgrænmeti eru meðal þeirra plöntuafurða sem innihalda fosfór í miklu magni. Það sama á við um mjólkurvörur.

Ráðlagður dagskammtur fullorðins manns er 800 millígrömm. Vegna þess hversu mikið fæst af fosfór úr fæðu er lítil hætt á að uppfylla ekki þessa þörf. Mikilvægt er að halda sama hlutfalli kalks og fosfórs, en við ofgnótt síðarnefnda efnisins er hætt við að líkaminn fórni kalki úr beinunum til að geta geymt fosfórin.

Fosfór er oft bætt í matvöru til að ná fram ákveðnum eiginleikum hvað varðar bragð eða áferð. Í gosdrykkjum er fosfórsýra notuð til að gefa súrt og frískandi bragð.

Fosfór er mjög eldfimur, og ef kviknar í honum er nær ómögulegt að slökkva eldinn. Fosfórsprengjur voru notaðar í sprengjuárásnum bandamanna á Þýskaland í seinna-stríði. /ÁL

Heimildir: Wikipedia, Visindavefurinn, Investingnews og Ólafur Gestur Arnalds.

Heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu: Jóhanna og Aðalsteinn sæmd riddarakrossinum

Tveir bændur, þau Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir og Aðalsteinn Egilsson, voru sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum þann 17. júní.

Jóhanna er geitabóndi á Háafelli í Hvítársíðu í Borgarfirði og var sæmd riddarakrossi fyrir frumkvöðlastarf í landbúnaði.

Jóhanna er nýtekin við formennsku í Beint frá býli, félags heimavinnsluáðila matvæla. Hún rekur langstærsta geitfjárbú landsins og hefur unnið gott starf á undanförmum tveimur áratugum við verndun og ræktun hins einstaka íslenska geitfjárstofns.

Aðalgeir er bóndi á Mánárbacka á Tjörnesi og var sæmdur riddarakrossi fyrir framlag til veðurathugana og minjavörslu. Á Mánárbacka byggði hann upp minjasafn sem var opnað 18. júní 1995. /smh



Hópurinn sem sæmdur var heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu þann 17. júní. Aðalsteinn er þriðji frá vinstri en Jóhanna áttunda. Mynd / Skrifstofa forseta Íslands

PRONAR Á ÍSLANDI, SÍÐAN 2011. GÆÐATÆKI Á GÓÐU VERÐI

PRONAR SLÁTTUVÉLAR

Pronar Sláttuvélar - Miðjuhengdar		Verð án vsk.
PDT300	Disksláttuvél - vbr. 3,00 m - 7 diskar	1,190,000
PDT340	Disksláttuvél - vbr. 3,40 m - 8 diskar	1,290,000
PDT300C	Disksláttuvél með knosara - vbr. 3,00 m - 7 diskar	1,590,000

Pronar Framsláttuvélar		Verð án vsk.
PDF301	Framsláttuvél - gormafjöðrun - vbr. 3,00 m - 7 diskar	1,790,000
PDF340C	Framsláttuvél með knosara - vbr. 3,40 m - 8 diskar	1,590,000

Pronar Sláttuvélaflöðrildi		Verð án vsk.
PDD830	Sláttuvélaflöðrildi - 2 x miðjuhengdar - vbr. 8,30 m - 2 x 7 diskar	2,390,000
PDD830C	Sláttuvélaflöðrildi með knosara - 2x miðjuhengdar - vbr. 8,30 m	2,990,000

PRONAR FJÖLFÆTLUR

PRONAR Fjölfætlur - Lyftutengdar		Verð án vsk.
PWP530	Fjölfætla - vbr. 5,30 m - 4 stjórnur 7 armar	1,190,000
PWP770	Fjölfætla - vbr. 7,70 m - 6 stjórnur 7 armar	1,490,000
PWP900	Fjölfætla - vbr. 9,00 m - 8 stjórnur 6 armar	1,990,000

PRONAR RAKSTRARVÉLAR

PRONAR Rakstrarvélar - 1 stjarna.		Verð án vsk.
ZKP420	Rakstrarvél - vbr. 4,20 m - 1 s., 11 armar	790,000
ZKP460T	Rakstrarvél - vbr. 4,60 m - 1 s., 12 armar, dragtengd	1,190,000

PRONAR Rakstrarvélar - 2 stjórnur miðjurakstur.		Verð án vsk.
ZKP800	Rakstrarvél - vbr. 8,00 m - 2 stjórnur, 11 arma	2,890,000




TRAUSTUR SAMSTARFSÁÐILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

VIÐTAL



Þeir eru ekki ósvipaðir Jón og ítalska tónskáldið Puccini sem er frægur fyrir óperur sínar, ma. La Bohème og Madame Butterfly, en Jón heimsótti nýverið eitt frægasta óperuhús veraldar, Teatro alla Scala, ásamt félagu sínum, Ingimar.

Lýríski tenórinn Jón Kr. Ólafsson:

Syngjandi í yfir 60 ár



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Spengilegur og kvikur í hreyfingum, tígulegur í fasi og gustar af honum. Þessi maður vekur athygli og ekki annað hægt að segja en sú athygli sé vel verðskulduð, enda einn ástæluþingastelstu söngvara landsins.

Hér um ræðir engan annan en Jón Kr. Ólafsson sem með ómþýðri rödd sinni hefur átt hlut í hjörtu margra yfir árin – auk þess að hafa, um árabíl, starfrækt tónlistarsafnið Melodíur minninganna á heimili sínu í Bíldudal.

Sungið frá því hann stóð í tærnar

„Ég hef alla tíð sungið, frá því ég stóð í tærnar. Röddina tel ég mig hafa fengið í arf frá föður mínum sem lést þegar ég var barn að aldri,“ segir Jón er við setjumst niður yfir veitingum Kaffivagnsins á Grandagarði.

„Ég kynntist honum aldrei, hann drukknaði þegar ég var á þriðja ári, en mér skilst að hann hafi haft ákaflega bjarta og fallega rödd. Föðurættin mín frá Flatey í Breiðafirði býr nefnilega yfir miklu söng- og tónlistarfólki.

Sjálfur er ég lýrískur tenór, hann Guðmundur Jónsson heitinn, óperusöngvari, heyrði það strax og sagði mér.“

Jón Kristján Ólafsson er fæddur á Nesi, Bíldudal í ágústmánuði árið 1940 og þótti snemma hafa afar fallega rödd. Fimmtán ára var hann kominn í kirkjukór staðarins, söng þar bæði sem ein- og kórsöngvari og sinnti kórstarfi í heil fjörutíu ár.

Árið 1962, rúmlega tvítugur, gekk Jón til liðs við hljómsveitina Facon frá Bíldudal sem naut mikilla vinsælda. Ferill hennar endaði árið 1969, þó ekki fyrr en út var gefin fjögurra laga hljómplata hjá SG-hljómplötum sem hafði m.a. að geyma hið geysivinsæla lag „Ég er fjáls“ eftir Pétur Bjarnason. Sló lagið samstundis í gegn og er nú, hálfri öld síðar, greytt í þjóðarvitundina.

Stórsöngvari stígur afdrifarikt skref

„Ég sagði við sjálfan mig, svona eftir Facon ævintýrið – hvað ætla þú að gera, vinur, sitja á Bíldudal og horfa á hendurnar á þér? Það fannst mér ekki heillandi tilhugsun þannig ég ákvað að fá inni hjá systur minni sem bjó í Reykjavík. Ég bara fór án þess að hafa vinnu eða neitt og komst í djöbb á Hótel Borg tiltölulega fljótt, kynntist Svavari Gest, Ellý Vilhjálm, Ragga Bjarna og Hauki Morthens. Haukur var minn mentor, tók mig undir vænginn. Þetta var í raun algert kraftaverk þessi Reykjavíkurför, alveg á réttum tíma.

Ástríða mín fyrir söngnum var númer eitt, tvö og þrjú og þetta voru dásamlegir tímar. Það er víst að ekkert hefði orðið úr mér ef ég hefði ekki tekið skrefið. Ég hefði orðið að viðundri, koðnaður upp í Bíldudal!“

Ferill Jóns fór svo sannarlega á flug og má segja að hann sé í raun ekki enn lentur. Við tóku dagar, vikur og ár þar sem svo mikið var að gera í söngnum að lítið sem ekkert annað komst að. Síðastliðin sextíu ár hefur hann sungið mikið og víða, nú síðast þann 17. júní 2022 í Jónshúsi Kaupmannahafnar með félagu sínum, Ingimari Oddssyni söngvara.

„Jú, fullt af fólki og brjáluð stemming – allt geggjað,“ segir Jón, enda engu öðru vanur.

Klassikerinn Jón

Árið 1983 gáfu SG-hljómplötur út stóra plötu með Jóni þar sem hann syngur einsöngslög við undirleik Ólafs Vignis Albertssonar píanóleikara. Vakti flutningur hans mikla athygli og lofaður víða.

Í Morgunblaðinu 21. desember 1983 sagði m.a.: „Ljóðasöngvari af guðsnád með fallega rödd og mikla smekkvísi í lagavali... Jón Kr. hefur þetta og fagra rödd sem hann beitir listlega án þess að hafa fengið sérstaka skólun í heimi tónlistarskólanna.“



A Spotify má finna tónlist Jóns, fjóra diska samtals, þá einn sem ber nafnið Takk fyrir mig. Þar þakkar Jón fyrir farsælan feril. „Heilt yfir er ég ánægður með minn feril, ég nýtti mér gjöfina sem röddin mín er, ánægður með að hafa verið réttur maður á réttum tíma, kynnst Svavari Gest og því fólki sem hefur verið mér innan handar.“

Myndir / Ur einkasafni.



Góðvinirnir Ingimar Oddsson og Jón Kr. í Danaveldi vegna tónleika þeirra í Jónshúsi árið 2017.



Stórsöngvararnir og vinirnir Ragnar Bjarnason og Jón Kr. Ólafsson deildu sviðinu oft en einu sinni.



Haukur Morthens og Jón Kr. áttu afar náið og gott samstarf.



Rokksafn Íslands þakkar Jóni.

Heimborgarinn á ferð og flug

Rokksafnið í Keflavík hélt sýningu með fjölmörgum munum úr tónlistarsafni Jóns og var sú sýning vel sótt. Svo vel reyndar að hún stóð í eitt og hálf ár en hófst 7. mars 2021. „Það stendur til að Rokksafnið í Keflavík taki alveg við safninu mínu nú í haust, enda tekur enginn við kyndlinum af mér á Bíldudal. Sjálfur sé ég fyrir mér að hefja nýjan kafla hvað varðar mig sjálfan og því veltir maður fyrir sér spurningunni hvað komi næst.

Og hvað kemur næst? Ég hef alla tíð haft unun af ferðalögum og þætti til dæmis gaman að heimsækja Parísarborg aftur.“

Út fyrir landsteinana stefnir hugur heimborgarans Jóns Kr. Ólafssonar, enda lífið ferðalag sem á að njóta.

Fyrir fagfólk,
fyrir þig.



Verð
aðeins **85.000 kr.**
Pakki með borvél, hersluvél,
2 rafhlöðum og hleðslutæki.

PÓR H F
Reykjavík og Akureyri Thor.is

Milwaukee

ALVÖRU VERKFÆRI

Á ALVÖRU TILBOÐUM TIL 25. JÚNÍ 2023

KAUPAUKAR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Bitasett með FASTBACK hnif • Peysa • 100 lm vasaljós

HAPPDRÆTTI STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR!

Borðtennisborð • Heitur pottur • Fjallahjól

Sjáðu öll
tilboðin á
vfs.is

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400

Gólfisög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX

Sláttuorf - 3 heðstöfl



Husqvarna 535RX

Sláttuorf - 2,2 heðstöfl



Husqvarna Traktor TC238T

Sláttutraktor - 18 heðstöfl



Husqvarna Rider 320X AWD

Sláttutraktor - 20 heðstöfl



Husqvarna LF75LAT

Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770

Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970

Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II

Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring

Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII

Keðjusög - 4,2 heðstöfl



Husqvarna AM310 MK II

Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X

Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X

Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X


Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305

Slátturóbot - 600m² - 40% halli

VIÐTAL



Legubásafjósíð sjálft, hér á hægri hönd, tekur 478 kýr í legubása og er nærri 200 metra langt.

Myndir / Hans-Henrik

Mjólkurframleiðsla:

Ævintýrleg uppbygging hátæknifjóss í Afríku

– Snorri Sigurðsson hjá Arla byggði upp fjós og þorp og flutti tæp 500 kýr frá Danmörku

Norður-evrópska samvinnufélagið Arla opnaði nýlega myndarlegt 500 kúa fjós í Nígeríu og samhliða því þorp fyrir starfsmenn fyrirtækisins. Snorri Sigurðsson, sem er lesendum Bændablaðsins væntanlega vel kunnur fyrir regluleg skrif hans í blaðið, stýrði verkefninu og lýsir hér þessari áhugaverðu framkvæmd.

Norður-evrópska samvinnufélagið Arla, sem er fjórða stærsta afurðafélag heims, á rætur sínar að rekja aftur til ársins 1881. Síðan þá hefur félagið unnið mjólkurvörur úr mjólk frá kúabúum eigenda sinna, sem eru í sjö löndum í norðurhluta Evrópu og telur fjöldi þeirra nú rúmlega 8.700. Nú hefur félagið í fyrsta skipti byggt fjós sem er alfarið í eigu félagsins en fjósíð er í Kaduna fylki í Norður-Nígeríu.

Af hverju að byggja kúabú?

Snorri segir það alls ekki sjálfgefið að framleiðendasamvinnufélag eigi sjálft kúabú. „Arla er fyrst og fremst sölufélag fyrir mismunandi vörur sem eru unnar úr mjólk og Nígería, sem er að verða eitt fjölmennasta land í heimi, er mjög mikilvægt fyrir félagið sem flytur m.a. til landsins mörg þúsund tonn af

mjólkurdufti. Hér er því pakkað og selt til neytenda. Flest þróunarlönd gera kröfu til innflutningsaðila á vörum, sem eru í samkeppni við innlenda framleiðslu, að stuðla að uppbyggingu á innviðum og í tilvikum innflutningsaðila á mjólkurvörum gerði ríkisstjórnin einfaldlega kröfu um að innflutningsaðilarnir byggðu upp mjólkurframleiðslu og -vinnslu og var m.a. gerð krafa um að hver innflutningsaðili væri með a.m.k. 400 kúa bú! Arla gat auðvitað ákveðið að gera það ekki og draga sig út af nígeríska markaðinum, en þetta var í raun auðveld ákvörðun þar sem núverandi umfang okkar hér og hinn ört vaxandi markaður vó miklu þyngra en kostnaðurinn við uppbygginguna og rekstur kúabúsins í framtíðinni. Þess utan getum við nýtt mjólkina í eigin afurðavinnslu hér svo dæmið gengur ljómandi vel upp til lengdar.“



Snorri Sigurðsson flutti búferlum til Nígeríu til að stýra uppbyggingarverkefni Arla.

Að sögn Snorra verður kúabúíð líka notað til kennslu en bæði nígeríski landbúnaðarháskólinn og dýralæknaháskólinn hafa óskað eftir samstarfi við Arla um starfsþjálfun

og kennslu. Þá er ráðgert að vera með margs konar námskeið á kúabúinu fyrir þarlanda kúabændur.

Einstakt ferðalag

Snorri hefur stýrt þessu verkefni fyrir samvinnufélagið, en því fylgdi að flytja búferlaflutningum til Nígeríu.

„Þetta er búið að vera eiginlega ótrúleg vegferð sem við í Arla höfum verið á síðustu ár og hálf óraunverulegt að verkefnið sé komið á þann stað sem það er í dag. Ég var fenginn til að stýra þessu verkefni fyrir Arla um mitt ár 2020, en á þeim tíma vann ég í Kína og sá þar um ráðgjafarverkefni til þarlanda kúabúa. Við, þ.e. ég og Kolbrún Anna, eiginkona mín, fluttum til Nígeríu um áramótin 2020–2021 og við tók vinna við hönnun, útboð og allt sem því fylgir og núna rúmum tveimur árum síðar erum við með fjós sem tekur 478 kýr og höfum samhliða byggt upp heilt þorp fyrir starfsfólk og þá sem þjónusta kúabúíð. Þetta er gjörólíkt því sem fólk þekkir á

Íslandi eða mörgum öðrum löndum enda er reynsla Nígeríubúa af mjólkurframleiðslu fyrst og fremst bundin við kýr frá hirðingjum, sem flakka um hið svokallaða Sahel-belti í Afríku og selja mjólk sína þar sem þeir hafa sett niður tjöld sín. Að vera með hátæknifjós er því algjörlega nýtt af nálinni og krefjandi á margan hátt.“

Allir gripir kældir og á sandi

Kúabúíð, sem er staðsett á svæði sem er ríkt af vatni, er hannað að danskri fyrirmynd þar sem mikið rými er fyrir alla gripir og velferð gripanna í hávegum höfð. „Ég ákvað strax að leggja til við stjórnina að byggja fjós sem gengi lengra en önnur kúabú þegar maður horfir til dýravelferðar og því erum við í raun með einstakt kúabú, ekki bara í Afríku heldur í heiminum. Hér eru t.d. allir gripir með aðengi að sandlegusvæði, þ.e. geta lagt sig í mjúkan og þurran sand, hafa

- Framhald á næstu síðu.

VARAHLUTIR Í KERRUR






QUALITY FOR LIFE





Bílabúðin
Stál og stansar

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is





Alls er Arla með 400 hektara lands á langtímaleigu og þar af þekur byggingar-svæðið sjálft 180.000 fm.



TM

Þjónusta TM er hugsuð fyrir þig

Á tm.is og í TM appinu getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.



TIL AFGREIÐSLU STRAX



Skannaðu QR kóðann fyrir frekari upplýsingar og verð.



KUBOTA HEYVINNUVÉLAR BEINT Í HEYSKAPINN

Miðjuhengdar diskasláttuvélar	Snúningsvélar
DM2032 Diskasláttuvél - vbr. 3,2 m - 8 diska, 3 hnífar per disk.	TE6568 vbr. 6,8 m - 6 stjörnu, 6 arma - lyftutengd
DM3036 Diskasláttuvél - vbr. 3,6 m - 10 diskar - 3 hnífar per disk.	TE6576 vbr. 6 stjörnu, 7 arma, vbr. 7,6 m - lyftutengd
DM3040 Diskasláttuvél - vbr. 4,0 m - 10 diskar - 3 hnífar per disk.	TE8590C vbr. 8 stjörnu, 6 arma, vbr. 9,0 m - dragtengd á vagni

Framsláttuvélar	Rakstrarvélar
DM4032 vbr. 3,2m, 8 diska, 3 hnífar per disk.	RA1039 vbr. 3,9 m vbr. 1 stjarna, 11 arma, lyftutengd
DM4032s vbr. 3,2m, 8 diska, 3 hnífar per disk. Stillanlegur múgi	

Gæða vélar á **hagstæðu verði**. Nánari upplýsingar veita sölumenn okkar í sínum 568-1513 (Rvk.) og 568-1556 (Ak.) eða í tölvupósti, veladeild@thor.is



PÓR
Krókháls 16, 110 Reykjavík
Baldursnes 8, 603 Akureyri



Á svæðinu í kringum kúabú Arla eru þúsundir kúa í eigu hirðingja sem flakka um með gripina frá einu landsvæði til annars eftir þróun beitarsvæðanna.

aðengi að burstum til að klóra sér frá tveggja mánaða aldri og svo erum við með mun meira rými fyrir hvern grip en gerist og gengur. Þess utan erum við með sérstakt kælikerfi fyrir alla gripa, þ.e. víftur sem sjá um að halda nærumhverfinu fyrir gripina góðu svo þeim líði vel.“

Innfluttar kýr

Í stað þess að nota nígerískar kýr eru kýrnar sem munu sjá um mjólkurframleiðsluna á kúabúinu af Holstein kyni og innfluttar frá Danmörku. „Ég ákvað strax í upphafi að hanna kúabúinn fyrir innfluttar kýr og keyra á þá lausn þar sem við erum í þessu til að framleiða mjólk og stefnum á arðsemi. Við getum ekki látið einhverjar tilfinningar stjórna því hvernig við sinnum kúabúskapnum, ekki frekar en að velja eina dráttarvélategund frekar en aðra af því að hún er af sérstakri tegund.“

Kýrnar eru hér til að framleiða mjólk og það mikið af henni en við stefnum að því að framleiða 5 milljónir lítra hér árlega þegar fram líða stundir. Við fengum því að velja kvígur frá eigendahópi Arla í Danmörku og völdum fyrst og fremst kvígur frá búum sem eru með miklar afurðir. Við leigðum svo flutningavél og flugum hingað niður eftir 216 kvígum, helmingur þeirra þegar




Snorri að útskýra fyrir fylkisstjóranum í Kadúna-fylki, emírnum af Zazzau og fleiri gestum hvernig fylgst verður með atferli kúanna með rafrænum hætti í nýja fjósinu.

sæddar með kyngreindu sæði. Við stefnum hér að því að kúabúinn verði afurðahæsta kúabú Afríku innan fárra ára og hér eru allar forsendur fyrir því að geta framleitt vel yfir 40 kíló af mjólk á kú dag hvern að jafnaði. Í samanburði við nígerískar kýr, þá er þetta líkt og að bera saman fólksbíl og Formúlu 1 bíl. Holstein kýr hafa verið þrauttræktaðar til að framleiða mikið af mjólk við kjöraðstæður en hinar nígerísku frænkur þeirra hafa yfirburði til að lifa af við erfiðar aðstæður, þurrka

og skort á fóðri. Það er bara ekki þörf fyrir þá eiginleika á kúabú Arla.“

Langt utan alfaraleiðar

Kúabú Arla stendur langt utan alfaraleiðar og akstursfjarlægðin í næstu stórbæi, Kaduna og Kano, er á fjórða klukkutíma. „Þetta virkar nú líklega hálf öfugsnúið á fólk en málið er að það var auðvitað mikilvægt fyrir okkur að velja landsvæði sem ekki var þegar í notkun. Ég hafði nákvæmlega engan áhuga á því að fá á okkur ákúrir



Þrettán manns starfa við kúabúinn og á ökrum en 40 verðir gæta svæðisins.



Kvígurnar una sér vel í nýja kvígufjósinu.

fyrir að ýta nígerískum bændum út vegna okkar framkvæmda svo við fengum land sem var í eigu hins opinbera og hafði ekki verið notað í áratugi. Í Nígeríu eru enn þá mörg svæði sem eru ónotuð þrátt fyrir að þau gætu öll verið nýtt til landbúnaðar svo þarna eru víða sóknarfæri.

Landið sem við fengum er gott ræktarland, 400 hektarar á vatnsgóðu svæði og stendur við um 20 ferkílómetra stöðuvatn sem bændurnir á svæðinu nota til að vökva akra sína með þegar þurrkatímabilið stendur. Vegna aðstæðna, ekki nema rétt um 1.000 km norðan við miðbaug, er hægt að rækta allt árið um kring þar sem hér kemur aldrei vetur, vor né haust. Hér er bara sumar allt árið og eini munurinn er hvort það sé rigningartímabil eða ekki. Við getum því margnýtt landið á hverju ári og 400 hektarar í Nígeríu jafngilda því rúmlega 1.000 hekturum á Íslandi svo dæmi sé tekið.“

Arla-þorpið

Þar sem kúabúinn var utan alfaraleiðar var strax ljóst að byggja þurfti upp húsnæði fyrir starfsfólkið, og þótt kýrnar verði ekki nema tæplega 500 þarf marga starfsmenn miðað við það sem gerist og gengur í Evrópu á sambærilegum kúabúum. Alls vinna fimmtán manns við kúabúinn, akra og þrif en ofan á það starfa þar 40 verðir. „Þetta á sér allt eðlilegar skýringar. Hér er í fyrsta lagi mikil áhersla lögð á að veita mörgum vinnu og það er því ekki beint lítið á það sem kost að hagræða þegar kemur að starfsmannahaldi. Þetta þarf maður einfaldlega að virða. Fyrir vikið eru mjög fáar sjálfvirkar lausnir valdar og tækin sem við erum með eru ekki heldur afkastamikil.“

Þess utan er allt sem við erum að gera nýtt fyrir starfsfólkið okkar og því tekur tíma að þjálfa upp rétt vinnubrögð og svo framvegis. Svo má ekki gleyma öryggismálunum en ég er með fleiri verði en starfsfólk, öryggisverði sem passa upp á að kálfum eða kúm sé ekki stolið og/ eða starfsfólkinu okkar, en það er því miður algeng iðja í Nígeríu að ræna fólk og krefjast peninga. Þegar allt er talið þarf s.s. töluvert húsnæði undir alla sem starfa þarna og við erum þegar búin að byggja sjö hús og vegna fleiri framkvæmda á komandi árum reikna ég með að við byggjum önnur sjö hús á næstu tveimur árum.“

Ef af líkum lætur mun nýja þorpið hýsa að minnsta kosti hundrað manns fyrir lok næsta árs.

Formleg opunarhátíð

Eins og áður sagði var kúabúinn formlega tekið í notkun 25. maí sl. að viðstöddu fjölmenni og mörgum af áhrifamestu einstaklingum landsins. „Þetta var ótrúlegur dagur og eitthvað sem maður upplifir bara einu sinni á ævinni. Nígeríubúar gera hlutina öðruvísi en við erum vön í Evrópu svo þessi opnun, sem ég á sínum tíma stakk upp á við markaðsdeildina, vatt hraustlega upp á sig. Ég var búinn að sjá fyrir mér að við myndum vera með einhverja blaðamenn og sýna þeim aðstöðuna en þetta endaði sem heljarinnar listsýning með tilheyrandi. Hingað komu alls konar fjármenni, höfðingjar og meira að segja sjálfur emírinn af Zazzau, einn af þremur víðurkenndum emírnum í Nígeríu. Allir nutu þess að fá leiðsögn um kúabúinn og við hina formlegu opnun, þ.e. þegar klippt var á bordann, fengum við mikið lof fyrir þá sýn sem við höfum á mjólkurframleiðsluna, ekki bara í Nígeríu heldur allri Afríku. Að það þurfi að horfa til aukinnar framleiðslu og hámarka nýtingu bæði gripa og lands. Þetta sjá fleiri og fleiri núna sem betur fer.“

Hvað tekur við?

Þótt kúabúinn hafi nú hafið rekstur er verkefni Snorra í Nígeríu ekki lokið.

„Bygging kúabúsins var bara fyrsti áfangi og nú tekur við næsti hluti sem er að reka það. Ég efast ekki um að við eigum eftir að lenda í alls konar mótvindi fyrsta árið og ég mun því ekki fara alveg á næstunni. Svo eru reyndar fleiri verkefni hjá mér hérna, m.a. að byggja upp söfnunarstöð fyrir mjólk hér á kúabúinu okkar. Sú söfnunarstöð snýr að öðru verkefni sem er að útbúa 1.000 ný litil kúabú fyrir þá hirðingja sem vilja breyta til og fara út í hefðbundinn kúabúskap.“

Það verkefni er komið vel á veg og ég vænti þess að við byrjum að kaupa mjólk af þessum kúabúum í byrjun næsta árs. Það þarf því að henda upp söfnunarstöð fyrir mjólkina. Svo þarf að vinna úr mjólkinni og til að byrja með notum við afurðastöð sem mitt fólk rekur í Kaduna-borg, þar er einungis framleidd fersk jógúrt með stutt geymsluþol og við seljum hana fyrst og fremst í Kaduna-borg og Kano-borg. En þegar mjólkurmagnið stígur mikið verður afurðastöðin okkar í Kaduna-borg of lítil og við þurfum að byggja nýja. Við erum því þessa dagana að klára hönnun á afurðastöð, sem við stefnum á að byggja á landi Arla-kúabúsins á næstu 18 mánuðum eða svo. Það er því nóg að gera næstu misserin.“

/ghp

HREINSISTÖÐ

-án siturlagnar

Uppfyllir ströngustu kröfur um hreinsun á frárennsli frá böðum, salernum, vöskum, þvotta- og uppþvottavélum

Hreinsar forfór og nitrit

Engir hreyfanlegir hlutir

+354-4601706

www.hagvis.is


hagvis@hagvis.is

HEYRÐU Í OKKUR

GETUR VERIÐ ÁN NOTKUNAR Í ALLT AÐ 180 DAGA

ENGIN AUKAEFNI SETT Í

FORHREINSUN SIGTI AÚÐVELT AÐ TÆMA





VÉLAR OG TÆKI

Tilbúin til afhendingar núna!

GIANT

G1200 | G2700HD+
G2700E - Rafmagnsliðléttingur



M-Hale

FUSION 4+ | Framsláttuvél - F3100
Aftursláttuvél - R3100 | Rakstrarvél - R68-78

HiSPEC





SA-R2600 haugsuga
SS1000 keðjudreifari







SULKY

DX30+W áburðardreifari
X40+Econov áburðardreifari
Tramline SX sáðvél

 **LANDSTÓLPI**

 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
 480 5600

 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
 480 5610

 www.landstolpi.is
 landstolpi@landstolpi.is

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá
fræjum til
afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is



Samhentir

Frumkvöðlar í Sjávarklasnum

– Nýsköpun tengd sjávarútvegi

Hinn Íslenski sjávarklasi bauð gestum og gangandi að heimsækja Hús Sjávarklasans í lok síðasta mánaðar. Þar voru yfir 50 frumkvöðlar með fjölbreytt vöruúrval.

Mikil gróska er í nýsköpun í Sjávarklasnum. Þar stíga frumkvöðlar og sprotafyrirtæki sín fyrstu skref og auka fjölbreytni íslenskra sjávarafurða og koma með nýjar leiðir til að nýta auðlindir hafsins. Á sýningu þann 25. maí síðastliðinn var almenningi boðið að kynna sér margbrotið vöruúrval. Þar má nefna húðvörur, fæðubótarefni, snakk og fleira. /ÁL

Kollagen hefur margvísleg áhrif

– Framleitt á Grenivík úr íslenskum þorski

Feel Iceland framleiðir kollagen úr þorskroði. Þau selja bæði hreint kollagen sem hægt er að nýta sem fæðubótarefni, ásamt því að útvega Ölgerðinni virka efnið í Collab drykknum.

Ína Björk Helgadóttir, framleiðslu- og gæðastjóri hjá Feel Iceland, segir fyrirtækið auka verðmæti fisksins með því að nýta aukaafurðir, eins og roð. Eftir að kollagen fæðubótarefnið höfðu náð miklum vinsældum kom upp sú hugmynd að gera kollagendrykk. Leitast var eftir samstarfi við Ölgerðina, sem sýndi mikinn áhuga og var Collab drykkurinn þróaður í kjölfarið.

„Þetta er mjög vinsæll drykkur á Íslandi og hefur sannarlega fest sig í sessi,“ segir Ína Björk. Ína Björk bætir við að kollagen finnst í öðrum dýraafurðum. Þorskroðið sé sérlega gott hráefni. Annars vegar þar sem fiskurinn syndir villtur í köldum sjó, og er því afar hrein afurð. Hins vegar þar sem upptaka líkamans á fiskikollageni er meiri en á öðru kollageni.

Hún bendir á að kollagen geti haft margvísleg áhrif, en eigin framleiðsla líkamans á efninu minnkar við 25 ára aldur. Á árum áður fékk fólk meira af kollageni úr fæðunni, til að mynda úr fiski og beinasoði. Varan frá Feel Iceland er til að bæta upp fyrir minna kollagen sem fólk fær úr mat. Kollagen hefur margvísleg mismunandi áhrif á líkamann. Ína Björk nefnir þó að það geti meðal annars haft jákvæð áhrif á húð, hár, neglur, liði, beinþétni, meltingu og þar fram eftir götunum. „Mikið af íþróttafólki tekur þetta ef það hefur lent í meiðslum eða aðgerðum og vill flýta endurheimt,“ segir Ína Björk.



Ína Björk Helgadóttir og Inga Rut Kristinsdóttir hjá Feel Iceland.



Rúnar segir Fish & Chips snakkinn vera heildarlausn á vandamáli útivistarfólks. Það innihaldið prótein, kolvetni og fitu í einum poka.

Hefðarreglur brotnar

– Snakk með harðfiski og kartöflulögum

Nýlega kom á markað Fish & Chips snakk. „Það er eins og nafnið gefur til kynna, fiskur og kartöflur saman í poka,“ segir Rúnar Ómarsson, eigandi Nordical Foods.

Rúnar segir hugmyndina að snakkinu eiga rætur að rekja til fjallahjólalaferða, en hann er búinn að vera fjallahjólaleiðsögumaður í tíu ár. Hann segir að um leið og maður sé orðinn leiður á orkustöngum, sem allar bragðist eins, þá komi upp löngun eftir mat.

„Ég var oft að fá mér lítinn kartöflulögupoka á morgnana til að fá kolvetni, fitu og smá salt. Svo fór mann að langa í einhverja aðra næringu þegar leið á daginn – þá er líkaminn að biðja um prótein. Þar kemur harðfiskurinn sterkur inn. Hérna er heildarlausn á þessu vandamáli,“ segir Rúnar.

Í staðinn fyrir að vera með djúpsteiktan fisk og franskar kartöflur, þá er snakkinn frostþurrkaður þorskur og kartöflulögur. „Saman er þetta hollara snakk en annað snakk, því eins og allir vita er harðfiskurinn ofurfæða.“ Hann bætir við að þurrkaði fiskurinn sé með 84 prósent prótein og fullt af öðrum næringarefnum, eins og B-12, sínk og jod. Harðfiskurinn er dýr einn og sér og því sé gott að drýgja hann með flögnum. Það sama gerir fólk þegar það eldar fisk, en þá eru oftar en ekki kartöflur til hliðar.

Harðfiskur aldrei kryddaður

Þessi vara segir Rúnar að brjóti ýmsar hefðarreglur, því harðfiskur hefur aldrei verið kryddaður – einungis bragðbættur með smjöri. „Kartöflulögurnar eru kryddaðar og fiskurinn tekur í sig smá af kryddinu, með því einu að hangsa saman í pokanum.“

Eitt erfiðasta úrlausnarefnið segir Rúnar að hafi verið að láta þessi ólíku efni passa saman. Mjög miklu máli skipti að kartöflulögurnar og fiskflögurnar séu jafn stökkar. „Annars myndir þú lenda í svokölluðu texture violation, eða áferðaráfalli, því þú getur ekki verið með tvenns konar flögur með mismögum tyggitíma.“

Í grunninn kartöflulöguframleiðandi

Hráefnið sem hann notar er íslenskur þorskur unninn af harðfiskversluninni Von. Sjálfur er hann með fullbúna aðstöðu til að framleiða kartöflulögur. Hann reynir eftir fremsta megni að nota íslenskar kartöflur þegar þær bjóðast. Framboðið af þeim sé þó ekki alltaf stöðugt og jafnframt innihalda íslenskar kartöflur meiri sterkju en erlendar, sem gerir flögugerð erfiðari. „Við byrjuðum sem kartöflulöguframleiðandi og síðan þróaðist þetta yfir í þetta.“

Snakkinn mun fást í völdum Krónuverslunum, ferðamannabúðum eins og Taste of Iceland og Sky Lagoon, og í friðhöfninni. Jafnframt vinnur Rúnar að því að markaðssetja snakkinn erlendis, þó enn sé langt í land hvað það varðar.



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



BOSCH

Invented for life

BLÁ BOSCH
RAFHLÖÐU-
GARÐVERKFERI
FAST Í BYKO

www.byko.is



GRÓÐURHÚS - GLERSKÁLAR

Gróðurhús og glerskálar. Mikið úrval gróðurhúsa og glerskála. Fjölmargar stærðir í boði. Sérsmíðum vegghús og stærri skála.

Verð og stærðir á vefsíðunni!



BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Bjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skýli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Bjóðum mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.



BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535

nowfoods.is

Ekki gera úlfalda úr mýfluggu

Bug Ban spreyið og ilmkjarnaolían frá NOW er náttúruleg flugnafæla sem getur komið í veg fyrir bit.

Gæði - Hreinleiki - Virkni

now
Síðan 1968



Ræktun:

Hann stendur með landinu

– „Ég vil búa í sjálfbæru og heilbrigðu umhverfi,“ segir Valdimar Andersen, býflugnabóndi á Akranesi

Eskfirðingurinn Valdimar Andersen varði stórum hluta af starfsferli sínum í sölu og útflutningi á fiski, aðallega ferskum fiski í flugi eða skip, og sá ekki endilega fyrir sér stöðuna sem blasir við honum í dag. Þegar hann greindist með MS sneri hann við blaðinu, fann ásamt fjölskyldu sinni hús og ræktarland á Akranesi og reynir þar að lifa sem sjálfbærustu lífi.

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Fólk spásærar gjarnan fram hjá þessu húsi og kíkir yfir hvíta girðinguna í von um að sjá glæsilegar brahma-hænur vappa hæglætislega um garðinn innan um iðnar býflugur, spörfugla, íslenska tík og ketti, og kasta eftir atvikum kveðju á íbúana sem iðulega eru úti við ræktunarstörf. Þarna búa hjónin Valdimar og Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir, fagstjóri sjúkrasjóðs VR, ásamt Nóa syni sínum á unglingsaldri en tvö eldri börn þeirra eru flogin úr hreiðrinu.

Þau hafa alltaf haft mikinn áhuga á ræktun og reynt að koma ár sinni fyrir borð í þeim efnum þar sem þau hafa búið, hvort sem var í Reykjavík eða Hafnarfirði, í fjölbýli eða einbýli. Erfitt reyndist þó að samræma óskir og vilja fólks í sambýli hvað þetta varðar. Til að láta þennan draum rætast leigðu þau sumarhúsalóð í Eilífsdal, létu teikna fyrir sig sumarhús, lögðu veg og vatnsleiðslu og byggðu fyrst af öllu gróðurhús og hófu ræktun því það átti að vera grunnforsenda þess að dvelja í sveitinni. Gefum Valdimar orðið: „Stutta sagan er sú að það kom rokhvellur og allt fauk fjandans til, nýja gróðurhúsið brotnaði í spón. Þá fórum við í fýlu og langaði ekki að fylgja þessari hugmynd eftir. Og fórum aftur að hugsa okkar gang. Við þurfum jú áfram heimili, helst á einni hæð, og vildum gjarnan geta ræktað eitthvað. Þannig að með því að finna á Akranesi gott einlyft einbýlishús með stórrí lóð gátum við sameinað þetta.“

Ævintýri í hverju horni

Húsið stendur austanvert í efri byggð Akraneskaupstaðar, með mjög stóran garð á þrjá vegu en sólþall og heimreið til suðurs. Þegar ræktun hófst var lóðin

þegar jöfnuð og með trjágróðri við jaðrana til skjólmyndunar en heldur er vindasamt á þessum slóðum. Þau hófust strax handa við að byggja girðingu á alla kanta því skjól varð að efla ef takast ætti að rækta eitthvað af viti. Nú, sex árum síðar, er garðurinn orðinn hálfgerð ævintýri. Myndarlegur hænsnakofi og gerði brahma-hæna (sem ganga annars frjálssar á lóðinni) stendur í austurhorninu og við taka upphækkuð ræktunarbeð fyrir jarðarber, blómkál og gulrætur, svo eitthvað sé nefnt. Þá er í norðurhorni moltugerð, svo kalt gróðurhús sem kallað er berjahúsið og þar ræktað bláber, kirsuber, jarðarber, baunir og spergill. Nýrisinn er sólpallur í framhaldi af gróðurhúsinu og þar munu klifurjurtir mynda vegg og þak þegar fram í sækir. Þá kemur býflugnabú, eitt með flugum og annað sem bíður nýrra íbúa, trjálundur í norðvesturhorni, og enn fleiri upphækkaðir og yfirbyggðir gróðurkassar með gulrótum og salati. Skammt frá þeim stendur 18 m² upphitað gróðurhús þar sem fram fer forræktun, vínviðar- og rósarækt, svo nokkuð sé nefnt. Timburstigur liggur um steinbeð að útisturtu og sólpallur með heitum potti og fjörugu humlubúu undir snyr til suðurs. Innan við suðurgluggana vex tómátplöntuþykki og svarsal nokkrum gárum sem lifa innandyra.

Auk alls þessa er garðurinn fullur af blómplöntum í beðum og ýmsum trjátegundum, að ógleymdum svolitlum hól sem gerður var úr uppgreftri fyrir gróðurhúsunum og íslenskt plöntulíf er látið hafa þar sinn gang, hvort sem eru fíflar eða bláklukkur.

Kuldinn erfiður býflugnaræktinni

Býflugnabúíð undir norður-girðingunni hýsir nú um 15 þúsund býflugur sem er algeng stærð á búi. Valdimar fór á býræktarnámskeið fyrir þremur árum og setti að því búnu upp fyrsta búíð sitt með flugum frá Álandseyjum. Að ýmsu er að



Valdimar Andersen trúir á sjálfbæra lifnaðarhætti og vill að fólk hugsi meðvitað um lífsmáta sinn og að gera sjálfbærni sem stærstan þátt tilverunnar. Hann hvetur til aukinnar grænmetisræktunar í borgum og bæjum. Sjálfur býr hann ásamt fjölskyldu sinni á Akranesi og heldur þar býflugur, hænur, humlur, ketti, hund og gára og ræktar grænmeti, ber og ávexti eins og aðstæður leyfa. Hann var áður á kafi í ferskfisksútflutningi en eftir að greinast með MS-sjúkdóminn breytti hann um takt og segist hamingjusamar eftir að hafa skapað sér bestu mögulegu aðstæður.

Myndir / Steinunn Ásmundsdóttir

hyggja í þessum efnum, bæði búnaði og atlæti flugnanna. Hann missti þó fyrsta búíð og kennir einkum kunnáttu- og reynsluleysi um en víst er að svöl vor og sumur hafa ekki hjálpað til. „Kannski fóðraði ég ekki nóg,“ segir hann en þau köldu vor sem hafa verið á svæðinu undanfarin ár gera að verkum að stöðugt verður að fóðra býflugurnar á sykurvatni svo þær haldi lífi uns hlýnar og blómgróður tekur við sér. „Það má ekkert hætta og nú er bú númer tvö komið gegnum fyrsta veturinn.“

Valdimar segir suma býflugnabændur halda því fram að í rauninni sé ekki hægt að halda býflugur hérlendis vegna veðurs en aðra telji að hvergi sé það betra. „Maður vill helst hafa minnst 10–12 gráðu hita, góðan lofthita, til að opna búíð,“ segir Valdimar. „Vorin eru erfið. Þú vilt jú geta opnað fyrir kúnum á vorin og

þær hlaupa út í haga hamingjusamar, en flugurnar hafa ekki getað flogið út í haga, það hefur verið kalt, rok og rigning alveg endalaust. Þær fara ekkert út í rigningu eða kulda en láta sig hafa vindinn.“ Hann opnar búíð til háls og er snöggur að hella sykurvatninu inn og loka aftur svo kólni ekki hjá flugunum. „Flugurnar vinna eins og við gerðum á vertíð fyrir austan í gamla daga,“ heldur hann áfram. „Ef kom sild þá var hún kláruð. Það er unnið þegar tækifæri gefst. Komi klukkutíma sólskin þá er allt á kafi við búíð, en svo er bara eins og slökkt hafi verið á öllu þegar kólnar.“ Þótt hann vaki stöðugt yfir búinu um þessar mundir þá sér það í góðri tíð að mestu um sig sjálft.

Valdimar hefur ekki fengið neinar afurðir frá býflugunum sínum enn sem komið er, þar sem hann missti búíð í fyrravor og fékk flugur aftur

um mitt síðasta sumar. Hann væntir þó hunangs ef búíð lifir. „Já, og ég vil hafa fleiri bú, held að það sé of áhættusamt að hafa aðeins eitt. Ég er búinn að setja upp eitt við hliðina og pláss er fyrir 2–3 í viðbót, það væri skemmtilegt.“

Að halda býflugur í þéttbýli segir Valdimar vera hluta af ætlan sinni. „Maður var búinn að sjá þetta erlendis á þaktoppum og víðar, og hugsaði að það hlyti að vera hægt að vera með býflugur inni í bæ á Íslandi. Ég vildi láta reyna á það fyrir mig að hafa flugur í bakgarðinum og geta sinnt þeim eins og annarri ræktun hér. En svo er alltaf spurning hvað er þéttbýli, náttúran er allt í kringum okkur hér á Íslandi og bú eru víðar í eða við þéttbýli.“

Um viðbrögð næsta nágrennis við býflugnabúinu segir hann þau almennt vera jákvæð.

Ágætu félagar Bændasamtakanna

Við minnum góðfúslega á greiðslu félagsgjalda fyrir árið 2023, en greiðsluseðla má finna í heimabanka.

Þar má einnig greiða inn á og skipta greiðslum, þér að kostnaðarlausu.

Þín aðild tryggir öflugri samtök

Draga aðrir vagninn fyrir þig?



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

Akraneskaupstaður með á nóttunum

Akraneskaupstaður hefur nú lýst reit norðan við lóð þeirra Valdimars og Rósmarýjar verndarsvæði og verður þar ekki slegið að sinni. Til stendur einnig að setja niður berjarunna en að öðru leyti fær svæðið að vaxa villt. Þetta kom til vegna erindis sem hjónin sendu garðyrkjustjóra Akraneskaupstaðar með beiðni um að gróðursett yrði skjólbelti á bæjarlandinu norðan við lóð þeirra til að brjóta vind og hvort mögulegt væri að sleppa slætti á skikanum svo þar mætti verða villiengi sem býflugurnar gætu nýtt sér. Tekið var jákvætt í umleitanina og hún sögð áhugaverð tilraun. Reiturinn var því girtur og sett upp skilti sem á stendur: Hér verður ekki slegið í sumar, þetta svæði er tileinkað líffræðilegum fjölbreytileika. Það er mögulegt að Akraneskaupstaður sé hér í fararbroddi sveitarfélaga á landsvísi með aðgerð af þessum toga. Erindi hjónanna vakti enda nokkra athygli í bænum, því fólk er almennt fremur að hvetja bæinn til tíðari sláttar en letja.

Spurður hvort ekki sé mikið verk að sinna garðinum segir Valdimar þau Rósmarý gera þetta jafnóðum og með þeirri orku sem til sé, „og hún dugar,“ segir hann. Þau afla sér allnokkurra matvæla úr eigin ræktun á uppskerutíma og fyrir utan allt grænmetið sem til dæmis unglíngurinn á heimilinu er duglegur að borða, þá segir Valdimar egginn vera mikla búbót. „Maður finnur hversu heimaræktaða grænmetið er miklu betra en það sem keypt er í búðinni.“ Elskulegir nágrannar og velunnarar hafa gauskað lífrænum matarleiðum að hænunum og það sem ekki dettur ofan í þær fer í moltugerðina. Allt er nýtt.

Valdimar segist þannig lagað vera kominn þangað sem hann langar að vera í ræktuninni. Þetta sé þó alltaf dálítill slagur, þau hafi sett epla- og plómutré framán við húsið og þau hvorki borið ávöxt né vaxið. Tvö eplatré fóru á besta stað upp við húsið og þau komi vonandi til með tímanum. Tómatar sem áður voru úti plumi sig betur inni. Þetta sé því allt tilraunastarfsemi og gleðin felist í vextinum og hverju þau nái á legg hverju sinni. Þau starfa með Akranesdeild Garðyrkjufélags Íslands auk þess að vera í samskiptum við aðra ræktendur á svæðinu.

Holtsflatarhjónin reyna, ásamt Nóa syni sínum, nýfermdum, að vera eins sjálfbær og þau mögulega geta og hvetja aðra í kringum sig til að gera hið sama. „Þetta er hluti af stærri myndinni, að gera umhverfinu sémilega gott og fá að njóta dýranna í leiðinni,“ segir Valdimar. „Kannski má líta á þetta sem okkar sjálfbæra reit í tilverunni. Í ljós er komið að ef við ætlum að lifa hér á jörð þá þurfum við að lifa fullkomlega sjálfbæru lífi. Og þá meina ég fullkomlega. Við verðum alltaf að finna þær lausnir sem ganga ekki á náttúruna. Það er markmiðið hjá okkur hér, þótt af veikum mætti sé. En svo bara finnur maður sig sjálfur í sjálfbærum lífnáðarhátum, ég þarf enga hjálp við það.“

Hann segist standa með landinu og útskýrir það nánar. „Þegar þú ert með dýr þá hleypurðu ekkert frá fyrirvalaust. Ákveðin forréttindi eru þó fölgín í því að taka þátt í veðrabrigðum og ástandi landsins hverju sinni, að fylgjast með því í blíðu og stríðu og geta þá brugðist rétt við og hlúð að. Ég sakna ekki sólarinnar þannig séð, hoga ekki og fylgi því sem kemur og verða vill, það er ekkert annað að gera og ákveðin fullnægja í því,“ segir hann.

Kúvending og hamingja

Áður fyrr starfaði Valdimar við útflutning á fiski. „Ég hafði fókusinn á útflutningi, fannst lítið göfugt að flytja inn,“ segir hann og brosir skelmislega, „en



Þau eru samhent í ræktuninni og ganga saman að hverju verki nema hvað hún er á hjólbörnum og hann með flugurnar: Hjónin Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir og Valdimar Andersen í tómataskálanum.



Brahma-hænur ganga lausar á beit í garðinum en eiga þó sitt myndarlega hænsnahús og gerði. Þær eru af asísk-amerískum uppruna.

mun göfugra að flytja út vöruna og skapa þannig verðmæti og tekjur fyrir landið.“ Hann lærði útflutnings- og markaðsfræði í Danmörku og starfaði hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna í um áratug en síðar varð hann sjálfstæður útflutjandi. „Ég var í þeim bransa að flytja út fisk lengst af minni starfsævi. Mér fannst þetta skemmtilegt en ferskfisksalan gat verið mikið hark. Allt þurfti að ganga þar snurðulaust frá byrjunarreit til lokaáfangastaðar og síminn var alltaf opin.“

Svo rakst hann dag einn á auglýsingu eftir sviðsmanni við Þjóðleikhúsið og ákvað að kúvenda. Þar vann hann í ár og naut þess að skyggjast um að tjaldabaki í leikhúslífinu en vann í framhaldinu við leikmyndagerð um tíma. „Þetta er rosalega skemmtilegur bransi og margt frábært og skemmtilegt fólk í honum.“

Valdimar greindist með MS-sjúkdóminn (multiple sclerosis) árið 2000. „Ég hætti að vinna 2016. Auðvitað hafa þessi einkenni, verkir og þrekleysi, alltaf verið þarna. Ég gat svo sem alveg unnið en hafði þá litla eða enga orku heima hjá mér. Ég gerði tilraunir með hálfan daginn í lok starfstímans en það var ekki að gera sig og í raun og veru varð ég að velja: ef ég ætlaði að hafa einhverja orku heima hjá mér þá yrði ég að hætta að vinna.“ Um það hvort


hann hafi verið lengi að lenda þessu fyrir sjálfum sér svarar hann: „Ekki eftir að við vorum búin að ákveða þetta hjónin. Að nú væri kominn tími. Þá var þetta ekkert mál. Ég er hamingjusamasti maður í heimi! Við erum búin að skapa okkur umhverfi sem við elskum og þrífumst vel í og sjáum fram á að geta haldið því áfram. Þessar aðstæður verða ekkert betri.“

Fólk á að hafa jafnan rétt til tækifæra

Valdimar hefur tekið þátt í störfum félagsins Íslands-Palestínu eftir föngum um árabíl og fór m.a. til Vesturbakkans í Palestínu sem sjálfbóðaliði í nokkrar vikur. Hann er í kór á Akranesi og hefur unnið með Sósíalístaflöknum í ýmissi málefnavinnu.

„Ég fylgist með flokknum og reyni að taka þátt eins og ég hef þrek til, ríft á Facebook og svona,“ segir Valdimar og brosir í kampinn. „Er þetta ekki bara einhver réttlætiskenn? Það er svo margt að. Fólk á að hafa jafnan rétt til tækifæra og ekki þurfa að þola ofbeldi, þetta er í rauninni ekkert flóknara en það.“

Honum finnst nauðsynlegt að fólk spyrji sig í fullri alvöru hvort ekki séu einhverjir aðrir valkostir en það sem hann nefnir eitraða borgaramennsku. „Mér finnst hún svo agaleg. Við erum öll borgarar:



Gróðurhúsið er upphitað og nýtt í forræktun. Þar vex líka mjög kröftugur vínviður og ýmis rósayrki.



Vegna kulda hefur aðeins mátt opna býflugnabúðið í augnablik, annars getur hitinn í því fallið og það skaðað býflugurnar.

fyrst erum við lífverur, síðan ákveðum við að lifa í hóp og þurfum þá að finna okkur leiðir að því að vinna í hóp, svo búum við okkur umhverfi sem borgarar.

Þú færð hús, mætir í vinnu, færð farartæki og lokast svo inni í þessum heimi þínum: húsinu, farartækinu, vinnunni, flugvélinni ... og þeim lífsmáta sem okkur er nánast skapaður af fyrri kynslóðum. En allt of fáir setja spurningu við þetta. Er þetta eðlilegt? Er eðlilegt að við getum verið að þeytast milli landa og brennt einhverjum ósköpum af olíu í hvert sinn? Fólk þykir alveg sjálfsgöð réttindi að mega nýta öll þau þægindi sem olían býður upp á.“

Hann stendur upp og gefur hænunum Helgu, Hönnu, Rósu og Rúnu korn út um opinn gluggann og hleypir tkinni Leyju inn sem sífellt er á ungæðislegum spretti nema þegar hún sefur. Hann heldur áfram: „Mín ósk væri fyrst og fremst að við myndum hægja á. En það er

ekki til neins að tala um það, enginn vill minna, helst bara meiri hagvöxt. Mælikvarðarnir eru úti á túni. Hvað er annars verið að mæla?“ spyr hann og hristir höfuðið.

„Ræktun á að verða miklu víðtækari innan bæja og samfélaga fólks. Hér búum við og ætlum að hafa sémilega heilbriggt umhverfi fyrir okkur sjálf og það felst í að rækta matinn nær okkur. Viss hætta er á að það verði til einhver þjóðernisreimbiingur tengdur svona hugmyndum en við eigum ekki að flytja inn mat heldur að rækta matinn hér, það er að mínu mati grundvallarforsenda. Og við eigum að rækta inni í bæjum. Það er aðeins byrjað en þarf að aukast mjög. Allir eiga að rækta sem hafa tækifæri til og við erum þessa dagana að verða vitni að mikilli viðhorfsbreytingu í lífrænum lífsstíl. Við eigum að gera alltaf okkur umhverfi sjálfbært. Ég vil búa í sjálfbæru og heilbrigðu umhverfi,“ segir Valdimar að lokum.



Árni Björn Haraldsson hefur búið í áratugi nyrst í Noregi og haft Finna og Rússa að nágrönnum beggja vegna. Nú hyggst hann bregða búi og flytja í þéttbýli í austurhluta Noregs sökum heilsubrestra.

Myndir / Aðsendar



Búskapurinn var lengi vel hobbí hjá Árna til hliðar við starf hans í fasteignamat. Hann segist alltaf hafa haft gaman af að rækta.



Útreiðar til skemmtunar og heilsubótar hafa alltaf fylgt Árna en hann hefur bara einu sinni keppt í gæðingakeppni, sér til skemmtunar þegar hann varð sjötugur, sem gekk vonum framár.

Noregur:

Dásamlegt land fyrir hestamennsku

– Íslenskur bóndi í norska Pasvikdalnum bregður búi, hættir hrossarækt og setur jörðina á sölu

Árni Björn Haraldsson hefur búið hartnær hálföld í Noregi og lengst af í Pasvikdalnum, botnlanganum milli Finnlands og Rússlands, nyrst í Noregi.

„Ég er að heimsækja mömmu, hún verður 100 ára í janúar og býr á Hrafnistu, maður veit aldrei hvort þetta er í síðasta skipti sem ég sé hana,“ segir Árni um erindi sitt til Íslands að þessu sinni. Vinnuhelgi í Eggertslundi í Reykholtsskógi í Borgarfirði, þar sem langafi hans var prestur, sé líka meðal erinda, auk þess að setja jörðina sína í Noregi á sölu.

Hann er sonur Haraldar Árnasonar heitins, fyrrum ráðunautar hjá Búnaðarfélagi Íslands, og móðir hans er Herdís Jónsdóttir kennari.

Árni fæddist í Bandaríkjunum en var alinn upp í Kópavoginum og ævinlega í sveit á sumrin. Lengst í Vorsabæjarhjáleigu í Gaulverjabæjarhreppi, tvö sumur var hann kúskur á Hvanneyri. Sumarlangt vann hann á dönsku tilraunabúi, settist í Bændaskólann á Hvanneyri í eitt ár og þaðan lá leiðin í nútæknideild í Así í Noregi. Síðan lenti hann, með einhverjum lúppum, til Tansaníu í Afríku þar sem hann tók þátt í samnorrænu þróunarhjálparkerfni og í kjölfarið gerðist hann forstöðumaður tilraunabús í Pasvikdalnum, en þaðan var fyrri kona hans.

„Þetta var eins og nýbýlasjóður og vélasjóður ríkisins á sínum tíma. A

tilraunabúinu voru gerðar út grófur og jarðtúr til að vinna fyrir bændurna og ég stjórnaði þeirri útgerð,“ segir Árni og segir búið einnig hafa annast kennslu grunnkúrs í landbúnaði.

„Í þessu starfi var ég í 8 ár en byrjaði þá með sjálfstæðan rekstur, sem á fáum árum þróaðist alveg yfir í fasteignamat, og hafði meira en nóg að gera þar.

Þetta gerði ég svo þangað til ég varð að hætta, ég hafði fengið mænuveiki nýu ára gamall, hélt fullum kröftum en fékk seinskaðana þannig að allt í einu var orkan búin. Ég hafði til dæmis verið mikið í Finnörku á rjúpnaveiðum og gengið ofsalegar vegalengdir en svo allt í einu þá bara gat ég ekki meira.“

Ógurlega gaman að rækta

Hann bjó í totunni milli Finnlands og Rússlands í 33 ár. Árið 1981 brá tengdafaðir hans búi í Pasvikdalnum og Árna leist illa á að jörðin myndi grotna niður. Hann keypti því jörðina og tengdafaforeldrar hans bjuggu þar áfram en Árni annaðist búskapinn. „Ég lét grafa alla skurði upp á nýtt og framræsa öll túnin með drenum, landareignin var öll mýri,“ segir hann. „Þarna var fjós með alls konar vistarverum fyrir hesta, svín og hænsn og ég opnaði þetta allt og breytti í stóra hlöðu, setti upp völdugan súgþurrkunarbílarsa og framleiddi þarna heilmikið af hevi til sölu. Þetta var nú bara hobbí við hliðina á vinnunni en mér finnst ógurlega gaman að rækta,“ segir Árni.

Svo kom að því eitt árið að hann losnaði ekki við allt hevið og ákvað að fara út í dálitla hestarækt. Hann átti íslenska geldinga til útreiða og afreð að kaupa þrjár merar. Árni segir folöldin sem komu undan merunum hafa verið tamin og seld og það hafi gengið ágætlega. Fyrir nokkrum árum hafi hann þó ákveðið að hætta ræktuninni og halda aftur aðeins hesta til útreiða. Nú er hann orðinn 76 ára og heilsu sinnar vegna segist hann ætla að láta jörðina. „Ég ætla að selja jörðina og kaupa hús einhvers staðar í borginni Kongsvinger í austurhluta Noregs ásamt konunni minni. Ég er svona að velta fyrir mér hvort einhverjir Íslendingar hefðu hug á að kaupa af mér,“ segir hann og telur jörðina vænlega fyrir hestatengda ferðaþjónustu, til dæmis.

Hann segir um 20% hesta í Noregi vera íslenska og sterkt samfélag sé í

kringum íslenska hestinn og ræktun hans þar. „Annað veiðið eru fluttir inn til Noregs íslenskir graðhestar og fólk hefur verið mjög upptekið af því, en það eru líka nokkrir góðir graðhestar fæddir í Noregi. Ég hef ekki viljað eiga hesta sem eru fluttir inn frá Íslandi því þeir fá svo oft sumarexem. Ég las grein um að 7% af öllum hestum, sama af hvaða kyni þeir eru, fái þetta ofnæmi en helmingur allra hesta sem fluttir eru út tveggja ára og eldri fá þetta þar sem þeim tekst ekki að mynda mótefni.“

Rússnesk-úkraínskt samband

Árni er kvæntur rússnesk-úkraínskri náttúruvísindakonu, Eleni Vladimír-ovnu, sem nam á sínum tíma við skógræktarháskólann í Moskvu og starfaði við rannsóknir á Laplandskvi-náttúruverndarsvæðinu á Kólaskaga.

Þau kynntust þegar hún kom til Noregs í vinnuferð en í dag er hún með norskan og rússneskan ríkisborgararétt og vinnur sem deildarstjóri á barnaverndarheimili, en áður vann hún sjö ár í kvennaathvarfi.

Að gefnu tilefni er Árni spurður hvort þjóðerni Eleni valdi henni vandræðum nú um stundir þegar Rússar heyja innrásarstríð í Úkraínu. Hann segir aldrei nokkurn tíma hafa verið neitt áreiti vegna uppruna hennar. „Þar sem við búum eru rússneskumælandi konur frá Rússlandi, Úkraínu og baltnesku löndunum. Þær eru með óformlegan klúbb og reyna að hittast einu sinni í mánuði og fara út að borða saman.

Þá gildir ekki hvaða landi þær eru frá heldur hvaða mál þær tala. Þetta hefur ekki verið neitt vandamál á okkar svæði.“

/sá



ÖFLUGIR UTANBORÐSMÓTORAR FRÁ SUZUKI

Það liggur þrotlaus ransóknar- og prófunarvinna á bakvið utanborðsmótora Suzuki sem skilar sér í krafti, sparneytni, áreiðanleika og endingu. Komdu við og kynntu þér úrvalið og möguleikana. Við tökum vel á móti þér

VERÐ FRÁ KR.
809.000

Suzuki á Íslandi

Skeifunni 17
Sími 568 5100
www.suzuki.is

• Nánari upplýsingar á suzuki.is



Árni kyndir öll hús sín með birki sem hann vinnur sjálfur úr skóginum.

Weckman vagnar



H. HAUSSON EHF.



130BT - Flatvagn

Burðargeta/hlass: 13 tonn/17 heyrúllur
Verð kr. 3.220.000 með vsk.



130G - Sturtuvagn

Burðargeta/hlass: 13 tonn
Verð kr. 2.390.000 með vsk.

90G - Sturtuvagn

Burðargeta/hlass: 9 tonn



Verð kr. 1.790.000 með vsk.

110DG – Hardox Malarvagn

Burðargeta/hlass: 11 tonn



Verð kr. 3.490.000 með vsk.

160MG – Malarvagn

Burðargeta/hlass: 16 tonn



Verð kr. 4.670.000 með vsk.

Á heimasíðunni okkar www.hhauksson.is er hægt að sjá fleiri stærðir og gerðir af vögnum sem í boði eru frá Weckman.

H. Hauksson ehf. | Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN

KOFASIL® LP

Hvatar fyrir vothey eða lítið þurrkaðar rúllur/bagga ásamt flatsíló þar sem þurefni er aðeins, 20-35%.

- KOFASIL® LP hefur hátt innihald af natríumnítrít og hexametylentetramín sem eru mjög áhrifarík gegn loftháðum örverum og sporum í fóðrinu (ss Clostridia og Listeria).
- Auk þess inniheldur KOFASIL® LP natríumbensóat sem takmarkar vöxt á geri og myglu.
- KOFASIL® LP er ekki ætandi.
- KOFASIL® hvatarnir eru einu hvatarnir sem hafa bein áhrif gegn sporum loftháðra örvera, á meðan sýrurnar virka óbeint í gegnum lágt pH.
- Á meðan sýrurnar hamlu þannig veksti á bakteríum, þá mun natríumnítrít og hexametylentetramín í KOFASIL® brjóta niður bæði smjörkýrubakteríur og spora þeirra auk þess sem sömu efni vinna einnig gegn listeriu bakteríum.

 **Hreinlætislausnir**
Áfangar


S. 421 1900
hreinlaetislausnir.is





„... helgasta efnið sem hjartað elur“

Orðsins list kemur að þessu sinni frá ungu ljóðskáldi sem heitir ágúst(a).

Regína bókaútgáfa gaf út ljóðabókina Hróstugt hálfsumarland 2022 og er það fyrsta bók

höfundar sem skrifaði ljóðin á nítjándanda aldersári í alvarlegum veikindum en er í dag 26 ára. Í bókinni er að finna um 200 íslensk nýyrði og hefur Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur lýst ljóðskáldinu sem „nýrri dúndurrödd“ og að ljóðin búi yfir einstökum „tilfinningahita og orðkynngi“.

Í lýsingu útgefanda segir: „Fyrst var ungskáldið keðjulaus drengur; svo kom heiftúð helsærðrar fjölskyldunnar og félagsleg einangrun, þar á eftir skömm og líkamleg veikindi, þeim næst hugarmengun og síðast sjálfsvígsskylt bjargarþrot, eins og skáldið lýsir best: „ég er þokubundið stöðuvatn / ég er hrjóstugt hálfsumarland. Leitir að heilun og hlýju stigmagnast í síðasta kaflanum; andakt í garð ungrar konu og kvenleikans gjörvalls ríkir („í gríðanótt / held ég stálfast um þig“) og þannig örlar kannski á varkárú æðruleysi, þrátt fyrir allt.“

Hróstugt hálfsumarland er heillandi bók, mjög nærgöngul og sár en um leið full af andríki.



Ljóðskáldið ágúst(a).

Ljóðin sem hér birtast eru úr kaflanum brennimarksljóð. /sá

nánd í náttugarhögum

i.
rauðsollituð kvöld
hringast upp rósróna stígann
alskugglaus æska, fæðingarhvi

ég man öll danssporin þín
alheimsþorstann
heysátuna
aldingarðinn
dínalognið
huldufólksbyggðina, vegina þeirra
almættið í löfa mér
undirleitt almættið
nafnlausir akrar plægðir
nánd í náttugarhögum

þreyttur bóndi reytti arfa
úr djúpri mold í máulegum fjarska
hvítuglar um myrkgleyminn
kannskifðurblámann
suðurland, stúlkuland, ljóðaland
þú varst ég
ég var þú
við vorum nánd í náttugarhögum

ii.
innst inní grasinu grétum við
allslífsnautnina
sem sönglaði glatt þetta sumar í hverri
suðurlandsnáttu
tær eins og lindarvatnið, nautnin tær
eins og lindartárin
í hverjum einasta mótindotta hesti á
beit og brjóstrauda farfugli
í hverri einustu heyrullu og fljúgandi
hvíttri vonón
þar lifði allslífsnautnin sem okkur var
gefín
og gefín aðeins einu sinni

í okkur lifði sú græðisind, til þess eins
að deyja
um gullsólarlagana þegar helgasta
efnið sem hjartað elur
holdgæðist í þér og brosti eitt
stundarkorn að mér



Mjög öflugt og flott leikfélag er á Sólheimum, sem frumsýnir alltaf ný og ný verk sumardaginn fyrsta ár hvert. Hér var það Kardemommubærinn.

Myndir / MHH



Reynir Pétur Ingvarsson, sem flestir ef ekki allir Íslendingar kannast við, býr á Sólheimum og unnið hag sínum vel á staðnum. Hann gerir mikið af því að spila á munnhórpuna sína þegar gesti ber að garði.

Grímsnes:

Kristinn nýr framkvæmdastjóri Sólheima

– Menningardagskrá í allt sumar

Kristinn Ólafsson hefur verið ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra Sólheima í Grímsnesi til næstu fimm ára.

Hann hefur starfað sem rekstrarstjóri á Sólheimum frá því í janúar á þessu ári. Kristinn er fæddur og uppalinn í Reykjavík, giftur Cecilie Björgvinsdóttur, en hún er mannaútsstjóri hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Þau hafa búið á Selfossi síðan hún tók við þeirri stöðu árið 2015. Kristinn og Cecilie eiga þrjú börn og sex barnabörn. „Sólheimar hafa lengi heillað mig. Þar er einstakt samfélag sem byggir á samheldni og kærleika allra sem þar búa og starfa. Þau gildi sem þar eru í hávegum höfð höfða sterkt til mín og mig langaði til að leggja mitt af mörkum til að sjá þetta samfélag styrkjast og vaxa,“ segir Kristinn.



Um 100 manna samfélag

Sólheimar eru sjálfbært samfélag þar sem rúmlega 100 einstaklingar búa og starfa saman.

Sólheimar eru stofnaðir árið 1930 af Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur. Bygðahverfið leggur áherslu á ræktun manns og náttúru. „Starfsemi hjá okkur er gróflaga skipt í tvennt.

Við erum félagsþjónusta með 45 heimilismönnum og síðan hliðarrekstur sem styður við starfsemi. Við erum með veitingahús, verslun, gistiheimili, garðyrkjustöð og skógrækt. Þessi starfsemi vinnur vel saman og gerir það að verkum að gestir og gangandi geta komið til okkar, kynnst okkur og notið umhverfisins og þess sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Það er okkur mikilvægt að vera hluti af samfélaginu og við hvetjum fólk til að heimsækja okkur og kynnast staðnum. Við bjóðum upp á kynningar á starfsemi og hugmyndafræðinni sem hún byggir á. Nýlega höfum við opnað sögusafn þar sem hægt er að kynnast sögu Sólheima og upphafsögu staðarins, Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur,“ segir Kristinn.

Eins og lítið bæjarfélag

Þegar Kristinn er spurður hvað sé best við Sólheima stendur ekki á svarinu. „Staðurinn er einstakur á svo margan hátt. Bæði er umhverfið ótrúlega fallett og þar er mikil veðursæld, en það sem stendur þó upp úr er samfélagið. Samfélagið á Sólheimum er einstakt á Íslandi og þótt víðar væri leitad.

Sólheimar eru eins og lítið bæjarfélag þar sem allir fá að vera eins og þeir eru að upplagi, forðamaust. Allir fá að njóta sín og leitast er við að efla styrkleika hvers og eins. Þegar Sólheimar voru stofnaðir þótti þessi hugmyndafræði að mörgu leyti fráleit. Þá var aðskilnaðarstefna í þjóðfélaginu og fólk dregið í dilka.



Kristinn Ólafsson er nýr framkvæmdastjóri Sólheima.

Þeir sem voru álitnir öðruvísi en fólk flest liðu mikið fyrir þá stefnu. Sesselja vann ótullega á móti slíkum forðum og taldi að allir ættu að eiga jafnan rétt til að vaxa og þroskast í samfélagi hvert við annað. Mér finnst það hafa tekist vel,“ segir Kristinn.

Hann segir jafnframt að góður andi ríki á staðnum og allir leggja sitt af mörkum til að gera samfélagið sífellt betra. „Samfélagið byggir á hugmyndum um sjálfbærni, kristnum gildum og mannspeki, en er fyrst og fremst byggt upp með þarfir heimilismanna að leiðarljósi,“ segir hann.

Tónleikar alla laugardaga

Það verður mikið um að vera á Sólheimum í sumar allar helgar. „Það eru tónleikar í kirkjunni, eða úti ef veður og aðstæður leyfa, alla laugardaga kl. 14 fram til 19. ágúst. Þar að auki er Græna kannan, kaffihúsið okkar, opið. Verslunin Vala er alltaf vinsæl, en þar er hægt að kaupa listmuni eftir íbúa staðarins og lífrænt ræktað grænmeti úr garðyrkjustöðinni Sunnu auk nytjamaðkaðar.

Skógræktarstöðin Ólur býður upp á að versla trjáplöntur af ýmsum gerðum. Sólheimasafnið er opið í allt sumar og listsýningar eru í gangi. Auk listsýningar í versluninni Völu er listsýning í Sesseljuhúsi, en þar er listakonan Guðrún Arndís Tryggvadóttir með sýningu sem kallast „ONÍ“. Við viljum hvetja alla sem geta til að heimsækja okkur og njóta alls sem staðurinn hefur upp á að bjóða,“ segir Kristinn að lokum.

/mhh

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

BALEX METAL
YLEININGAR

Léttar stálklæddar samlokueiningar sem fást með þéttifrauðs- eða steinullarkjarna. Auðveld og fljót uppsetning, auðveld þríf, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir. Henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjálkæðningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is

Það er komið sumar!



Útdraganlegt þak

Álgrind 4m á breidd og 3m út með 8mm holplasti í þaki. Tilvalið á pallinn eða yfir heita pottinn.

Kr. 295.000

Gróðurhús



Jarðarberja Pottar

7 pottar saman ásamt botni mynda potta turn. Fínt til að rækta jarðarber. Samtals hægt að rækta 28 plöntur í einum turni. (Plöntur fylgja ekki með)



Kr. 8.000

Gerð úr sterkum ál próffílum og með 4mm holplasti.

Tvær stærðir:

3,10 x 2,38 m: **Kr. 180.000**

4,30 x 2,38 m: **Kr. 225.000**

Sími: 866-9693

Facebook: Gróðurhús SMH ehf

KOFASIL® ULTRA

Hvatar fyrir rúllur/bagga eða flatsíló með 30 - 65% þurrefni.

- KOFASIL® hvatarnir eru einu hvatarnir sem hafa bein áhrif gegn sporum loftháðra örvera, á meðan sýrurnar virka óbeint í gegnum lágt pH.
- Á meðan sýrurnar hamla þannig vexti á bakteríum, þá mun natríumnítrít og hexametýlentetramín í KOFASIL® brjóta niður bæði smjörkýrubakteríur og spora þeirra auk þess sem sömu efni vinna einnig gegn listeríu bakteríum.
- KOFASIL® ULTRA inniheldur natríumbensóat og natríumprópíónat.
- Þegar sýrustigið lækkar vegna gerjunar á yfirborði fódursins mun bensóat og própíónatsölt úr KOFASIL® ULTRA breytast í sýru sem leiðir af sér umtalsvert stöðugra fóður. Þetta á líka við þegar kemur að því að opna rúllur til fódunar þá eru minni líkur á hitamyndun sem minnkar líkur á myglu.
- Mælt er með að nota í rúllur og frábært í gróft fóður ætlað hestum þar sem hestar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir myglu.
- KOFASIL® ULTRA er ekki ætandi. Margar tilraunir skjalfesta hversu áhrifaríkt KOFASIL® ULTRA er við að takmarka etanólgerjun við verkun á fóðrinu ásamt því að veita stöðugleika í fóðrið.



**Hreinlætislausnir
Áfangar**



S. 421 1900
hreinlaetislausnir.is

Handverksbrugghúsin á Íslandi:

Upphefðin kemur að utan

Höskuldur
og Stefán
hoskuldur@bondi.is



Í Bændablaðinu undanfarið hafa birst pistlar um handverksbrugghús á Íslandi og hér halda þeir áfram. Næst í röðinni er Einstök brugghús, lína af björum sem framleidd er í brugghúsi Víking á Akureyri.

Upphefðin kemur að utan segir máltækið og það á svo sannanlega við um Einstök bjórgerð.

Eftir að hafa verið framkvæmdastjóri bandaríska freyðivinsframleiðandans Piper-Sonoma og sérfræðingur í lúxus vörumerkjastjórn fór Bernard LaBorie í heimsreiðu árið 2006 með það eina markmið að finna besta vatn í heimi.

Íslenskt vatn, best í heimi

Hafði hann áhuga á að markaðssetja lúxus vatnsmerki á borð við t.d. Fiji vatnið, sem selt er dýrum dómum í löndum þar sem sambærileg gæði flæða ekki úr krananum.

Eftir að hafa ferðast að eigin sögn um nánast allan heiminn endaði hann á Íslandi enda vatnið hér best í heimi og óþarft að vísa í rannsóknir þess efnis. Þær fjárhaglegu hamfarir sem fylgdu næstu árin settu þessar hugmyndir á ís en hópurinn sem hann hafði munstrað með sér til að selja íslenska vatnið var þó ekki alveg á því að ævintýrinu væri lokið.

Einstök lítur dagsins ljós

David Altshul, lögfræðingur og fjárfestir annars vegar og Jack Sichterman, auglýsingagúrú sem unnið hafði fyrir alls kyns vörumerki, komu með en þeim hafði hann kynnst í gegnum fyrri störf sín.

Einnig var með þeim kona sem þögnul fjárfestir í verkefninu, en sú vildi ekki láta mikið á sér bera og er nafnlaus enn þann dag í dag og



Bernard LaBorie, Jack Sichterman og David Altshu stofnuðu Einstök ölgerð.

kemur ekki frekar við sögu. Þrátt fyrir efnahagsþrengingarnar varð það úr að samstarfið héldi áfram og 2011 leit Einstök bjórinn dagsins ljós. Uppruni nafnsins var þannig að þeir félagar voru á leiðinni til landsins eitt sinn og Jack Sichterman rakst á orðið í fyrirsögn í Atlantica flugritinu. Einstök er nefnilega merkileg nafngift og nokkuð augljóst að íslenskumælandi valdi það ekki en í endursögn á ÍMARK deginum 2015 sagði Jack svo frá að hann hefði spurt samstarfsaðila hér á Íslandi út í nafnið og þegar útskýringin lá fyrir hefði nafnið raunar aldrei verið spurning.

Einstök hafði bæði merkinguna sem þeir vildu, var auðvitað einstakt (meðvituð gamanmál) en líka auðvelt í framburði fyrir hina væntu

kaupendur á erlendri grundu og ekki skemmdi fyrir að innihalda staf sem ekki var að finna í enska stafrófinu.

Íslensku samstarfsaðilarnir höfðu smávægilegar efasemdir og sannfærðu þá bandaríska um að taka orðið Ölgerð með. Það varð úr en „Ölgerð“ hlutinn er sjaldnast notaður og áhyggjurnar af orðinu óþarfar.

Íslenskur jólabjór seldur í Disney-garðinum

Framleiðslan fór á fullt og var Baldur, bruggmeistari Víking, þeim innan handar og sá um að uppskriftirnar væru í lagi. Í þessum sama fyrirlæstri og áður var minnst á sagði Jack frá því að gæðamálin væru efst í forgangs röðuninni hjá þeim.

Þannig hefði það viljað til t.d. einu sinni að framleiðsla á Einstök White Ale bjórnum hefði ekki mætt þeirra gæðakröfum og því verið fyrirskipt að farga herlegheitunum. Líklega er það algjör tilviljun að skömmu síðar kom Víking sumaröl, jarðarberjabættur White ale á markaðinn.

Einstök bjórinn hlaut sémilegar viðtökur hér heima, framan af. Það var ekki fyrr en 2015 þegar Einstök bjórar ruddu út mun þekktari tegundum af krana í Epcot hluta Disney-garðsins sem að frægðarsól vörumerkisins fór að skína á Íslandi fyrir alvöru. Einstök var t.d. eini jólabjórinn sem var seldur í Disney-garðinum og það þótti töluvert afrek og var líklega eitt mesta afrekið í bjórútflutningi fram að þessu, að Lava undanskildu.

Sá bjór sem kannski hefur dregið vagninn og bjórgerðin er einna þekktust fyrir, a.m.k. hérlendis, er Einstök White Ale. White ale er umdeildur stíll, þ.e. hvort hann sé yfir höfuð til, en nógu margir bjórar eru framleiddir sem slíkir til að þessi greinarflokkur gangist við honum. Frægasti slíkur á heimsvísu er líklega Allagash White en algengara nafn á þennan stíl eru svokallaðir belgískir wit bjórar. Til einföldunar má segja að þetta séu hveitibjórar bragðbættir með appelsínuberki og kóríander og þó að það sé ekki algilt á þetta við um Einstök White ale bjórinn.

Fyrir utan White ale bjórinn má nefna Toasted Porter bjórinn sem náði nokkurri dreifingu bæði heima og erlendis. Ristað malt og kaffitónar runnu þar ljúflega saman og úr varð bjór sem náði töluverðri dreifingu í Bandaríkjunum.

Velgengni vörumerkisins

Einstök er þannig það vörumerki sem persónugerir flesta útflutningsdrauma Íslendinga þegar kemur að bjór. Enn er töluvert flutt út af Einstök bjórnum, fyrst og fremst til Evrópu í seinni tíð en Covid-faraldurinn fór illa með markaðsstarfið þeirra í Bandaríkjunum auk þess sem flutningsleiðir þangað röskuðust meira en til Evrópu.

Háleit markmið um heimsyfirráð hafa þannig ekki náð að raungerast þó enn leynist glæður í þeim draumi. Þrátt fyrir að velgengni erlendis



Toasted Porter.



Einstakur upptakari.

hafi skilað sér í upphefð hér heima má segja að eftir því sem færri fréttir berist af sigrunum erlendis, þeim mun verr gengur hér heima. Fókusinn var líka ögn dreifður, t.d. var Víking farið að framleiða Víking White Ale í handverkslínunni sinni í samkeppni við Einstök vörumerkið og fyrir vikið datt salan á Einstök bjórnum niður hérlendis. Svo fór að CCEP, eigandi Víkinga Brugghúss, keypti vörumerkið fyrir íslenska markaðinn árið 2019 og í dag sér enginn handverkslínuna frá Víking lengur.


Sagt vera 45 milljón dollara virði

Einstök erlendis á hinn bóginn virðist frekar vera að blása í seglin og árið 2022 fóru þeir í hópþjármögnun þar sem 1.210 hlutir voru seldir fyrir rúma milljón bandaríkjadala.

Í því útboði kom fram að virði Einstök bjórgerðar væri áætlað um 45 milljónir dollara, eða rúmir 6,1 milljarður íslenskra króna á gengi miðs júní 2023. Hvort það standist skal ósagt látið en víst er að Einstök bjóranir hafa fengist mjög víða vestanhafs, í meðal annars Total Wine, Whole Foods, Trader Joe's, Publix, og Target til að nefna nokkra sölustaði. Það hefur ekki einu sinni íslensk lambakjötíð leikið eftir.

Það hafa þannig skipst á skin og skúrir þegar kemur að Einstök og aðstandendurnir augljóslega hvergi af baki dottirnir. Í blaðaviðtali þegar þeir voru að setja fyrstu bjórana á markað sögðu þeir að markmiðið þeirra væri að kenna heimsbygginginni að segja upp á íslensku „Skál“. Ekki skal spáð fyrir um það hér hvort það náist, en spennandi verður að fylgjast áfram með þessu áhugaverða... og jú, einstaka ævintýri.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

BERUSTADIR

851 HELLA



- um 320 hektarar
 - Mikill húsakostur
 - Jörð í fullum rekstri m/ 440.000L kvóta, vélum og bústofn
- 575.000.000 kr

SANDHÓLAFERJA

851 HELLA



- um 1.500 hektarar
 - Mikill húsakostur
 - Íbúðarhús, hesthús og reiðhöll
 - Fallett landslag, lax- og silungaveiði
- 500.000.000 kr

HALAKOT

801 SELFOSS



- 7,6 hektarar
 - Paradís fyrir hestafólk
 - Góður húsakostur ásamt frábærri aðstöðu fyrir hesta
- 195.000.000 kr

EFRI-ÞVERÁ

VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLU



- 72 hektarar (+1.600 ha óskipt)
 - Íbúðarhús og hesthús
 - Seljendur eru til í skipti á íbúð á suðvesturhorninu
- 73.900.000 kr

LINDARBÆR

851 HELLA

- 230 hektarar
 - Grasmikið beitiland
 - Góðar girðingar og gott aðgengi frá vegi
- 80.000.000 kr

- ★ Býð upp á frítt sölu verðmat án skuldbindinga
- ★ Útbý bankaverðmat til endurfjármögnunar
- ★ Ertu a leita að einhverju sérstöku eða í söluhugleiðingum? Hafðu samband og við vinnum saman

AÐRAR EIGNIR Í SÖLU

- Ýmsar aðrar eignir á skrá á Selfossi og í Reykjavík
- Nýbyggingar á Selfossi
- Ferðapjónustueignir/ fyrirtæki sem bjóða upp á mikla möguleika



Jens Magnús Jakobsson

Löggiltur fasteignasali



magnus@husfasteign.is



893 1984

Nánari upplýsingar um allar eignir má einnig sjá inn á www.husfasteign.is



YAMAHA



PIONER BÁTARNIR ERU KOMNIR

YAMAHA á Íslandi býður breiða vörulínu af vönduðum utanborðsmótörum auk hágæða og sterkra Pioneer plastbáta sem eru fánlegir í mörgum útfærslum og litum. YAMAHA utanborðsmótora eru þekktir um allan heim fyrir kraft, gæði og áreiðanleika. Með YAMAHA utanborðsmotor og Pioneer plastbát má ná fullkominni þörun á motor og bát þar sem fara saman gæði, styrkur, ending og áreiðanleiki.



» **PIONER 14 ACTIVE**
Fyrir motor allt að: 25hp
411x173cm, fyrir 3-4 pers.
Verð: 1.160.000 kr.



» **PIONER 15 ALLROUND**
Fyrir motor allt að: 30hp
470x180cm, fyrir 5 pers.
Verð: 1.430.000 kr.



» **PIONER 16 EXPLORER**
Fyrir motor allt að: 60hp
507x210cm, fyrir 6 pers.
Verð: 1.960.000 kr.



» **400 STEADY BY PIONER**
Fyrir motor allt að: 40hp
400x180cm, fyrir 5 pers.
Verð: 1.140.000 kr.



YAMAHA F9,9JMH
Fjörgengis - 9,9 hp
Verð: 590.000 kr.



YAMAHA F25GWH SL
Fjörgengis - 25 hp
Verð: 825.000 kr.



YAMAHA F40FET S/L
fjörgengis - 40 hp
Verð: 1.165.000 kr.



YAMAHA F70AET L/X
fjörgengis - 70 hp
Verð: 1.690.000 kr.

pioneer

YAMAHA Á ÍSLANDI
ARCTIC TRUCKS



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | S: 540 49 00 | www.yamaha.is

Fyrirvari: Verð miðast við grunnútgáfu af hverjum bát. Myndir innhalda aukabúnað sem ekki fylgja grunnútgáfu. Verð á bátum innifelur ekki verð á motor. Öll verð eru með VSK og miðast við gengi 8. maí 2023.



Nýja fjósið er allt hið glæsilegasta og þar fer einstaklega vel um kýrnar. Fjósið kostaði um 250 milljónir króna. Myndir /MHH



Bræðurnir í Þrándarholti, þeir Ingvar (t.v.) og Arnór Hans, Þrándarsynir, ásamt konum sínum, Magneu Gunnarsdóttur og Sigríði Björk Marinósdóttur, sem eiga heiðurinn af byggingu nýja fjóssins. Með þeim er hundurinn Dimma. Mynd / Aðsend



Það fór vel með á með nöfnunum, Gunnari Þorgeirssyni, formanni Bændasamtakanna, og Gunnari Erni Marteinsyni, sveitarstjórnarmanni í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, þegar þeir skoðuðu nýja fjósið.

Suðurland:

Mikil ánægja með nýja fjósið í Þrándarholti

Fjölskyldurnar í Þrándarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi voru með opið fjós í nýju og glæsilegu nýttisku fjósi á bænum föstudaginn 16. júní.

Fjöldi gesta mætti til að skoða herlegheitin og gæða sér á veitingum. Fjósið, sem er úr límréseinum frá Flúðum, er allt hið glæsilegasta með pláss fyrir 107 kýr. Tveir róbótar eru í fjósinu, GEA mjaltþjónar af fullkonnustu gerð. Þá verður nýtt og glæsilegt fóðurkerfi sett upp í fjósinu í haust. Meðfylgjandi myndir voru teknar í opna fjósinu. /mhh



Þessi flotta og forlata dráttarvél stendur við dyrnar inn í nýja fjósið.



Lífland sá um veitingarnar og kaffið. Hér er Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir að störfum.



Grétar Hrafn Harðarson dýralæknir, ásamt hjónunum og kúabændunum í Hvammí í Ölfusi, Carlotte Clausen og Pétur B. Guðmundsson.



Trjábólur sagaður í skógarhöggskeppni.

Myndir / Þór Þorfinnsson



Rótgrónir viðburðir vekja jafnan skemmtan á hátíðinni.

Austurland:

Skógardagurinn mikli

Við Lagarfljót undir vökulu auga Snæfells dafnar einn tilkomumesti skógur landsins.

Hallormsstaður er rómaður fyrir náttúrutöfra þar sem andagiftin og rómantíkin eiga sér bólstað. Þar vaxa tignarleg tré sem mynda skógarparadís sem löngu er orðin landsþekkt. Í góðum félagsskap, álfa, vætta (Lagarfljótsormurinn vitanlega) og manna um Jónsmessuhátíðina gera bændur á Fljótsdals-heraði upp árið með veislu sem þeir kalla Skógardagurinn mikli.

Það er fyrir tilstilli skógræktenda á Héraði að skógardagurinn er haldinn og allar götur frá 2005 hefur hátíðin farið fram.

Að samkomunni standa Skógræktin, Félag skógarbænda á Austurlandi ásamt félögum sauðfjár- og kúabænda á Héraði og fjórðunum. Ævinlega er margt um manninn en gestir hátíðarinnar hafa verið yfir 2.000 manns. Því er gott að nýta sætafjöldann í bílunum sem mest fyrir þá sem koma lengra að en þeir sem þegar eru í gistingu á Hallormsstað, hvort sem er í tjaldi eða í hótelligistingu.

Margt er að sjá og upplifa. Orka skógarins skilar sér til gesta. Sem og er orka kókómjólkurinnar kærkomin en þess má geta að hún fagnar 50 ára afmæli sínu um þessar mundir. Rótgrónir viðburðir, eins og skógarhöggskeppnin, verður á sínum stað og yngsta kynslóðin mun hafa nóg fyrir stafni í ýmsum þrautum og leikjum.



Kókómjólkin á 50 ára afmæli í ár.

Bændur af Héraði bjóða upp á heilgrillað naut og lamb og ýmsar aðrar veitingar, svo sem lummur og ketilkaffi.

Allir eru velkomnir í Hallormsstað á Skógardaginn mikla sem hefst á hádegi með leikjum og gleði fyrir börnin. Formleg dagskrá hefst kl 13.00, laugardaginn 24. júní 2023. /HGS

Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu 2023

Skráning er hafin í orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu sem verður í **Hótel Örk í Hveragerði dagana 24.-28. sept. 2023**. Ekki verður boðið uppá rútufar til og frá orlofsstað. Mæting í Hveragerði 24. sept. eftir kl: 15.30.

Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra eiga þær konur rétt á að sækja um orlof sem veita eða veitt hafa heimili forstöðu án launagreiðslna fyrir það starf. Áætlað er að fara eina dagsferð á meðan á dvöl stendur, ekki er endanlega búið að ákveða hvert farið verður en margt annað verður einnig í boði þessa daga.

Bókarnir óskast hið fyrsta og eigi síðar en 10. júlí 2023.

Þátttökugjald kr. 40.000.- óskast greitt þegar þið fáið staðfestingu um að þið komist í orlofið (sem verður fljótlega eftir að skráningu lýkur). Heildargjald er óafturkræft nema um veikindi eða slys sé að ræða. Orlofið býður bara upp á standard herbergi sem er tveggja manna.

Ef óskað er sérstaklega eftir að vera 1 í herbergi þarf viðkomandi að greiða mismun á 1 manns og 2ja manna herbergi sem er kr. 2.800,- pr. nótt og því 4 nætur = 11.200 kr.

Ef óskað er eftir að vera í superior herbergi, verður viðkomandi að greiða sjálfur mismuninn á því og standard herbergi til Hótel Arkar við komu. Nóttin í slíku 2ja manna herbergi er kr. 6.321,- dýrari og því 4 nætur = 25.284 kr. Slíka ósk þarf að taka sérstaklega fram við pöntun því nefndin verður að panta herbergin þó þið greiðið síðan mismuninn.

Bankaupplýsingar: 0325-13-300902, kennitala 590706-1590

Geymið auglýsinguna vegna bankanúmers, þar sem ekki verður auglýst aftur.

Móttaka bókana er hjá: Þórunni Ragnarsdóttur sími 487-5922, 892-5923, netfang: thorunnreidholt@gmail.com

Orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

MENNING

Bókmenntir:

„Hressileg binding og gríðarleg ábyrgð“

Læknirinn Henrik Geir Garcia sendi nýverið frá sér skáldsöguna **Læknir verður til**. Hann skyggist þar á bak við tjöldin innan heilbrigðiskerfis á þölmörkum.

Áðspurður um hvað hafi orðið til þess að hann tók til við bókarskrifin segir hann flókið og margþætt vinnuumhverfi hafa blasað við sér er hann hóf störf sem ungur læknir. Þar hafi fólk legið allan sólarhringinn á göngum bráðamóttöku eða beðið vikum saman eftir tíma á heilsugæslu. Ýmsar spurningar hafi þá vaknað.



Henrik Geir Garcia.

Starf læknis í tragíkómískri þroskasögu

„Hvar er mannúðin á tímum tölvutækni og ofhlaðinna móttaka?“ spyr Henrik. „Hve lengi skal staldrað við hjá þessum sjúklingi á meðan aðrir bíða eða komast jafnvel ekki að? Hvar liggja mörk læknis og sjúklings, vinnu og einkalífs, auðmyktar og ákveðni, ofgreiningar og vangreiningar?“ Runnið hafi upp fyrir sér að víða mætti vinna umtalsvert með samfellu, skilvirkni og skipulag. „Ég spurði mig hvort ég gæti unnið heila starfsævi án þess að segja neitt um það sem fyrir augu þar – eða að öðrum kosti stíga fram og varpa ljósi á hvernig aðstæður geta verið á bak við tjöldin.“ segir Henrik og heldur áfram:



„Hvernig gæti ég miðlað slíku betur en með tragíkómískri þroskasögu með ádeilutönnum, innblásinni af raunverulegum aðstæðum og frásögunum, um ólíka lækna sem rekast misharkalega á hindranir á vegi þeirra?“

Henrik hefur starfað á þremur sjúkrahúsum og yfir tuttugu heilsugæslustöðvum um land allt og því freistandi að spyrja hvaða augum hann líti starf læknisins á landsbyggðinni. Hann svarar því til að síðustu ár hafi verið sérstakt áhugaefni sitt að kynna sem flestum stöðum á landsbyggðinni og það byrjað með afleysingum í vaktarfrím. „Þetta er frábær leið til að kynna landi og þjóð og skemmtileg tilbreyting frá glundroða sjúkrahúsumhverfisins. Lengsta stöppað til þessa var heilt ár á Djúpavogi, en þar bjuggum við fjölskyldan nýverið og undum okkur vel. Ég myndi jafnvel kalla það ánægjulegasta árið mitt í læknisfræðinni, þótt það hafi verið krefjandi að vera með vaktsíma samhliða því að vera faðir tveggja leikskólabarna. Ég hætti í raun að hluta til vegna þess að ég gat ekki lokið sérnámi þar.“

Um það hvaða skoðun Henrik hafi á stöðu landsbyggðarlækna nú um stundir segir hann að þótt aðgengi að ýmissi sérhæfðri þjónustu og tækjabúnaði sé meira á þjóðarsjúkrahúsinu sé ekki alltaf gott að margir séu að „krydda sama kjúkling“. Á spítölum vilji hlutverk og ábyrgð deilast niður á mjög marga, hvort sem sé á milli vakta sömu stéttar eftir tímum sólarhrings eða á milli margra starfsstétta. „Í raun gefur engin læknisstaða jafnmikið færi á tengingu og myndun trausts á milli læknis og sjúklings og vinnan á minni stöðum á landsbyggðinni,“ segir hann. „Það er lærdómsríkt að fylgja málunum eftir, hvort sem maður gerir rétt eða verður á, en eftirfylgd er svolítið rænt af manni á færribandi höfuðborgarsvæðisins.“

Aftur á móti feli starfið úti á landi í sér hressilega bindingu og gríðarlega ábyrgð. „Mörkin á milli vinnu og einkalífs verða hvergi óljósari en þegar sjúklingur spyr allt í einu um blóðprufu í sturtuklefa bæjarlaugarinnar á meðan maður reynir að skola mesta sápuöldrið úr augunum.“ Hann bætir við að það sé ekki allra lækna að starfa úti á landi. „Það krefst kunnáttu inn á sem flestar greinar læknisfræðinnar og kvilla allt frá getnaði til grafar. Það getur meitt bæði lækni og sjúkling verði hinum fyrrnefnda á, en á sama tíma veit enginn læknir allt né getur.“

Bók Henriks, sem Krónika gefur út, hefur verið vel tekið. Spurður hvort hann hyggi á frekari bókarskrif segir hann að eins og er sé hann í sérnámi í lyflækningum á Landspítala. „Hver veit hvað framtíðin geymir í skauti sér, ég tel mig alla vega ekki hafa skrifað mína síðustu bók.“ /sá



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

TILBOÐSVERÐ
4.900.000,-

Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“

Harðskafi



Sturtuvagn 2ja tonna
Þrjár fellanlegar hliðar
Kúlutengi og traktorstengi
Kr 595.200 m. vsk
Kr 480.000 án vsk



Sveiflukóngurinn
125cm – 280cm
Sláttuvél sem snýrtir hagann, vegaxlir og sveitin verður falllegri
240cm – RPM 540 – 60HP+ 65° ↓ 90° ↑
Kr 1.233.800 m. vsk
Kr 995.000 án vsk



Tumi Dumall
Beltgrafa 1,2t með hraðtengi og skóflu með þumli. Úrval aukahluta í boði



Kurlari fyrir traktorinn
RPM 1000 – 90HP+
Mest 25cm sver tré.
Kr 1.351.600 m. vsk
Kr 1.090.000 án vsk



Snyrtipinninn
180cm – 220cm
Sláttuvél 200cm með 60cm hliðarorfi
Kr 985.800 m. vsk
Kr 795.000 án vsk



Standard
102cm – 220cm
Sláttuvél 175cm fyrir traktor 40hp+
Kr 365.800 m. vsk
Kr 295.000 án vsk



Rúllubindivél
fyrir smábúskapinn
610X700mm rúllur
Garnbinding
Kr 1.097.400 m. vsk
Kr 885.000 án vsk



Rakstrarvél 2,5m
Kr 489.800 m. vsk
Kr 395.000 án vsk



Sláttuvél 135cm
Kr 527.000 m. vsk
Kr 425.000 án vsk



Tætari 180cm
95cm – 250cm
Kr 489.800 m. vsk
Kr 395.000 án vsk



Skógasnyrtir 180cm
Kr 651.000 m. vsk
Kr 525.000 án vsk



Kurlari 15HP EL
Kr 489.800 m. vsk
Kr 395.000 án vsk



Stubbari 15HP EL
Kr 527.000 m. vsk
Kr 425.000 án vsk



Sláttuvél ATV-EL 120
Kr 527.000 m. vsk
Kr 425.000 án vsk



Rafbörur 4x4 48V
Kr 489.800 m. vsk
Kr 395.000 án vsk



Pökkunarvél 6,5HP
Kr 576.600 m. vsk
Kr 465.000 án vsk



Steypuhrærivél
Kr 675.800 m. vsk
Kr 545.000 án vsk



Grjótskófla 90cm
Kr 241.800 m. vsk
Kr 195.000 án vsk



Dreifari 26L
Kr 68.200 m. vsk
Kr 55.000 án vsk



Safnari
Kr 79.360 m. vsk
Kr 64.000 án vsk

www.hardskafi.is
Júlí 2023
Sími 555 6520
sala@hardskafi.is



ÖFLUG VÖKVADRIFIN VERKFÆRI FRÁ HYCON

DÖNSK GÆÐASMÍÐI OG ÁRATUGA REYNSLA



Brothamrar



Kjarnaborvélar



Steypusagir



Niðurrekstarhamrar



Vatnsdælur



Glussadælur

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík / 551 5464 / wendel.is

Stöndum vörð um íslenska mjólkurframleiðslu

Kúabúum á Íslandi heldur stöðugt áfram að fækka. Um aldamótin voru yfir 1.000 kúabú með skráð greiðslumark hér á landi en þeim hafði fækkað niður í 679 bú árið 2011.

Á síðasta ári fór fjöldi kúabúa á Íslandi niður fyrir 500 bú og samkvæmt skýrsluhaldsuppgjöri maímánaðar er fjöldi kúabúa í dag 483. Á sama tíma hefur greiðslumarkíð aftur á móti aukist úr 100 milljónum lítra í 149 milljónir lítra. Ljóst er því að framleiðslan hefur aukist á sama tíma og kúabúum fer fækkandi. Búin eru því í dag stærri, framlegð meiri, auk þess sem meðalnyt á hverja ársku hefur aukist frá aldamótum.

Í gögnum sem RML vann upp úr skýrsluhaldsforritinu Huppu, kemur fram að til að ná að framleiða 150 milljónir lítra á ári, má básum í framleiðslu ekki fækka frá því sem nú er nema til komi aukning í nyt. Meðalbúið á Íslandi telur um 51 árskýr. Þetta þýðir því að fyrir hvern bás sem fer úr framleiðslu þarf nyt að aukast um nálægt 0,25 kg á kú á ári, eða um 12,5 kg á kú á ári fyrir hvert bú sem hverfur úr framleiðslu, ef takast á að viðhalda sömu heildarframleiðslu.

Íslenska greiðslumarkskerfið

Greiðslumarkskerfið sem við vinnum eftir í dag er byggt á tvíhliða samningum við íslenska ríkið. Bændur skuldbinda sig til að framleiða upp í útgefið greiðslumark en heildargreiðslumark hvers árs á að sjá til þess að eftirspurn á innanlandsmarkaði sé mætt. Á móti greiðir ríkissjóður mjólkurframleiðendum af liðum í búvörusamningum, bæði út á innveginn lítra og á hvern lítra

greiðslumarks. Þegar svo margir fylla ekki upp í greiðslumark sitt verður myndin hins vegar skökk.

Á Íslandi er 100% framleiðsluskylda á mjólk. Það þýðir að mjólkurframleiðendum er lögum samkvæmt skylt að framleiða að fullu upp í það greiðslumark sem þeir eiga. Framleiðsluskyldan hefur verið 100% undanfarin þrjú ár, eða frá árinu 2020, en þrátt fyrir það hefur mikill fjöldi mjólkurframleiðenda ekki fyllt upp í sitt greiðslumark á undanförunum árum. Af þeim 495 mjólkurframleiðendum sem voru starfandi á árinu 2022 voru um 200 bú sem ekki náðu greiðslumark sínu, þar af rúmlega 110 sem vantaði yfir 20 þúsund lítra upp á. Raunin var svipuð árið þar á undan.

Til þess að tryggja nægilegt framboð á markaðnum býr mjólkurframleiðslan við svokallaða útfjöfnun sem á sér stað í lok hvers árs (eða upphafi næsta árs). Þá þurfa þeir bændur sem ekki fylltu upp í greiðslumark sitt að endurgreiða þann hluta af opinberu greiðslumark sem nemur ónýttu greiðslumarki. Færast þær greiðslur þá yfir á þá sem framleiddu mjólk umfram sitt greiðslumark en um er að ræða flókna útreikninga sem verða ekki raktir hér.

Hver stendur við þínar skuldbindingar?


Fyrir hvert bú sem ekki framleiðir upp í greiðslumark sitt, þarf að treysta á að eitthvað annað bú framleiði mjólk umfram sitt greiðslumark, til þess að heildargreiðslumark ársins náist. Þrátt fyrir að undanfarin ár hafi fjölmörg bú framleitt umfram sitt greiðslumark, er það ekki sjálfgefið. Umframmjólkurverð hefur undanfarin ár verið töluvert lægra en afurðastöðvaverð og engin leið er að vita hversu mikil mjólk verður til útfjöfnunar. Þótt sumir séu „heppnir“ og fái alla sína umframmjólk greidda að fullu að lokinni útfjöfnun, þá á útfjöfnunin sér oft ekki stað fyrir en

mörgum mánuðum eftir að varan hefur verið framleidd og til hennar er kostað. Þeir sem taka áhættu á umframmjólkurframleiðslu kosta þannig töluverðum fjárumum til án nokkurrar vissu um að fá mjólkina greidda að fullu einhverjum mánuðum seinna. Ef allir myndu framleiða upp í greiðslumark sitt, ætti engin útfjöfnun sér stað og öll umframmjólk væri seld á erlenda markaði, á lægra verði.

Það fylgir því ákveðin óvissa að framleiða umframmjólk, en það fylgir því mikið tekjutap að mjólka ekki upp í greiðslumark sitt. Bændur sem ekki fylla upp í greiðslumark sitt þurfa að greiða til baka til ríkissjóðs því sem nemur ónýttu greiðslumarki á búi sínu. Auk þess missa þeir bæði af þeim afurðatekjum sem þeir annars fengju fyrir mjólkina og þeim opinberu greiðslum sem greiddar eru út á innvegna mjólk.

Vil ég hvetja þá kúabændur sem hafa ekki framleitt upp í greiðslumark sitt árum saman að gera hvað þeir geta til að auka sína framleiðslu. Ráðunautar RML víðs vegar um landið eru boðnir og búnir að ráðleggja bændum um hvernig ná megi betri árangri í mjólkurframleiðslunni ef vandinn liggur þar. Ef fyrirséð er að greiðslumarkseignin er of mikil, gæti verið góður kostur að bjóða þann hluta sem útaf stendur á greiðslumarksmarkað. Þannig má gefa öðrum kost á að auka greiðslumark sitt í samræmi við framleiðslugetu og búa þannig til meiri stöðugleika í framleiðslunni. Það er okkur mjólkurframleiðendum í hag að fyrirsjáanleiki og stöðugleiki í rekstri búanna sé sem mestur. Eftirspurn eftir hágæða mjólkurvörum á einungis eftir að aukast og því er mikilvægt að allir leggi sitt af mörkum. Saman verðum við að standa vörð um okkar íslensku mjólkurframleiðslu.

Reynir Þór Jónsson,
meðstjórnandi í stjórn
Bændasamtaka Íslands og stjórn
Nautgripabænda BÍ.



Myndin sýnir þróun á afkomu sauðfjárbænda 2014-2023. Byggt á rekstrar-gögnum frá RML að teknu tilliti til eðlilegra launagreiðslna. Árið 2023 er gert ráð fyrir 5% hækkun á framleiðslukostnaði dilkakjöts, sem er afar varfærin nálgun.

Heimild: Bændasamtök Íslands

Fyrstu afurðaverð haustsins komin fram

Sauðfjárbændur hafa árlega kallað eftir því að afurðastöðvar gefi út verðskrá komandi hausts tímanlega.

Nú er staðan sú að tvær afurðastöðvar hafa gefið út verðskrá.



Trausti Hjálmarsson.

Kjarnafæði Norðlenska gaf út 28. apríl að lágmarksverð fyrir dilkakjöt haustið 2023 muni hækka um 5% umfram verðlagsþróun frá síðustu sláturtíð, sem er um 15% hækkun á afurðaverði frá síðastliðnu ári. Sláturfélag Suðurlands gaf út þann 6. júní að hækkun yrði á verðskrá fyrir dilkakjöt um 18% frá fyrra ári og fullorðið um 12%.

Afurðaverð hækkar en afkoman stendur í stað

Þrátt fyrir þessar verðhækkningar vantar enn þá verulega upp á að afkoma sauðfjárbænda sé ásætlanleg.

Verðhækkningar síðustu ára hafa gert lítið annað en að leiðrétta afurðaverð eftir verðhrunin 2016 og 2017 og halda í við verðlagsþróun.

Á síðasta ári komu stjórnvöld til móts við stöðu bænda með auknum stuðningsgreiðslum. Það var mikilvæg aðgerð sem skilaði sér í bættri afkomu. Verðhækkningar á helstu aðföngum á síðasta ári hafa að litlu leyti gengið til baka. Sumir kostnaðarliðir hafa hækkað verulega, svo sem fjármagnskostnaður. Komi ekki til meiri hækkun á afurðaverði mun afkoma bænda, að öllum líkindum, versna milli ára. Á sama tíma eru aðrar stéttir í landinu að semja um verulegar launahækkningar.

Sauðfjárbændur gera kröfu um bætta afkomu þannig að þeir geti greitt sér laun í samræmi við sambærileg störf.

Vel gengur í útflutningi

Árið 2022 voru flutt út um 3.100 tonn af kindakjöti fyrir um 2.700 milljónir. Meðal einingaverð var því 865 kr/kg.

Árið 2017, þegar hrun varð á verði á erlendum mörkuðum, var meðal einingaverð útflutnings 536 kr/kg. Það sem af er þessu ári hafa verið flutt út um 643 tonn á einingaverðinu 1.085 kr/kg. Gera má ráð fyrir því að meðal einingaverð lækki nokkuð þegar liður á árið. Þar sem hlutföll milli tollflokka fyrstu mánuði ársins eru ekki í samræmi við heildarútflutning hvers árs, þar sem ódýrari hlutar kindakjöts eru fluttir út að haustinu.

Það er hins vegar ljóst að það er orðinn algjör viðsnúningur í afkomu af útflutningi kindakjöts sem styður við kröfu bænda um bætta afkomu.

Sendum sauðfjárbændum skýr skilaboð

Frá árinu 2016 hefur framleiðsla á dilkakjöti dregist saman um 20%.

Árið 2016 var heildarframleiðsla um 9.300 tonn en fór niður í 7.400 tonn haustið 2022. Gera má ráð fyrir því að framleiðsla á komandi hausti verði um 7.200 tonn.

Það er mikilvægt að ekki verði meiri samdráttur í framleiðslu.

Því þurfa afurðastöðvar að senda bændum skýr skilaboð með viðunandi afurðaverði á komandi hausti.

Stjórnvöld verða líka að standa undir sinni ábyrgð enda ber þeim, samkvæmt búvörulögum, að tryggja að „kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta“.


Trausti Hjálmarsson,
formaður deildar sauðfjárbænda
há Bændasamtökum Íslands.



Líf í Lundu

VELKOMIN ÚT Í SKÓG 24. JÚNÍ

#lifilundi www.skogargatt.is



Myndin sýnir verðþróun fyrir útfjöfnun á frosnu dilkakjöti í heilum og hálfum skrokkum. Í apríl árið 2018 var 12 mánaða meðalverð 563 kr/kg. Verðið stendur núna í um 905 kr/kg sem er nær 60% hækkun. Heimild: Hagstofa Íslands

Bændageð:

Handbók hugans og hugsanaskekkjur

Þegar við kaupum okkur tæki eða búnað fylgir því iðulega handbók og þar má gjarnan finna leiðbeiningar um hvernig laga beri algengar villur eða „error“ eins og það er oft nefnt.

Lausnin felst í að þekkja kóða eða skammstöfun svo græjan virki sem skyldi. Í sumum tilvikum nægir einfaldlega að endurræsa tækið. Hugurinn okkar virkar með samsvarandi hætti, við erum ekki ólík vélbúnaði þegar kemur að hugsunum og viðbrögðum. Vaninn gerir það að verkum að við bregðumst alltaf við á sama hátt, þannig að viðbragð okkar verður kerfisbundið.

Þegar við tökumst á við hindranir gerir viðbragð okkar oft að verkum að við festumst í viðjum vanans, sem er vel þekkt í móðurmálinu. Orsakasamhengi er á milli sjálfvirkra neikvæðra hugsana og vanlíðanar og oft skiljum við jafnvel ekki hvers vegna okkur líður svona því við sjáum ekki orsakasamhengið. Þetta eru eins konar kerfisvillur sem koma í veg fyrir að sálarástandið virki sem best og okkur lífi vel. Hversu gott væri ef við hefðum handbókina við hendina til að leysa úr þessum villum?

Endurræsingu á kerfinu má líkja við hugræna atferlismeðferð þar sem við beitum nýjum aðferðum til að uppræta sjálfvirkar neikvæðar hugsanir. Finna má ógrynni af sjálfhjálparbókum sem ætlað er að auðvelda okkur lífið en stundum nennir maður bara ekki að lesa allt þetta efni. Fyrsta skrefið felst í að greina vandann til að geta unnið að lausn. Fyrir þá sem eru þannig þenkjandi þá gæti einföld handbók algengustu hugsanaskekkja nýst þeim til að greina vandann út frá eftirfarandi:

- Allt eða ekkert. Hvert verk þarf að vera fullkomið og okkur hefur mistekist ef það gengur ekki eftir. Við leggjum því af stað vitandi að við munum mögulega aldrei standast eigin væntingar. Þetta er skylt því þegar við berum okkur saman við aðra, en erum jafnvel óafvitandi, að bera okkar veikleika saman við styrkleika annarra og úr verður ósanngjarn samanburður sem kallar fram neikvæðar hugsanir.



Halla Eiríksdóttir.

- Óréttmætar alhæfingar sem við beitum þegar við teljum að eitt atriði eða atburður staðfesti að allt sé ómögulegt eða glatað í stað þess að tengja það við einstakt tilfalli.
- Að hugsa með neikvæðum huga og horfa á sama tíma í gegnum þröngt rör lýsir sér þannig að við horfum með neikvæðum hætti á mjög þröngt viðfangsefni og sjáum hvorki heildarmyndina né lausnir.
- Hugsanalestur og hrakspár eru dæmi um skyndiákvæðanir sem við tökum án þess að hafa kynnt okkur málið en teljum okkur vita að hlutirnir endi illa eða teljum okkur vita hvað aðrir eru að hugsa.
- Að hallast að hörmungarhyggju er þegar við blöndum saman hrakspám og ýkjum þannig að hugur okkur telur að afleiðingarnar verði svo hræðilegar að við munum ekki ráða við það.
- Sjálfsásökun er mjög algeng hugsanaskekkja og kallar oft fram sektarkennd. Við teljum okkur ábyrg fyrir hlutum sem eru ekki á okkar valdi og erum jafnvel sannfærð um að atburðarásin hverfist um okkur án þess að hún geri það.
- Við setjum okkur boð og bönn sem eins konar gildi fyrir okkar tilveru en yfirferum þau yfir á aðra og bregðumst illa við þegar þau eru brotin af öðrum, bregðumst við með reiði og ósanngjarmi með framgöngu annarra.

Ofantaldar hugsanaskekkjur eru bara nokkur dæmi um það sem getur auðveldlega farið úrskeiðis hjá okkur en eru lítt hjálplegar til að njóta dagsins og lífsins.

Áhugasömum um leiðir til að bæta sitt geð með hugrænni atferlismeðferð er bent á efni sem Reykjalundur hefur gefið út og er aðgengilegt á vefnum.

Halla Eiríksdóttir,
stjómarnaður BÍ,
hjúkrunarfræðingur og
sauðfjárnáðingur.



AKURShús - timbureiningahús

Afhent uppsett á byggingarstað eða í einingum

- Við allra hæfi -



„Íslensk hönnun & framleiðsla“



Kynntu þér húsabæklinginn okkar á akur.is og fáðu verðáætlun í húsið þitt
Margar gerðir og stærðir



Smíðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is



FYRIR FÓLK
Á FERÐINI

Skoðaðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is



GÆÐAOLÍUR OG GLUSSI

STÓRVERSLUN
BÍLDHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

STÓRVERSLUN
BÆJARHRAUNI 12
220 HAFNARFIRÐI
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244



Góð smurning

Góð smurolía eykur endingu véla og dregur úr sliti og kostnaði við rekstur. Við eigum mikið úrval frá Texaco, Castrol og Cargo Oil fyrir öll hugsanleg tæki.

Komdu við á næstu Olísstöð

olis

Á FAGLEGUM NÓTUM



Mósóttá folaldið með svarta flekkinn á lærinu hitti ég í Vesturkoti fyrir mörgum árum. Folaldið er mólótt blesótt en með tvær ólíkar ásyndir svarta litarefnisins.



Rauðskjöldóttur bolakálfur, Reykjaboli, með stóra svarta flekkinn á annarri hliðinni, sem nær yfir hrygginn og aðeins út á hina hliðina, rakst ég á í fjósínu á Stóru-Reykjum í Flóa.

Litaflækjur – Þrílit hross og nautgripir

Flestir nautgripir og hross eru einlit eða bera einn lit sem er megineinkenni þeirra um hvora tegundina sem er að ræða. Þó er það til að tveir eða þrjú litir sjást á sama gripnum. Í sumum tilvikum stjórnast þessi litasamsetning af erfðalögmálum, en í öðrum ekki.

Litirnir í brúnum hrossum og rauðum og svörtum og rauðum nautgripum stjórnast af því að í skepnunum er framleitt tvenns konar litarefni, svart og rautt. Á þessum tveim litarefnum, styrk þeirra



Páll Insland.

og dreifingu um skrokkinn, byggjast allir aðrir litir gripanna. Það getur gerst með þeim hætti að bæði litarefni koma fyrir í sömu skepnunni, eins og t.d. í jörpu hrossi eða bröndóttum nautgrip. En það getur líka gerst þannig að litarefni eru lýst upp eftir ákveðnum reglum sem leiðir til allt annarrar

ásýndar, nýs litar. Nefna má mólótt hjá hrossum sem dæmi, en sá litur er afleiðing þess að svarta litarefnið í annars brúnu hrossi hefur verið lýst upp fyrir tilstuðlan ákveðins gens og á sama hátt er bleikt hross bleikt vegna þess að rautt litarefni hefur verið lýst upp. Lýsing litarefnanna gerist ekki endilega eins um allan skrokkinn og þá kemur fram litbrigðamanur innan litarins sem myndar einkennandi litmynstur.

Mörgum finnst að sum jörp hross séu í raun tvílit, rauðleit á bolinn en svört á fax og tagl, og svipað á við um álótt og vindótt hross, annar litblær á faxi og tagli en bol. Þó litir í þessum tilvikum stjórnast af áhrifum ákveðinna erfðabátta er gripurinn alls ekki einlitur í ströngustu merkingu þess orðs, liturinn er ekki alls staðar eins. En þessir „mislitu“ gripir teljast þó vera einlitir þar sem breytileikinn er bundinn ákveðnum reglum og stjórnast fyrst og fremst af erfðalögmálum og liturinn hefur sjálfstætt nafn, telst einn af þeim litum sem kynið ræður yfir í litaflóru sinni. Ef við sjáum þrílitan grip, er hvítt jafnan einn af litbáttunum þrem. Hvítt í hrossum og nautgripum er yfirleitt mynstur en ekki sjálfstæður litur. Hvítt er afleiðing þess að erfðirnar sjá til þess að í fóstrinu er ekki framleitt litarefni um allan líkamann. Þá koma fram hvítir blettir, litlausir blettir eða skellur, ásamt hinum hefðbundnu lituðu flekkjum. Þetta eru í raun hvít litmynstur en ekki sjálfstæður hvítur litur. Hvít litmynstur erfast óháð litunum. Þau geta því komið fram með hvaða lit sem vera skal og viðkomandi tegundir ráða yfir. Þannig verða gripirnir tvílitir, samanber rauðskjótt og brúnskjótt svo dæmi séu tekin úr hrossheimum og svartskjöldótt og rauðskjöldótt svo nefnd séu dæmi af nautgripum.

Það er þó til, og er alls ekki óalgengt, að skepnur beri þrjú liti en þá eru hvít svæði jafnan hluti af þeirri litasamsetningu og lituðu flekkirnir eru byggðir á lit sem hefur tvílit ásynd, ef svo má segja, ásynd eins og lýst var hér að ofan, t.d. jarpt og mólótt hjá hrossum og bröndótt og kolótt hjá nautgripum. Þannig kemur fram þrílit ef þessir gripir eru jafnframt skjóttir eða skjöldóttir. Í báðum tilvikum eru sýnileg svæði á líkamanum sem bera bæði svart og rautt litarefni auk hvítu skellanna.

En það kemur einnig fyrir, þó sársjaldgæft sé, að nautgripir og hross beri þrjú liti, t.d. hvítan, rauðan og svartan, án þess að það byggist á litum með tvílit ásynd. Þessi þrílitu tilbrigði stjórnast ekki af hefðbundnum erfðalögmálum eins og aðrir litir og litmynstur, heldur eru þau til komin vegna frávika í fósturproskanum, sem alls ekki tengjast erfðum. Eitthvað gerist í þróun fóstursins sem yfirprentar erfðamynstur litanna staðbundið ef svo má taka til orða.



Frostrós frá Norður-Hjáleigu, hér stödd í Víðidalstungurétt. Þó hún sé rauð að grunnlit og hvíta litmynstrið hennar sé litfórött en ekki skjótt þá ber hún stóran svartan flekk á lærinu.



Reykjaboli er að erfðum rauðskjöldóttur en ber auk þess svartan flekk sem er ótengdur erfðagerð hans, er fósturproskaafbrigði.

Hér með fylgja þrjár myndir sem sýna þannig sjaldgæfan þrílit í grip.

Rauðskjöldóttá bolakálfinn, Reykjabola, með stóra svarta flekkinn á annarri hliðinni, sem nær yfir hrygginn og aðeins út á hina hliðina, rakst ég á í fjósínu á Stóru-Reykjum í Flóa. Reykjaboli er að erfðum rauðskjöldóttur en ber auk þess svartan flekk sem er ótengdur erfðagerð hans, er fósturproskaafbrigði.

Rauðlitfórótta hryssan með svarta lærið er Frostrós frá Norður-Hjáleigu, hér stödd í Víðidalstungurétt. Þó hún sé rauð að grunnlit og hvíta litmynstrið hennar sé litfórött en ekki skjótt þá ber hún stóran svartan flekk á lærinu og það sérkennilega við þann blett er að hann er ekki litfóröttur

eins og rauði hlutinn. Þetta er líka fósturproskaafbrigði.

Mósóttá folaldið með svarta flekkinn á lærinu hitti ég í Vesturkoti fyrir mörgum árum. Hér er ekki um þrílit að ræða eins og honum var lýst hér að ofan. Það er ekkert rautt til staðar. Folaldið er mólótt blesótt en með tvær ólíkar ásyndir svarta litarefnisins.

Mólóttu liturinn byggist á svörtu litarefni sem er lýst upp samkvæmt erfðareglum um álótta litmynstrið en svarta flekkurinn sýnir svarta litarefnið í fullum litstyrk, eins og í brúnu hrossi og er fósturproskaafbrigði en ekki erfðatengt.

Páll Insland,
jarðfræðingur & áhugamaður
um íslenska húsdýrastofna.

AUGLÝSING UM SKIPULAG

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 36. gr. sömu laga eru hér með auglýstar skipulagslýsingar að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

- Frístundasvæði í landi Eskiholts II (Inr. 191582)
- Frístundabyggð í landi Signýjarstaða (Inr. 134512)

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 8. júní 2023 að auglýsa lýsingar að breytingu á aðalskipulagi á í landi Eskiholts II og í landi Signýjarstaða.

Ofangreindar skipulagslýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is frá 22. júní til og með 10. júlí 2023. Ef óskað er nánari kynningu á lýsingunni þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa. Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingar við auglýstar skipulagslýsingar og er frestur til að skila inn ábendingum til 10. júlí 2023.

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst lýsing á endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037.

- Skipulagslýsing Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 8. júní 2023 að auglýsa lýsingu á endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037.

Gerð er grein fyrir hvernig verði staðið að endurskoðun aðalskipulagsins, greint frá helstu viðfangsefnum, forsendum og áherslum sveitarstjórnar, einkum þeim sem varða ráðstöfun lands t.d. fyrir byggð og atvinnustarfsemi.

Ofangreind skipulagslýsing er aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is. Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingar við auglýsta skipulagslýsingu og er frestur til að skila inn ábendingum til 4. september 2023. Ábendingum skal skila inn í rafræna skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is.

Skipulagsfulltrúi, 22. júní 2023

BORGARBYGGÐ

Skógarbændur:

Fræ til framtíðar

Á síðasta ári fagnaði Félag skógarbænda á Suðurlandi 30 ára afmæli sínu, en í tilefni af afmælinu var unnin stefna til framtíðar fyrir félagið, eða allt til ársins 2050.



Björn Bjarnald Jónsson.

Stefnan fékk heitið „Fræ til framtíðar“ með áherslu á verndun, nýtingu og nýsköpun.

Andrea Rafnar ráðgjafi leiddi stefnumótunarynnuna með stjórn FsS og setti í heildstætt skjal, ásamt því að draga það mikilvægasta út úr heildar stefnunni og setja í A5 bækling sem hefur nú verið prentaður og dreift.

Félag skógarbænda á Suðurlandi var stofnað 7. mars 1992, en fjöldi félaga í dag eru 208 talsins. Félagið er hagsmunafélag skógarbænda og félagssvæðið er Suðurland, frá Reykjanesskaga til Hornafjarðar.

Félagskerfi skógarbænda í landinu eru á tímamótum, m.a. við sameiningu Skógræktarinnar og Landgræðslu ríkisins. Því vildu sunnlenskir skógarbændur nota tækifærið og marka stefnu til langs tíma. Hlutverk félagsins er m.a. að gæta hagsmuna félagsmanna og hafa samskipti við yfirvöld um málefni félagsins, stuðla að fræðslu til félagsmanna og nýjum leiðum til nýtingar skógarafurða. Félagið er auk þess málsvari þeirra sem áhuga hafa á skógrækt og bættri stöðu skógræktar sem atvinnugreinar. Félagið hefur alla tíð verið vel starfandi og unnið að uppbyggingu skjólbelta- og nytjaskógræktar á Suðurlandi.



Í „Fræ til framtíðar“ er skilgreind stefna, markmið og aðgerðir félagsins. Þar er lögð áhersla á að efla ímynd fjölskylduvænnar nytjaskógræktar, sem er í anda norrænnar stefnu skógarbænda. Sömmuleiðis er lögð áhersla á að auka sýnileika félagsins og vera í fararbroddi um að auka samvinnu félagsins og annarra sem stunda skógrækt til nytja. Auka skal skógarþingningu í viðum skilningi. Lögð er rík áhersla á umhirðu skóga og afurðamál og lögð áhersla á fjölbreytni og afleidd störf.

Í kaflanum um hlutverk félagsins er lögð áhersla á „að félagið skuli vera samtök og málsvari þeirra sem vinna að ræktun nytjaskóga og skjólbelta á félagssvæðinu. Að tryggja að félagsmenn hafi aðgang að fræðslu og leiðbeiningum í skógrækt, umhirðu skóga, vinnslu og nytjum eins og þörf er á, á hverjum tíma. Að annast samskipti og samningagerð fyrir hönd félagsmanna við þá aðila sem félagsmenn óska eftir og tilefni er til. Að horfa til framtíðar og styðja og hvetja til hvers kyns vinnslu skógarafurða.“

Björn Bjarnald Jónsson, formaður Félags skógarbænda á Suðurlandi.

Nýtt Skógræktarrit

Skógræktarfélag Íslands gaf út á dögunum fyrsta tölublað Skógræktarritsins 2023.



Í þessu riti, sem er eina fagrit landsins á sviði skógræktar, kennir ýmissa grasa. Þar má fyrst nefna yfirlit yfir sögu nýtingar Þórsmerkursvæðisins, sem

var að mestu friðað fyrir beit árið 1924, en alveg friðað eftir 1990. Miklar breytingar hafa verið í útbreiðslu birkis á þessum tíma. Í greininni sjást meðal annars myndir sem sýna sama svæðið um miðja öldina og aftur á liðnum áratug. Í annarri grein eru rannsóknir og þekking á eiginleikum birkis hérlendis til umfjöllunar.

Í ritinu er umfjöllun um veglega bók sem stendur til að gefa út á þessu ári. Hún fjallar um samskipti og samvinnu Íslendinga og Norðmanna á sviði skógræktar. Sagan er rakin aftur til landnáms, en eftir seinnastrið komst mikill skriður á samvinnu þessara þjóða. Fólst það meðal annars í skiptiferðum, þar sem skógræktarfolk frá Íslandi fékk að kynnast skógræktarstarfi í Noregi, og norskt skógræktarfolk kom hingað til að miðla reynslu sinni. Höfundur bókarinnar er Óskar Guðmundsson, sem nýtur stuðnings ritnefndar skipuð sérfræðingum í sögu skógræktar hérlendis og í Noregi.

Þar á eftir kemur grein sem fer yfir þann árangur sem hefur náðst í ræktun Hekluskága. Þar hafa sex milljón plöntur verið gróðursettar frá árinu 2007. Markmiðið er að planta trjám á 4.000 hekturum á svæði vestan og norðan við Heklu. Evrópuaskur er viðfangsefni einnar greinar. Þar er meðal annars skoðað hvernig tréð birtist í goðafraði, hvernig hann nýttist

sem smíðaviður, sem og hver saga hans er hérlendis. Þá eru fjölmargar myndir sem sýna stærstu tré landsins af þessari tegund. Gerð hefur verið könnun á gæðum og nýtingarmöguleikum íslensks víðar. Farið er yfir niðurstöður þeirrar rannsóknar, en þar eru meðal annars skoðuð atriði eins og rúmþyngd, beygjstyrkur og beygjstífni. Káþuna prýðir málverkið „Innri friður“, eftir Ernu Kristjánsdóttur. /ÁL

VINNUVÉL, VINNUBÍLL, VÖRUBÍLL, SÉRHÆFT IÐNAÐARTÆKI? VIÐ FINNUM RÉTTA TÆKIÐ EÐA KAUPANDANN FYRIR ÞIG.



UMBOÐSAÐILI LIDER VAGNA OG LARK HÚSA Á ÍSLANDI



Scanice
www.scanice.is



Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ytrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



WPL
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

LAUSNIR Á LAGER

Landsliðið í dælum

Brunn, skólp- og þróardælur ásamt fylgihlutum, slöngum, börkum og festingum.



SKÓGRÆKT



Stálpað blágreni í Eyjafirði sumarið 2022.

Myndir Pétur Halldórsson

Blágreni (Picea engelmannii)

Hvers vegna ber blágreni þetta sérkennilega heiti á latínu, *engelmannii*? Sannarlega lýsir það á engan hátt einkennum eða eðli blágrenis enda tilkomið í allt öðrum tilgangi.

Þannig var, að Charles Christopher Parry, ensk-amerískur læknir og grasafraeðingur, vildi heiðra vin sinn, þýsk-ameríska lækninn og grasafraeðinginn George Engelmann, fyrir glæst ævistarf á sviði grasafraeðinnar. Frægastur varð Engelmann þessi fyrir að bjarga franskri vínrekt. Lúsarlegt smákvikindi, Phylloxera vastatrix, herjaði á vínvíðinn í Frakklandi upp úr miðri níttjándu öld. Uppskeyra vínbændanna minnkaði ört og við blasti hrun í þessari undirstöðugrein franskrar menningar. Þá kom George Engelmann til bjargar. Enginn var betur að sér en Engelmann um amerískan vínvíð og hann gat staðfest að ýmsir stofnar vínvíðar vestanhafs byggju yfir mótstöðuafli gegn skaðvaldinum. Með miklum samtakamætti þar sem Engelmann var í fylkingarbrjósti tókst að senda Frökkum milljónir fræja og stiklinga af slíkum efniviði. Í minningarorðum um vin sinn látinn lýsti Parry þeirri von að meðan nokkur maður fengist við athuganir á trjáum gæti blágrenið, fegurst grenitrjáa, áfram prýtt göfuga skóga hátt til fjalla, verðugur minnisvarði um hina miklu, tæru og frjósömu starfsævi Engelmanns.

Þar með er kannski að nokkru leyti búíð að lýsa tegundinni sem hér er rætt um, blátærrí og stórvaxinni. Blágreni á uppruna sinn í vestanverðri Norður-Ameríku og er helst að finna í hlíðum hárra fjalla. Blágreni telst ekki meðal stórvöxnustu grenitegunda en er stórt engu að síður og nær örugglega 25 metra hæð hérlendis. Í upprunalegum heimkynnum sínum nær það oft 40 metra hæð og í einstaka tilfellum jafnvel yfir 60 metrum. Eins og önnur grenitré er eðli blágrenis að vaxa upp sem einstofna, beinvaxið tré. Einkennandi fyrir það er jafnan fremur mjó, keilulaga króna og ekki síður blái liturinn, sem er mest áberandi á ungum sprotum fyrri hluta sumars.



Könglar í vexti á blágreni.

Vaxtarhraði blágrenis er fremur hægur sem gerir að verkum að trén verða þétt og falleg en þar með henta þau líka síður til skógræktar ef markmiðið er mikill vöxtur og viðarmassi. Þeim mun betur hentar það aftur á móti í gördum og til skrauts í skógum. Vel er hægt að rækta blágreni víða um Ísland en þó síst í lágsveitum á Suður- og Vesturlandi. Það er líkt og annað greni fremur kröfuhart og vill frjósama mold þannig að rýrir lyngmóar henta því ekki. Styrkleikar þess eru sáemilegt frostþol, formfegurðin og bláa barrið. Það hentar vel sem jólatré en þótt því haldist betur á barrinu en rauðgreni þarf að gæta vel að vökvun heima í stofu á jólunum. Vaxtarsvæði blágrenis og hvítgrenis skarast í fjöllum Norður-Ameríku og þar verða til blendingjar sem eru þeirrar furðulegu náttúru að gefa frá sér vonda lykt sem sumum finnst minna á kattarland. Ekki er að furða að slíkt fæli fólk frá blágreni sem slystast hefur á slíkan blending og sett upp í stofunni hjá sér.

Blágreni er snoturt tré og þótt það sé heldur hægvaxta fyrir timburframleiðslu og þyki oft helst til krónumjótt sem jólatré er það gott garðtré sem getur verið til mikillar prýði í gördum, á almenningsvæðum í þéttbýli og innan um aðrar tegundir í skógum.

Pétur Halldórsson.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Geta örveruhimnur útskýrt háa frumutölu og þráláta júgurbólgu?

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com



Suma júgurbólgu er ekki hægt að meðhöndla þrátt fyrir ítarlega sýklalyfjameðferð og oft standa bændur ráðþrota gagnvart þessum tilvikum þrálátrar júgurbólgu.

Vandamálið við þessi tilfelli er að þau hafa að líkindum verið meðhöndluð með hefðbundnum sýklalyfjum, sem þó hafa ekki haft tilætluð áhrif. Áframhaldandi sýklalyfjameðferð í þessum tilfellum, þar sem sýklalyfin ná ekki að eyða bakteríunum, eykur hættuna á að þróa sýklalyfjaónæmi, sem er ein mesta ógnin við heilsu manna og dýra. Nýleg rannsókn á mögulegum orsakavöldum þessara tilvika hefur leitt sjónir vísindafólks að svokölluðum örveruhimnum í júgru en sé það tilfellið, þ.e. að orsökina megi finna í örveruhimnu, þá opnar það á nýjar leiðir til þess að takast á við vandamálið.


Hvað er örveruhimna?

Venjulega er litið á bakteríur sem lífverur sem lifa einar en rannsóknir sýna að bakteríur vilja helst lifa í örveruhimnu en þá eru þær saman og mynda eins konar samnæringarsamfélag örvera, sem loða saman á frumveggjum og geta bundist alls konar yfirborði.

Þetta einkenni hjá bakteríum er vel þekkt og oft myndast slímkennd himna á yfirborði þar sem bakteríur hafa fjölgað sér mikið. Sama á við um örveruhimnur sem t.d. geta myndast inni í mjólkurlögnum svo dæmi sé tekið.

Örverurnar mynda um sig net utanfrumufjölliða, sem eru venjulega blanda af fjölskrum, próteinum, lípíðum og erfðaeftni. Í svona örveruhimnu geta bakteríurnar deilt næringarefnum og erfðaeftni og varið sig sameiginlega fyrir ógnum í sínu nánasta umhverfi.

Þessar ógnir geta d. verið ónæmiskerfi kúnna sjálfra, sápu- og þvotta- efní eða meðferð með sýklalyfjum og er þekkt að örveruhimnusýkingar í mönnum er erfitt að meðhöndla með sýklalyfjum og eru það oft langvinnar sýkingar eins og sársýkingar, ígræðslutengdar sýkingar, lungna- sýkingar, þvagfærasýkingar og fleiri mætti nefna. Einkenni þessara langvinnu sýkinga í fólki eru mjög lík þeim



Er mögulegt að örveruhimnur séu ástæða þess að sum júgurbólgu tilfelli verða þrálát? Mynd/Wikipedia

sem koma hjá kúm með þráláta júgurbólgu.

Rannsakad með háþróðri tækni

Það sem er nýtt varðandi þessa tilgátu um mögulegar orsakir langvinnrar júgurbólgu er tilgátan um að örveruhimnur geti sem sagt myndast á innra yfirborði júgurs, rétt eins og inni í mjólkurlögnum.

Hvort örveruhimnur geti verið ástæðan fyrir því að erfitt sé að ná tökum á sumum tilfellum júgurbólgu er þó ekki fyllilega ljóst, en verið er að rannsaka málið frekar.

Tilfellið er að í dag eru júgurbólguvaldar greindir á grunni mjólkursýnis frá hinum sýkta kirtli en slíkt mjólkursýni getur eðlilega ekki varpað ljósi á það hvort á kirtilvefnum séu örveruhimnur sem valda mestum usla hjá kúnni.

Til þess að komast nær sannleikanum er nú í gangi verkefni í Danmörku þar sem vefjasýnum hefur verið safnað í sláturhúsum af ákveðnum svæðum júgurs úr kúm með júgurbólgu.

Vefsýnin verða skoðuð með háþróðum sameindaaðferðum til að ákvarða hvaða bakteríur eru til staðar. Að auki verður notuð erfðaeftnisráðgreining til að kortleggja hvernig frumur kúa bregðast við bakteríum og hvernig bakteríur bregðast við frumum kúa. Þá verður enn fremur notuð sérstök litatækni sem kallast PNA-FISH



en þessi tækni gerir vísindafólkinu kleift að sjá nákvæmlega hvar og hvernig bakteríurnar eru til staðar í júgrinu og ekki síst hvort þær sameinist og myndi verndandi örveruhimnu.

Nýjar meðferðaraðferðir

Með því að komast að því hvort sumar bakteríur myndi örveruhimnur í ákveðnum júgurbólgu tilfellum, og ef unnt verður að greina það tímanlega, má bregðast við með annars konar hætti en nú er gert. Hér geta kúabændur mögulega grætt á rannsóknum á sambærilegum sýkingum í fólki, en læknum hefur tekist að ná mun betri tökum á svona þrálátum sýkingum en áður fyrr.

Niðurstöður þessa rannsóknaverkefnis geta því mögulega hjálpað til við að endurhugsa og bæta meðferðirnar þannig að hægt sé að draga úr sýklalyfjanotkun, spara kostnað við meðferðir og auka nýtingu mjólkur til manneldis.

HEYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Kolefnislosun – binding og hlutleysi

– Fróðleikur um orkumál og orkuskipti - 10. hluti

Einhver þungvægustu hugtök loftslagsmálanna varða losun og bindingu kolefnis. Elur sjálfbærni-hugtakið af sér hugtakið þolmörk?

Kolefnislosun



Ari Trausti Guðmundsson.

Losun kolefnis verður á marga vegu. Í náttúrunni verða nokkur jarðsöguleg ferli til þess að kolefnisgös losna, t.d. bruni gróðurlendis, eldgos, bráðnun sífrera, losun úr meltingarvegi grasbita og úr rofni og veðruðu gróðurlendi. Upptaka kolefnisgasa fer fram við ljóstillífun á landi og í sjó og koldíoxíð (koltvíldi) leysist upp í höfunum sem geta súrnað með vaxandi hlutfalli gassins í andrúmsloftinu.

Ef hringrás kolefnis er í sæmilegu jafnvægi verða ekki loftslagsbreytingar af völdum gróðurhúsalofttegunda með kolefni en þær geta auðvitað orðið af ýmsum orsökum í langri jarðsögunni, sbr. eldgosahrinur og loftsteinaáreksstrar. Vandí mannkyns nú vex vegna sfaukinnar notkunar kolefniseldsneytis sem sótt er í jarðlög en var ekki umtalsverður hluti hringrásarinnar áður en mannkynið komst á tæknistig.

Kolefnisbinding

Ferli þar sem kolefni í andrúmsloftinu binst til langs tíma í gróðri, jarðvegi, hafi eða berggrunni. Kolefnisbinding fer stöðugt fram í náttúrunni, en einnig er stuðlað að henni af mannavöldum, t.d. með skógrækt, og hún getur þar með varðað veg að kolefnishlutleysi.

Gera verður greinarmun á kolefnisbindingu í vakri, skammtíma hringrás kolefnis í lofthjúpnunum eða jarðvegi (á jarðsögulegum mælikvaða) og svo náttúrulegri kolefnisbindingu í jarðvegi eða berggrunni á landi og í botnlögum hafanna til langs tíma.

Samanlagt er bindingin á heimsvísu nú ekki næg til þess að mæta losun, náttúrulegri sem manngerðri. Miklar breytingar á gróðurfari og minnkandi gróðurflatarmál í heimsálfunum, einkum skóga, er ein skýringa á því.

Manngerð binding fer fram með endurheimt vistkerfa og gróðurs og með tæknilausnum sem flestar eru orkufrekar og alldýrar en flestar jákvæðar.



Kolefnishlutleysi

Kolefnishlutleysi má skilgreina gróflega sem jafnvægi á milli losunar kolefnis og aukinnar (heildar) bindingar þess í náttúrunni. Ótal fyrirtæki, mörg sveitarfélög og flest ríki stefna að kolefnishlutleysi. Hér á landi skal það gerast fyrir árið 2040 og þar með á sama tímabili og full orkuskipti eiga að hafa farið fram.

Sjálfbærni

Sú hugmynd að nýta auðlindir jarðar með þeim hætti að þær nái að stórum hluta að endurnýjast, og sem mest af hráefni sé endurnýtt, er ekki gömul.

Haft er í huga að komandi kynslóðir taki við umhverfi fyrir kynslóða í sem bestu ástandi og þær séu hluti af lífríki í góðu jafnvægi. Næstu kynslóðir hafi sömu möguleika til lífbjargar og lífshamingju og sú sem af sér skilar. Mat á sjálfbærni (self sustainability) á að snúa að a.m.k. þremur þáttum: Umhverfi, efnahag og samfélagi í félagslegu tilliti.

Polmörk

Af vinnu að sjálfbærni leiðir að þolmörk verða til og er unnt að greina þau. Polmörkin varða umhverfi og náttúru, efnahag og samfélag.

Greining þolmarka er jafnan flókin og bæði vísinda- og tæknileg, og iðulega unnin með þeim sem hlut eiga að máli, t.d. ferðamönnum og ferðapjónustuaðilum þegar um áfangastað er að ræða. Framsetning þolmarka gildir ýmist til skemmri eða lengri tíma af því aðstæður geta breyst. Polmörk má ákvarða fyrir veiðar úr fiskistofni, beit á afmörkuðu beitilandi, gestafjölda í friðlandi, skemmtiferðaskipakomur í bæjarsamfélagi, stórar efnahagsheildir, þjóðgarða, heil sveitarfélög o.s.frv.


Ari Trausti Guðmundsson, jarðfræðingur.



HLIÐGRINDUR

Grindur og fylgihlutir

Sjá verðlista:



MARGAR STÆRÐIR Í BOÐI Á FLOTTU VERÐI!

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



Lífraent
Hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótél o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

Þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueiningar



HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI

+354 660 4085

SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

ÆÐARBÆNDUR!



Hreinsun er komin í fullan gang!

Getum bætt við okkur æðardúni í hreinsun og sölu.

Greiðum flutningskostnað.



ÍSLENSKUR ÆÐARDÚNN

Traust og örugg viðskipti í yfir 30 ár

Dúnhreinsun - Nesvegur 13 - 340 Stykkishólmi



Allar nánari upplýsingar veitir:
Erla Friðriksdóttir í síma 899 8369
& erla@kingeider.is



Á FAGLEGUM NÓTUM



Mynd / Jón Eiríksson

Heiðrún verður sjálfstætt skýrsluhaldskerfi

Skýrsluhaldskerfið **Heiðrún**, sem heldur utan um skýrsluhald í geitfjárrækt, var opnað árið 2016 og hafa geitfjárræktir síðan verið færðar þar inn og geymdar á rafrænu formi.



Guðfríður Elín Hreiðarsdóttir.

Þegar Heiðrún var opnuð var farin sú leið að útvíkka Fjárvís, skýrsluhaldskerfi sauðfjárræktarinnar, þannig að það gæti haldið bæði utan um sauðfé og geitur. Fjárvís og Heiðrún hafa því hingað til í raun verið sama skýrsluhaldskerfi sem unnið hefur verið á grunni búgreinaskiptingar innan kerfisins.

Það var mikilvægt skref að koma skýrsluhaldsgögnum geitfjárræktarinnar á rafrænt form þannig að betur væri hægt að halda utan um geitfjárstofninn í landinu og Heiðrún hefur svo sannarlega sinnt sínu hlutverki hvað það varðar. Það er hins vegar ljóst að þarfir sauðfjárræktarinnar og geitfjárræktarinnar fara ekki alltaf saman og þar sem Fjárvís og Heiðrún hafa hingað til verið sama skýrsluhaldskerfi hefur það valdið ákveðnum árekstrum þarna á milli. Í Heiðrúnu hafa þessir árekstrar oftast komið fram á þann hátt að við breytingar sem gerðar eru fyrir Fjárvís hafa þær líka komið fram í Heiðrúnu þar sem þær eiga ekki við og/eða valdið breytingum svo sem á framsetningu og texta þar sem kið hafa orðið lömb, huðnur, ær o.s.frv. Eðlilega hefur þetta valdið óánægju meðal notenda Heiðrúnar. Þetta veldur einnig auka flækjustigi við alla þróun á kerfinu og uppgjörum innan hversrar búgreinar.

Eins og kynnt var í Bændablaðinu 4. apríl síðastliðinn hefur það sem af er ári verið lögd talsverð áhersla á að undirbúa og uppfæra Fjárvís fyrir frekari vinnu er snýr að því að nútímavæða kerfið og aðlaga það að kröfum notenda varðandi þætti svo

sem snjallvæðingu og samskipti við jaðartæki. Þessi vinna nýtist einnig í Heiðrúnu og það hefur á dagskrá að gera ýmsar lagfæringar í Heiðrúnu sem lengi hafði verið beðið eftir. Við undirbúningsvinnu og uppfærslu á forritunarmáli Fjárvís/Heiðrúnar var hins vegar ákveðið að til að auðvelda áframhaldandi þróun bæði á Heiðrúnu og Fjárvís, væri skynsamlegt að byrja á því að aðskilja sauðfjár- og geitfjárræktir og gera Heiðrúnu að sjálfstæðum gagnagrunni og skýrsluhaldskerfi fyrir geitfjárræktina.

Þeirri vinnu er nú lokið og ný og sjálfstæð Heiðrún er komin í loftið. Unnið er með sama útlit og var á Heiðrúnu meðan hún var hluti af Fjárvís en litabema breytt til að aðgreina kerfin sjónrænt. Heiðrún hefur nú fengið sína sjálfstæðu slóð, www.heidrún.is, þannig að þegar notendur skrá sig inni í kerfið komast þeir beint inn á sitt bú og þurfa ekki lengur að fara í gegnum Fjárvís til að velja búgrein. Jafnframt er búið að einfalda valmyndir þannig að þeir hlutar sem eingöngu áttu við sauðfjárræktir eru ekki lengur inni í Heiðrúnu. Búið er að yfirfara skráningarmyndir sem og vor- og haustbækur með hliðsjón af þeim athugasemdum sem hafa borist frá geitfjárbændum varðandi þessa þætti. Verið er að leggja lokahönd á prentvæna útgáfu vor- og haustbóka með nýju útliti. Af öðrum verkefnum sem áætlað er að vinna á þessu ári er að verða við ósk um að hægt sé að skrá íslenskar geitur á erlendri grund inn í Heiðrúnu en sú vinna er langt á veg komin.

Með þessari vinnu hefur verið lagður grundvöllur að því að hægt sé að þróa Heiðrúnu sem sjálfstætt skýrsluhaldskerfi í geitfjárrækt án árekstra við önnur kerfi og án þess að skýrsluhald í geitfjárrækt sé á einhvern hátt háð eða tengt framkvæmd skýrsluhalds í sauðfjárrækt.

Guðfríður Elín Hreiðarsdóttir, verkefnastjóri hjá RML.

Tilboð óskast

– Hreinræktaðir Aberdeen Angusgripir til sölu í júní 2023

Sæðistaka er að hefjast úr þeim nautum sem fæddust sumarið 2022 en ekki verður tekið sæði úr þeim öllum. Nautin og kvígurnar eru gæf og meðfærlig. Þau eru boðin til sölu og er lýsing á þeim á heimasíðu Búnaðarsambandsins og á næstu síðum Bændablaðsins. Nautin sem sæði verður tekið úr verða ekki afhent nýjum eigendum sínum fyrr en nægjanlegu magni af sæði hefur verið safnað úr þeim. Aðrir gripir verða afhentir strax að lokinni sölu.



Sveinn Sigurmundsson.

Sölufæri gripanna

Ákveðið var að styðjast við sömu útboðsreglu og í fyrra en nú eru kvígur líka til sölu. Óskað er eftir skriflegum tilboðum í hvern grip á þar til gerðu eyðublaði.

Hverjir mega bjóða í gripina?

Rekstraraðilar í nautgriparækt – bæði einstaklingar og lögaðilar – geta sent inn tilboð uppfylli þeir eftirfarandi skilyrði:

1. Séu skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis og með lögheimili á Íslandi.
2. Stundi nautgriparækt og reki nautgripabú á lögbýlinu með virkt virðisaukaskattsnúmer og starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.
3. Séu þátttakendur í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og hafi sinnt fullnægjandi skilum á skýrslum fyrir framleiðsluárið 2022, sbr 4. gr. reglugerðar nr 348/2022

Tilboðsferli

Tilboð verða að berast á þar til gerðu eyðublaði sem aðgengilegt verður á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (bssl.is) en þeir sem ekki geta nálgast eyðublaðið á þann hátt geta haft samband við Svein í síma 894-7146 og fengið blaðið sent til sín.

Á eyðublaðinu er tilgreint í hvaða grip eða gripi er verið að gera tilboð en bjóða má í eins marga grip og hver vill, en tilgreina skal hversu hátt er boðið í hvern þeirra.

Ef sami aðili sendir inn fleiri en eitt tilboð gildir nýjasta tilboðið, en hver tilboðsgjafi getur bara haft eitt gilt tilboð í hvert naut og sömuleiðis eitt gilt tilboð í hverja kvígu en sami aðili má kaupa eitt naut og eina kvígu.

Lágmarksboð í nautin er 800.000 kr – áttahundruð þúsund kr - án vsk. Lágmarksboð í kvígurnar er 500.000 kr – án vsk. og verða lægri tilboð ekki tekin gild. Tilboðið á þar til gerðu eyðublaði þarf að senda í ábyrgðarpósti merkt:

Tilboð í nautgripi Nautgriparæktarmiðstöð Íslands Austurvegi 1, 800 Selfoss

Tilboðið þarf að vera póstlagt í síðasta lagi miðvikudaginn 28. júní 2023 en tilboðin verða síðan opnuð og unnið úr þeim þriðjudaginn 4. júlí 2023 og hefst kl. 10.00.

Þeim sem gera tilboð er frjálst að vera við þegar tilboðin eru opnuð og eða fylgjast með á teams-fundi og fá sendan hlekk á fundinn til sín.

Ráðstöfun gripanna eftir opnun tilboða

1. Fyrst skal ganga úr skugga um að tilboð sem borist hafa séu gild, þ.e. þau uppfylli öll þau skilyrði sem sett hafa verið.
2. Komi jöfn hæstu tilboð í einhvern grip frá tveimur eða fleiri aðilum skal hlutkesti ráða í hvaða röð tilboðin raðast.
3. Gengið skal frá sölnunni á þann hátt að fyrst er tekinn fyrir sá gripur sem hæst er boðið í, þá sá sem næsthæst er boðið í og svo koll af kolli. Komi jafn hátt boð í tvo eða fleiri gripir skal hlutkesti ráða um röð þeirra nauta við sölu.
4. Hver tilboðsgjafi getur einungis fengið keypt eitt naut og eina kvígu. Ef sami aðili á hæsta boð í fleiri en einn grip af hvoru kyni skal hann velja hvaða tilboði hann vill halda og dettur hann þá út sem tilboðsgjafi í aðra gripi.



Laki 22403 (1662742-0056).



Lilli 22402 (1662742-0053).



Lárus 22404 (1662742-0058).



Lækur 22401 (1662742-0050).

5. Kaupandi skal ganga frá greiðslu fyrir gripina inn á bankareikning Nautís í síðasta lagi 7. júlí. Lítið er á greiðslu á þessum tímamarki sem fyrirframgreiðslu en nautin verða áfram í eigu og á ábyrgð Nautís fram að afhendingardegi.

6. Sé ekki greitt inn á banka á réttum tíma fellur tilboðið úr gildi og sá sem átti næsthæsta boð í viðkomandi grip fær kaupréttinn. Hafi sá aðili þegar fengið keyptan annan grip getur hann valið hvorn gripinn hann vill taka. Við svona breytingar á einum grip getur því kaupréttur breyst á fleiri gripum.

7. Ef gripur stenst ekki dýralæknisskoðun varðandi almennt heilsufar eða sæðisgæði að lokinni sæðistöku fellur sá gripur út úr sölumæðferð og fær kaupandi þá endurgreitt kaupverð. Þetta hefur þó ekki áhrif á röð tilboða eða kauprétt á öðrum nautum.

8. Berist ekki gilt tilboð í einn eða fleiri af gripunum mun stjórn Nautís ehf. ákveða hvernig með þá gripi verður farið í framhaldinu.

F.h. Nautís ehf.
Sveinn Sigurmundsson
framkvæmdastjóri.



Mynd / Jón Eiríksson

Útivist nautgripa

– Aukið eftirlit sumarið 2023

Með breytingareglugerð nr. 379/2022 við reglugerð um velferð nautgripa nr. 1065/2014 voru kröfur um útivist nautgripa auknar. Skv. reglugerðinni gildir að:



Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir.

Allir nautgripir skulu komast á beit á grónu landi í átta vikur hið minnsta á tímabilinu frá 15. maí til 15. október ár hvert. Undanskildir eru kálfar fæddir á viðkomandi ári svo og graðnaut. Aðgangur að útigerði uppfyllir ekki kröfur um útivist á grónu landi.

Þetta þýðir að allar mjólkurkúr þurfa að komast á beit á grónu landi daglega í a.m.k. 8 vikur á tímabilinu frá miðjum maí fram í miðjan október. Er þessi krafa tilkomin út frá bæði velferðarsjónarmiðum til þess að þær hafi möguleika á að sinna sínu eðlilega atferli sem er að beita sér á gróid land, en einnig út frá heilsufarssjónarmiðum þar sem nautgripir, eins og menn, taka D-vítamín upp í gegnum húðina í sólskini. Þetta þýðir einnig að allar kvígur, sem ekki eru fæddar á árinu eiga að komast á beit í að lágmarki 8 vikur einnig.

Einu nautgripirnir sem eru undanskildir þessari meginreglu um 8 vikna útivist eru graðnaut og ungr kálfar sem fæddir eru á árinu.

Matvælastofnun er ætlað að hafa eftirlit með útivist nautgripa. Mun verða lögð aukin áhersla á þetta eftirlit nú í sumar. Athygli skal vakin á því að ef grunur vaknar um að krafa um lögbundna útivist nautgripa sé ekki uppfyllt er það bóndans að sanna að svo sé, t.d. útivistardagbók.

Eftirlitið fer fram á tvennan hátt, þ.e. ábendingum sem berast stofnuninni verður fylgt vel eftir eins og hingað til og einnig munu eftirlitsmenn Mast vera með virkt eftirlit með ferðum um héruð landsins. Síðasta tækifærið til þess að setja gripi út og ná 8 vikna útivist eins og reglugerðin gerir ráð fyrir er 15. ágúst.

Athygli er vakin á því að ef reglugerðarákvæði um útivist er brotið hefur Mast heimild til þess að beita dagsektum til að þvinga fram úrbætur. Ef það dugar ekki til hefur stofnunin heimild til þess að leggja á stjórnvaldssekt sem getur numið umtalsverðri upphæð.

Með kveðju,
Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir,
sérgreinadýralæknir
nautgripa og sauðfjár hjá MAST.

Búfjáreigendur í Hvalfjarðarsveit og á Akranesi athugið.

Eigendur jarðarinnar Kúludalsár í Hvalfjarðarsveit vekja hér með athygli búfjáreigenda á að lausaganga búfjár í landi Kúludalsár er óheimil.

Er eigendum búfjár bent á að beita því í eigin heimalöndum eða annarsstaðar sem heimild er til að beita því.

Í gildi er samningur við Skógræktina um hluta jarðarinnar fyrir skógrækt.

Varðandi meðferð ágangsgripa gilda lög nr 66/1986 og Fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélögin Akraneskaupstað, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp nr. 683, dags. 14. júlí 2015.

Júní 2023. Landeigendur.

BÍLXTRA

KERRUR Á HAGSTÆÐUM VERÐUM!

BILXTRA.IS



kr1,450,000

kr425,000

kr950,000

STEINHELLA 4, HAFNARFJÖRÐUR SÍMI: 837 7750 INFO@BILXTRA.IS

Lyftu á gæðum



CAT

KLETTUR

REYKJAVÍK — AKUREYRI — 590 5100 — klettur.is

Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl. Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

Angus-holdanaut frá Nautís fædd 2022

Hér er nú kynntur fimmtí árgangur Angus-holdanauta frá Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Þessir gripir eru tilkomnir með sæðingu hreinræktaðra Angus-kúa með sæði úr Laurens av Krogedal NO74075 og því um að ræða sérvalda úrvalsgrip. Auk sona Laurens var eitt naut undan Ivar fra Li NO74047 í þessum árgangi og var hann tilkominn með fósturvísaf lutningi. Sá gripur er glæsilegur á velli en því miður með gallaðar afturklaufir og því var ákveðið að hann kæmi ekki til notkunar.

Ekki þarf að fjölyrða um þær miklu og ströngu kröfur sem gerðar eru á einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti hvað smitvarnir varðar. Þessir gripir hafa nú lokið einangrun og fengið grænt ljós hvað snertir sæðistöku og dreifingu sæðis. Holdanautakynið Aberdeen Angus er óþarft að kynna enda kjötgæði þess rómuð og kjötnýting mjög góð. Kynið hentar vel þar sem áhersla er lögð á nýtingu beitar og gróffóðurs ásamt góðum móðureiginleikum, mjólkurlagni og léttan burð. Það hentar því vel í t.d. blandingrækt þar sem burðarerfiðleikar eru fremur fáttíðir.

Nautgriparæktarmiðstöð Íslands (Nautís) hefur frá upphafi lagt sérstaka áherslu á góða dætraeiginleika þeirra nauta sem notuð hafa verið þar til uppbyggingar á Angus-holdagripastofni hérlendis. Má þar nefna léttan burði og kjötgæði að ógleymdum mæðraeiginleikum. Á árinu 2018 fæddust kálfa undan Li's Great Tigre NO74039 og First Boyd fra Li NO74033 og á árinu

2019 var um að ræða gripi undan Hovin Hauk NO74043 og Horgen Erie NO74029.

Á árinu 2020 var eingöngu um að ræða kálfa undan Emil av Lillebakken NO74028. Allt eru þetta naut sem gefa góðar mæður. Á árinu 2021 litu dagsins ljós kálfa undan Emil av Lillebakken sem og Jens av Grani NO74061, en þá brá svo við að undan Emil komu bara kvígur og allir nautkálfaþað árið undan Jens. Í fyrra fæddust svo gripir undan Jens av Grani, Laurens av Krogedal, Ivar fra Li og Kid av Vølstað NO74068. Undan Jens komu tvær kvígur, undan Ivar eitt naut, undan Kid tvær kvígur og undan Laurens fjögur naut og sjö kvígur.

Laurens av Krogedal NO74075, f. 22. janúar 2016, hjá Torfinn Bakke í Krogedal austur af Sandnes í Rogaland í SV-Noregi. Til þess að tengja legu þess við þekktari stað þá stendur það í suðaustur frá Stavanger, í um 34 km aksturveg lengd þaðan. Faðir Laurens er Horgen Erie NO74029 og hann er því hálfbróðir þeirra Eiríks 19403-ET og Máttar 19404-ET. Móðir Laurens er NO31897 av Krogedal undan Dole av Krogedal NO58361 og NO25207 av Krogedal sem aftur var undan Oluf av Bakken NO53455. Móðurætt Laurens er því óskyld þeim nautum sem notuð hafa verið hérlendis undanfarin ár.

Laurens gefur léttan burð, bæði hjá kúm og kvígum, auk góðra kjötgæða- og mæðraeiginleika. Fæðingarþungi kálfa er yfir meðallagi en vaxtarhraði um meðallag. Dætur Laurens eru vel yfir meðaltali í þunga afkvæma sinna við 200 daga aldur. Fallþungi afkvæma Laurens er mikill og hold- og fituflokkun mjög góð.

Hér er því á ferðinni gott alhliða kynbótanaut þar sem saman fara góðir mæðraeiginleikar og mikil kjötgæði.



Guðmundur Jóhannesson.



Lilli 22402 (1662742-0053)

Fæddur 2. maí 2022 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Laurens av Krogedal NO74075	M.	Silla-ET IS1662742-0005
Ff.	Horgen Erie NO74029	Mf.	Li's Great Tigre NO74039
Fm.	1879 av Krogedal NO31897	Mm.	Lara av Høystad NO49943
Fff.	Horgen Bror NO55754	Mff.	CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm.	Horgen Soria NO27377	Mfm.	Else fra Li NO30822
Fmf.	Dole av Krogedal NO58361	Mmf.	Ivar fra Li NO74047
Fmm.	5207 av Krogedal NO25207	Mmm.	Helle av Høystad NO34418

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Mjög falletur gripur með mjög góða vöðvafyllingu, sérstaklega í innri lærum. Vel gerðar malir og holdmiklar herðar. Fótstaða er góð. Lilli vel gerður, holdmikill og glæsilegur gripur.

Umsögn: Fæðingarþungi var 39 kg. Við vigtnun 25. apríl 2023 vó Lilli 491 kg og hafði því vaxið um 1.263 g/dag frá fæðingu. Lilli hefur ævinlega sýnt mjög mikla vaxtargetu.

Línulegt mat: Lilli

	Boldýpt	Herðabreidd	Malalengd	Malabreidd
Best	9	9	9	8
Mat	8	7	7	7
	Lærabreidd	Innralæri	Læradýpt	Lærahold
Best	8	9	9	9
Mat	8	8	8	8
Heildarmat Best 9 Mat 8				



Lækur 22401 (1662742-0050)

Fæddur 22. apríl 2022 Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:


F.	Laurens av Krogedal NO74075	M.	Birna-ET IS1662742-0007
Ff.	Horgen Erie NO74029	Mf.	Li's Great Tigre NO74039
Fm.	1879 av Krogedal NO31897	Mm.	Letti av Nordstu NO100514
Fff.	Horgen Bror NO55754	Mff.	CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm.	Horgen Soria NO27377	Mfm.	Else fra Li NO30822
Fmf.	Dole av Krogedal NO58361	Mmf.	Dunder av Bognes NO74025
Fmm.	5207 av Krogedal NO25207	Mmm.	Janne av Nordstu NO39302

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur gripur með góðar herðar og vel holdfyllt læri þó fylling í innri lærum mætti vera aðeins meiri. Eilítið svagur í kjúkum með bratta klaufveggi og gengur á ytri klauf að aftan. Lækur er heilt yfir gerðarlegur og holdmikill gripur.

Umsögn: Fæðingarþungi var 38 kg. Við vigtnun 25. apríl 2023 vó Lækur 506 kg og hafði því vaxið um 1.293 g/dag frá fæðingu. Lækur hefur frá fæðingu sýnt mikla og góða vaxtargetu.

Línulegt mat: Lækur

	Boldýpt	Herðabreidd	Malalengd	Malabreidd
Best	9	9	9	8
Mat	9	8	8	7
	Lærabreidd	Innralæri	Læradýpt	Lærahold
Best	8	9	9	9
Mat	8	7	8	8
Heildarmat Best 9 Mat 7				



Laki 22403 (1662742-0056)

Fæddur 5. maí 2021 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Laurens av Krogedal NO74075	M.	Vænting-ET IS1662742-0021
Ff.	Horgen Erie NO74029	Mf.	Horgen Erie NO74029
Fm.	1879 av Krogedal NO31897	Mm.	Maiken av Grani NO102576
Fff.	Horgen Bror NO55754	Mff.	Horgen Bror NO55754
Ffm.	Horgen Soria NO27377	Mfm.	Horgen Soria NO27377
Fmf.	Dole av Krogedal NO58361	Mmf.	First-Boyd fra Li NO74033
Fmm.	5207 av Krogedal NO25207	Mmm.	Kari av Grani NO100428

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Mjög holdmikill gripur með vel holdfyllt og breið læri. Holdfylling á mölum og innri lærum mjög góð. Góð fótstaða en klaufveggir aðeins brattir. Laki er ákaflega vel gerður gripur með mikla holdfyllingu.

Umsögn: Fæðingarþungi var 37 kg. Við vigtnun 25. apríl 2023 vó Laki 546 kg og hafði því vaxið um 1.434 g/dag frá fæðingu. Laki hefur ávallt sýnt mjög mikla og góða vaxtargetu. Eins og sjá má er Laki skyldleikaræktadur afkomandi Horgen Erie NO74029 sem er afi hans í báðar ættir.

Línulegt mat: Laki

	Boldýpt	Herðabreidd	Malalengd	Malabreidd
Best	9	9	9	8
Mat	8	8	8	8
	Lærabreidd	Innralæri	Læradýpt	Lærahold
Best	8	9	9	9
Mat	8	8	8	9
Heildarmat Best 9 Mat 8				

Kynning og lýsing nautanna byggir á línulegu útlitsmati og umsögn þeirra Ditte Clausen og Lindu Margrétar Gunnarsdóttur, ráðunauta hjá RML.

Þegar þetta er skrifað er sæðistaka úr þessum nautum ekki hafin og því liggur ekki fyrir hver árangur úr henni verður.

Þessi fjögur naut eru öll hálfbræður og nokkuð skyld þeim Eiríki-ET 19403 og Mætti-ET 19404 sem eru synir Horgen Erie NO74029. Jafnframt er rétt að hafa í huga að Laki 22403 er hálfbróðir Jenna 21405 og auðvitað eru þeir Lækur 22401, Lilli 22402, og Lárus 22404, sem eru dætrasynir Li's Great Tigre NO74039, skyldir þeim Vísi 18400 og Baldri 18403. Þá voru mæður Lárúsar 22404 og Jóakims 21403 alsystur.

Þennan skyldleika er rétt að hafa í huga við þörun, jafnframt því að skoða ævinlega ætterni þeirra gripa sem á að para saman.

Nýja erfðaeftir sýnir mikla yfirburði

Þegar talað er um nýja erfðaeftir er vísað til þeirra Angus-gripa sem eru tilkomnir með innflutningi fósturvísa og sæðis á Stóra-Ársmóti og afkvæma þeirra.

Þessir gripir eru nú farnir að skila sér í sláturhúsi og því hægt að gera sér nokkra grein fyrir hvaða ávinningur liggur í innflutningnum fyrir framleiðslu nautakjöts hérlendis. Í því skyni skoðaði undirritaður sláturgögn ársins 2022 og bar saman afkvæmi hreinræktaðra íslenskra nauta sem áttu a.m.k. 100 afkvæmi með sláturgögn á árinu 2022 og afkvæmi holdnauta með sláturgögn á sama tíma.

Tölurnar sem hér fara á eftir ná til 4.230 afkvæma 22 íslenskra nauta, 156 afkvæma fimm Aberdeen Angus nauta frá Nautís, 78 afkvæma þriggja eldri Aberdeen Angus nauta, 9 afkvæma þriggja Limousine nauta og 7 afkvæma þriggja Galloway nauta. Skoðaðar voru fjórar mælistærðir, meðalaldur við slátrun, meðalfallþungi, meðalvöxtur á dag út frá fallþunga og meðalflokkun í holdfyllingarflokk.


Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd eru afkvæmi Angus nautanna frá Nautís langyngst við slátrun eða 21,8 mán. að meðaltali meðan afkvæmi hinna nautanna eru til jafnaðar meira en tveggja ára gömul við slátrun. Þetta sýnir að nýja erfðaeftir skilar mun meiri vexti og hraðari þroska en við höfum áður séð. Þó svo afkvæmi Angus nautanna frá Nautís komi mun yngri til förgunar eru þau síður en svo léttari. Þannig voru þau að meðaltali 311,8 kg á árinu 2022 og aðeins afkvæmi Limousine nautanna voru til jafnaðar þyngri. Þau voru hins vegar 27,0 mán. gömul til jafnaðar við förgun eða 5,2 mán. eldri að meðaltali

Þessi munur kemur glögg fram þegar skoðaður er meðalvöxtur þessara gripa á dag. Á mynd má sjá að afkvæmi Angus nautanna frá Nautís uxu til jafnaðar um 454,9 g/dag reiknað út frá fallþunga. Afkvæmi annarra nauta vaxa mun hægar eins og myndin sýnir glögg.

Ef við horfum til flokkunar gripanna í holdfyllingarflokk kemur í ljós að afkvæmi Angus nautanna frá Nautís flokkast best.

Hér er meðalflokkun reiknuð þannig að U fær tölugildið 11, R tölugildið 8, O tölugildið 5 og P tölugildið 2. Flokkun upp á 8,0 þýðir þá að meðalflokkun væri R en 5,0 að meðalflokkun væri O. Afkvæmi Angus nautanna frá Nautís ná meðalflokkun 7,3 sem þýðir að meðalafkvæmið flokkast í R-. Afkvæmi annarra nauta ná ekki sömu holdfyllingu.

- framhald bls. 56



Lárus 22404 (1662742-0058)

Fæddur 6. maí 2021 á Nautgriparektarmiðstöð Íslands á Stóra-Ársmóti.

Ætt:





F. Laurens av Krogedal NO74075 M. Lára-ET IS1662742-0015
 Ff. Horgen Erie NO74029 Mf. Li's Great Tigre NO74039
 Fm. 1879 av Krogedal NO31897 Mm. Lara av Høystad NO49943
 Fff. Horgen Bror NO55754 Mff. CA1469322 HFEI Tigre 28U
 Ffm. Horgen Soria NO27377 Mfm. Else fra Li NO30822
 Fmf. Dole av Krogedal NO58361 Mmf. Ivar fra Li NO74047
 Fmm.5207 av Krogedal NO25207 Mmm. Helle av Høystad NO34418

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur gripur með góða vöðvafyllingu og breið og holdmikil læri en fylling innri læra mætti vera meiri. Fótstaða er sterkleg og góð en klaufveggir að aftan nokkuð brattir. Lárus er holdmikill og fallegur gripur á velli.

Umsögn: Fæðingarpungi var 38 kg. Við vigtun 25. apríl 2023 vó Lárus 512 kg og hafði því vaxið um 1.339 g/dag frá fæðingu. Lárus hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtartegu.

Línulegt mat: Lárus

	Boldýpt	Herðabreidd	Malalengd
Best	9	9	9
Mat	9	7	8
	Malabreidd	Lærabreidd	Innrælari
Best	8	8	9
Mat	7	7	7
	Læradýpt	Lærahold	Heildarmat
Best	9	9	9
Mat	8	8	7



Handverkstorg.is

Handverk - Frá okkur - Til ykkar

Vefverslun með fjölbreyttu úrvali af handverki og vöru beint frá handverksfólki til þín

Skoða úrval

Alparósir Austurríkis

22. – 29. september 2023
 Fararstjórn: Gísli Einarsson
 Verð 257.700 kr. á mann í tvíbýli

Í þessari ferð höldum við á vit ævintýrana í Salzburgerlandi í Austurríki þar sem feðurð fjallanna umlykur okkur. Við dveljum í fjallaþorpinu Filzmoos og förum í hrifandi dagsferðir m.a. upp á Dachstein jökullinn, til Salzburg og til fallega bæjarins Hallstatt.

bænda FERÐIR Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 bokun@baendaferdir.is Síðumúla 2 108 Reykjavík

Hestabú í Noregi til sölu

15,5 hektara jörð í Solør í Heiðmörk til sölu. Tún eru 8,1 hektari, 3 hektarar ruðnir fyrir beitiland og 4,7 hektara skógur. Gott íbúðarhús frá ca 1937/2003/2014. Fjós frá um 1937 og viðbyggt hesthús frá um 1998. Áhaldageymsla/verkstæði um 2000 og gamall áhaldaskúr. Átta stúri í hesthúsi og þrjár í skúrnum. Ævintýrlegir möguleikar á reiðtúrum um Finnskogen beint frá hlaðinu.

Áætlað söluverð um Nkr. 4 - 5.000.000.
 Hafð samband við Árna Björn Haraldsson, arnibjorn@icelandichorse.no og/eða í síma +47-977-18400.

Afkvæmahópur	Meðalfallþungi, kg	Meðalholdfyllingarflokkur	Verð, kr.	Kr./dag
Íslenskir	249,2	4,3	221.290	290
AA (Nautís)	311,8	7,3	313.047	479
AA eldra	307,7	7,0	308.931	396
Limousine (Lim)	325,7	6,9	327.003	404
Galloway (Ga)	268,3	6,0	245.226	281

- framhald af bls. 55

Með því að horfa á þessar tölur er alveg ljóst að framleiðsla nautakjöts getur tekið stórstígum framförum með því að notfæra sér þetta nýja erfðaeftni. Bæði er það að hægt er að ala gripina mun skemur og á sama tíma ná mun betri holdfyllingarflokkun. Ef við reiknum á hvað meðalgrípur þessara

afkvæmahópa leggur sig á kemur eftirfarandi í ljós. (Sjá töflu að ofan). Á þessum samanburði sést að tekjur á hvern dag eru langmestur hjá afkvæmum Angus nautanna frá Nautís. Hér er ekki reiknað með sláturálagsgreiðslum samkvæmt nautgriparæktarsamningi en út frá meðalþunga nær um helmingur alíslensku gripanna ekki þeim

mörkum sem til þarf og einhver hluti Galloway blendinganna. Þegar kemur að framlegð þessara gripa er greinilegt að munurinn er enn meiri.

Afkvæmi Angus nautanna frá Nautís koma til förgunar það miklu yngri að þau hafa innbyrt mun minna magn fódurs á æviskeiðinu en afkvæmi hinna hópanna.

Þessar tölur sýna okkur svo ekki verður um villst að framleiðsla nautakjöts með því að nota Angus nautin frá Nautís með markvissum hætti getur tekið algjörum stakka-skíptum. Allar forsendur eru fyrir því að hægt sé að ala þessa gripi einn vetur á húsi.

Pannig má minnka það rými sem þarf til framleiðslunnar til mikilla muna og/eða framleiða mun fleiri kg kjöts á hvern fermetra með mun minni fóðurnotkun á hvert kg kjöts auk þess að auka gæði þess kjöts sem framleitt er.

Þessi atriði gætu gert íslenska nautakjötsframleiðslu að arðbærri atvinnugrein en á undanföllum árum

hefur rekstur greinarinnar skilað neikvæðri afkomu.

Möguleikarnir liggja í markvissri og víðtækri notkun þessa nýja erfðaeftnis og þar eru sæðingar fljótverkasta og auðveldasta leiðin.

Það er því beinlínis grátlegt að horfa upp á það að aðeins 17% notkunar holdasæðis á árinu 2022 var hjá þeim sem stunda eingöngu framleiðslu nautakjöts en 83% holdasæðis var notað hjá þeim sem stunda mjólkurframleiðslu með eða án framleiðslu nautakjöts.

Þetta verður að breytast eigi nautakjötsframleiðslan að taka þeim breytingum sem henni eru lífsnauðsynlegar.

Kvígur frá Nautís

Uppbygging hreinræktaðrar Angus-hjarðar hjá Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti hefur gengið vel á undanföllum árum og stöðin því aflögufer með kvígur.

Á þessu ári eru boðnar til kaups sjö hreinræktaðrar Angus-kvígur, fimm fæddar hjá Nautís og tvær fæddar á Stóra-Ármóti eftir fósturvísaflytninga. Hér á eftir fer örstutt kynning á þeim kvígum sem standa til boða núna.

Kvígurnar frá Nautís voru dæmdar af þeim Ditte Clausen og Lindu Margréti Gunnarsdóttur hjá RML. Vörðandi lýsingar þessara gripa er mikilvægt að hafa í huga að hér er um mun holdfylltari gripi að ræða en við eigum að venjast hérlendis. Kvígurnar eru dætur Jens av Grani NO74061, Laurens av Krogedal NO74075 og Vals-ET 19402 sem er sonur Hovin Hauk NO74043.

Móðurfeðurnir eru Li's Great Tigre NO74039, Horgen Erie NO74029 og Emil av Lillebakken NO74029. Allt eru þetta naut sem eru þekkt að því að gefa góðar kýr til undaneldis, bæði hvað varðar burð og aðra mæðraeinleika.



Jörð-ET 1662742-0046

Fædd 3. mars 2022 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:
F. Jens av Grani NO74061
M. Birna-ET IS1662742-0007
Ff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. Evy av Grani NO30798
Mm. Letti av Nordstu NO100514
Fff. AUVTMB219 Te Mania B.
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. AUBVVB32 E Jedda B32
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Hovin Velixir NO74011
Mmf. Dunder av Bognes NO74025
Fmm. NO30796
Mmm. Janne av Nordstu NO39302

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Boldjúp og útlögumikil kvíga með góðar malir, lærabreidd og -fyllingu. Vöðva-fylling innri læra og framparts mætti vera betri, góð fótstaða og klaufir. Falleg kvíga.

Umsögn: Fæðingarþungi var 36 kg. Við vigtun 25. apríl 2023 vó Jörð 490 kg og hafði því vaxið um 1.086 g/dag frá fæðingu.

Staða: Ófengin.

Línulegt mat: Jörð

	Boldýpt	Herðabreidd
Best	9	9
Mat	8	7
Malalengd		Malabreidd
Best	9	8
Mat	8	8
Lærabreidd		Innrælari
Best	8	9
Mat	8	6
Læradýpt		Lærahold
Best	9	9
Mat	7	8
Heildarmat		
Best	9	
Mat	7	

Ljúfa 1662742-0049

Fædd 27. apríl 2022 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:
F. Laurens av Krogedal NO74075
M. Steina-ET IS1662742-0003
Ff. Horgen Erie NO74029
Mf. Li's Great Tigre NO74039



Fm. 1879 av Krogedal NO31897
Mm. Letti av Nordstu NO100514
Fff. Horgen Bror NO55754
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. Horgen Soria NO27377
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Dole av Krogedal NO58361
Mmf. Dunder av Bognes NO74025
Fmm. 5207 av Krogedal NO25207
Mmm. Janne av Nordstu NO39302

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Boldjúp, útlögumikil og vel gerð kvíga, fremur lágfætt. Góður frampartur og malir. Lærvöðvi djúpur með góðri fyllingu en vantar í vöðvafyllingu innri læra. Gengur aðeins á ytri klaufum að aftan. Falleg kvíga.

Umsögn: Fæðingarþungi var 38 kg. Við vigtun 25. apríl 2023 vó Ljúfa 427 kg og hafði því vaxið um 1.072 g/dag frá fæðingu.

Staða: Ófengin.

Línulegt mat: Ljúfa

	Boldýpt	Herðabreidd
Best	9	9
Mat	8	8
Malalengd		Malabreidd
Best	9	8
Mat	8	8
Lærabreidd		Innrælari
Best	8	9
Mat	7	7
Læradýpt		Lærahold
Best	9	9
Mat	8	8
Heildarmat		
Best	9	
Mat	7	

Linda 1662742-0051

Fædd 30. apríl 2022 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:
F. Laurens av Krogedal NO74075
M. Vísa-ET IS1662742-0006
Ff. Horgen Erie NO74029
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. 1879 av Krogedal NO31897
Mm. Lara av Høystad NO49943
Fff. Horgen Bror NO55754
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. Horgen Soria NO27377
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Dole av Krogedal NO58361
Mmf. Ivar fra Li NO74047



Fmm. 5207 av Krogedal NO25207
Mmm. Helle av Høystad NO34418

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Boldjúp og útlögumikil kvíga með góðan frampart og lærafyllingu. Framfótaklaufir aðeins snúnar, gengur á ytri klaufum. Falleg kvíga.

Umsögn: Fæðingarþungi var 34 kg. Við vigtun 25. apríl 2023 vó Linda 430 kg og hafði því vaxið um 1.100 g/dag frá fæðingu.

Staða: Ófengin.

Línulegt mat: Linda

	Boldýpt	Herðabreidd
Best	9	9
Mat	8	8
Malalengd		Malabreidd
Best	8	8
Mat	7	7
Lærabreidd		Innrælari
Best	8	9
Mat	7	7
Læradýpt		Lærahold
Best	9	9
Mat	8	8
Heildarmat		
Best	9	
Mat	6	



Lukka 1662742-0059

Fædd 14. maí 2022 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:
F. Laurens av Krogedal NO74075
M. Eir-ET IS1662742-0019
Ff. Horgen Erie NO74029
Mf. Horgen Erie NO74029
Fm. 1879 av Krogedal NO31897
Mm. Maiken av Grani NO102576
Fff. Horgen Bror NO55754
Mff. Horgen Bror NO55754
Ffm. Horgen Soria NO27377

Mfm. Horgen Soria NO27377
Fmf. Dole av Krogedal NO58361
Mmf. First Boyd fra Li NO74033
Fmm. 5207 av Krogedal NO25207
Mmm. Kari av Grani NO100428

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Nett og frekar lágfætt kvíga með ágætis afturpart. Mjög gleið afturfótastaða, gengur á ytri klaufum að aftan.

Umsögn: Fæðingarþungi var 30 kg. Við vigtun 25. apríl 2023 vó Lukka 383 kg og hafði því vaxið um 1.020 g/dag frá fæðingu.

Staða: Ófengin.

Línulegt mat: Lukka

	Boldýpt	Herðabreidd
Best	9	9
Mat	7	6
Malalengd		Malabreidd
Best	9	8
Mat	7	6
Lærabreidd		Innrælari
Best	8	9
Mat	7	7
Læradýpt		Lærahold
Best	8	9
Mat	7	7
Heildarmat		
Best	9	
Mat	6	



Lonta 1662742-0063

Fædd 26. júlí 2022 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:
F. Laurens av Krogedal NO74075
M. Gunna-ET IS1662742-0016
Ff. Horgen Erie NO74029
Mf. Horgen Erie NO74029
Fm. 1879 av Krogedal NO31897
Mm. Maiken av Grani NO102576
Fff. Horgen Bror NO55754
Mff. Horgen Bror NO55754
Ffm. Horgen Soria NO27377
Mfm. Horgen Soria NO27377
Fmf. Dole av Krogedal NO58361
Mmf. First Boyd fra Li NO74033
Fmm. 5207 av Krogedal NO25207
Mmm. Kari av Grani NO100428

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Fremur nett kvíga með góða malafyllingu en vantar aðeins upp á

vöðvafyllingu í lærum. Fótstaða og klaufir góðar. Fallegur gripur.

Umsögn: Fæðingarþungi var 34 kg. Við vigtun 25. apríl 2023 vó Lonta 326 kg og hafði því vaxið um 1.070 g/dag frá fæðingu.

Staða: Ófengin.

Línulegt mat: Lonta

	Boldýpt	Herðabreidd
Best	9	9
Mat	7	7
	Malalengd	Malabreidd
Best	9	8
Mat	7	8
	Lærabreidd	Innrælari
Best	8	9
Mat	7	7
	Læradýpt	Lærahold
Best	9	9
Mat	7	7
	Heildarmat	
Best	9	
Mat	7	



Vaka-ET 1662741-1666

Fædd 26. júlí 2022 á Nautgripa-ræktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:
 F. Valur-ET 19402
 M. Etna-ET IS1662742-0026
 Ff. Hovin Hauk NO74043
 Mf. Emil av Lillebakken NO74029
 Fm. Mose av Grani NO102588
 Mm. Nanne av Høystad NO104656
 Fff. AUVTMB1 Te Mania Berkley
 Mff. Betong av Dagrød NO74017
 Ffm. Hovin Victoria NO23868
 Mfm. Mairin NO24738
 Fmf. First Boyd fra Li NO74033

Mmf. Lord Rossiter av Høystad NO62302
 Fmm. Kaja av Grani
 Mmm. Kira av Høystad NO48643

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Holdmikil og vel gerð kvíga, langvaxin og útlögumikil. Góð mala- og lærahold. Sterkleg fótstaða.

Umsögn: Vaka hefur aldrei verið vigtuð en er þroskamikil og fallegur gripur.

Staða: Ófengin.



Valdís-ET 1662741-1668

Fædd 26. júlí 2022 á Nautgripa-ræktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:
 F. Valur-ET 19402
 M. Etna-ET IS1662742-0026
 Ff. Hovin Hauk NO74043
 Mf. Emil av Lillebakken NO74029
 Fm. Mose av Grani NO102588
 Mm. Nanne av Høystad NO104656
 Fff. AUVTMB1 Te Mania Berkley
 Mff. Betong av Dagrød NO74017
 Ffm. Hovin Victoria NO23868
 Mfm. Mairin NO24738
 Fmf. First Boyd fra Li NO74033
 Mmf. Lord Rossiter av Høystad NO62302
 Fmm. Kaja av Grani
 Mmm. Kira av Høystad NO48643

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Holdmikil og vel gerð kvíga, langvaxin og útlögumikil, góð malahold en vöðvafylling í lærum mætti vera eilítið meiri. Eilítið nástæð að aftan.

Umsögn: Valdís hefur aldrei verið vigtuð en er þroskamikil og fallegur gripur.

Staða: Ófengin.

Sérniðin þjónusta að þínum þörfum


Kristinn Sigurbjörnsson
 Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
 Sími: 560-5502
 Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
 Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
 Sími: 560-5501
 Netfang: pall@allt.is

Hágæða vatnshitara

Vörurkaup
 Tel. 516-2600 | vorurkaup@vorurkaup.is

CLAGE



Veitulausnir

MÁLMSTEYPA
 Þorgríms Jónssonar ehf.
 Miðhrauni 6, 210 Garðabæ, s. 544 8900
 m@malmsteypa.is malmsteypa.is

LESENDARÝNI



Sigfús Ólafur Helgason, safnstjóri á Iðnaðarsafninu, við líkanið af Húna EA.
Mynd / Þorgeir Baldursson



Mynd tekin í brú þegar Húni II var afhentur. Eiginkona Björns, Olóf Guðmundsdóttir, Tryggvi Gunnarsson, Björn Pálsson og Hákon Magnússon. Mynd / Steini Pje



Húni í slipp.

Mynd / Steini Pje



Ingibjörg Tryggvadóttir, Sigfús Ólafur Helgason og Þorsteinn Pétursson.

Mynd / Þorgeir Baldursson



Húni siglir út Eyjaförð í júlí 1963 tilbúinn til sildveiða.

Mynd / Steini Pje

Húni II HU-2 Höfðakaupstað

Sextíu ár eru nú liðin frá því að eikarskipið Húni II HU-2 Höfðakaupstað vætti kjöl í fyrsta sinn.



Arni Björn Árnason.

Þessara merku tímamóta var minnst með afhjúpun líkans af bátum við Iðnaðarsafnið á Akureyri og móttöku gesta á laugardag fyrir sjómannaþing.

Skipið var smíðað fyrir Húna hf. Höfðakaupstað en framámenn í því félagi voru Björn Pálsson, bóndi og alþingismaður frá Löngumýri, Austur Húnavatnssýslu og Hákon Magnússon, skipstjóri Höfðakaupstað. Húni II HU-2 var smíðaður í Skipasmíðastöð Kaupfélags Eyfirðinga á Akureyri

árið 1963. Samkvæmt skráningu Siglingamálastofnunar Íslands þá er skipið 117,98 brúttólestir að stærð eða 27,78 metra langt, 6,36 metra breitt og djúprista 3,37 metrar. Mjög var vandað til smíði skipsins og mörg nýmæli litu þar dagsins ljós. Eikin í skipið kom frá Ameríku og nefndist hvítek eða sumareik og ber viðurinn þessi heiti þegar hann eru felldur í fullum skrudá.

Ekkert var til sparað svo að skipið liti sem best út og var sérstaklega til innviða vandað. Í káetu voru þrjár klefar, allir með handlaugum og gólf teppalögð en áður hafði slíkur íburður ekki þekkt um borð í fiskiskipi. Sama var að segja um lúkarinn, að hann skiptist í þrjá klefa með handlaugum og gólfteppum. Eldhúsi og borðsal var komið fyrir fremst í þilfarshúsi neðan brúar sem mjög var til vandað.

Nýmæli voru að framhluti brúar hallaði fram að ofan sem gaf meira rými fyrir siglingar- og fiskileitartæki auk betri yfirsýnar yfir þilfarið. Þessi framhluti var úr áli sem hnoðaðist við járnvinkla og bátapall af járn gerðan. Vel hefur verið vandað til við frágang þessarar samsetningar þar sem engin tæring er enn finnanleg í álinu eftir þessi sextíu ár. Við uppgjör skipsins var ekki deilt um Löngumýrar Skjónu en aftur á móti var deilt um eikina sem í skipið fór og endaði sú deila fyrir dómstólum. Björn uppástóð að eikin hafi verið svo við vöxt að stöðin hafi smíðað tvo báta úr afganginum.

Í sjálfu sér hefði það ekki átt að skipta Björn nokkru máli þó að tíu bátar hefðu verið smíðaðir úr þessum eikarfgangi, hafi hann þá einhver verið, því að eftir því sem best er vitað var skipið smíðað fyrir fast verð. Nær mun vera að Björn hafi þarna verið köllun sinni trúur og efnt til málareksturs út af uppgjörinu svona rétt til að krydda tilveruna. Þar sem Húni II er nú stærsta eikarskip íslenska flotans er ekki úr vegi að skyggjast nánar í líffsiglingu hans.

Frá Skagaströnd fór skipið til Hornafjarðar árið 1972 og fékk þar nafnið Haukafell SF-111 en Haukafell er fjall norðan Hafnar í Hornafirði. Björn á Löngumýri lagði mikla áherslu á að skipið fengi hið fyrsta nýtt nafn þar sem Húnanafnið hefði ekki fært eigendum þess neina gæfu.

Í Hafnarfjarðarhöfn hafi kviknað í skipinu og þá komið til tals að sökkva því til að slökkva eldhafið. Einnig hafi síða þess skemmt

verulega efir ásiglingu. Árið 1990 fékk Haukafellið einkennisstafina SF-40, Hornafirði.

Árið 1991 fór skipið á Skagaströnd og fékk þar nafnið Gauti HU-59 og var í eigu Hólaness hf. og Skagstrendings hf. Skipið stoppaði stutt á Skagaströnd því til Hornafjarðar var það aftur komið 1991 og hét þar í fyrstu Gauti SF-110 en fékk síðan á sama ári nafnið Sigurður Lárusson SF-110 og síðan Sigurður Lárusson SF-114.

Skipið var gert út sem fiskiskip í 30 ár og bar að landi yfir 32.000 tonn af sjávarfangi. Komíð var að leiðarlokom þegar skipið var fellt af skipaskrá árið 1994 og ákvörðun tekin um að nota það í næstu áramótabrennu.

Þegar bálið blasti við skipinu komu hjónin Þorvaldur Hreinn Skaftason og Erna H. Sigurbjörnsdóttir því til bjargar. Hjónin breyttu því í farþegaskip með innréttingu á lest og lúkar. Skipið var endurskráð árið 1996 undir nafninu Húni II Höfðakaupstað HU, Skagaströnd: Undir þessu nafni var skipið gert út til hvalaskoðunar og sjóstangaveiða frá árinu 1997 til ársins 2004. Fyrstu fjögur árin fór skipið í 440 ferðir með um 20.000 farþega en þá fór að halla undan fæti og það falt hverjum þeim sem kaupa vildi.

Nokkrir menn á Akureyri stofnuðu þá félagsskapinn „Holl- vinafélag Húna“ og hófu fjársöfnun til kaupa á skipinu. Ári seinna hafði tekist að fjármagna kaupin á skipinu og lögðu þar mest til Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri, Akureyrarbær og íslenska ríkið. Það var því árið 2005 sem skipið sigldi inn Eyjafjörðinn og lagðist að bryggju á Akureyri.

Skipið var afhent Iðnaðarsafninu á Akureyri til eignar sem fól „Hollvinum Húna“ það til varðveislu, umsjonar og reksturs.

Árið 2023 ber skipið nafnið Húni II EA-740 og er höfuðverkefni þess að sigla með grunnskólanema út á Eyjafjörðinn, draga þar fisk úr sjó, grilla hann og borða. Þá fá þau fræðslu um líffræði sjávar og um hollustu fiskisins. Verkefnið heitir „Frá öngli í maga“.

Gert er ráð fyrir að skipið liggi um ókomin ár í Akureyrarhöfn til vitnis um handbrögð liðins tíma.

Arni Björn Árnason,
fyrirverandi verkstjóri í
slippnum og áhugamaður um
skráningu báta og skipa - aba.is

Fræðsludagskrá Vatnajökulsþjóðgarðs

Velkomin í fræðslugöngur, barnastundir og sérvíðburði um þjóðgarðinn í allt sumar.
Nánari dagskrá á vef þjóðgarðsins.



Áhættumatið og litlu veiðiárin

Í fréttatilkynningu Hafrannsóknastofnunar og grein Ragnars Jóhannssonar, rannsóknastjóra fiskeldis hjá stofnuninni, í Bændablaðinu hinn 9. mars kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Valdimar fullyrðir jafnframt að áhættumatið hafi litið sem ekkert með náttúruvernd að gera og að litlum veiðiám sé fórnad til þess eins að geta veitt erlendum aðilum eldisheimildir.“



Valdimar Ingi Gunnarsson.

Í áhættumati erfðablöndunar er aðeins gert ráð fyrir að stökulax gangi upp í fjórar veiðiár á eldissvæðum á Vestfjörðum en þar er að finna u.þ.b. 25 veiðiár með laxi/laxaseiðum en þó í mjög mismunandi mæli og flestar með fáa laxa eða litla laxastofna (mynd 1). Í grein rannsóknastjórans kemur jafnframt fram: „Vatnsfall þar sem mjög fáir fiskar finnast getur því ekki talist fóstur nytjastofn. Því eru ekki teknir í áhættumatið ár þar sem finnast af og til örfáir laxar. Þær fóstur ekki eiginlega laxastofna og geta ekki flokkast sem nytjastofnar.“

Hér verður ekki farið út í að deila um hvað er laxastofn eða hlutstofn (e. metapopulation), það í sjálfu sér skiptir ekki máli því stökulax leitar upp í allar veiðiár þar sem er að finna laxaseiði og í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga:

• **Erfðablöndun:** Það getur átt sér stað erfðablöndun í veiðiám hvort sem laxveiði er skráð í veiðibækur hjá Hafrannsóknastofnun eða ekki en um það hefur stökulaxinn enga vitneskju. Jafnframt geta blendingar úr veiðiám með óskræða veiði dreift sér yfir í ár með skræða veiði.


• **Framleiðsluheimildir:** Ef allar veiðiár sem fóstur laxaseiði eru teknar með í reiknilíkan áhættumatsins fæst allt önnur niðurstaða en fengist hefur fram að þessu, en um það verður fjallað í seinni grein.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er komið inn á að óháðir sérfræðingar telja að vöktunar- og mótvægisadgerðir séu takmarkaðar að umfangi í áhættumati erfðablöndunar. Á þetta benti höfundur í fjölda greina í Bændablaðinu á árinu 2020.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar við skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Ávinningur getur verið af mótvægisadgerðum sem beitt er eftir að fiskur sleppur úr kvíum en slíkar adgerðir geta bæði verið kostnaðarsamar og getur virkni þeirra takmarkast af aðstæðum. Ljóst er að



Mynd 1. Veiðiár með laxaseiði á eldissvæðum á Vestfjörðum skv. rannsókn Hafrannsóknastofnunar og rannsóknafyrirtækisins Laxfiskar. Stærri svartir punktar tákna veiðiár sem eru inni í áhættumatinu og minni punktar þar sem sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að laxaseiði finnast. Rauðir punktar tákna staðsetningu slysasleppinga og blá svæði tákna eldissvæði. Notaður er kortagrunnur Matvælastofnunar.

adgerðir sem ganga út á að fjarlægja eldisfiska úr ám geta verið ýmsum erfiðleikum bundnar og haft í för með sér neikvæð áhrif á umhverfi og lífríki.“

Af hverju hefur Hafrannsóknastofnun áhyggjur af kostnaði sem tjónvaldur ætti að öllu eðlilegu að greiða? Hafrannsóknastofnun streitist áfram við að upplýsa stjórnvöld og mæla með mikilvægum mótvægisadgerðum til að lágmarka tjón af völdum stökulaxa eins og stofnunin hefur gert allt frá árinu 2017 þegar áhættumatið var fyrst lagt fram af einhverjum ástæðum. Af hverju hefur Hafrannsóknastofnun áhyggjur af virkni mótvægisadgerða í staðinn fyrir að benda á vel heppnaðra adgerða í Noregi sem hægt er að hafa til fyrirmyndar eins og t.d. stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur gert í sinni umsögn við skýrslu Ríkisendurskoðunar?

Umsagnir stofnana og nefnda

Það hefur verið gagnrýnt að ekki séu allar veiðiár teknar með í áhættumat erfðablöndunar og eftirfarandi stofnanir og nefndir hafa komið með umsagnir og athugasemdir:

• **Erfðanefnd landbúnaðarins:** Í umsögn við fiskeldisfrumvarpið á vorþingi 2019 benti nefndin á að það verði að taka alla laxastofna með í áhættumat erfðablöndunar.

Ef laxastofnar á ákveðnum svæðum eru undanskildir í áhættumatinu er m.a. hættu á að líffræðilegur fjölbreytileiki tapist.

• **Vísindanefnd:** Nefndin fékk það hlutverk að rýna áhættumatið skv. lögum um fiskeldi frá 2019 og skilaði inn skýrslu til Alþingis í maí 2020. Þar er bent á að í líkani áhættumats erfðablöndunar séu annmarkar, m.a. í því að taka ekki með litlu laxastofna.

• **Skipulagsstofnun:** Í tíma-mótunarálitni stofnunarinnar í lok ársins 2020 kemur fram að sé horft til allra laxastofna á Vestfjörðum telur stofnunin að óvissu gæti um samlegðaráhrifin, þau geti orðið talsvert eða verulega neikvæð ef viðbrögðum við slysasleppingum er ábótavant.

• **Ríkisendurskoðun:** Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem kom fram í byrjun þessa árs, var bent á að „nýlega hefur komið í ljós að fjöldi eldisfiska veiðist í ám á Vestfjörðum, þó ekki laxveiðiám með veiðibækur“. Stofnunin bendir jafnframt á að „taka verður alvarlega ábendingar um að hvaða leyti vöktun og mótvægisadgerðum af hálfu Hafrannsóknastofnunar er ábótavant“.

Náttúrunið og fúsk

Rannsóknastjórinn nefnir að „ávirðingum Valdimars um náttúrunið, fúsk og spillingu er því algjörlega vísað til föðuruhúsanna“. Höfundur hefur ekki notað þessi orð þegar fjallað hefur verið um áhættumat erfðablöndunar og Hafrannsóknastofnun. Varðandi spillingu verður það tekið fyrir í annari grein. Það er umhugsunarvert að rannsóknastjórinn dregur þessi orð inn í umræðuna. Orðið náttúrunið finnst ekki í íslensku orðabók en fúsk er að gera eitthvað sem maður kann ekki.

Lesandanum er það látið eftir að leggja mat á hvort náttúrunið og fúsk eigi við þegar áhættumat erfðablöndunar kemur til tals og við það mat er m.a. hægt að styðjast við fjölda greina sem höfundur hefur birt í Bændablaðinu.

Valdimar Ingi Gunnarsson, sjávarútvegsfræðingur.



FRAMLENGING Á TILBOÐI 25% AFSLÁTTUR Í JÚNÍ

25% afsláttur af kerrum á tveimur öxlum sem eru á lager, á meðan birgðir endast. Ýmsar breiddir, lengdir og burðargeta. Gæðakerrur – Góð reynsla.

Brimco ehf. Efribraut 6, Mosfellsbæ. s.894-5111
Opíð 13-16.30 www.brimco.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is



Skipholt 50b, 105 Reykjavík



TIMBUR EINGAHÚS

Sími: 893 3022 einingar@einingar.is
www.einingar.is

Heyverkunarvörur



Borgarnes | Sími: 430 5500 | kb@kb.is | www.kb.is



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

IS HURÐIR

www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

Límtré-Timbureiningar



STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |



Landbúnaðarstefna fyrir Ísland samþykkt

Fyrr í sumar var tillaga mín til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 samþykkt. Stefnumörkunin er sú fyrsta sem setur niður langtíma stefnumörkun í landbúnaði á Íslandi.



Svandís Svavarsdóttir.

Grundvallaratriði stefunnar er að byggja á náttúru- og umhverfisverndarstjórnarmíðum, með sjálfbærni að leiðarljósi. Þannig sé best stuðlað að því að landbúnaður dafni og þjóni hagsmunum íslensks samfélags sem best. Síðast var gerð tilraun með stefnumörkun að þessu tagi til langs tíma í upphafi níunda áratugar síðustu aldar en þær þingsályktanir fengu ekki afgreiðslu. Landbúnaður skiptir miklu máli í íslensku samfélagi, greinar landbúnaðar eru burðarásar í búsetu víða í dreifbýli og án landbúnaðar er tóm mál að tala um fæðuöryggi á Íslandi. En til þess að fæðuöryggi sé tryggt er nauðsynlegt að fjárhagsleg afkoma bænda sé réttlát.

Þar er verk að vinna, en afurðaverð til bænda verða að endurspeglja þá eðlilegu kröfu bænda að vera þátttakendur í sama efnahagslega veruleika og aðrir landsmenn.

Traust stefnumörkun hefur yddað sýn

Þessi stefnumörkun hefur verið í undirbúningi um langa hríð. Á síðasta kjörtímabili var unnin mikilvæg undirbúningsvinna með aðkomu margra og í samráði við almenning og hagaðila. Tillagan sem ég lagði til byggði á grunni skjalsins Ræktum Ísland sem unnin var í tíð fyrri ráðherra en einnig var tekið tillit til annarrar stefnu á málefnaviðinu. En ekki síst var tekið mið af þeirri þróun sem hefur átt sér stað síðustu ár, en heimsfaraldur kórónaveiru og innrás Rússlands í Úkraínu hafa gjörbreytt ýmsum forsendum sem áður voru taldar sjálfgefnar.

Langtíma stefnumörkun skiptir einnig máli hvað varðar fyrir-sjáanleika. Framleiðsluferlar eru langir í landbúnaði og þess vegna skiptir máli að ekki séu gerðar grundvallarbreytingar á þeirri stefnumörkun sem mótuð er.

Því var það ánægjulegt að meirihluti atvinnuveganefndar tók undir þau sjónarmið sem ég hef lýst í tengslum við endurskoðun búvörusamninga, að gera ekki grundvallarbreytingar á þeim.

Traust stefnumörkun varðar

vegin og yddar sýnina, það eru mikil tækifæri í íslenskum landbúnaði. Trúin á þessi tækifæri fer vaxandi. Spannandi nýsköpun á sér stað, nú síðast með fregnum af myndarlegum styrkveitingum Evrópusambandsins til stuðnings áburðarframleiðslu úr laxaúr-gangi. En slík verkefni geta lyft grettistaki í því stóra verkefni að gera innlandan landbúnað minna háðan innfluttum áburðarefnum.

Fleiri spennandi verkefni er fjallað um, til að mynda fyrirætlanir um að gera kúa-bændum kleift að velja kyn kálfa fyrirfram. Slík verkefni eru til þess fallin að draga úr framleiðslukostnaði og þar með bæta afkomu. Þá eykst framboð á gæðafnivið til nautakjöts-framleiðslu auk þess að hafa ótvírætt gildi til þess að draga úr loftslagsspori nautgripa-ræktar. Slík verkefni, sem færa okkur nær mörgum markmiðum samtímis, eru ótvírætt þau bestu. Óbreytt ástand, sem skilar okkur sömu niðurstöðum á næsta ári og í fyrra er ekki spennandi framtíðarsýn.

Skynsamlegar fjárfestingar í framtíðinni

Á grundvelli aðgerðaráætlunar um eflingu kornræktar, samþykkti Alþingi fjármálaáætlun sem gerir ráð fyrir 2 milljarða framlögum á tímabili áætlunarinnar til þess að efla kornrækt á Íslandi. Umbætur á grundvelli þess sem lagt er til í skýrslunni eru í vinnslu og sumar hverjar hafa þegar komið til framkvæmda. Um fimmtíu bændur fá fyrirframgreiðslu á jarðræktarstuðningi líkt og auglýst var í upphafi þessa mánaðar. Þá verða þök á stuðningi afnumin á jarðræktarstyrk til kornræktar frá næsta ári í samræmi við tillögur skýrslunnar.

Þá er unnið að því að bylta öllu kynbótastarfi í nytjaplöntum með samstarfi Landbúnaðarháskólans við erlenda aðila. Afurðir þess starfs munu berast til bænda á næstu árum og skapa traustan grunn fyrir frekari landvinningum kornræktar á Íslandi.

Á næstu mánuðum verður svo unnin vinna við að útfæra hvernig þeim tillögum sem lagðar voru til í skýrslunni Bleikum ökrum verður komið til framkvæmda nú þegar að fjármögnun þeirra er tryggð. Stofnfundur nokkurra kornsamslaga hafa þegar átt sér stað og greinilegur áhugi er meðal bænda á að taka þátt í uppbyggingu þessarar búgreinar. Enda eru tækifærin ótvíræð í íslenskum landbúnaði.

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra.

LESENDARÝNI



Eiturefnaleifar í matnum okkar

Evrópusambandið, nánar tiltekið Evrópska matvælaöryggisstofnunin (EFSA), gefur árlega út skýrslur um eiturefnaleifar (varnarefnaleifar) í mat í allri Evrópu. Nýjasta skýrslan var að koma út og er fyrir árið 2021.

Á árinu 2021 voru tekin 87.863 sýni af matvælum í Evrópu og aðalatriði skýrslunnar eru eftirfarandi:

- Engin eiturefni fundust í 48.916 sýnum, eða 55,7%.

- Í 35.483 sýnum, eða 40,4% fundust leifar eins eða fleiri eiturefna innan löglegra marka. Mörg eiturefni saman fundust í 23.177 sýnum eða 26,4% sýnanna og mest fundust 39 mismunandi eiturefnaleifar í einu og sama sýninu, í rúsínunum.

- Í 3,9% sýnanna voru eiturefnaleifar yfir því sem löglegt er.

- Í 96,1% sýnanna voru eiturefnaleifar innan löglegra marka eða engar eiturefnaleifar.

Okkur langaði að átta okkur á því hversu mikið lífræna vottunin væri að skila sér í sambandi við magn eiturefnaleifa sem eru að finnast í mat. Í því samhengi lásúm við skýrsluna vandlega og komust að tvennu:

1. Lífrænu vörunnar lækka meðaltalið

Í skýrslu EFSA er lögð áhersla á heildartölur fyrir allan mat í Evrópu, að lífrænum mat og barnamat meðtöldum. Í fljótu bragði er ekki hægt að sjá aðskildar tölur fyrir almennan mat annars vegar (þ.e.a.s. mat sem hvorki er með lífræna vottun né er barnamat) og annan mat (lífrænan og barnamat) hins vegar.

Almennt maturinn er samt sem áður 90,7% sýnanna. Aftur á móti er hægt að finna sundurliðun á eiturefnaleifum sem fundust í lífrænum vörum og barnamat.

Eftir að hafa dregið tölurnar fyrir lífrænan mat frá heildarútreikningum komu fram breyttar tölur yfir eiturefnaleifar í almennum vörum sem ekki eru með lífræna vottun:

- Sýni án nokkurra eiturefnaleifa í almennum vörum eru þá **53,5%**.

- Sýni með eiturefnaleifar innan löglegra marka í almennum vörum eru þá **42,2%**.

- Sýni með eiturefnaleifar yfir löglegum mörkum í almennum vörum eru **4,1%**.

- Samtals sýni með eiturefnaleifum undir og yfir löglegum mörkum í almennum vörum er **46,3%**.

Þrátt fyrir að þetta sé einungis nokkur prósentustig, þá er greinilegt að lífrænu vörurnar eru að lækka meðaltalið fyrir heildina.



Anna María Björnsdóttir.



Stefán Gíslason.

Það eru upplýsingar sem við teljum að neytendur eigi rétt á að fá og skýrslan dregur ekki fram sem aðalatriði.

2. Munurinn á eiturefnaleifum í lífrænum vörum og almennum vörum

Áhugavert er að rýna sérstaklega í muninn á matvörum með lífræna vottun og þeim sem ekki eru með slíka vottun. Í skýrslu EFSA voru tekin 6.530 sýni úr lífrænt vottuðum vörum.

- 5.408 sýni, eða **82,8% sýnanna innihéldu engar eiturefnaleifar.**

- 1.005 sýni innihéldu eiturefnaleifar innan löglegra marka, sem jafngildir 15,4% sýnanna

- 117 sýni, eða 1,8% sýnanna, innihéldu eiturefnaleifar yfir því sem löglegt er.

Eina túlkunin á ofangreindum tölum í skýrslunni, var að leggja saman þann fjölda sýna úr lífrænum vörum sem innihéldu einhverjar mælanlegar heildareiturefnaleifar (innan löglegra marka eða yfir mörkum) sem voru þá 17,2%.

Eins og sjá má á töflunni er mikill munur á lífrænt vottuðum matvörum og öðrum matvörum hvað eiturefnaleifar varðar. Þannig voru 82,8% af lífræna matnum alveg laus við mælanleg eiturefni en aðeins 53,5% af öðrum mat sem sýni voru tekin úr. Með öðrum orðum fundust einhverjar eiturefnaleifar í 17,2% af lífræna matnum en í 46,3% af þeim mat sem ekki var með lífræna vottun. Þar af greindust eiturefni yfir leyfilegum mörkum í 1,8% sýna úr lífrænt vottuðum mat, en í 4,1% sýna úr öðrum mat. Hér eins og víðar segir meðaltalið ekki alla söguna.

Kokteiláhrifin

Umræða um hin svokölluðu kokteiláhrif eiturefna í umhverfi okkar hefur verið að færast í aukana. Kokteiláhrifin eru samlegðaráhrif efna, sem lýsa sér þannig að efnin magna hvert annað upp þegar þau koma saman. Áhrifin sem efnin valda í sameiningu verða þá meiri

en ætla mátti þegar áhrif hvers efnis um sig eru skoðuð og lögð saman. Þetta er akkúrat það sem á sér stað við raunverulegar aðstæður.

Við verðum stöðugt fyrir kokteiláhrifum eiturefna sem koma m.a. úr matnum sem við borðum, matarumbúðum, húsgögnum, textíl-vörum, byggingavörum, snyrti-vörum o.fl. Þetta eru efni sem geta verið hormónatruflandi, haft neikvæð áhrif á taugakerfið eða verið krabbameinsvaldandi.

Mörg eiturefnanna sem notuð eru í ræktun og eru að mælast í Evrópu ár hvert geta haft þessi áhrif. Árið 2012 lét Norræna ráðherranefndin taka saman skýrslu um kokteiláhrifin, en þar er varað við þessum áhrifum og vísað í rannsóknir sem gefa til kynna mikinn mun á eituráhrifum efnis því hvort efnin koma fyrir eitt og sér eða fleiri saman. Jafnvel efni sem sýna engin eituráhrif ein og sér sýndu eituráhrif þegar þau voru rannsökuð saman.

Reglur um notkun á eiturefnum taka ekki mið af því að við erum stöðugt að verða fyrir áhrifum af mörgum efnunum í einu, heldur er áhætta efnanna metin út frá hverju efni fyrir sig. Við vitum því t.d. ekkert um samverkandi áhrif þeirra 39 efna sem fundust á rúsínunni (sjá framar).

Sumir telja að ekki sé hægt að treysta lífrænni vottun og auðvitað er erfitt að vera 100% viss um hverja einustu vöru á markaði. Árlegar mælingar Evrópusambandsins sýna þó ár eftir ár mikinn mun á innihaldi eiturefnaleifa í almennum vörum annars vegar og lífrænum vörum hins vegar, þar sem lífrænu vörurnar eru undantekningarlaust með mun lægra innihald eiturefnaleifa heilt á lítið.

Það þýðir að eftirlitið með lífrænni ræktun er að skila sér, þó að sjálfsgöðu megi gott bæta.

Fyrir neytendur eru aðalatriðin í skýrslunni ekki að 96,1% sýnanna innihaldi eiturefnaleifar innan löglegra marka eða engar eiturefnaleifar eins og þau leggja áherslu á, heldur að **82,8% sýnanna úr lífrænt vottuðum vörum innihalda engar eiturefnaleifar og 46,3% sýna úr mat sem ekki er með lífræna vottun innihalda leifar af eiturefnum en slíkar leifar finnast aðeins í 17,2% lífræna sýnanna í Evrópu.**

Anna María Björnsdóttir fræðslufulltrúi Lífræns Íslands og Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur og eigandi Environice.

HARKA
Ekkert ryk - Ekkert slit
harka.is

	Lífrænt vottað 6.530 sýni	Ekki lífrænt vottað 81.333 sýni	Samtals 87.863 sýni
Ekki mælanlegur styrkur eiturefnaleifa	82,8%	53,5%	55,7%
Sýni með eiturefnaleifar innan leyfilegra marka	15,4%	42,2%	40,4%
Sýni með eiturefnaleifar yfir leyfilegum mörkum	1,8%	4,1%	3,9%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%
	Lífrænt vottað 6.530 sýni	Ekki lífrænt vottað 81.333 sýni	Samtals 87.863 sýni
Sýni með eiturefnaleifar innan og yfir leyfilegum mörkum	17,2%	46,3%	63,5%

Eftirfarandi tafla sýnir glögg muninn á lífrænt vottuðum matvörum og öðrum matvörum skv. skýrslu EFSA.

Skýr skógræktarstefna

Því er stundum haldið fram að skógrækt sé skipulagslaus, jafnvel stjórnláus, að verið sé að rækta skóg „út um allt“ og að fyrir því séu engin rök eða markmið. Svo er gengið lengra og talið upp eitt og annað sem skógrækt getur haft áhrif á.



Pröstur Eysteinnsson.

Gefið er í skyn að þau áhrif séu eingöngu neikvæð, jafnvel hættuleg einhverjum hagsmunum. En eitt er að fólk haldi slíkum skoðunum fram, annað að unnið sé leynt og ljóst að því að hindra eða koma í veg fyrir skógrækt.

Eflaust er það einstaklingsbundið hvað vakir fyrir þeim sem leggjast gegn skógrækt. Hugsanlega gera þeir sér þó ekki grein fyrir því að þar með séu þeir að leggjast gegn mjög vel ígrundaðri, viðamikilli og afar mikilvægri stefnumörkun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Flestum er ljóst að nokkur atriði vega þyngst í að skapa loftslagsvandann sem mannkynið stendur nú frammi fyrir. Sé leitað að helstu orsökum loftslagsbreytinga á Google kemur þetta fram efst á blaði: „Burning fossil fuels, cutting down forests and farming livestock are increasingly influencing the climate and the earth's temperature. This adds enormous amounts of greenhouse gases to those naturally occurring in the atmosphere, increasing the greenhouse effect and global warming.“ (Í: Brennsla jarðefnaeldsneytis, skógareyðing og búfjárrækt hefur sífellt meiri áhrif á loftslag og hitastig jarðar. Þetta bætir gríðarlegu magni gróðurhúsalofttegunda við þær sem eru náttúrulegar í andrúmsloftinu, eykur gróðurhúsaáhrif og hlýnun jarðar.)

Ef draga á úr hraðfara loftslagsbreytingum af mannavöldum er jafnframt nokkuð ljóst hvað þurfi að gera. Draga þarf úr notkun jarðefnaeldsneytis sem orkugjafa jafnframt því að draga CO₂ úr andrúmsloftinu. Stöðva þarf skógareyðingu jafnframt því að rækta nýja skóga í stað þeirra sem hafa tapast. Breyta þarf neysluvenjum þannig að dregið verði úr hlutfalli kjöts í fæðu fólks.

Við þetta er miserfitt að eiga og mannkynið hefur ekki enn náð tökum á vandanum. Hins vegar liggja fyrir mjög skýr markmið á öllum stigum stjórnsýslu. Frægt er að Sameinuðu þjóðirnar hafa sett sér markmið um að halda hnattrænni hlýnun innan við 1,5 °C. Það kemur fram í Parísarsamkomulaginu. Í sama samkomulagi kemur einnig fram að meðal leiða til að ná því markmiði sé að stórauka skógvernd og skógrækt um allan heim. Það er ekki lagt fram að óathugaðu máli og er ekki til marks um skort á markmiðum.

Evrópusambandið hefur sett sér markmið um verulegan árangur í loftslagsmálum fyrir árið 2030 og er Ísland aðili að því samkomulagi. Auk þess hafa íslensk stjórnvöld sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Í báðum tilvikum er m.a. horft til stórauðinnar skógræktar ef takast á að ná þeim markmiðum.

Stjórnvöld á alþjóðavísu, Evrópuvísu og landsvísu hafa lagt fram markmið um aukna skógrækt í þágu kolefnisbindingar sem þátt í að takast á við loftslagsvandann. Stefnumörkunin er skýr. Það á að rækta meiri skóg. Miklu meiri skóg. Það er þó ekki gert án hugsunar eða skipulags því jafnmikilvægt er að skógurinn vaxi vel, að hann falli að umhverfinu og samfélagið sé sátt við hann til að markmiðunum verði náð. Á Íslandi er þetta gert í samræmi við nýlega setta skógræktarlöggjöf, landsáætlun sem ráðherra gaf út á liðnu hausti og ýmis lög s.s. um náttúruvernd, minjavernd og skipulag. Háskólamentaðir sérfræðingar vinna skógræktaráætlanir og þær fara gegnum formlegt ferli hjá sveitarstjórnunum. Markmiðin eru skýr og einnig stefnan og umgjörðin.

Samkvæmt endurteknum skoðanakönnunum eru langflestir Íslendingar fylgjandi meiri skógrækt. Stefnumörkun stjórnvalda fellur því vel að vilja fólksins í þessum efnum. Fólk getur lagst gegn skógrækt af ýmsum ástæðum, en skortur á markmiðum, stefnu eða skipulagi skógræktar er ekki meðal þeirra.

Pröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

MITSUBISHI ELECTRIC
Changes for the Better

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

Varmadælur - Vörukaup ehf

516-2600
vorukaup@vorukaup.is

VÖRUKAUP



Spildur til leigu á ríkisjörðum

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir f.h. Ríkissjóðs Íslands auglýsa eftir umsóknum um leigu á þremur spildum á ríkisjörðum. Um er að ræða eftirfarandi spildur:

- Flekkuvík 1, Vogum á Vatnsleysuströnd
- Staðarey, Eyjafjarðarsveit
- Flóagaflsmýri, Árborg

FSRE

Nánari upplýsingar á www.fsre.is



KÄRCHER

Hreinsibúnaður og vélar

RAFVER
rafver.is - S: 581 2333 - rafver@rafver.is

EYJALIND

Belti og undirvagnshlutir

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

VEIDIFÉLAGAR FISHPARTNER

VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikilla eftirspurnar þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskekktum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.

VÉLABÁSINN

Takk, Jim Ratcliffe

– Prufuakstur á Ineos Grenadier

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Um þessar mundir eru fyrstu eintökin af nýja jeppanum Ineos Grenadier að berast eigendum sínum hér á Íslandi. Hið nýstofnaða bílaumboð Verðir bauð Bændablaðinu að þjónast á fyrsta bílnum sem fékk íslenskt skráningarnúmer.

Grenadier jepparnir eru hugarfóstur Jim Ratcliffe. Hann er einn ríkasti maður Bretlands, en er þekktur á Íslandi fyrir kaup á jörðum á norðausturhorni landsins og verndarstarf í þágu villta laxins.

Ratcliffe tók því illa þegar Land Rover hætti framleiðslu á uppáhaldsbílnum hans árið 2016 – hinum klassíska Defender. Bauðst hann því til að kaupa verksmiðjuna og halda framleiðslu þeirra jeppa áfram, en Land Rover vildi ekki selja. Ratcliffe hófst því handa við að þróa nýjan bíl sem er einfaldur og sterkbyggður torfærujeppi byggður á grind, sem er á margan hátt í anda gömlu Defender.

Engu var til sparað í þróunarvinnunni og voru valdir sterkir og gamalreindir íhlutir í drifrás og fjöðrun. Vélarnar koma úr smiðju BMW og er hægt að velja á milli bensín eða dísil. Báðar eru sex stokka með þriggja lítra rúmtaki. Sjálfskiptingin kemur frá ZF, sem er einn þekktasti framleiðandinn á því sviði og skaffar mörgum bílaframleiðendum skiptingar. Þar má nefna BMW, Rolls Royce, Jeep og fleiri.

Flatar hliðar og skörp horn

Ef horft er á Grenadier úr mikilli fjarlægð er auðvelt að rugla honum saman við gamla Defender. Þegar nær er komið sést að hér er eitthvað annað á ferðinni, enda eiga Defender og Grenadier ekkert sameiginlegt. Hægt er að ímynda sér að hönnuðir Grenadier hafi lagt saman Jeep Wrangler, Mercedes Benz G og Land Rover Defender og fengið úr þeim meðaltal sem er útlit þessa bíls.

Fjögur hringlagla ljós á framenda bílsins, þykkur stuðarinn, grill úr svörtu plastefni, nær lóðréttar og flatar hliðar og skörp horn eru afgerandi útlitiseinkenni. Ólíklegt má teljast að hann hafi verið prufaður í vindgöngum. Sumir munu eflaust dæma bílinn ófríðan út frá myndum, en þegar hann sést í persónu kemur þetta allt heim og saman.

Sterkbyggð innrétting

Fyrst um sinn koma Grenadier jepparnir í þremur meginútfærslum. Fyrst ber að nefna Utility Wagon, sem er strípaður bíll, ýmist með tveimur eða fimm sætum. Síðan eru tvær útgáfur af Station Wagon. Í fyrsta lagi Trailmaster, sem er hugsaður fyrir þá sem vilja hreinræktað torfærutæki með driflæsingum á öllum hjólum, snorkeli, tausætum o.s.frv. Í öðru lagi Fieldmaster, sem býr yfir ögn meiri fágum, með leðursætum, topplúgum o.s.frv. Kaupendum stendur svo til boða að sérsníða bílana eftir eigin þörfum, sem er auðvelt að gera á heimasíðu Ineos Grenadier.

Bíllinn í þessum prufuakstri var í grunninn Fieldmaster, en var pantaður sérstaklega með driflæsingum, snorkeli og grófmynstruðum dekkjum. Þegar sest er upp í bílinn tekur á móti manni kraftaleg innrétting. Gólf



Ineos Grenadier er nýr jeppi af gamla skólanum. Öll hönnun bílsins miðar að því að gera eins gott torfærutæki og kostur er. Hann kemur byggður á grind, með hásingar að framan og aftan, ásamt læstum millikassa og driflæsingum að framan og aftan. Mynd / Daniel Freyr Árnason



Þessi bíll er með litnum Magic Mushroom, sem kemur vel út þegar bifreiðin er skoðuð í persónu. Mynd / AL

eru klædd með þykku og seigu plastefni, sem er sambærilegt því og er á gólfum dráttarvéla og vinnuvéla. Sérsniðin teppi fylgja með.

Sætin eru með þykku leðri og veita mikinn stuðning. Hægt er að færa framsætin lengst aftur, þannig að hávaxnir geta teygst úr sér. Aftursætin rúma þrjú fullorðna einstaklinga með sóma. Það er allt fullt af stórum tökkum og lítill þörf á að nota margmiðlunarskjáinn, nema til að velja lagalista á Spotify, þegar búið er að tengja símann með Android Auto eða Apple CarPlay, eða til að sjá aksturupplýsingar. Innréttingin var greinilega hönnuð til að láta ökumanninum líða eins og setið sé í flugvél eða háþróðuð iðnaðartæki.

Uppi í loftinu eru hnappar sem snúa að því sem viðkemur torfæruakstri, eins og að kveikja á driflæsingum. Einnig er hægt að velja tvær torfærustillingar. Annars vegar Wading Mode, sem slekkur á kæliviftunni fyrir vélna, aftengir rafmagnið í sætishiturum (svona ef allt fyllist af vatni) og setur á inniloftið. Hins vegar Offroad Mode, sem slekkur á nálægðarskynjurum og vælinu sem minnir mann á að vera í belti. Einnig eru takkar fyrir verkmiðjunni með rafmagnsleiðslur sem auðvelt er að tengja við seinnitíma viðbætur.

Hljómar eins og bensínvél

BMW díselvélin skilar 249 hestöflum og berst af henni þýður ómur, sem minnir á hljóðið í sex stokka bensínvél. Vindhljóð er í algjöru lágmarki, en á malarvegum eða grófu slitlagi ber aðeins á veghljóði. Sjálfskiptingin er með átta girum og veit maður varla af henni. Ökumaðurinn sér alfarið um aksturinn, en það eru engir skynjarar sem væla eða taka í stýrið ef sveigt er af akreininni. Þar sem ökumannshúsið er vel hljóðeinangrað og sætin eru þægileg mun Grenadier sóma sér vel í löngum þjóðvegaakstri.

Venjust þarf stýrinu, en það leitir af minni ákafa í miðjustöðu en í flestum bílum. Skýrist það atriði af því að beygjubúnaðurinn er hannaður til að hámarka getu bifreiðarinnar í utanvegaakstri.

Torfæru

Þegar ekið er út fyrir þjóðvegina finnst mjög hratt hversu öflugur Grenadier er. Veghæðin er svo mikil að hægt er að aka yfir stór grjót og skarpar brúnir án þess að nudda undirvagninn.

Skelli kviðurinn í yfirborðið þarf þó ekki að hafa miklar áhyggjur, því þar eru viðkvæmir hlutir vel varðir og það sem er berskjaldað er úr þykku stáli.



Sætin eru þægileg og er innréttingin vel skrúfuð saman. Takkar eru til að stjórna flestum skipunum og minna á stjórtæki í orrustuflugvél. Mynd / AL

Grenadier er alltaf í fjór hjóladrifi. Á milli sætanna er stöng til að stjórna millikassanum, en með því að færa hana aftur er lága drifið valið. Með því að ýta stönginni til hliðar er millikassanum læst. Það er hægt að vera í lágu drifi með ólæstan millikassa, sem er hentugt við sumar aðstæður. Í fyrsta gir og lága drifinu rétt lullar bifreiðin áfram. Sjálfskiptingin býður upp á þann möguleika að velja nákvæmlega þann gir sem hentar hverju sinni.

Mikill sveigjanleiki er í fjöðruninni, sem má þakka heilum hásingum að framan og aftan, ásamt gormum á öllum hjólum. Þegar búið er að læsa millikassa og báðum öxlum er ekkert sem stoppar Grenadier. Í þessum prufuakstri var jeppanum ekið yfir grófar ár með lausu yfirborði, áraura með miklum skorningum og upp snarbrattar brekkur með lausri mól og djúpum holum. Ekkert af þessu reyndist fyrirstaða og var eins og bíllinn kallaði eftir frekari áskorunum. Síðan var brunað á miklum hraða yfir grófa slóða og hvergi tókst að ofbjóða farartækinu.

Upplifunin var á margan hátt sambærileg því og að aka sexhjólí við svipaðar aðstæður.

Vinnutæki

Skottið á Grenadier er næstum alveg ferkantað og nýttist því vel til að stafla

miklum farangri. Það er klætt í hólf og gólf með sama þykka plastefninu og er annars staðar í bílnum. Fjölmargar festingar eru til að tjóðra hluti niður. Skotthlerinn er tvískiptur og opnast minni helmingurinn fyrst – sem er rétt mátulega breiður til að hleypa sumargamalli gimbur eða vikugömlum kálfi í gegn. Litlu máli skiptir þó sóðaskapur fylgi farminum, því það er hægt að spúla yfirborðið. Dráttargeta Grenadier er 3.500 kílógrömm og finnur hann lítið fyrir þeirri þyngd í akstri.

Að lokum

Grenadier er fyrst og fremst vel úthugað torfærutæki, sem vill til að er líka þægilegt á malbikinu. Þeir sem eru að íhuga kaup á stórum jeppa af gamla skólanum ættu að taka þennan bíl í reikninginn.

Verðið á Grenadier er sambærilegt því og gerist hjá samkeppninni. Strípaður fimm manna vinnubíll kostar frá 18.500.000 krónum. Fieldmaster og Trailmaster kosta 20.500.000 krónur án aukahluta en bíllinn í þessum prufuakstri kostar 21.538.000 krónur hjá Vörðum í Grafarvogi (verð með vsk.).

Spurningin er þó – á að vinka þeim sem maður mætir akandi á Land Rover Defender? Ekki gafst tækifæri til að reyna það í þessum prufuakstri.

MATARKRÓKURINN

Grilluð harissa-kjúklingalæri

– með perlubyggssalati, grilluðum snakkpaprikum, tómötum og jógúrtsósu, fyrir tvo

Hafliði Halldórsson
hafliði@icelandiclamb.is



Öllum þykir grillmatur góður, eða svona næstum því, og svo sannarlega grilla Íslendingar allt mögulegt, hvort sem sólin skín eða hitastigið nær langþráðri tveggja stafa tölu.

Erum eflaust að rúlla upp gömlu góðu höfðatölukeppninni í grilldeildinni. Núna smellum við kjúklingalærum á grillið, kjúklingalæri eru safarík og góð og best finnst mér að elda þau á beininu, og að sjálfsgöðu vel ég íslenskan kjúkling og les vandlega smáa letrið á umbúðunum til að kaupa ekki köttinn í sekknum. Sem því miður er allt of auðvelt.

Lærin eru krydduð með blöndu af harissa og fleiri kryddum sem flestir tengja við norður-afrikska og Mið-Austurlandamatargerð. Íslenskt perlubygg og brakandi ferskt grænmeti og kryddjurtir eiga síðan afskaplega vel við með vel krydduðum kjúklingnum og ferskri jógúrtsósu.

Sannarlega sumarlegur réttur sem nýtur sín vel á sólríkum júnídegi, bestur borðaður á pallinum í góðum félagsskap.

Algengasta spurningin sem ég fæ um eldunartíma á grilli er hvort eigi að grilla tiltekinn bita eða hráefni svo eða svo lengi á hvorri hlið? Í sannleika sagt þá er ekki til svar við spurningunni.

Því það er svo mörgu ósvarað um aðstæður á nákvæmlega ykkar grilli, stað og stund. Til dæmis hitastigi grillins, úthitastigi, hvort vindkæling hafi sín áhrif, svo ekki sé minnst á þykkt og þyngd hráefna.



Þess vegna er lykilatriði við eldun að notast við kjöthitamæli. Með því að fylgjast með hitastiginu vinnst þrennt. Fyrst að útkoman verði í samræmi við væntingar og maturinn verði safaríkur og bragðgóður. Í öðru lagi er hreinn sparnaður í því að nota kjöthitamæli og passa að gott og dýrt hráefni skemmist ekki, ofeldist og þorni. Í þriðja lagi er öryggi í því að tryggja að viðkvæm hráefni séu

nægjanlega elduð, en það vill enginn borða hráan kjúkling svo dæmi sé tekið. Og minnst á öryggið, það er gríðarlega mikilvægt að passa hreinlætið og grillið sjálft á að vera jafn hreint og þið viljið hafa eldhúsið ykkar og þau áhöld sem þar eru notuð.

Uppskrifin er einföld og aðgengileg, meðlætið og sósun má t.d. undirbúa einum eða tveimur dögum áður og eiga tilbúið í

ísskápnum. Til viðbótar má svo auðvitað bæta við fersku salati, eða grilluðu flatbrauði.

Grilluð harissa-kjúklingalæri

4 heil kjúklingalæri
1 tsk. mulið Harissa chili (má nota venjulegt chiliduft)
2 tsk. mulið sumac
2 tsk. mulið broddkúmen
2 tsk. paprikuduft

1 tsk. salt
1 tsk. nýmulinn svartur pipar

Blandið Harissa, sumac, broddkúmen, paprikuduft og svörtum pipar vel og nuddið á kjúklinginn 1–2 klst. áður en þið byrjið að grilla. Ekki verða að gefa enn lengri tíma, til dæmis að geyma yfir nótt í kæli. Skvettið ögn af olíu á lærin, saltið og grillið á meðalheitu grilli þar til kjúklingurinn nær 70°C kjarnhita.

Perlubyggssalat með fennel og grilluðum kúrbít.

150 g perlubygg frá Móður Jörð í Vallanesi
1 laukur
3-4 hvítlausrif
2-3 stillkar garðablóðberg
½ fennel
1/2 kúrbítur
3 msk. ólífuolía
1-2 msk. saxað kóriander
1 msk. söxuð steinselja
3-4 döðlur, rifnar í bita
salt

Setjið bygg í pott með 1-2 hvítlausrifjum og garðablóðbergi. Bætið við vatni, saltið og sjóðið í um 10 mínútur, eða þar til byggjið er gegnsóðið. Sigið og setjið í skál og til hliðar. Skrælið og saxið lauk í grófa teninga, merjið hvítlaukinn og saxið fínt. Saxið fennel gróft. Hitið pönnu á meðalhita og svitið lauk, hvítlauk og fennel í olíunni þar til verður mjúkt. Blandið í byggjið ásamt kryddjurtum og döðlum.

Skerið kúrbítinn í þunnar sneiðar, saltið og penslið með olíu og grillið vandlega á báðum hliðum, bætið í salatið og smakið til með salti og ögn af eplaediki eða sítrónusafa.

Salatið geymist vel í kæli í nokkra daga í loftþéttu fláti.

ERFINGJAR LANDSINS

Ljósmóðir í framtíðinni

Hún Anný Henríetta er hress og kát stelpa sem þykir skemmtilegast að mála myndir og vera í kringum fjölskylduna sína og dýrin.

Nafn: Anný
Henríetta Knútsdóttir
Lintermann.

Aldur: 10 að verða
11.

Stjórnumerki: Vog.

Búseta: Dvergsstaðir
í Eyjafjarðarsveit.

Skóli: 5.bekkur í
Hrafnagilsskóla.

Skemmtilegast
að gera: Vera
með dýrum, mála
myndir og vera með
fjölskyldunni minni.



Uppáhaldsdýr: Hundar og hestar.

á þverflautu en ekki lengur.

Uppáhaldsmatur: Hamborgari.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór: Ljósmóðir.

Uppáhaldslag: 7 years frá Lukas
Graham.

Mest spennandi sem þú hefur gert: Fara í fly over Iceland.

Uppáhaldsbímynd/
sjónvarpsefni: Jurassic Park og
Dragons, bæði á Netflix.

Minnsstæðast frá liðnu sumri: Ég fór til Svíþjóðar með fjölskyldunni minni að heimsækja ömmu, afa, frænku og frænda.

Æfir þú íþróttir eða spilar þú á hljóðfæri: Ég æfi dans og ég æfði

Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!
sigrunpeturs@bondi.is

SUDOKUPRAUTIR Bændablaðsins

Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

	2			3	8	1	9	
	5			7			8	6
	8	7	9	1		2		
5			7			6	2	
					5		1	8
6	4	3				9		
		9	4		1		3	
1	7	4	8					
		5	6	9		8		1

Miðlungs

	6		7		8			3
					1			
			4	9	3		8	7
	3						1	8
2								9
		7	5					
	7					3	2	
								4
8					6			

Þung

	6					1		4
			2					
							5	
	1	9						6
	2		9	4				
	8		7		5			
2		3	4				6	9
8			3	2				
						7		

Þyngst

3			1					
1		6		3		8		
			2		8	9		
2		7					8	
								9
9	1		6			5		
	7	2						
				7	9		4	
4						6		

HANNYRÐAHORNID



DROPS DESIGN
www.garnstudio.com

Bleik fjöður

Prjónuð barnapeysa með v-hálmáli. Peysan er prjónuð neðan frá og upp úr dásamlega Drops Melody. Létt, mjúk og hlý peysa.

Drops Design: Mynstur ml-003-bn

Stærðir: 2 (3/4) 5/6 (7/8) 9/10 (11/12) ára

Yfirvidd: 72 (78) 80 (82) 88 (92) cm

Garn: DROPS MELODY (fæst í Handverkskúnni)

100 (150) 150 (200) 200 (200) g litur á mynd nr 17, skærbleikur

Prjónar: Sokka- og hringprjónar 40 og 80 cm, nr 4,5 og 6

Prjónfesta: 14 lykkjur x 16 umferðir = 10 x 10 cm í sléttu prjóni.

Garðaprijón (prjónað fram og til baka): Lykkjurnar eru prjónaðar slétt í öllum umferðum.

Úrtaka (á við um v-hálmál): Öll úrtaka er gerð frá réttu.

Fækkið lykkjum í byrjun umferðar þannig: Prjónið 1 kantlykkju í garðaprijóni, 1 lykkja slétt, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, 1 lykkja slétt og steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð.

Fækkið lykkjum í lok umferðar þannig: Prjónið þar til 4 lykkjur eru eftir, prjónið 2 lykkjur

slétt saman, prjónið 1 lykkju slétt og prjónið 1 kantlykkju í garðaprijóni.

Útaukning (á við um ermar): Aukið út með því að slá 1 sinni uppá prjóninn hvoru megin við prjónamerki + 1 lykkja í hvorri hlið. Í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn svo ekki myndist gat.

PEYSA - STUTT ÚTSKYRING Á STYKKI: Framstykkíð og bakstykkíð er prjónað í hring á hringprjóna, neðan frá og upp að handvegi, áður en stykkíð skiptist og hvort stykkí er prjónað til loka hvort fyrir sig. Ermar eru prjónaðar í hring á sokkaprijóna / stuttan hringprjón, neðan frá og upp að ermakúpu, síðan er afgangur af erminni prjónaður fram og til baka á hringprjóna. Frágangur á stykkinu er útskýrður í uppskrift.

Að lokum er prjónaður kantur í hálmáli.

FRAM- OG BAKSTYKKI: Fitjið upp 124 (132) 136 (140) 148 (156) lykkjur á hringprjón nr 4,5 með DROPS Melody. Prjónið stroff (1 slétt, 1 brugðið) 6 cm. Skiptið yfir á hringprjón nr 6. Prjónið 1 umferð slétt þar sem fækkað er um 24 (24) 24 (24) 24 (28) lykkjur jafnt yfir = 100 (108) 112 (116) 124 (128) lykkjur. Prjónið sléttprjón. Þegar stykkíð mælist 23 (26) 29 (32) 33 (34) cm, skiptist stykkíð fyrir framstykkí og bakstykkí þannig: fellið af fyrstu 10 (12) 12 (10) 12 (10) lykkjur í umferð, prjónið næstu 40 (42) 44 (48) 50 (54) lykkjur og setjið þær síðan á þráð (framstykkí), fellið af næstu 10 (12) 12 (10) 12 (10) lykkjur og prjónið síðustu 40 (42) 44 (48) 50 (54) lykkjur í umferð (bakstykkí).

BAKSTYKKI: Prjónið sléttprjón fram og til baka. Þegar stykkíð mælist 34 (38) 42 (46) 48 (50) cm, fellið af miðju 12 (12) 14 (14) 16 (16) lykkjur fyrir hálmáli og hvor öxl er prjónuð til loka hvor fyrir sig. Í næstu umferð frá hálmáli er fellt af 1 lykkja = 13 (14) 14 (16) 16 (18) lykkjur eftir á öxl. Fellið af þegar stykkíð mælist 36 (40) 44 (48) 50 (52) cm. Prjónið hina öxlina á sama hátt.

FRAMSTYKKI: Setjið til baka lykkjur af þræði á hringprjón nr 6 = 40 (42) 44 (48) 50 (54) lykkjur. Haldið áfram í sléttprjóni þar til stykkíð mælist 26 (30) 33 (36) 37 (38) cm. Næsta umferð er prjónuð þannig frá réttu: Prjónið 16 (17) 18 (20) 21 (23) lykkjur, prjónið 2 lykkjur slétt saman, 1 lykkja slétt og 1 kantlykkja slétt, snúið. Setjið síðustu 20 (21) 22 (24) 25 (27) lykkjur á þráð fyrir hægri framstykkí og prjónið síðan yfir 19 (20) 21 (23) 24 (26) lykkjur á prjóni = vinstri öxl.

VINSTRI ÖXL (framstykkí): = 19 (20) 21 (23) 24 (26) lykkjur. Prjónið sléttprjón með 1 kantlykkju í garðaprijóni við miðju að framan og fækkið lykkjum fyrir hálmáli innan við 1 kantlykkju í garðaprijóni í lok umferðar frá réttu – sjá ÚRTAKA. Fækkið lykkjum í hverri umferð frá réttu (= önnur hver umferð) alls 7 (7) 8 (8) 9 (9) sinnum (fyrsta úrtakan er gerð þegar framstykkíð skiptist) = 13 (14) 14 (16) 16 (18) lykkjur eftir á öxl. Prjónið þar til stykkíð mælist 36 (40) 44 (48) 50 (52) cm, fellið af.

HÆGRI ÖXL (framstykkí): Setjið til baka lykkjur af þræði á prjóninn = 20 (21) 22 (24) 25 (27) lykkjur. Prjónið í sléttprjóni og 1 kantlykkju í garðaprijóni við miðju að framan (fyrsta umferð er prjónuð frá réttu) og fækkið lykkjum fyrir hálmáli innan við 1 kantlykkju í garðaprijóni í byrjun á umferð frá réttu – sjá ÚRTAKA. Fækkið lykkjum í hverri umferð frá réttu (= önnur hver umferð) alls 7 (7) 8 (8) 9 (9) sinnum = 14 (14) 15 (16) 17 (18) lykkjur eftir á öxl. ATH! Fyrsta úrtaka er gerð í fyrstu umferð sem er prjónuð. Prjónið þar til stykkíð mælist 36 (40) 44 (48) 50 (52) cm, fellið af.

ERMI: Fitjið upp 32 (34) 36 (36) 38 (40) lykkjur á sokkaprijóna nr 4,5. Prjónið 1 umferð slétt, síðan er prjónað stroff (1 slétt, 1 brugðið). Þegar stykkíð mælist 6 cm, skiptið yfir á sokkaprijóna nr 6. Prjónið 1 umferð slétt og fækkið um 6 lykkjur jafnt yfir = 26 (28) 30 (30) 32 (34) lykkjur. Setjið eitt prjónamerki í byrjun á umferð = mitt undir ermi. Prjónið slétt hringinn. Þegar stykkíð mælist 8 cm, aukið út um 1 lykkju hvoru megin við prjónamerki – sjá ÚTAUKNING. Aukið svona út með 3 (3) 4 (4) 4 (5) cm millibili alls 5 (6) 6 (7) 8 (8) sinnum = 36 (40) 42 (44) 48 (50) lykkjur. Þegar ermin mælist 24 (29) 34 (37) 41 (49) cm, prjónið ermakúpu fram og til baka (frá prjónamerki mitt undir ermi) á hringprjón að loknu máli. Prjónið áfram þar til ermin mælist 28 (33) 38 (41) 45 (53) cm, þ.e.a.s. það er klaur 4 cm eftir á ermi. Fellið af. Prjónið aðra ermi á sama hátt.

Frágangur: Saumið axlasauma. Saumið ermakúpu við handveg

Kantur í hálmáli: Notið stuttan hringprjón nr 4,5. Byrjið frá réttu við aðra öxlina. Prjónið upp ca 24 til 30 lykkjur meðfram annarri hlið á v-hálmáli (prjónið upp 1 lykkju í miðju á hálmáli), prjónið upp ca 24 til 30 lykkjur meðfram hinni hliðinni á v-hálmáli og prjónið upp 16 til 22 lykkjur aftan í hnacka. Það eru ca 64 til 82 lykkjur á prjóni. Prjónið 1 umferð brugðið og stillið e.t.v. lykkjujöldann þannig að lykkjujöldinn sé deilanlegur með 2. Prjónið stroff (1 slétt, 1 brugðið) hringinn, stillið af þannig að það komi 1 lykkja slétt nákvæmlega við miðju að framan. JAFNFRAMT í annarri hverri umferð er fækkað um 2 lykkjur mitt að framan þannig: Prjónið þar til 1 lykkja er eftir á undan sléttri lykkju mitt að framan, lyftið 2 lykkjum af prjóni eins og prjóna eigi þær slétt saman, prjónið 1 lykkju slétt, steypið 2 lyftu lykkjunum yfir lykkjuna sem var prjónuð (= 2 lykkjur færri). Með þessu þá kemur v-hálmálið til með að leggjast fallega í hálsi og slétta lykkjan kemur til með að fylgja sem bein lína mitt að framan.

Fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur þar til kanturinn í hálmáli mælist ca 3 cm.

Prjónakveðja

Stelpurnar í Handverkskúnni
www.garn.is

BÆRINN OKKAR

Þrjú jarðarpartar keyptir úr Gljúfursjörðinni 1987, 1989 og 2010, samtals 23 hektarar. Eigandi og hönnuður er Ólafur Sturla Njálsson sem flytur í lítið 40 fermetra kot sumarið 1990 og hefur búið í því síðan ásamt bengalköttum.

Býli? Náttthagi.

Staðsett í sveit? Austarlega í Ölfusi, ofan þjóðvegur eitt við Hvammsveg.

Ábúendur? Ólafur Sturla Njálsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra)? Fráskilinn síðan 1989 og á tvær dætur. Höllu Sif, 37 ára krabbameinslækni búsetta í Svíþjóð og Hauði Freyju, 35 ára taugalífedlisfræðing sem býr í Hollandi. Að auki, margir bengalkettir síðan ég hóf ræktun þeirra árið 1999.

Stærð jarðar? Í heild 23 ha. Skógrækt á miklum meirihluta landspildunnar frá 1987 og 1989, en skjólbeltaræktun og fleira á landspildunni frá 2010 ásamt öðru.

Gerð bú? Trjáplöntuframleiðsla í Náttthaga garðplöntustöð og kattaræktun undir nafni Náttthaga. Skógrækt sem er hönnuð inn í landslagið og tegundum skipt niður eftir undirlagi og alls konar fegurðarsjónarmiðum hvað fer vel hér og þar og hvað fer vel saman. Samtímis heilmikil uppræðsla með hjálp lúpínu á melunum hér og þar og inn í hana sáir sér nýrðir birki, reynir, fura, greni, víðir o.fl. Meira að segja bersarunni og gullklukkurunni sem eru skrautrunnar fyrir garða.

Fjöldi búfjár? Til að sinna læðunum held ég 3 fullorðin fress í sérstökum fressakofa. Þrjú vetrafóðraðir kettir semsé. Bengalkettimur eru í þrenns konar litum: Brúnleopard, Silfursleopard og Snjóleopard munstur. Og læðurnar eru með got til skiptis svo að þær fái næga hvíld, helst ekki meira en eitt got á ári. Og ég held kött til ræktunar helst ekki lengur en í 3 ár. Eftir það fer hann geldur á



nýtt heimili sem hefðarköttur. Annar „bústofn“ er framleiðslan á trjáplöntum, runnum og trjám upp í 6 m háum. Nokkur sérhæfing er, mikið úrval af lyngrósum, klifurplöntum, berjarunnum, sígrænum dvergurunnum og ávaxtatrjám, beyki, eik, linditré, en ég nenni ekki lengur að framleiða stærri tré af greni, furu og birki. Það tekur nefnilega 7-10 ár að búa til eins metra há tré af þeim með hnaus. Og ég er nú ekkert að yngjast!

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Byrjað á að brynna köttum og athuga hvort allt sé í lagi hjá þeim. Morgunverður og síðan mætt 9 í vinnuna að segja tveimur starfsmönnum fyrir verkum. Það eru alls konar verk og oft er flækjustigið nokkuð hátt með svona margar trjátegundir – kunnar afgreiddir til kl. 18. Eftir kvöldverð og smá hvíld er haldið aftur út í unaðslegri kvöldkyrrðinni og fleiri verkefnum mjakað áfram. Tími eiginlega ekki að sofa af mér bjartar samarmæti. Og engir frídagar gefast hjá garðplöntuframleiðanda frekar en kúabónda. Á haustin er alls konar frágangur og hreinsun fyrir veturinn og ýmislegt þarf að verja svo það haldi gæðum og margar trjáplöntur geymdar í köldu húsi og frystigámi. Um hávetur er tekið á móti innfluttum plöntum, pottað berótta trjám, pakkað í poka með mosa á rót limgerðisplöntur og alls konar



Náttthagi

stúss. Um vorið hefst svo hið áhættusama verk og ákvörðun hvort tími sé kominn til að raða inn á sölusvæðið – sem er oft áhættusamt vegna óvæntra hreta. Kattastússi er aftur á móti bándandi rúfina allt árið. Kettlingum þarf að sinna í 14 vikur og þeir fara í gegnum ákveðið prógramm áður en þeir eru tilbúnir á ný heimili. Kettlingarnir skrúða upp í til mín og sofa á mér þegar ég nær smá kvöldlur.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast er að afgreiða kunnana í sól og sumaryl, þegar allt er blómstrandi og vel vökvað. Og skemmtilegast er að taka við sem kattamma þegar læðan fær frí og ég klára uppeldið fram að afhendingu. Leiðinlegast eru auðvitað got sem misfarast í mömmunni, o.þ.h. Og langverst er að upplifa erfitt veðurfar eftir að salan er að komast í gang og fá yfir sig ótrúleg hamfaraveður, eins og gerðist síðast með saltstorminum mikla þann 22.-23. maí síðastliðinn. En maður einbeittir sér þá að horfa á það fallega sem þó brosir við manni.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Arna jórgúrt, allar bragðtegundir, í stóru dósunum, ein á hverjum morgni, takk, eða grísk jórgúrt frá Arna líka. Blandaður ávaxtasafi, vítamín og önnur bætiefni.

besta brauðið frá Págen í Svíþjóð, alls konar ostar, súrar gúrkur og rauðrófur, alltaf til partfsteik, hunangssteik eða hamborgarhryggur og frosnar laxasneiðar. Og alltaf til alls konar súkkulaði. Gríp það síðasta öðru hvoru í vinnunni til að geta haldið áfram að brosa ...

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Vinsælasti maturinn er soðinn lax og hamborgarhryggur og faxe 10% danskur svartur og reyktur bjór, eða gott rauðvín.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það er í raun eitt stórt og langt atvik! Það að hafa komið upp skógi og skjóli á landi sem leit út eins og túndra þegar ég byrjaði, blásnir melar, rofabörð, malarhólar og þýður rýr mói. Að hæstu trénu séu komin í 15 metra þrátt fyrir vindkóstin af fjöllum úr norðvestri í hálfhring alveg til austurs. Svo mikið gengur stundum á hér, að fólk undrast að ég skuli hafa byrjað hér í Náttthaga fyrir rúmum þrjátíu árum. Og einkunnarorð mín eru „hefst þó hægt fari“ og „enginn verður óbarinn biskup“. Sem sagt þrjúskan lemur mann áfram. En er nú samt alveg ágætur í að henda frá mér vinnunni og bara tynast í skóginum og njóta í sól og sumaryl.

FRÆÐSLA



Mariuerla er lítil, kvikur og flugfímur spörfugl. Hún er útbreidd um mest allt land, einkum niðri á láglendi en einnig finnast fuglar nærri mannabústöðum á hálandinu. Hún er skordýraæta og veiðir helst flugur, bjöllur og fiðrildi. Hún veiðir skordýrin á flugi eða á jörðinni þar sem þær geta hlaupið mjög hratt. Þær hafa langt stél sem þær veifa í sífellu þegar þær sitja eða eru bröltandi á jörðinni. Þessi hegðun er reyndar einkennandi fyrir tegundir af erluætt og draga þær enska heitið sitt, wagtail, af þessari hegðun. Mariuerlur eiga það til að gera sér hreiður í mannabústöðum, klettum eða jafnvel grenitrjám. Venjulega gerir hún hreiðrin frekar hátt uppi og í grenitrjám getur það verið 4-5 m frá jörðinni. Hún er að öllu leyti farflugl hérna á Íslandi enda er hún sérhæfð skordýraæta og lítið er af skordýrum á Íslandi yfir vetrartímann. Þær koma venjulega til landsins í maí þótt fyrstu fuglarnir komi jafnvel upp úr miðjum apríl. Þær fljúga síðan til Vestur-Afríku á haustin og eru venjulega allir fuglar farnir í síðasta lagi í september. Það er ekki hægt að segja að mariuerla sé beint hljóðlátur fugl en hljóðið er engu að síður fjórlegt og vinalagt.

Mynd og texti / Óskar Andri Viðisson

Tíska:

Sandalar þeirra hugdjörfu

Þeir eru léttstígir og liprir í hreyfingum, oft ábúðarfullir og vel gyrtir. Oftar en ekki klæddir stuttbuxum eða jafnvel kvartbuxum ef vel liggur á þeim enda ungir í anda. Stíga ákveðið til jarðar enda í forsvari fyrir ákveðinn hóp.

Kannast þú við lýsinguna? Hefur þú upplifað það frelsi að klæðast sokkum í sandölum? Hér um ræðir hinn athafnasama miðaldra karlmann sem veitir sér þann munað að vera léttklæddur neðan mittis en þó ekki þannig að þótt gæti djarfur. Berar tásur eru ekki hvers manns hugljúfi, enda tær sem sjá sjaldan dagsins ljós ef til vill ekki upp á marga fiska. Fótisnyrtning vill fara ofan garðs og neðan og því öruggt og traustvekjandi að hylja tærnar, þykir mörgum. Því hefur mörgum (þeim sömu) þótt velsæmandi að toga vel upp um sig sokkana en stinga samt fótunum í sandala, svona í sólskininu. Og þetta eru ekki hvaða sandalar sem er – þessir eru einkennandi fyrir þá sem vilja fara varlega en djarflega – opnir en þó aldrei með færri en þremur riflásum sem smellt er yfir fótinn.



„Pabbasandalar“ Chanel þykja móðins nú í ár.

Þekktir undir nafninu „Dad-Sandals“ eða á íslenskunni „Pabbasandalar“.

Þeir finnast víðar en þú heldur, þökk sé Birkenstock

Álitamál er hins vegar hversu fögur þessi múnðering þykir, en þó er hún ákaflega vinsæl víðs vegar um heiminn. En nóg um það myndu margir segja. Eða hvað? Nei, svo er víst ekki. Hvert lúxusmerkið af öðru hefur víst í gegnum árin gert sína útgáfu af pabbasandölum.

Heiðurinn af hönnun þessara dýrðlegu sandala verður þó að færa sandalamerkinu gamalkunna, Birkenstock, en fyrirtækið hefur verið starfandi síðan 1774 og því óhátt að treysta hverju einu sem kemur þaðan. Tískuveldi Dior sá sér leik á borði bæði í fyrra og nú í ár og í samstarfi við Birkenstock framleiddi það meðal annars sína útgáfu af pabbasandalanum sem



Ætli þessir hafi splæst í Chanel? Eða Dior?

upphaflega má rekja sem „Milano sandala“ Birkenstock. Þótti samstarfið og útkoman svo meistaraleg að ákveðið var að endurtaka leikinn nú í ár og bjóða neytendum upp á glænýja útgáfu sandalanna fyrir rúmar eitt hundruð og fimmtíu þúsund krónur.

„Pabbasandalar“ Chanel, sem lúxusmerkið kallar í hógværd sinni einungis „sandala“, hafa verið eitt það helsta sem við sjáum á draumalista fólks á Instagram í allavega eitt eða tvö ár núna. Vinsælastir eru þeir sem koma í svörtu leðri, skreyttir merki Chanel að minnsta kosti tvisvar og kosta rúmar tvö hundruð þúsund krónur.

Að sama skapi hafa vel þekkt og oftast virðuleg merki á borði við Gucci, Valentino, Miu-Miu, Valentino, Prada o.fl. tekið undir þessa stórfenglegu hönnun Birkenstock og kynnt áhugasömum sína eigin útgáfu af „pabbasandölum“ sem stultur eigandi ber nær alltaf íklæddur sokkum.

Nýju fót keisarans

Þetta er ekki tíska sem allir bekenna. En það gæti verið verra. Til eru þeir sem ganga í svokölluðum flip-flops sandölum, eða strengjaskóm – í sokkum – þar sem strengirnir strekkja allverulega á sokkunum. Slík útgáfa af sokkum í sandölum eru ekki allra, tískuhúsin hafa ekki komist á bragðið og þetta þykir ekki jafn móðins og sokkklæddir leggir í „pabbasandölum.“ Þó hefur sést til tískukóna líkt og Kanye West strunsandi um í sokkum og strengjaskóm. Vakti sá fótubúnaður m.a. talsverða athygli



Sandalasamstarf Birkenstock og Dior.

I am crying Kanye really wore flip flops with socks to the Burberry fashion show 🥹



Skjáskot frá Instagram er varðar fótubúnað Kanye West.

á tískusýningu Burberry sl. haust er hann mætti dressaður í leðurbuxur, demantskreytta strengjaskó og svarta sokka. Eða eins og sagði í fréttatilkynningu frá sýningunni: „Þann 26. september sl. sótti Kanye West tískusýningu Burberry fyrir sumarið 2023. Að venju vakti útlit hans athygli, en hann þykir einn helsti áhrifavaldur tískunnar. Íklæddur Burberry fatnaði frá toppi til tær, leðurbuxum, hettupeysu og jakka virtist hann samur við sig en öllum að óvörum bar hann léttu strengjaskó setta glitri – þá mögulega demöntum – yfir sokkklædda fætur sína.“

Ekki voru allir á sama máli um hversu vel honum hefði tekist til með þessa samsetningu enda loguðu samfélagsmiðlar í kjölfarið. Kanye bar hins vegar höfuðið hátt að venju, og líkt og kollegi hans í sögunni um Nýju fót keisarans, lét hann ekki almúgan trufla skynbragð sitt á tísku.

En auðvitað eigum við ekki að láta hugmyndir annarra hafa truflandi áhrif á það sem við teljum vera hæstmóðins og/eða fara okkur vel. Bera höfuðið hátt og ekki vera hrædd við að blanda saman þægindum og tísku enda væri svo upplagt að slíkt færi alltaf saman.

Því er við hæfi að trú á skynbragð okkar þegar kemur að slíku og verjast til hins ýtrasta utanaðkomandi áhrifum.

/SP

Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is



Fornbíll til sölu. - Bedford árgerð 1967, einn eigandi frá upphafi. Toppbíll í góðu ástandi, síðustu áratuginna hefur hann verið geymdur inni. Skoðaður 2021 og þá með fulla skoðun, næsta skoðunarár er í ár, 2023. Er með Leyland mótör. Nýir rafgeymar. Öryðgaður. Nánari uppl. í s. 867-3981. - Tilboð óskast.



Álbrautir fyrir kerruna. Párið frá 400 kg í burðargetu og allt að 4.060 kg. Ýmsar lengdir. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. s. 894-5111 opið frá kl.13-16.30 www.brimco.is



Rýmingarsala á Chevrolet varahlutum. Mikið úrval á góðu verði. Nánari upplýsingar hjá varahlutir@benni.is.



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 m í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos s. 894-5111. Opið kl. 13-16.30. www.brimco.is.

Jesús sagði:
„Guð sendi ekki soninn í heiminn til að dæma heiminn heldur til þess að frelsa hann.“
Jóh. 3.17
biblian.is



LANDAHREINSUN JARÐAHREINSUN

Vind upp gamlar girðingar og aflagðar. Þarf að geta keyrt meðfram, staurað af um leið.

Sími 855 1930, Hjörtur

MARÁS TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK
GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalítill Hjólátir Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Vel með farin New Holland T5.120 EC dráttarvél til sölu. Árgerð 2018. Nánari upplýsingar hjá Birni í s. 847-0737.



Óska eftir bensín eða dísel vökvadælu ca 40 l/m og 140 bar. Ætluð til að drífa steinsög frá Husqvarna. S. 892-0808 Mynd fyrir athygli.



Til sölu Mitsubishi pajero 33" breyttur 3,5 bensín. Keyrður 181.000 km. Raflás í afturdrifi og millikassa. Margt endurnýjað. Frekari uppl. í s. 784-6460.



Yleiningahús til allra nota með burðarvirki úr límtré. Tilbúnaðarflásingar og fylgihlutir. Rehau PVCu gluggar og gönguhurðir. Hönnun og teikningar. Áralöng reynsla, hagstætt verð. Búvís, Grímseyjargötu 1, Akureyri s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Sveitarfélög og verktakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stífluhreinsun í skolprörum. Háþrýstidælu frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísel, glussadrif eða drifskaft. Sköffum allan slöngu- og spíssabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstætt verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is

Segðu BLESS við óværuna!



YKKAR
pest control

BANINN SEM VIRKAR

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruslunum

Greinakurlari

með 15hp bensínsmótör fyrir allt að 100mm greinar



Einnig fyrirleggjandi gott 6 stengja girðingarnet á gömlu verði.

Vír og lykkjur ehf

www.viroglykkjur.is - Sími 772-3200

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

ALKO
QUALITY FOR LIFE



UNSINN
TRAILER

Schmidt
FAHRZEUGBAU



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

BRIMCO

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is



NÝ VERSLUN VAGNHÖFÐA 7



VINNUPALLAR EHF

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is



Mono Sólarcellur 120 w, Verð kr. 21.900.- 180w. Verð kr. 29.900.- 370 w. Verð kr. 59.900.-
Uppl. í s. 888-1185.



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. (kr. 199.000 án/vsk) H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Til sölu Arvor 190 smábátur. Óska eftir tilboði. Upplýsingar í s. 865-7690.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus fræsing, verð reiknast á fermetra. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Nánari upplýsingar og tilboð í S. 892-0808 Oliver.



Til sölu Iveco Euro Cargo árg. 2001 með Wingliner vörukassa og gámalásafestingum. Ekinn 288.000 km. Tilboð óskast. Uppl. hjá Kristjáni í s. 892-2033.



Stórbaggareip. Verð kr. 343.000 m/vsk (kr. 276.600 án/vsk) H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Brettarekkar sem hvergi sér á, ca 4 m á hæð x 18 m. á lengd. Verð kr. 150.000. Uppl. í s. 862-2959 Davíð. Er á Akureyri.



Pöttinger novadisc 350 til sölu. Verð kr. 650.000. Þarf að skipta um reimar. Er á Egilsstöðum. Einnig til sölu 2 springmaster rakstrarvélar. Ástand þokkalegt. Uppl. í s. 865-1098 eða 471-1855.



Stór og öflug háþrýstidæla fyrir verkataka til sölu. Dælan er ný og ónotuð, FDX Xtreme XL, www.comet-spa.com. Dælan er 16 L/min og max þrýstingur er 520 Bar. Vél-26 hestöfl, Kohler dísel, KDW 1003. Vélin er vatnskæld og með rafstarti. Hákonarson ehf. S. 892-4163, e-mail hak@hak.is



Til sölu tveggja manna vélknúð fis af gerðinni Zenith CH601 UL/HD með 85 ha Revmaster 2300 vél. Flogið 140 tíma, fyrst 2016. Uppl. gefur Friðrik í s. 896-3089.



Vatnshitara fyrir háþrýstipvott. Hítar vatn í allt að 110°C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margskonar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagn eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu Deutz Fahr rúlluvél. 2013 árg. Notuð um 5000 rúllur. Eins og ný. Verð kr. 1.800.000 +vsk. Til sölu New Holland T4 105 árg 2016. Notaður 1950 tíma. Með tækjum. Verð kr. 6.800.000 +vsk. Uppl. og tilboð í s. 898-1599.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælar með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Sturtukerra til sölu, nánast ný og ónotuð. Verð kr. 2.100.000. Uppl. í s. 892-3898.

ÁSCO

BÍLARA FMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togsplil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hjóðnemar fyrir rútur, voltmælur, ampermælur, spennufellur 24V / 12V, trullanapéttar, loftnetsframlingar, Kerrutenglar, Breytar fyrir 13P kerutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggiahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Stefnulyða fyrir Landrover. Snúusett fyrir Bassakætur. Bassakætur. Öxulhósur. Spennustöðlar. Díslur. Rafgeymaskólar. Jarðsamband. Döðubryr. Reimskífur fyrir alternatara. Kúlingstússa. Startarvél. Legur í alternatara. Röt í alternatara. Kúlingstússa. Startarvél. Legur í alternatara. Röt í alternatara.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is

BÍLARA FMAGN

Verð:
149.600 kr.
á mánuði

SIXT
langtímaleiga



Brostu hringinn!
(Tesla Model Y bíður eftir þér!)

Komdu við í sýningarsalinn okkar að Krókhálsi 9 eða skoðaðu úrvalið og kynntu þér kosti langtímaleigu á sixtlangtímaleiga.is. Einnig getur þú haft samband við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is

Innifalið í langtímaleigu:

✓ Þjónustuskoðanir ✓ Tryggingar ✓ Bifreiðagjöld ✓ Hefðbundið viðhald ✓ Vetrardekk ✓ Dekkjaskipti



Tveir 40 feta gámar til sölu á kr. 2.000.000 í Grímsnesi. Uppl. á netfangi jarnavirkid@gmail.com



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta-8.000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Háprýstidætur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háprýstidætur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Taðklær. 140-180cm breiðar með vökvatjökum Verð frá kr. 288.000 m/vsk. (kr. 232.260 án/vsk). H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Pöttinger rakstrarvél, ein stjarna. Ekki mikið notuð. Alltaf geymd inni á veturna. Uppl. í s. 860-4100. Er í Skagafirði.



Ford Vignale árg. 2018, sjálfskiptur, dísel, fjórhjóladrif, ekinn 54.600 km. Dregur 2,1 tonn. Þjónustuskoðun hjá Brimborg frá upphafi, verð kr. 4.500.000 kr. Uppl. í s. 897-9899.



Kawasaki KLX250 árg. 2016 Ekið 1.126 km Hjólið er gótuskrað minnaprófshjól. Frábært byrjendahjól Hiti í handföngum. Uppfært skid plate Quad lock fyrir síma. Töskugrindur og töskur. Festing fyrir bensínbrúsa og brúsa. Uppfærðar hlífar fyrir handföng. Verð kr. 970.000. Uppl. í s. 852-6061.



Flaghefill með 300 cm breiðu blaði, vökvatjakk og stuðningshjólum. Verð kr. 849.000 m/vsk. (kr. 685.000 án/vsk). H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Vinsælu hringgerðin til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf. Efribraut 6, 270 Mos. Opið kl. 13-16.30. S. 894-5111 - www.brimco.is



Girðingarefni. Iowa gaddavír 200 metrar- kr. 9.100 m/vsk. Motto gaddavír 200 metrar- kr. 4.500 m/vsk. 5 strengja túnnet 100 metrar- kr. 14.900 m/vsk. 6 strengja túnnet 100 metrar- kr. 17.500 m/vsk. Þanvír 625 metrar- kr. 11.900 m/vsk. H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Metal Fach rullugreip Kr. 274.315 +/vsk. Búvís ehf. Grímseyjargötu 1, Akureyri s. 465-1332 buvis@buvis.is



Viltu lækka raforkukostnaðinn um 25-40%? Vindmyllur fyrir bændur og smáfyrirtæki til sölu. Kostir eru, lægri raforkukostnaður, einangrar kaupanda frá framtíðar verðhækkunum í 20 ár, 5 ára ábyrgð, hámarksvindálag 59,5 m/sek. Smáorka ehf, S. 773-5400, www.smaorka.is



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Net 15x10. Frá kr. 24.900 +vsk. Lamasett- verð kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.



Bragðgott og meyrnt ungnautakjöt. 1/8 úr skrokk um 20 kg. Inniheldur steikur, hakk, gúllas og snitsel. Heimkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu. S. 868-7204 www.myranaut.is



Vandaðir vatnabátar frá Póllandi. Stærð- 4,04 m x 1,67 m, 110 kg. Bátarnir eru með tvöföldum botni með frauði á milli. Bátunum fylgir sami búnaður og á mynd, ásamt tréarum. Vinsamlega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Hákonarson ehf, netfang- hak@hak.is. S. 892-4163.

Endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Leitað til landeigenda og ábúenda

Endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar stendur yfir og nú hefur sveitarfélagið birt vefkönnun þar sem leitað er til landeigenda og ábúenda um stöðu og þróun landnotkunar á þeirra jörðum eða landareignum. Vefkönnunina og nánari upplýsingar um hana og endurskoðun aðalskipulagsins má finna á vefnum hornafjordur.is/adalskipulag.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að svara könnuninni fyrir 23. júlí nk.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Mikið úrval af flottum bolum

Verð: 1.736 kr.

Öryggi: Fyrst og fremst

Vefverslun: Khvinnufot.is

KH VINNUFOT

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

Gas lykkjubýssa

Frábær í girðingavinnuna og smíðina.

GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ

ALSAFIX

Kíktu á www.s-j.is

SKÚLASON & JÓNSSON

SKÚTUVOGI 6 | 104 REYKJAVÍK | Sími 568 6544 | www.s-j.is

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR frá Ifor Williams

Ifor Williams Trailers

Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekktu framleiðanda til afgreiðslu **Strax**

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

VÍKURVAGNAR EHF.

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er
inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á
meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda
í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far



Einföldu fjágrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjólf. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par-1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Slátturtraktor Husqvarna 4x4. Árgerð 2015. Frábær græja, slátturbreidd 103-112, slátturhæð 25-75, afl 12,6 kw, þyngd 328kg, liðstýrð, tekur grasíð uppí kassa með sérstökum snigli, vélin er með þrjá hnifa. Verð kr. 400.000. Allar nánari uppl. í s. 697-9151.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhrein vatn (trash). 2", 3", 4". Original Honda vélar með smurólíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Sofðu rótt með gluggana opna. Lúsmýnetin okkar eru miklu finríðnari en hefðbundin fluganet og sérhönnuð til að halda lúsmýi og öðrum skordýrum fyrir utan heimilið og bústaðinn. Sendum samdægurs um allt land. Postverslun.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Faðmgreip. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. (kr. 189.500 án/vsk) H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjú vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði á lager. Dælur-traktorsdrifnar, glussadrifnar, rafdrifnar, bensín, dísel. Slöngubúnaður í mörgum stærðum og lengdum. Vatnsúðarar (sprinklerar) í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is www.hak.is



Sólarsellur 50w ,100w ,120w, 150w, 180w og 370w Verð frá kr. 17.900.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185. Opið frá 15-17 mán. til föst.



Sumarafsláttur af útlitgölluðum 630 L kerjum. Kerin eru án dregara og tappagata. Upplöggð í alls kyns garð- og ræktunarrvinnu. Verð aðeins kr. 24.000 m/vsk. Upplýsingar- sales.europe@saoplast.com s. 460-5000.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólskóflur. Margar stærðir. Gröfudypt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu TERHI 385 plastbátur og bátakerra. Bátunum fylgja 3 bjögunarvesti og árar. Verð kr. 325.000.- Báturinn er í Reykjavík. Uppl. í s. 660-4560.



Bretttagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is



Bretttagafflar fyrir ámoksturstaeki. Ásoðnar festingar- Euro. Euro + 3 tengi. Sérþöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfllum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Til sölu ónotaður Randex 12 tonna hardox sturtuvagn, árgerð 2021, staðsettur á Austurlandi. Uppl. gefur Björn s. 896-8311.



Til sölu gámar, 20 feta wc og fata, tveir 20 feta samsettir (kaffigámar) og tveir 40 feta sem eru stúkaðir niður í 4 herbergi verð kr. 3.000.000 fyrir 20 feta (3 gámar) og kr. 2.000.000 fyrir (2x40 feta gáma). Uppl. á netfanginu - jarnavirkid@gmail.com



Gúmmírampar fyrir brettatjakk. Stærð- L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniataczniarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Byggingatimbur. (Aðeins notast 1 sinni í vinnupalla) 1"x 6" (1..20 m - 5.4 m) 2" x 4" (2.2 m - 6.0 m) Upplýsingar í s. 863-3569 eða b.thordar@simnet.is

Færibanda-reimar

Eigum á lager
færibandareimar
í flestar gerðir rúlluvéla

GÚMMISTEYPA
P. LÁRUSSON EHF.

Gyflaflöt 3 - 112 Reykjavík - Sími 567 4467 - gummisteypa@gummisteypa.is - www.gummisteypa.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463

VELSMÍÐJA
GRÖNDRAKARJABAR

G.RUN
NETAGERÐ

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



Glussadrifnar haughræur á ámoksturstaeki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útítanka, útlón og víðar. Lengdir : 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn óxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is - www.hak.is - S. 892-4163.



Steypmót til sölu, 700 fm eða rúmí 119 lengdarmetrar í tvöföldun á þriggja metra mótum. Klemmur, spjót, rósir og aðrir fylgihlutir duga fyrir um 75%, allur pakkinn selst saman á kr. 28.000.000 m/vsk. Uppl. á netfanginu - jarnavirkid@gmail.com



Sláttuorð með Honda vélum. Orfin henta mjög vel sveitarfélögum og verkötum. Margar útfærslur. Einnig öflugar sláttuvélar með Honda vélum. Allar vélar eru fjörgengis. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang - hak@hak.is



Vélavít ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ diesel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Glussaknunar vatnsdælur fyrir tankbíl og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rýmingarsala á Opel varahlutum. Mikið úrval á góðu verði. Nánari upplýsingar hjá varahlutir@benni.is.



Klósettadælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótur staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Bílstóri með meirapróf óskast til sumarafleysinga og mögulega til framtíðarstarfa. Viðkomandi þarf að vera með réttindi og reynslu. Um er að ræða sérhæfða flutninga á Suðurlandi. Uppl. í tölpósti hebra@simnet.is

Dýrahald

Óska eftir tveimur reiðhestum 10-18 vetra, lötum og öruggum. Verðhugmynd kr. 100-200.000. Er á höfuðborgarsvæðinu. Guðjón s. 869-9419.

Húsnæði

Hús í sveit óskast. Við sem höfum mikla reynslu af endurbýggingu gamla húsa viljum kaupa gamalt hús/sumarbústað sem þarfnast endurbóta ásamt eignar/leigulandi til að nota sem sumarhús eftir endurbýggingu. Fjarlægð 30-90 mínútur frá höfuðborgarsvæðinu. S. 664-8282 Hjörtur- hitti@internet.is

Óska eftir herbergi m. aðgangi að wc og eldhúsi til leigu í nokkra mánuði. Ég er róleg 55 ára kvk. í húsnæðishrakningum. S. 893-9033.

Óska eftir

Kaupi vínýlplötur og CD. Staðgreiði stór plötusöfn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin Háaleitisbraut 58. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir leirbrennsluofni og leirrennibekk með reynslu. Hafid samband við vvjonsson@gmail.com eða í s. 861-3131.

Óska eftir að taka á leigu stangveiðisvæði, annaðhvort litla á eða veiðirétt stakra jarðareigenda. Mig langar að taka á leigu svæði sem ég get farið með fjölskyldu mína yfir sumartímann og veitt. Er líka til í að skoða með uppbyggingu á veiðisvæði ef það er í boði? Er helst að leita eftir svæði á Vesturlandi og Vestfjörðum, Norðurland vestra kemur líka til greina. Sendið mér skilaboð á traffic64@simnet.is ef þið hafið áhuga á að spjalla.

Óska eftir að kaupa gömul hlutabréf frá Loftleiðum, Flugfélagi Íslands og öðrum flugfélögum. Einnig einkennismerki og aðra gamla safngripa frá flugfélögum. Eiríkur L, andromeda@simnet.is.

Ford Bronco 1966-77. Vantar afturhásingu undan svona bíl, eða sambærilega. Ástand skiptir ekki öllu. Uppl. í s. 848-2823, Ólafur.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útleiktæki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Handverksfólk athugið. Höfum til sölu talsverðan lager af hornum og beinum. Upplýsingar gefur Ósk í s. 862-6073.

Ýmislegt til sölu. Handtjakkur fyrir bretti, vörubílakeðjur smíðaðar á 315 x 22,5, framhjólakeðja 1 stk, og einfaldar gaddakeðjur. 2 stk, ónotaðar, dráttavélakeðjur notaðar á 28 tommu, vörubíla stálfelgur 22,5, ónotuð dekk 1100 x 22,5, 4 stk. Álskjólborð L 259 x H 75 cm, 2 stk og L 269 x H 70 cm 2stk. Ál undirakstursvörn ónotuð. Plast geymslubox L 120 x H 50 x D 45, og L 65 x H 45 x D 45. Krabbi með snúningsrótor. Afturfjöldur í Scania M bíll sem er á 4 fjöðrum á aftan. Upplýsingar í s. 836-2626.

Til sölu Man 26, 463 árgerð 1997 með kassa, bíllinn hefur ekki verið notaður í mörg ár, en er gangfær. Uppl. í s. 892-8897.

Tilkynningar

Veist þú af einhverju stórmerkilegu landbúnaðartæki, vinnuvél, bíl, flugvél, bát eða öðru tæki sem þarf að gera skil á síðum Bændablaðsins? Hafðu þá samband við Ástvald blaðamann í síma 822-5269 eða í gegnum netfangið astvaldur@bondi.is.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafid samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang-einar.g9@gmail.com - Einar G.

Tækifærisskald. Tek að mér að semja ljóð, sönglög, niðvísur og aðra texta. Brúðkaup, skírnir, skilnaðarpartí, afmæli eða bara á stofuvegginn. Pantanir í s. 694-2748.

Christian Life Coaching in Selfoss for women seeking healing and freedom. Call 655-5091 or visit www.pearlofthekingdom.com.

TIKI KERRUR

Úrval af ýmsum stærðum



CS-200-L kerra
750 kg
200 x 125 cm
Kr. 234.677.- án vsk



CP-600 kerra
DRBW/DROP/3500 kg
600 x 250 cm
Kr.1.329.838.- án vsk



a bílakerra
2750 kg
418 x 196 cm
966.854.- án vsk

Búvís

Sími 465 1332
www.buvís.is

Upplýsingar hér
eða hjá Búvís

Verðlisti



LESUM LANDIÐ

Landgræðslan auglýsir eftir þátttakendum í verkefnið Landvöktun - lykillinn að betra landi sem er hluti af Grólindeverkefninu

Verkefnið gefur þér tækifæri til að fylgjast með þróun gróðurs og jarðvegs með einföldum, fljótlegum og áhrifaríkum hætti.

Nánari upplýsingar og umsóknarform má finna á
www.grolind.is/landvoktun

Fyrirspurnir berist til Jóhanns Helga Stefánssonar
johannhelgi@land.is eða 866-7119

Vertu í fríi frá mýi



Mygga er áhrifarík mýflugnafæla sem veitir allt að 9 klukkustunda vörn gegn flugnabiti.



9,5% DEET sprej
2 ára & eldri



20% DEET roll-on
12 ára & eldri



50% DEET sprej
18 ára & eldri



After bite

Fæst á völdum
sölustöðum um land allt.
mygga.is

MYGGA

Vörn sem virkar